ÍSLENSK útgáfa

EES-viðbætir

við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins

ISSN 1022-9337

Nr. 16

20. árgangur

14.3.2013

I EES-STOFNANIR

1. Sameiginlega EES-nefndin

2013/EES/16/01 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 20. apríl 2009 um skilgreiningu á viðmiðunum fyrir flokkun úrgangsstöðva í samræmi við III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (2009/337/EB) 1

2013/EES/16/02 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 64/2012 frá 23. janúar 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) 6

2013/EES/16/03 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 7. janúar 2010 um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um barnheldan læsibúnað fyrir glugga og svalahurðir, sem neytandi setur upp, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (2010/11/ESB). 29

2013/EES/16/04 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 29. mars 2012 um breytingu á ákvörðun 1999/94/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri steypu, léttsteypu eða hita- og þrýstihertri frauðsteypu (2012/202/ESB). . . 32

2013/EES/16/05 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 207/2012 frá 9. mars 2012 um rafrænar notkunarleiðbeiningar fyrir lækningatæki. 34

2013/EES/16/06 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 427/2012 frá 22. maí 2012 um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi salmonellu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 svo að þær nái til eggja sem á að flytja til Danmerkur 38

2013/EES/16/07 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 81/2012 frá 31. janúar 2012 um synjun um leyfi fyrir *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) sem fóðuraukefni 40

2013/EES/16/08 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 91/2012 frá 2. febrúar 2012 um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* (CBS 117162) sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er Krka d.d.) 42

2013/EES/16/09 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 93/2012 frá 3. febrúar 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 44

2013/EES/16/10 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2012 frá 7. febrúar 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Pichia pastoris* (DSM 23036), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, varphænur, aðrar fuglategundir til eldis og varps, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er Huvepharma AD) 47

2013/EES/16/11 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 118/2012 frá 10. febrúar 2012 um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2380/2001, (EB) nr. 1289/2004, (EB) nr. 1455/2004, (EB) nr. 1800/2004, (EB) nr. 600/2005, (ESB) nr. 874/2010 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 388/2011, (ESB) nr. 532/2011 og (ESB) nr. 900/2011, að því er varðar heiti leyfishafa fyrir tilteknum aukefnum í fóður, og um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 49

2013/EES/16/12 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 131/2012 frá 15. febrúar 2012 um leyfi fyrir blöndu af kúmenolíu, sítrónuolíu og tilteknum þurrkuðum kryddjurtum og kryddum sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er Delacon Biotechnik GmbH) 53

2013/EES/16/13 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 136/2012 frá 16. febrúar 2012 um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fóðuraukefni fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis 56

2013/EES/16/14 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 140/2012 frá 17. febrúar 2012 um leyfi fyrir mónensínnatríumi sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Huvepharma NV Belgium) 59

2013/EES/16/15 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 225/2012 frá 15. mars 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 að því er varðar samþykki fyrir starfsstöðvum sem setja á markað afurðir, til notkunar í fóður, sem eru fengnar úr jurtaolíum og fitublöndum og að því er varðar sértækar kröfur varðandi framleiðslu, geymslu og flutning á olíum og fitu og afurðum úr þeim og prófun þeirra fyrir díoxíni 61

2013/EES/16/16 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 226/2012 frá 15. mars 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1730/2006 að því er varðar notkunarskilyrði fyrir bensósýru (leyfishafi er Emerald Kalama Chemical BV) 66

2013/EES/16/17 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 227/2012 frá 15. mars 2012 um leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 68

2013/EES/16/18 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 237/2012 frá 19. mars 2012 um leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa, sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) 70

2013/EES/16/19 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 333/2012 frá 19. apríl 2012 um leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 492/2006 73

2013/EES/16/20 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 334/2012 frá 19. apríl 2012 um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 (leyfishafi er Société Industrielle Lesaffre) 76

2013/EES/16/21 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr.523/2012 frá 20. júní 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar að fella inn í hana tilteknar reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki. 79

2013/EES/16/22 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2012 frá 27. janúar 2012 um breytingu á I. viðauka, til að fella inn nýtt heiti textíltrefja, og VIII. og IX. viðauka, í þeim tilgangi að laga þá að tækniframförum, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara 84

2013/EES/16/23 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2012/9/ESB frá 7. mars 2012 um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum 90

2013/EES/16/24 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota 92

2013/EES/16/25 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/EB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota 108

2013/EES/16/26 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota 138

2013/EES/16/27 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 frá 28. september 2010 um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/EB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa 155

2013/EES/16/28 Tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2012/11/ESB frá 19. apríl 2012 um breytingu á tilskipun 2004/40/EB um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviða) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) 172

2013/EES/16/29 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 1. mars 2011 um breytingu á ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð (2011/141/ESB) 174

2013/EES/16/30 Tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/90/ESB frá 14. nóvember 2011 um breytingu á II. hluta I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB þar sem settar eru fram viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar 177

2013/EES/16/31 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 784/2012 frá 30. ágúst 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 í því skyni að skrá uppboðsvettvang, sem Þýskaland tilnefnir, og leiðrétta 7. mgr. 59. gr. 180

2013/EES/16/32 Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 17. ágúst 2012 um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (2012/498/ESB) 183

2013/EES/16/33 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 413/2012 frá 15. maí 2012 um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 að því er varðar lágmarksinnihald fóðuraukefnisins natríumbensóats í fóðri fyrir fráfærugrísi 186

2013/EES/16/34 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 414/2012 frá 15. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/2008 að því er varðar lágmarksinnihald og ráðlagðan lágmarksskammt ensímblöndu með 6-fýtasa sem fóðuraukefni í fóðri fyrir eldiskalkúna 187

2013/EES/16/35 Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/68/ESB frá 1. júlí 2011 um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda 189

2013/EES/16/36 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012 frá 17. september 2012 um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fóðuraukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) 196

2013/EES/16/37 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 451/2012 frá 29. maí 2012 um töku tiltekinna fóðuraukefna í virka hópnum votfóðursaukefni af markaði 198

2013/EES/16/38 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 610/2012 frá 9. júlí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi fyrir hnislalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem ekki er ætlast til að þau berist í 207

2013/EES/16/39 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 837/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) 210

2013/EES/16/40 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 838/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir 212

2013/EES/16/41 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 839/2012 frá 18. september 2012 um leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr 214

2013/EES/16/42 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 frá 11. apríl 2012 um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli 217

2013/EES/16/43 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 379/2012 frá 3. maí 2012 um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna. 220

2013/EES/16/44 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 470/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýdextrósa (E 1200) í bjór 222

2013/EES/16/45 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 471/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun lýsósíms (E 1105) í bjór 225

2013/EES/16/46 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 472/2012 frá 4. júní 2012 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun glýserólestera af trjárósíni (E 445) til prentunar á sælgæti með harðri húð 228

2013/EES/16/47 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 221/2012 frá 14. mars 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið klósantel. 231

2013/EES/16/48 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 222/2012 frá 14. mars 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið tríklabendasól. 234

2013/EES/16/49 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 618/2012 frá 10. júlí 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga reglugerðina að tæknilegum og vísindalegum framförum. 236

2013/EES/16/50 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 465/2012 frá 22. maí 2012 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004. 244

2013/EES/16/51 Framkvæmdarákvörðun framkvæmdastjórnarinnar frá 11. apríl 2012 um breytingu á ákvörðun 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna (2012/194/ESB) 251

2013/EES/16/52 Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 310/2012 frá 21. desember 2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB 253

2013/EES/16/53 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2011 frá 25. ágúst 2011 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst. 255

2013/EES/16/54 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 173/2012 frá 29. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum 262

2013/EES/16/55 Reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1102/2008 frá 22. október 2008 um bann við útflutningi á kvikasilfursmálmi og tilteknum kvikasilfurssamböndum og -blöndum og um örugga geymslu á kvikasilfursmálmi. 270

2013/EES/16/56 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 135/2012 frá 16. febrúar 2012 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs í því skyni að bæta tilteknum, óflokkuðum úrgangi við í III. viðauka B við hana 275

2013/EES/16/57 Tilskipun ráðsins 2011/97/ESB frá 5. desember 2011 um breytingu á tilskipun 1999/31/EB að því er varðar sértækar viðmiðanir vegna geymslu á kvikasilfursmálmi sem telst vera úrgangur 278

2013/EES/16/58 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 756/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni 282

2013/EES/16/59 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 757/2010 frá 24. ágúst 2010 um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. og III. viðauka. 291

2013/EES/16/60 Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 842/2011 frá 19. ágúst 2011 um að taka upp stöðluð eyðublöð fyrir birtingu tilkynninga við opinber innkaup og um niðurfellingu á reglugerð (EB) nr. 1564/2005 299

2013/EES/16/61 Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 206/2012 frá 6. mars 2012 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun loftræstisamstæðna og viftna 486

II EFTA-STOFNANIR

1. Fastanefnd EFTA-ríkjanna

2. Eftirlitsstofnun EFTA

3. EFTA-dómstóllinn

III ESB-STOFNANIR

1. Framkvæmdastjórnin

EES-STOFNANIR

SAMEIGINLEGA EES-NEFNDIN

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/16/01**

frá 20. apríl 2009

um skilgreiningu á viðmiðunum fyrir flokkun úrgangsstöðva í samræmi við III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 2856)

(2009/337/EB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/21/EB frá 15. mars 2006 um meðhöndlun úrgangs frá námuiðnaði og um breytingu á tilskipun 2004/35/EB ([1]), einkum g-lið 1. mgr. 22. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að tryggja sameiginlegt mat á viðmiðunum, sem settar eru fram í III. viðauka við tilskipun 2006/21/EB, er nauðsynlegt að skilgreina aðferðafræði og ákvarða viðmiðunarmörk, þegar mögulegt er, þar sem tekið er tillit til ólíkra gerða úrgangsstöðva og stöðugleika þeirra til styttri og lengri tíma og á öllum þeim tíma sem þær eru starfræktar.

2) Út frá tæknilegu sjónarmiði þykir rétt að úrgangsstöðvar sem meðhöndla eingöngu óvirkan úrgang eða ómengaðan jarðveg séu undanþegnar matinu á viðmiðununum varðandi tilvist hættulegra efna eða hættulegs úrgangs.

3) Hugsanleg hætta í tengslum við úrgangsstöð getur breyst verulega á þeim tíma sem hún er í rekstri og þegar henni er lokað. Því er viðeigandi að endurskoða flokkun stöðvarinnar eins og nauðsyn krefur og í öllum tilvikum við lok rekstraráfangans.

4) Til að meta möguleikann á manntjóni og hættu, sem steðjar að heilbrigði manna þegar heilleiki burðarvirkis stöðvar glatast eða stöð er starfrækt á rangan hátt, skal taka tillit til raunverulegrar, stöðugrar viðveru fólks á þeim svæðum sem hugsanlega verða fyrir áhrifum þegar lagt er mat á umfang mögulegs manntjóns eða hættu sem steðjar að heilbrigði manna.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 18. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB ([2]),

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

1. Úrgangsstöð skal sett í A-flokk í samræmi við fyrsta undirlið III. viðauka við tilskipun 2006/21/EB ef þær afleiðingar sem spáð er að verði til skemmri eða lengri tíma vegna bilunar af völdum þess að heilleiki burðarvirkis glatast eða af völdum rangrar starfrækslu úrgangsstöðvar gætu leitt til:

a) möguleika á manntjóni sem ekki getur talist óverulegur,

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 22.4.2009, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 71/2012 frá 30. mars 2012 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 43, 2.8.2012, bls. 61.

([1]) Stjtíð. ESB L 102, 11.4.2006, bls. 15.

([2]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

b) alvarlegrar hættu fyrir heilbrigði manna,

c) alvarlegrar hættu fyrir umhverfið.

2. Að því er varðar flokkunina, sem um getur í 1. mgr., skal taka tillit til vistferils stöðvarinnar í heild, þ.m.t. tíminn eftir að henni hefur verið lokað, þegar lagt er mat á mögulega hættu sem stafar af stöðinni.

2 gr.

1. Að því er varðar þessa ákvörðun skal heilleiki burðarvirkis úrgangsstöðvar merkja getu hennar til að halda úrganginum innan marka stöðvarinnar á þann hátt sem hún er hönnuð til.

2. Það að heilleiki burðarvirkis glatist skal ná yfir allar mögulegar bilanir í gangverki sem skiptir máli fyrir burðarvirki úrgangsstöðvarinnar sem um er að ræða.

3. Mat á afleiðingum þess að heilleiki burðarvirkis glatist skal ná til beinna áhrifa af flutningi hvers konar efnis frá stöðinni vegna bilunar og áhrifa til skemmri og lengri tíma sem verða í kjölfarið.

3. gr.

1. Að því er varðar þessa ákvörðun skal röng starfræksla úrgangsstöðvarinnar merkja hvers konar starfrækslu sem getur leitt til stórslyss, þ.m.t. að ráðstafanir til umhverfisverndar bregðist og hönnun úrgangsstöðvarinnar sé gölluð eða ófullnægjandi.

2. Mat á losun aðskotaefna vegna rangrar starfrækslu skal ná til áhrifa vegna skammvinnrar losunar aðskotaefna (púlsa), svo og langvarandi losunar þeirra efna. Það mat skal ná til þess tíma sem stöðin er starfrækt og einnig til þess langa tímabils sem fylgir í kjölfar lokunar. Það skal fela í sér úttekt á hugsanlegri hættu sem stöðvar sem innihalda hvarfgjarnan úrgang hafa í för með sér, óháð því hvort úrgangurinn sé flokkaður sem hættulegur eða hættulaus samkvæmt tilskipun ráðsins 91/689/EBE ([3]).

4. gr.

1. Aðildarríkin skulu meta afleiðingar bilunar vegna þess að heilleiki burðarvirkis glatast eða þess að úrgangsstöð er starfrækt á rangan hátt í samræmi við 2., 3. og 4. mgr.

2. Möguleikinn á manntjóni eða hættu fyrir heilbrigði manna skal teljast óverulegur eða ekki alvarlegur ef ekki er búist við því að fólk sem gæti orðið fyrir áhrifum, annað en starfsfólkið sem starfrækir stöðina, verði til staðar á mögulega mengaða svæðinu til frambúðar eða í langan tíma. Skaði sem hefur í för með sér fötlun eða heilsuleysi til lengri tíma skal teljast alvarleg hætta fyrir heilbrigði manna.

3. Möguleg hætta fyrir umhverfið skal ekki teljast alvarleg ef:

a) verulega dregur úr styrk hugsanlegs mengunarvalds á stuttum tíma,

b) bilunin leiðir ekki til varanlegs eða langvarandi umhverfistjóns,

c) unnt er að koma umhverfinu, sem verður fyrir áhrifum, í samt lag með minni háttar hreinsunaraðgerðum og enduruppbyggingu.

4. Þegar lagt er mat á hugsanlegt manntjón eða hættu fyrir heilbrigði manna eða fyrir umhverfið skal sértækt mat á umfangi hugsanlegra áhrifa metið út frá keðjunni: upptök-ferill-viðtaki.

Þegar enginn ferill er á milli upptaka og viðtaka skal viðkomandi stöð ekki flokkuð í flokk A á grundvelli bilunar vegna þess að heilleiki burðarvirkis glatast eða vegna rangrar starfrækslu.

5. gr.

1. Ef heilleiki burðarvirkis glatast með tilliti til stífla til aðhalds úrgangi skal líta svo á að mannslíf séu í hættu þegar yfirborð vatns eða leðju er a.m.k. 0,7 m ofar jörðu eða þar sem straumhraði vatns eða leðju er meiri en 0,5 m/s.

2. Við mat á möguleikanum á manntjóni og hættu fyrir heilbrigði manna skal a.m.k. taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) stærðar og eiginleika stöðvarinnar, þ.m.t. hönnun hennar,

b) magns og eðlis úrgangsins í stöðinni, þ.m.t. eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar hans,

c) landslagsins þar sem stöðin er staðsett, þ.m.t. þættir sem geta verkað hemjandi,

d) þess tíma sem það tæki hugsanlega flóðbylgju að ná til svæða þar sem fólk er að finna,

e) hversu hratt það tæki flóðbylgjuna að breiðast út,

f) áætlaðrar hæðar yfirborðs vatns eða leðju,

([3]) Stjtíð. EB L 377, 31.12.1991, bls. 20.

g) hversu hratt yfirborð vatns eða leðju hækkar,

h) allra viðkomandi staðarsértækra þátta sem kunna að hafa áhrif á möguleikann á manntjóni eða hættu fyrir heilbrigði manna.

6. gr.

1. Að því er varðar skriður úr úrgangshaugum þá skal allt magn úrgangs á hreyfingu teljast líklegt til að ógna mannslífum ef fólk dvelur á því svæði sem slíkt magn úrgangs á hreyfingu getur haft áhrif á.

2. Við mat á möguleikanum á manntjóni og hættu fyrir heilbrigði manna skal a.m.k. taka tillit til eftirfarandi þátta:

a) stærðar og eiginleika stöðvarinnar, þ.m.t. hönnun hennar,

b) magns og eðlis úrgangsins í stöðinni, þ.m.t. eðlis- og efnafræðilegir eiginleikar hans,

c) hallahorns haugsins,

d) möguleikans á því að grunnvatn safnist upp innan haugsins,

e) stöðugleika jarðvegsgrunnsins,

f) landslagsins,

g) nálægðar við vatnsföll, mannvirki, byggingar,

h) námuvinnu,

i) allra annarra staðarsértækra þátta sem geta haft veruleg áhrif á áhættuna sem stöðin hefur í för með sér.

7. gr.

1. Viðmiðunarmörkin, sem um getur í öðrum undirlið III. viðauka við tilskipun 2006/21/EB, skulu ákvörðuð sem hlutfall þyngdar, miðað við þurrt efni, milli:

a) alls úrgangs sem flokkaður er sem hættulegur í samræmi við tilskipun 91/689/EBE og búast má við að sé fyrir hendi í stöðinni í lok tímans sem áætlaður var til starfrækslu hennar, og b) úrgangs sem búast má við að sé fyrir hendi í stöðinni í lok tímans sem áætlaður var til starfrækslu hennar.

2. Þegar hlutfallið, sem um getur í 1. mgr., er hærra en 50% skal setja stöðina í A-flokk.

3. Þegar hlutfallið, sem um getur í 1. mgr., er á milli 5% og 50% skal setja stöðina í A-flokk.

Þó skal ekki setja stöðina í A-flokk ef staðarsértækt áhættumat, sem einkum beinist að áhrifum hættulega úrgangsins og fer fram sem hluti af flokkuninni og byggist á afleiðingum bilunar vegna þess að heilleiki burðarvirkis glatast eða vegna rangrar starfrækslu, sýnir fram á að stöðina ætti ekki að setja í A-flokk á grundvelli innihalds hættulegs úrgangs.

4. Þegar hlutfallið, sem um getur í 1. mgr., er lægra en 5% skal stöðin ekki sett í A-flokk á grundvelli innihalds hættulegs úrgangs.

8. gr.

1. Aðildarríkin skulu meta hvort viðmiðunin, sem sett er fram í þriðja undirlið III. viðauka við tilskipun 2006/21/EB, sé uppfyllt í samræmi við sjónarmiðin sem sett eru fram í 2., 3. og 4. mgr.

2. Beita skal eftirfarandi aðferðum að því er varðar fyrirhugaðar vatnsgryfjur undir úrkast:

a) taka skal saman skrá yfir efni og blöndur sem notaðar eru við vinnsluna og síðan losaðar ásamt úrkastsleðjunni í vatnsgryfjuna undir úrkast,

b) meta skal árlegt magn hvers efnis og blöndu sem notað er á hverju ári á þeim tíma sem ætlað er að starfrækja stöðina,

c) ákvarða skal fyrir hvert efni og hverja blöndu hvort um hættulegt efni eða blöndu sé að ræða í skilningi tilskipunar ráðsins 67/548/EBE ([4]) og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 1999/45/EB ([5]),

d) reikna skal árlega aukningu á uppsöfnuðu vatni (ΔQi) í vatnsgryfjunni undir úrkast fyrir hvert ár fyrirhugaðrar starfrækslu, við stöðug skilyrði í samræmi við formúluna sem sett er fram í I. viðauka,

e) meta skal árlegan hámarksstyrk (C max) í vatnsfasanum fyrir hvert hættulegt efni eða blöndu, sem greinist í samræmi við c-lið, samkvæmt formúlunni sem sett er fram í II. viðauka.

([4]) Stjtíð. EB 196, 16.8.1967, bls. 1.
([5]) Stjtíð. EB L 200, 30.7.1999, bls. 1.

Ef vatnsfasinn telst „hættulegur“ í skilningi tilskipana 1999/45/EB eða 67/548/EBE á grundvelli matsins á árlegum hámarksstyrk (C max) skal setja stöðina í A-flokk.

3. Að því er varðar starfræktar vatnsgryfjur undir úrkast skal flokkun stöðvarinnar byggjast á aðferðinni, sem sett er fram í 2. mgr., eða á beinni efnagreiningu vatnsins og fastra efna sem er að finna í stöðinni. Ef líta skal á vatnsfasann og innihald hans sem hættulega efnablöndu í skilningi tilskipunar 1999/45/EB eða 67/548/EBE skal setja stöðina í A-flokk.

4. Þegar um er að ræða haugskolunarstöðvar, þar sem málmur er dreginn út úr haugum af málmgrýti með útskolunarlausn, skulu aðildarríkin við lokun leita kerfisbundið að hættulegum efnum á grundvelli skrár yfir útskolunaríðefni sem voru notuð og að leifum þessara útskolunaríðefna í afrennsli eftir að það hefur verið hreinsað. Ef líta skal á skolvökvann sem hættulega efnablöndu í skilningi tilskipunar 1999/45/EB eða 67/548/EBE skal setja stöðina í A-flokk.

9. gr.

Ákvæði 7. og 8. gr. þessarar ákvörðunar gilda ekki um úrgangsstöðvar sem innhalda eingöngu óvirkan úrgang eða ómengaðan jarðveg.

10. gr.

Lögbæra yfirvaldið, í skilningi tilskipunar 2006/21/EB, skal endurskoða flokkunina ef leyfið eða rekstrarskilyrðin breytast að verulegu leyti.

Sú endurskoðun skal fara fram í síðasta lagi í lok þess tíma sem stöðin er starfrækt.

11. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 20. apríl 2009.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Stavros DIMAS

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Formúla til útreikninga á árlegri meðalaukningu á uppsöfnuðu vatni í vatnsgryfjunni undir úrkast (ΔQ) eins og um getur í 2. mgr. 8. gr.

ΔQi = (ΔMi/D) * P, þar sem:

ΔQi = árleg aukning á uppsöfnuðu vatni í vatnsgryfjunni undir úrkast (m^3/ári) á ári „i“

ΔMi = árlegur massi úrkasts sem losað er í vatnsgryfjuna (tonn, þurrvigt/ári) á ári „i“

D = meðalrúmþyngd uppsafnaðs úrkasts (tonn, þurrvigt/m^3)

P = meðalgrop botnfallins úrkasts (m^3/m^3), skilgreint sem hlutfall rúmmáls holrýmis og heildarrúmmáls botnfallins úrkasts

Ef nákvæm gögn eru ekki fáanleg skal nota staðalgildin 1,4 tonn, þurrvigt/m^3 að því er varðar rúmþyngd og 0,5 m^3/m^3 að því er varðar grop.

———

II. VIÐAUKI

Mat á hámarksstyrk í vatnsfasanum (C max) eins og um getur í 2. mgr. 8. gr.

C max = hámark eftirfarandi gildis: Si/ΔQi, þar sem:

Si = árlegur massi hvers efnis og blöndu sem tilgreind er í c-lið 2. mgr. 8. gr. og losuð í vatnsgryfjuna á ári „i“.

———

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 64/2012 **2013/EES/16/02**

frá 23. janúar 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 582/2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 frá 18. júní 2009 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja og hreyfla með tilliti til losunar frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 715/2007 og tilskipun 2007/46/EB og um niðurfellingu á tilskipunum 80/1269/EBE, 2005/55/EB og 2005/78/EB ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr., 4. mgr. 5. gr., 2. mgr. 6. gr. og 12. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([2]), einkum 7. mgr. 39. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 595/2009 er mælt fyrir um sameiginlegar tæknikröfur fyrir gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og varahlutum að því er varðar losun og um reglur um samræmi ökutækja í notkun, endingu mengunarvarnarbúnaðar, innbyggð greiningarkerfi (OBD), mælingu á eldsneytiseyðslu og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja.

2) Í samræmi við 15. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 582/2011 frá 25. maí 2011 um framkvæmd og breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 595/2009 að því er varðar losun frá þungum ökutækjum (Euro VI) og um breytingu á I. og III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB ([3]), skal ekki gerðarviðurkenna ökutæki og hreyfla í samræmi við reglugerð (EB) nr. 595/2009 og framkvæmdarráðstafanir hennar fyrr en mæliaðferðir til að mæla fjölda efnisagna eins og mælt er fyrir um í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 595/2009, nauðsynleg, sértæk ákvæði um hreyfla með margar stillingar og ákvæði til framkvæmdar 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 hafa verið samþykkt. Því er rétt að breyta reglugerð (EB) nr. 582/2011 svo að hún taki einnig til slíkra krafna.

3) Í samræmi við 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009, skulu 6. og 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 715/2007 um gerðarviðurkenningu vélknúinna ökutækja með tilliti til losunar frá léttum farþega- og atvinnuökutækjum (Euro 5 og Euro 6) og um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ([4]) gilda að breyttu breytanda. Því er rétt að flytja yfir í þessa reglugerð ákvæðin um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 715/2007 og framkvæmdarráðstöfunum hennar. Hins vegar er nauðsynlegt að aðlaga þessi ákvæði svo að tekið sé tillit til sérstakra eiginleika þungra ökutækja.

4) Einkum er viðeigandi að samþykkja sérstakar verklagsreglur fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja í samræmi við 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu. Einnig er viðeigandi að samþykkja sérstakar kröfur og verklagsreglur fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja ef um er að ræða aðlaganir fyrir viðskiptavini og framleiðslu í litlu magni. Að lokum þykir rétt að vísa í sértæka staðla fyrir endurforritun sem þróaðir eru fyrir þung ökutæki.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 28, 31.1.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 157/2012 frá 28. september 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 70, 13.12.2012, bls. 7.

([1]) Stjtíð. ESB L 188, 18.7.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 167, 25.6.2011, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 171, 29.6.2007, bls. 1.

5) Beiting ákvæða um aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja kann að vera of íþyngjandi fyrir framleiðendur ökutækja til skamms tíma litið að því er varðar tiltekin kerfi sem eru yfirfærð úr eldri gerðum ökutækja í nýjar gerðir. Því er rétt að innleiða tilteknar takmarkaðar undanþágur frá almennu ákvæðunum um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækja og um viðgerðir og viðhald ökutækja.

6) Setja skal ákvæði um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar hönnun og framleiðslu búnaðar fyrir ökutæki sem ganga fyrir óhefðbundnu eldsneyti þegar hægt verður að gerðarviðurkenna slíkan búnað.

7) Í samræmi við tilskipun ráðsins 92/6/EBE frá 10. febrúar 1992 um uppsetningu og notkun búnaðar sem takmarkar hraða í tilteknum flokkum vélknúinna ökutækja innan bandalagsins ([5]) skal hraðatakmörkunarbúnaður settur upp á verkstæðum eða af aðilum sem aðildarríkin samþykkja. Í samræmi við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3821/85 frá 20. desember 1985 um að taka upp skráningarbúnað í ökutækjum í flutningum á vegum ([6]) mega aðeins viðurkennd verkstæði kvarða skráningarbúnað í vélknúnum ökutækjum. Því er rétt að undanskilja upplýsingar varðandi endurforritun stýrieininga hraðatakmörkunarbúnaðar og skráningarbúnaðar frá ákvæðunum um að veita aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald.

8) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 582/2011 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (ESB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

1) Í 2. gr. bætist við eftirfarandi 42., 43. og 44. mgr.:

„42) „aðlögun fyrir viðskiptavini“: sérhver breyting á ökutæki, kerfi, íhlut eða aðskilinni tæknieiningu sem gerð er vegna tiltekinnar beiðni viðskiptavinar og sem er háð viðurkenningu,

43) „upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis“: upplýsingar sem varða innbyggt greiningarkerfi fyrir sérhvert rafeindakerfi í ökutækinu,

44) „yfirfærslukerfi“: kerfi, eins og skilgreint er í 23. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB, sem yfirfærist frá eldri gerð ökutækis til nýrri gerðar.“,

2) Eftirfarandi 2. gr. a til 2. gr. h bætist við:

„2. gr. a

Aðgangur að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Framleiðendur skulu innleiða nauðsynlegt fyrirkomulag og aðferðir í samræmi við 6. gr. reglugerðar EB nr. 595/2009 og XVII. viðauka þessarar reglugerðar til að tryggja greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis á vefsetrum þar sem notast er við staðlað snið og án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang. Einnig skulu framleiðendur koma á framfæri efni til þjálfunar við sjálfstæða rekstraraðila og viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði.

2. Viðurkenningaryfirvöld skulu aðeins veita gerðarviðurkenningu eftir að hafa fengið í hendur frá framleiðanda vottorð um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

3. Vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal teljast sönnun þess að farið sé að 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.

4. Vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal útbúið í samræmi við fyrirmyndina sem er að finna í 1. viðbæti við XVII. viðauka.

5. Upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skulu fela í sér eftirfarandi:

a) ótvírætt auðkenni ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem framleiðandinn er ábyrgur fyrir,

b) handbækur, þ.m.t. þjónustu- og viðhaldsskrár,

c) tæknihandbækur,

d) upplýsingar um íhluti og úr greiningum (t.d. lágmarks- og hámarksviðmiðunargildi fyrir mælingar),

([5]) Stjtíð. EB L 57, 2.3.1992, bls. 27.
([6]) Stjtíð. EB L 370, 31.12.1985, bls. 8.

e) skýringarmyndir af leiðslum,

f) greiningarkóðar bilana, þ.m.t. sérkóðar framleiðanda,

g) kenninúmer fyrir kvörðun hugbúnaðar fyrir gerð ökutækis,

h) upplýsingar um tæki og búnað með einkaleyfi, sem jafnframt er miðlað af þeim,

i) upplýsingar úr gagnaskráningu og tvíátta eftirlits- og prófunargögn,

j) staðlaðar vinnueiningar eða tímabil fyrir viðgerðir og viðhald ef þær upplýsingar eru veittar seljendum og viðgerðarverkstæðum sem framleiðandinn hefur viðurkennt, annað hvort beint eða gegnum þriðja aðila,

k) ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, upplýsingarnar sem krafa er gerð um í 2. gr. b.

6. Líta ber á viðurkennda seljendur og viðgerðarverkstæði innan dreifingarkerfis tiltekins ökutækjaframleiðanda sem sjálfstæða rekstraraðila í skilningi þessarar reglugerðar ef seljendurnir og viðgerðarverkstæðin veita viðgerðar- og viðhaldsþjónustu fyrir ökutæki sem tilheyra dreifingarkerfi annars ökutækjaframleiðanda sem þau eru ekki aðilar að.

7. Upplýsingarnar um viðgerðir og viðhald ökutækisins skulu ávallt vera tiltækar, nema þegar upplýsingakerfið þarfnast viðhalds.

8. Að því er varðar framleiðslu og viðhald hluta til endurnýjunar eða viðgerða, sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu, greiningartæki og prófunarbúnað, skulu framleiðendur veita öllum framleiðendum og viðgerðarverkstæðum íhluta, greiningartækja eða prófunarbúnaðar, sem hagsmuna eiga að gæta, viðeigandi upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar.

9. Framleiðandinn skal gera síðari breytingar og viðbætur við upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækja aðgengilegar á vefsetrum sínum um leið og þær eru gerðar aðgengilegar viðurkenndum viðgerðarverkstæðum.

10. Ef skýrslur um viðgerðir og viðhald ökutækis eru geymdar í miðlægum gagnagrunni hjá framleiðandanum eða fyrir hans hönd skal veita óháðum viðgerðarverkstæðum, sem hafa hlotið samþykki og leyfi samkvæmt lið 2.2 í XVII. viðauka, aðgang að þessum skýrslum án endurgjalds og með sömu skilyrðum og viðurkenndum viðgerðarverkstæðum til að skrá upplýsingar um viðgerðir og viðhald sem þeir hafa framkvæmt.

11. Framleiðandinn skal veita hagsmunaaðilum aðgang að eftirfarandi upplýsingum:

a) viðeigandi upplýsingum sem gera kleift að þróaðir verði íhlutir til endurnýjunar sem skipta miklu máli fyrir rétta virkni innbyggða greiningarkerfisins,

b) upplýsingum sem gera kleift að þróuð verði almenn greiningartæki.

Að því er varðar a-lið fyrstu undirgreinar skal þróun íhluta til endurnýjunar ekki vera takmörkuð af neinu eftirfarandi:

a) skorti á viðeigandi upplýsingum,

b) tæknikröfunum varðandi það hvernig fara skuli með vísbendingar um bilun ef farið er yfir viðmiðunarmörk innbyggða greiningarkerfisins eða ef innbyggða greiningarkerfið uppfyllir ekki grundvallarkröfur þessarar reglugerðar um vöktun,

c) tilteknum breytingum á meðferð upplýsinga um innbyggða greiningarkerfið svo að hægt sé að meðhöndla sérstaklega ökutæki sem eru knúin bensíni annars vegar og gasi hins vegar,

d) gerðarviðurkenningu gasknúinna ökutækja með tiltölulega fáum, minniháttar ágöllum.

Að því er varðar b-lið fyrstu undirgreinar þar sem framleiðendur nota greiningar- og prófunartæki í samræmi við staðlana ISO 22900 „Modular vehicle communication interface (MVCI)“ og ISO 22901 „Open diagnostic data exchange (ODX)“ í sérleyfiskerfum sínum, skulu ODX-skrárnar vera aðgengilegar sjálfstæðum rekstraraðilum á vefsetri framleiðandans.

2. gr. b

Fjölþrepa gerðarviðurkenning

1. Ef um er að ræða fjölþrepa gerðarviðurkenningu, eins og hún er skilgreind í 7. mgr. 3. gr. tilskipunar 2007/46/EB skal endanlegur framleiðandi vera ábyrgur fyrir því að veita aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar eigin framleiðsluþrep og tengingu við fyrri þrep.

Að auki skal endanlegur framleiðandi veita óháðum rekstraraðilum eftirfarandi upplýsingar á vefsetri sínu:

a) vefföng framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

b) nöfn og heimilisfang allra framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir fyrri þrepum,

c) gerðarviðurkenningarnúmer fyrri þrepa,

d) númer hreyfils.

2. Hver framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skal ábyrgjast aðgang á vefsetri sínu að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis að því er varðar þau þrep gerðarviðurkenningar sem hann ber ábyrgð á og tengingu við fyrri þrep.

3. Framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar skal veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi eftirfarandi upplýsingar:

a) samræmisvottorðið að því er varðar þrepið/þrepin sem hann er ábyrgur fyrir,

b) vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis ásamt viðbætum þess,

c) gerðarviðurkenningarnúmer að því er varðar þrepið/þrepin sem hann er ábyrgur fyrir,

d) skjölin sem um getur í liðum a, b og c sem lögð eru fram af framleiðanda/framleiðendum á fyrri stigum.

Hver framleiðandi skal veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi heimild til að afhenda skjölin áfram til framleiðenda sem eru ábyrgir fyrir næstu þrepum og lokaþrepinu.

Að auki skal framleiðandi sem er ábyrgur fyrir tilteknu þrepi eða þrepum gerðarviðurkenningar, á grundvelli samninga:

a) veita framleiðandanum sem er ábyrgur fyrir næsta þrepi aðgang að upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir,

b) veita framleiðanda sem er ábyrgur fyrir síðari þrepi gerðarviðurkenningar aðgang, þegar hann óskar þess, að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis og upplýsingum um skilfleti sem svara til þreps/þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

4. Framleiðanda, þ.m.t. endanlegum framleiðanda, er aðeins heimilt að innheimta gjöld í samræmi við 2. gr. f vegna tiltekinna þrepa sem hann er ábyrgur fyrir.

Framleiðandi, þ.m.t. endanlegur framleiðandi, skal ekki innheimta gjöld fyrir veitingu upplýsinga að því er varðar veffang eða samskiptaupplýsingar annars framleiðanda.

2. gr. c

Aðlaganir fyrir viðskiptavini

1. Þrátt fyrir 2. gr. a skal, ef fjöldi kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem hafa fengið tiltekna aðlögun fyrir viðskiptavin eru færri en 250 einingar á heimsvísu, veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald aðlögunar fyrir viðskiptavin, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

Vegna viðhalds og endurforritunar á rafstýrieiningum sem tengjast aðlögunum fyrir viðskiptavini skal framleiðandinn gera viðkomandi einkaleyfisbundin, sérhæfð greiningartæki eða prófunarbúnað aðgengilegan óháðum rekstraraðilum með sama hætti og samþykktum viðgerðarverkstæðum.

Aðlaganir fyrir viðskiptavini skulu skráðar á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald og skal þeirra getið við gerðarviðurkenningu á vottorðinu um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. Til 31. desember 2015 er framleiðanda heimilt, ef fjöldi kerfa, íhluta eða aðskilinna tæknieininga sem hafa fengið tiltekna aðlögun fyrir viðskiptavin eru fleiri en 250 einingar á heimsvísu, að víkja frá þeirri skyldu sem kveðið er á um í 2. gr. a um að veita skuli aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis með stöðluðu sniði. Ef framleiðandinn nýtir sér slíka undanþágu skal hann veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

3. Framleiðendur skulu bjóða óháðum rekstraraðilum einkaleyfisbundin, sérhæfð greiningartæki eða prófunarbúnað, sem þarf til að þjónusta kerfi, íhluti eða

tæknieiningar sem hafa fengið tiltekna breytingu fyrir viðskiptavin, til sölu eða leigu.

4. Framleiðandinn skal tilgreina á vottorðinu um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis við gerðarviðurkenningu þær aðlaganir fyrir viðskiptavini sem undanþegnar eru skyldunni, sem kveðið er á um í 2. gr. a, um að veita skuli aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækis með stöðluðu sniði og allar rafstýrieiningar sem tengjast þessum aðlögunum.

Þessar aðlaganir fyrir viðskiptavini og rafstýrieiningar sem þeim tengjast skal einnig skrá á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

2. gr. d

Smærri framleiðendur

1. Þrátt fyrir 2. gr. a skulu framleiðendur með minni ársframleiðslu á heimsmarkaði en 250 einingar af gerð ökutækis, kerfis, íhlutar eða aðskilinnar tæknieiningar sem fellur undir þessa reglugerð, veita greiðan og skjótan aðgang að upplýsingum um innbyggð greiningarkerfi ökutækja og um viðgerðir og viðhald ökutækja, án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

2. Ökutæki, kerfi, íhlutir og aðskildar tæknieiningar sem falla undir 1. mgr. skal skrá á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

3. Viðurkenningaryfirvald skal tilkynna framkvæmdastjórninni um hverja gerðarviðurkenningu sem veitt er smærri framleiðendum.

2. gr. e

Yfirfærslukerfi

1. Til 31. desember 2015 er framleiðanda heimilt, að því er varðar yfirfærslukerfi sem talin eru upp í 3. viðbæti XVII. viðauka, að víkja frá skyldunni til að endurforrita rafstýrieiningarnar í samræmi við staðlana sem um getur í XVII. viðauka.

Tilgreina skal slíka undanþágu á vottorðinu um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis við gerðarviðurkenningu.

Þau kerfi, sem framleiðandinn undanþiggur frá skyldunni til að endurforrita rafstýrieiningarnar í samræmi við staðlana sem um er getið í XVII. viðauka, skulu skráð á vefsetri framleiðandans fyrir upplýsingar um viðgerðir og viðhald.

2. Að því er varðar viðhald og endurforritun á rafstýrieiningum í yfirfærslukerfum sem framleiðandi undanþiggur frá skyldunni til að endurforrita rafstýrieiningarnar í samræmi við staðlana sem um getur í XVII. viðauka skulu framleiðendur tryggja að óháðir rekstraraðilar geti keypt eða leigt viðkomandi einkaleyfisbundin tæki eða búnað.

2. gr. f

Gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja

1. Framleiðendur mega innheimta sanngjarnt og hóflegt gjald fyrir aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja sem falla undir þessa reglugerð.

Að því er varðar fyrsta undirlið telst gjald, sem ekki er í neinu samræmi við notkun sjálfstæða rekstraraðilans á upplýsingunum og letur hann þannig til að nýta sér þær, hvorki sanngjarnt né hóflegt.

2. Framleiðendur skulu veita aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja, þ.m.t. viðskiptaþjónustu á borð við endurforritun eða tækniaðstoð, klukkustundir, daga, mánuði eða ár í senn og skal gjaldið fyrir aðgang að þeim upplýsingum vera breytilegt í samræmi við þann tíma sem aðgangur er veittur.

Til viðbótar við aðgang sem miðast við tíma mega framleiðendur bjóða aðgang sem miðast við færslur, en þá er gjaldfært fyrir hverja færslu í staðinn fyrir þann tíma sem aðgangur er veittur. Ef framleiðandi býður báðar gerðir aðgangs skulu óháð viðgerðarverkstæði velja hvort þau kjósi frekar aðgang miðað við tíma eða færslur.

2. gr. g

Uppfylling skuldbindinga varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis

1. Viðurkenningaryfirvald getur hvenær sem er, hvort sem er að eigin frumkvæði, á grundvelli kvörtunar, eða á grundvelli mats frá tækniþjónustu, athugað hvort framleiðandi uppfyllir ákvæði reglugerðar (EB) nr. 595/2009, þessarar reglugerðar og skilmála vottorðsins um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. Komist viðurkenningaryfirvald að því að framleiðandinn hafi ekki uppfyllt skuldbindingar sínar varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis skal viðurkenningaryfirvaldið sem veitti viðeigandi gerðarviðurkenningu grípa til viðeigandi ráðstafana til að ráða bót á ástandinu.

Þessar ráðstafanir geta m.a. verið afturköllun eða tímabundin niðurfelling gerðarviðurkenninga, sektir eða aðrar ráðstafanir sem samþykktar eru í samræmi við 11. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009.

3. Viðurkenningaryfirvaldið skal gera úttekt til þess að ganga úr skugga um að framleiðandinn fari að skuldbindingunum varðandi aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfi og um viðgerðir og viðhald ökutækis ef sjálfstæður rekstraraðili eða atvinnugreinasamtök sjálfstæðra rekstraraðila leggja fram kvörtun til viðurkenningaryfirvaldsins.

4. Viðurkenningaryfirvaldinu er heimilt við framkvæmd úttektarinnar að biðja tækniþjónustu eða annan óháðan sérfræðing að framkvæma mat til að staðfesta hvort farið sé að skuldbindingunum.

2. gr. h

Samráðsvettvangur um aðgang að upplýsingum um ökutæki

Starfssvið samráðsvettvangs um aðgang að upplýsingum um ökutæki, sem komið var á fót í samræmi við 9. mgr. 13. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 692/2008 (*) skal rýmkað þannig að það nái til ökutækja sem falla undir reglugerð (EB) nr. 595/2009.

Liggi fyrir sönnunargögn um vísvitandi eða óviljandi misnotkun á upplýsingum um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis skal samráðsvettvangurinn ráðleggja framkvæmdastjórninni um ráðstafanir gegn slíkri misnotkun upplýsinga.“

(*) Stjtíð. ESB L 199, 28.7.2008, bls. 1.

3) Ákvæðum 3. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Til þess að hljóta EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hreyflahóp sem aðskilinnar tæknieiningar, EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki með viðurkennt hreyfilkerfi að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, eða EB-gerðarviðurkenningu fyrir ökutæki að því er varðar losun og upplýsingar um viðgerðir og viðhald ökutækis, skal framleiðandinn, í samræmi við ákvæði I. viðauka, sýna fram á að ökutækin eða hreyfilkerfin hafi undirgengist prófanirnar og uppfylli kröfurnar sem mælt er fyrir um í 4. og 14. gr. og í III. til VIII. viðauka, X., XIII., XIV. og XVII viðauka. Framleiðandinn skal einnig tryggja samræmi við forskriftir fyrir viðmiðunareldsneyti sem settar eru fram í IX. viðauka.

b) Eftirfarandi 1. mgr. a, 1. mgr. b og 1. mgr. c bætist við:

„1a. Ef upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis eru ekki fáanlegar eða samræmast ekki 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009, 2. gr. a og, þar sem við á, 2. gr. b, 2. gr. c og 2. gr. d í þessari reglugerð og XVII. viðauka þessarar reglugerðar þegar umsókn um gerðarviðurkenningu er lögð fram, skal framleiðandinn leggja þær upplýsingar fram innan sex mánaða frá dagsetningunni sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 eða innan sex mánaða frá dagsetningu gerðarviðurkenningarinnar, hvort heldur er seinna.

1b. Skyldan til að veita upplýsingarnar innan dagsetninganna sem um getur í 1. mgr. a á aðeins við ef ökutækið er sett á markað í kjölfar gerðarviðurkenningar.

Ef ökutækið er sett á markað meira en sex mánuðum eftir gerðarviðurkenningu skulu upplýsingarnar veittar daginn sem ökutækið er sett á markað.

1c. Viðurkenningaryfirvaldið má ganga út frá því að framleiðandinn hafi innleitt fullnægjandi fyrirkomulag og aðferðir að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis á grundvelli útfyllts vottorðs um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis að því tilskildu að engin kvörtun hafi komið fram og að framleiðandinn leggi fram vottorðið innan tímamarkanna sem um getur í 1 mgr. a.

Ef samræmisskírteinið er ekki lagt fram innan þess tíma skal gerðarviðurkenningaryfirvaldið grípa til viðeigandi ráðstafana til að tryggja að ákvæðin séu uppfyllt.“

c) Ákvæði 15. mgr. falli brott.

4) Ákvæðum 5. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„5. gr.

Umsókn um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hreyflahóp sem aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald“,

b) Í stað g-liðar 4. mgr. komi eftirfarandi:

„g) vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis,“,

5) Í 6. gr. komi eftirfarandi í stað titilsins:

„6. gr.

Stjórnsýsluákvæði um EB-gerðarviðurkenningu fyrir hreyfilkerfi eða hreyflahóp sem aðskilinnar tæknieiningar að því er varðar losun og aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald“,

6) Í stað d-liðar 4. mgr. 7. gr. kemur eftirfarandi:

„d) vottorðið um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis,“,

7) Í stað d-liðar 1. mgr. 14. gr. kemur eftirfarandi:

„d) kröfum að því er varðar tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun þegar gerðarviðurkenning fer fram og öllum viðbótarkröfum að því er varðar prófun ökutækja sem eru í notkun utan lotu sem kveðið er á um í þessari reglugerð,“,

8) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„Framleiðandinn skal tryggja að endurnýjunarmengu narvarnarbúnaður sem ætlaður er til ísetningar í EB-gerðarviðurkennd hreyfilkerfi eða ökutæki sem falla undir reglugerð (EB) nr. 595/2009 sé EB-gerðarviðurkenndur sem aðskilin tæknieining í samræmi við kröfur þessarar greinar og 1. gr. a, 16. og 17. gr.“

9) Í stað 3. mgr. 16. gr. komi eftirfarandi:

„3. Framleiðandinn skal leggja fram vottorð um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.“,

10) Ákvæðum I., II., III., VI., X., XI. og XIII. viðauka er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa tilskipun,

11) Nýr XVII. viðauki bætist við og texti hans kemur fram í II. viðauka við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 23. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Ákvæðum I., II., III., VI., X., XI. og XIII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 582/2011 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum I. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað liðar 1.2 komi eftirfarandi:

„1.2. Kröfur um gerðarviðurkenningu sem er takmörkuð við ákveðna flokka eldsneytis í tilviki rafkveikjuhreyfla sem eru knúnir jarðgasi eða fljótandi jarðolíugasi

Gerðarviðurkenning sem er takmörkuð við ákveðna flokka eldsneytis skal veitt með fyrirvara um kröfurnar sem tilgreindar eru í liðum 1.2.1 til 1.2.2.2.“,

b) Í stað liðar 5.3.3 komi eftirfarandi:

„5.3.3. Sýna skal fram á að snúningsvægismerki frá rafstýrieiningunni uppfylli kröfur liða 5.2.2 og 5.2.3 með stofnhreyflinum þegar hreyfilafl er ákvarðað í samræmi við XIV. viðauka og þegar WHSC-prófun er framkvæmd í samræmi við III. viðauka ásamt prófun utan lotu á rannsóknarstofu við gerðarviðurkenningu, í samræmi við 6. lið VI. viðauka.“,

c) Á eftir lið 5.3.3 bætist við eftirfarandi liður 5.3.3.1:

„5.3.3.1. Sýna skal fram á að snúningsvægismerki frá rafstýrieiningunni uppfylli kröfur liða 5.2.2 og 5.2.3 fyrir alla hreyfla í hreyflahópnum þegar hreyfilafl er ákvarðað í samræmi við XIV. viðauka. Í þessum tilgangi skal gera viðbótarmælingar við mismunandi hlutaálag og snúningshraða (t.d. við hami WHSC-prófunarinnar og nokkra punkta í viðbót sem valdir eru af handahófi).“,

d) Í 4. viðbæti bætist við eftirfarandi 3. hluti í fyrirmyndum að upplýsingaskjali:

„3. HLUTI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA

16.	AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA
16.1.	Veffang fyrir aðalvefsetrið með aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja
16.1.1.	Dagsetning þegar það verður aðgengilegt (eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu gerðarviðurkenningarinnar)
16.2.	Skilmálar og skilyrði fyrir aðgang að vefsetrinu
16.3.	Snið upplýsinga um viðgerðir og viðhald sem aðgengilegar eru á vefsetrinu“

e) Í 5. viðbæti, í viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, bætist við eftirfarandi liður 1.4.4 á eftir lið 1.4.3:

„1.4.4. *Tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun*

Tafla 6a

Tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun

Gerð ökutækis (t.d. M_3, N_3) og notkun (t.d. óliðskipt eða liðskipt vörubifreið, borgarstrætisvagn)						
Lýsing á ökutækinu (t.d. tegund ökutækis, frumgerð)						
Fullnægjandi-ófullnægjandi niðurstöður (7)	CO	THC	NMHC	CH_4	NO_x	Massi efnisagna
Samræmisstuðull í vinnuglugga						
Samræmisstuðull fyrir glugga-massa koltvísýrings						

Upplýsingar um ferð	Þéttbýli	Dreifbýli	Hraðbraut
Hlutar af tímalengd ferðar sem einkennast af akstri í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbrautum, eins og lýst er í lið 4.5. í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 582/2011			
Hlutar af tímalengd ferðar sem einkennast af hröðun, hraðaminnkun, stöðugum hraða og kyrrstöðu, eins og lýst er í lið 4.5.5. í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 582/2011			

	Lágmark	Hámark
Meðalafl í vinnuglugga (%)		
Tímalengd glugga fyrir massa koltvísýrings (s)		
Vinnugluggi: hundraðshluti gildra glugga		
Massagluggi koltvísýrings: hundraðshluti gildra glugga		
Samkvæmnishlutfall eldsneytisnotkunar“		

f) Í 7. viðbæti, í viðbót við EB-gerðarviðurkenningarvottorðið, bætist við eftirfarandi liður 1.4.4. á eftir lið 1.4.3:

„1.4.4. *Tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun*

Tafla 6a

Tilraunaprófun á færanlegu mælikerfi fyrir losun

Gerð ökutækis (t.d. M_3, N_3) og notkun (t.d. óliðskipt eða liðskipt vörubifreið, borgarstrætisvagn)	
Lýsing á ökutækinu (t.d. tegund ökutækis, frumgerð)	

Fullnægjandi-ófullnægjandi niðurstöður (7)	CO	THC	NMHC	CH_4	NO_x	Massi efnisagna
Samræmisstuðull í vinnuglugga						
Samræmisstuðull fyrir massaglugga koltvísýrings						

Upplýsingar um ferð	Þéttbýli	Dreifbýli	Hraðbraut
Hlutar af tímalengd ferðar sem einkennast af akstri í þéttbýli, dreifbýli og á hraðbrautum, eins og lýst er í lið 4.5. í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 582/2011			
Hlutar af tímalengd ferðar sem einkennast af hröðun, hraðaminnkun, stöðugum hraða og kyrrstöðu, eins og lýst er í lið 4.5.5. í II. viðauka reglugerðar (EB) nr. 582/2011			

	Lágmark	Hámark
Meðalafl í vinnuglugga (%)		
Tímalengd glugga fyrir massa koltvísýrings (s)		
Vinnugluggi: hundraðshluti gildra glugga		
Massagluggi koltvísýrings: hundraðshluti gildra glugga		
Samkvæmnishlutfall eldsneytisnotkunar“		

2) Ákvæðum II. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi liðir 10.1.12.5.1 til 10.1.12.5.5 bætast við lið 10.1.12:

„10.1.12.5.1. Niðurstöður línulegs aðhvarfs sem lýst er í lið 3.2.1 í 1. viðbæti þennan viðauka, þ.m.t. hallatala aðhvarfslínu m, ákvörðunarstuðull r^2, og skurðpunktur b á y-ás aðhvarfslínunnar.

10.1.12.5.2. Niðurstöður könnunar á samkvæmni gagna rafstýrieiningarinnar í samræmi við lið 3.2.2 í 1. viðbæti þessa viðauka.

10.1.12.5.3. Niðurstöður könnunar á samkvæmni eldsneytisnotkunar miðað við snúningshraða og álag í samræmi við lið 3.2.3 í 1. viðbæti þessa viðauka, þ.m.t. reiknuð eldsneytisnotkun miðað við snúningshraða og álag og hlutfall reiknaðrar eldsneytisnotkunar miðað við snúningshraða og álag úr mælingu með færanlegu mælikerfi fyrir losun og tilgreindrar eldsneytisnotkunar miðað við snúningshraða og álag vegna WHTC-prófunar.

10.1.12.5.4. Niðurstöður könnunar á samkvæmni kílómetramælisins í samræmi við lið 3.2.4 í 1. viðbæti þessa viðauka.

10.1.12.5.5. Niðurstöður könnunar á samkvæmni loftþrýstings í samræmi við lið 3.2.5 í 1. viðbæti þessa viðauka.“,

b) Eftirfarandi liðir 4.3.1.1, 4.3.1.2 og 4.3.1.3 bætist við á eftir lið 4.3.1 í 1. viðbæti:

„4.3.1.1. Ef hundraðshluti gildra glugga er lægri en 50% skulu gögnin metin að nýju á grundvelli lengri tímalengdar glugga. Þetta næst með því að lækka gildið 0,2 í formúlunni í lið 4.3.1 í þrepum sem nema 0,01 þar til hundraðshluti gildra glugga er jafn eða meiri en 50%.

4.3.1.2. Lækkaða gildið í ofangreindri formúlu skal í öllu falli ekki vera lægra en 0,15.

4.3.1.3. Prófunin telst ógild ef hlutfall gildra glugga er lægra en 50% við hámarkstímalengd glugga, reiknað í samræmi við liði 4.3.1, 4.3.1.1 og 4.3.1.2. “,

c) Í stað liðar 2.2 í 4. viðbæti komi eftirfarandi:

„2.2. Ef punkti á viðmiðunarferli hámarkssnúningsátaks sem er fall af snúningshraða hreyfils hefur ekki verið náð við ISC-losunarprófunina með færanlega mælikerfinu fyrir losun, þá er framleiðanda heimilt að breyta álagi á ökutækið og/eða akstursleið prófunarinnar eftir því sem nauðsynlegt er til að sýna fram á að slíkum punkti hafi verið náð eftir að ISC-losunarprófun með færanlega mælikerfinu fyrir losun er lokið.“,

3) Eftirfarandi liður 2.1.1 bætist við á eftir lið 2.1 í III. viðauka:

„2.1.1. Kröfurnar varðandi mælingu á fjölda agna skulu vera þær sem settar eru fram í 4. viðauka C við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 49.“,

4) Ákvæðum VI. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á 6. lið:

i. Í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„6. PRÓFUN Á LOSUN UTAN LOTU Á RANNSÓKNARSTOFU Í TENGSLUM VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU OG PRÓFUN ÖKUTÆKJA VIÐ GERÐARVIÐURKENNINGU“,

ii. Í stað liðar 6.1.3 komi eftirfarandi:

„6.1.3. Skilja ber lið 7.3. í 10. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 á eftirfarandi hátt:

<u>Prófun ökutækja sem eru í notkun</u>

Framkvæma skal tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun við gerðarviðurkenningu með því að prófa stofnhreyfilinn í ökutæki með aðferðinni sem lýst er í 1. viðbæti þessa viðauka.

Frekari kröfur varðandi prófun ökutækja sem eru í notkun verða tilgreindar síðar í samræmi við 3. mgr. 14. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011.“,

iii. Eftirfarandi liðir 6.1.3.1 og 6.1.3.2 bætist við á eftir lið 6.1.3:

„6.1.3.1. Framleiðandinn má velja ökutækið sem skal notað í prófun, en valið er háð samþykki viðurkenningaryfirvaldsins. Eiginleikar ökutækisins sem er notað við tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun skulu vera dæmigerðir fyrir ökutækjaflokkinn sem hreyfilkerfið er ætlað fyrir. Ökutækið má vera frumgerð.

6.1.3.2. Að beiðni viðurkenningaryfirvaldsins má prófa annan hreyfil innan hreyfilhópsins eða jafngildan hreyfil sem er dæmigerður fyrir annan flokk ökutækja.“,

b) Eftirfarandi 1. viðbætir bætist við:

„1. viðbætir

Tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun við gerðarviðurkenningu

1. INNGANGUR

Í þessum viðbæti er lýst aðferðinni fyrir tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun við gerðarviðurkenningu.

2. PRÓFUNARÖKUTÆKI

2.1. Ökutækið sem er notað við tilraunaprófun með færanlegu mælikerfi fyrir losun skal vera dæmigert fyrir ökutækjaflokkinn sem hreyfilkerfið er ætlað fyrir. Ökutækið má vera frumgerð eða raðsmíðað ökutæki sem hefur verið breytt.

2.2. Sýna skal fram á tiltækileika og samræmi gagnastreymis frá rafstýrieiningu (t.d. með því að fara eftir ákvæðum 5. liðar II. viðauka þessarar reglugerðar).

3. AÐSTÆÐUR VIÐ PRÓFUN

3.1. **Farmþungi ökutækis**

Farmþungi ökutækisins skal vera 50 til 60% af hámarksfarmþunga ökutækisins í samræmi við II. viðauka.

3.2. **Umhverfisskilyrði**

Prófunin skal framkvæmd við umhverfisskilyrði sem lýst er í lið 4.2 í II. viðauka.

3.3. Hitastig á kælivökva hreyfils skal vera í samræmi við lið 4.3 í II. viðauka.

3.4. **Eldsneyti, smurefni og virkt efni**

Eldsneyti, smurolía og virkt efni eftirmeðferðarkerfis fyrir útblástursloft skulu vera samkvæmt ákvæðum liða 4.4 til 4.4.3 í II. viðauka.

3.5. **Kröfur varðandi akstur og ferðir**

Kröfur að því er varðar akstur og ferðir skulu vera þær sem lýst er í liðum 4.5 til 4.6.8 í II. viðauka.

4. MAT Á LOSUN

4.1. Prófunin skal framkvæmd og niðurstöður úr prófuninni reiknaðar út í samræmi við 6. lið II. viðauka.

5. SKÝRSLA

5.1. Tækniskýrsla sem lýsir tilraunaprófuninni með færanlegu mælikerfi fyrir losun skal sýna aðgerðir og niðurstöður og veita að lágmarki eftirfarandi upplýsingar:

a) Almennar upplýsingar eins og lýst er í liðum 10.1.1 til 10.1.1.14 í II. viðauka.

b) Skýringar á því hvers vegna ökutæki ([7]) sem er notað/eru notuð við prófunina teljist dæmigerð fyrir ökutækjaflokkinn sem hreyfilkerfið er ætlað fyrir.

c) Upplýsingar um prófunarbúnað og prófunargögn eins og lýst er í liðum 10.1.3 til 10.1.4.8 í II. viðauka.

d) Upplýsingar um hreyfilinn sem prófaður er eins og lýst er í liðum 10.1.5 til 10.1.5.20 í II. viðauka.

([7]) Eitt ökutæki eða fleiri ökutæki ef um er að ræða aukahreyfil.“,

e) Upplýsingar um ökutækið sem notað er í prófunum eins og lýst er í liðum 10.1.6 til 10.1.6.18 í II. viðauka.

f) Upplýsingar um eiginleika akstursleiðarinnar eins og lýst er í liðum 10.1.7 til 10.1.7.7 í II. viðauka.

g) Upplýsingar um augnabliksmæld gögn eins og lýst er í liðum 10.1.8 til 10.1.9.24 í II. viðauka.

h) Upplýsingar um meðaltalsreiknuð og samþætt gögn eins og lýst er í liðum 10.1.10 til 10.1.10.12 í II. viðauka.

i) Fullnægjandi-ófullnægjandi niðurstöður eins og lýst er í liðum 10.1.11 til 10.1.11.13 í II. viðauka.

j) Upplýsingar um sannprófun prófunar eins og lýst er í liðum 10.1.12 til 10.1.12.5 í II. viðauka.

5) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju málsgreinar í lið 2.4.1 komi eftirfarandi:

„Framleiðandinn getur beitt annað hvort öllum ákvæðum þessa viðauka og XIII. viðauka þessarar reglugerðar eða öllum ákvæðum XI. og XVI. viðauka reglugerðar (EB) nr. 692/2008.“,

b) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á lið 2.4.2:

i. Fyrirsögnin falli brott,

ii. Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„Framleiðanda skal ekki vera heimilt að nýta sér annars konar ákvæði sem eru tilgreind í þessum lið vegna fleiri en 500 hreyfla á ári.“,

c) Liður 2.4.3 falli niður,

d) Ákvæðum 2. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 2.2.1 komi eftirfarandi:

„2.2.1. Þegar ákvörðun er tekin um hvort samþykkja skuli þá vöktun á frammistöðu sem framleiðandinn velur, skal viðurkenningaryfirvald taka tillit til tæknilegra upplýsinga sem framleiðandinn hefur látið í té.“,

ii. Í stað liðar 2.2.2.1 og 2.2.2.2 komi eftirfarandi:

„2.2.2.1. Prófun á hæfi skal fara fram með sama hætti og tilgreint er í lið 6.3.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.

2.2.2.2. Mælt er hversu mikið frammistaða íhlutarins sem er til athugunar minnkar og sú minnkun telst síðan viðmiðunarmörk frammistöðu stofnhreyfils hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi.“,

iii. Í stað liðar 2.2.3 komi eftirfarandi:

„2.2.3. Viðmiðin að því er varðar vöktun á frammistöðu, sem samþykkt hafa verið fyrir stofnhreyfilinn, teljast gilda um alla aðra hreyfla í hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi án þess að sýna þurfi fram á það frekar.“,

iv. Eftirfarandi liðir 2.2.4 og 2.2.4.1 bætist við á eftir lið 2.2.3:

„2.2.4. Samkvæmt samkomulagi milli framleiðanda og viðurkenningaryfirvalda skal vera hægt að aðlaga viðmiðunarmörk frammistöðu fyrir aðra hreyfla í hreyflahóp með innbyggðu greiningarkerfi til að gera ráð fyrir mismunandi hönnunarþáttum (t.d. stærð kælis útblástursbringrásar). Slíkt samkomulag skal byggja á tæknilegum þáttum sem sýna fram á að það sé viðeigandi.

2.2.4.1. Að beiðni viðurkenningaryfirvalds má setja annan hreyfil í hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi í viðurkenningarferlið sem lýst er í lið 2.2.2.“,

v. Í stað liðar 2.3.1 komi eftirfarandi:

„2.3.1. Að því er varðar að sýna fram á frammistöðu valins vaktara innbyggðs greiningarkerfis í hópi hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi skal íhlutur, sem hefur verið spillt, vera hæfur fyrir stofnhreyfil hóps hreyfla með innbyggðu greiningarkerfi, í samræmi við lið 6.3.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.“,

vi. Á eftir lið 2.3.1 bætist við eftirfarandi liður 2.3.2:

„2.3.2. Ef um er að ræða annan hreyfil sem hefur verið prófaður í samræmi við lið 2.2.4.1 skal íhluturinn, sem hefur verið spillt, vera hæfur fyrir þann hreyfil, í samræmi við lið 6.3.2 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49.“,

6) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

Í 1. viðbæti bætist við eftirfarandi nýr liður í fyrirmynd að upplýsingaskjali:

„AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA

2.	AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKJA
2.1.	Veffang fyrir aðalvefsetrið með aðgang að upplýsingum um viðgerðir og viðhald ökutækja
2.1.1.	Dagsetning þegar það verður aðgengilegt (eigi síðar en sex mánuðum frá dagsetningu gerðarviðurkenningarinnar)
2.2.	Skilmálar og skilyrði fyrir aðgang að vefsetrinu
2.3.	Snið upplýsinga um viðgerðir og viðhald sem aðgengilegar eru á vefsetrinu“

7) Ákvæðum XIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað þriðju málsgreinar í lið 2.1. komi eftirfarandi:

„Framleiðandinn getur beitt annað hvort öllum ákvæðum þessa viðauka og X. viðauka þessarar reglugerðar eða öllum ákvæðum XI. og XVI. viðauka reglugerðar (EB) nr. 692/2008.“,

b) Í stað liðar 4.2 komi eftirfarandi:

„4.2. Skjákerfi innbyggðra greiningarkerfisins, sem lýst er í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49 og vísað er til í X. viðauka við þessa reglugerð, skal ekki notað til að birta sjónrænar viðvaranir af því tagi sem lýst er í lið 4.1. Viðvörunin skal ekki vera sú sama og notuð er vegna innbyggðra greiningarkerfisins (þ.e. bilanavísir) eða annars viðhalds á hreyfli. Ekki skal vera mögulegt að slökkva á viðvörunarkerfinu eða sjónrænum viðvörunum með skönnunartæki ef orsök viðvörunarinnar hefur ekki verið leiðrétt. Skilyrðum fyrir því að viðvörunarkerfi og sjónrænar viðvaranir séu gerð virk og óvirk er lýst í 2. viðbæti þessa viðauka.“,

c) Í stað fyrstu málsgreinar í lið 5.3. komi eftirfarandi:

„Væga þvingunarkerfið fyrir ökumann skal minnka tiltækt hámarkssnúningsvægi hreyfils á öllu snúningshraðasviðinu um 25 % á milli hæsta snúningsvægishraða og rofstaðs gangráðs eins og lýst er í 3. viðbæti. Tiltækt minnkað hámarkssnúningsvægi hreyfils undir toppgildi snúningsvægis áður en minnkun snúningsvægis er beitt skal ekki vera meira en minnkað snúningsvægi á þeim hraða.“,

d) Í stað liðar 5.5 komi eftirfarandi:

„5.5. Þvingunarkerfi fyrir ökumann skal virkjað með þeim hætti sem mælt er fyrir um í liðum 6.3, 7.3, 8.5 og 9.4.“,

e) Í stað liðar 6.3.1 og 6.3.2 komi eftirfarandi:

„6.3.1. Væga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef magn virks efnis í geyminum fyrir virka efnið fer niður fyrir 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki hans eða hærra hlutfall að vali framleiðanda.

6.3.2. Öfluga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef geymirinn fyrir virka efnið er tómur (þ.e. ef skömmtunarkerfið getur ekki sótt meira virkt efni úr geyminum) eða ef magn virks efnis lækkar niður í tiltekið magn fyrir neðan 2,5 % af tilgreindu heildarrúmtaki geymisins samkvæmt ákvörðun framleiðanda.“,

f) Í stað liðar 7.3.1 og 7.3.2 komi eftirfarandi:

„7.3.1. Væga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef gæði virks efnis eru ekki leiðrétt innan 10 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í lið 7.2 er gert virkt.

7.3.2. Öfluga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef gæði virks efnis eru ekki leiðrétt innan 20 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í lið 7.2 er gert virkt.“,

g) Í stað liðar 8.5.1 og 8.5.2 komi eftirfarandi:

„8.5.1. Væga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef villa í notkun eða truflun á skömmtun virka efnisins er ekki leiðrétt innan 10 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í liðum 8.4.1 og 8.4.2 er gert virkt.

8.5.2. Öfluga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef villa í notkun eða truflun á skömmtun virka efnisins er ekki leiðrétt innan 20 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í liðum 8.4.1 og 8.4.2 er gert virkt.“,

h) Í stað liðar 9.2.2.1 komi eftirfarandi:

„9.2.2.1. Sérstakur teljari skal vakta hindraðan útblásturshringrásarloka. Teljari fyrir útblásturshringrásarloka skal telja fjölda klukkustunda sem hreyfillinn er í gangi, sem staðfest er að greiningarkóði bilana sem tengist hindruðum útblásturshringrásarloka sé virkur.“,

i) Í stað liðar 9.4.1 og 9.4.2 komi eftirfarandi:

„9.4.1. Væga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.3 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef bilun sem tilgreind er í lið 9.1 er ekki leiðrétt innan 36 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í lið 9.3 er gert virkt.

9.4.2. Öfluga þvingunarkerfið sem lýst er í lið 5.4 skal virkjað og síðan gert virkt í samræmi við kröfurnar í þeim lið ef bilun sem tilgreind er í lið 9.1 er ekki leiðrétt innan 100 klukkustunda, sem hreyfillinn er í gangi, frá því að viðvörunarkerfi ökumanns sem lýst er í lið 9.3 er gert virkt.“,

j) Ákvæðum 1. viðbætis er breytt sem hér segir:

i. Í stað liðar 3.2.3 komi eftirfarandi:

„3.2.3. Til að sýna fram á virkjun viðvörunarkerfisins í tilviki bilana sem rekja má til þess að átt hafi verið við kerfið, sbr. skilgreiningu í 9. lið þessa viðauka, skal valið fara fram í samræmi við eftirfarandi kröfur:“,

ii. Í stað a- og b-liðar í lið 3.3.6.2. komi eftirfarandi:

„a) viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með tiltæku magni virks efnis sem er 10 % eða meira af rúmtaki geymisins fyrir virka efnið,

b) „samfellda“ viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með tiltæku magni virks efnis sem er jafnt eða hærra en gildið sem framleiðandi gefur upp í samræmi við ákvæði 6. liðar þessa viðauka.“,

iii. Í stað liðar 3.4 komi eftirfarandi:

„3.4. Tilraunaprófun á virkjun viðvörunarkerfisins telst vera lokið að því er varðar magn virks efnis ef viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með réttum hætti í lok hverrar tilraunaprófunar sem framkvæmd er samkvæmt lið 3.2.1.“,

iv. Á eftir lið 3.4 bætist við eftirfarandi liður 3.5:

„3.5. Tilraunaprófun á virkjun viðvörunarkerfisins telst vera lokið að því er varðar greiningarkóða bilunar ef viðvörunarkerfið hefur verið virkjað með réttum hætti og greiningarkóði hinnar völdu bilunar hefur fengið stöðuna sem sýnd er í töflu 1 í 2. viðbæti þessa viðauka í lok hverrar tilraunaprófunar sem framkvæmd er samkvæmt lið 3.2.1.“,

v. Í stað liðar 4.2 komi eftirfarandi:

„4.2. Prófunarröðin skal sýna fram á virkjun þvingunarkerfisins í tilviki skorts á virku efni og í tilviki bilunar sem skilgreind er í liðum 7, 8 eða 9 í þessum viðauka.“,

vi. Í stað a-liðar í lið 4.3 komi eftirfarandi:

„a) skal viðurkenningaryfirvald velja, auk skorts á virku efni, eina af bilununum sem skilgreindar eru í liðum 7, 8 eða 9 í þessum viðauka sem áður hafa verið notaðar við tilraunaprófun viðvörunarkerfisins,“,

vii. Í stað inngangssetningar liðar 4.4. komi eftirfarandi:

„Framleiðandi skal að auki sýna fram á starfsemi þvingunarkerfisins við þau bilanaskilyrði sem skilgreind eru í liðum 7, 8 eða 9 í þessum viðauka og ekki hafa verið valin til notkunar í tilraunaprófunum af því tagi sem lýst er í liðum 4.1, 4.2 og 4.3.“,

viii. Í stað liðar 4.5.2 komi eftirfarandi:

„4.5.2. Þegar verið er að kanna viðbrögð kerfisins við skorti á virku efni í geyminum skal keyra hreyfilkerfið þar til tiltækt magn virks efnis er komið niður í 2,5% af tilgreindu heildarrúmtaki geymisins eða gildið sem framleiðandi hefur tilgreint að væga þvingunarkerfið skuli virkjað við í samræmi við lið 6.3.1 í þessum viðauka.“,

ix. Í stað liðar 4.6.4 komi eftirfarandi:

„4.6.4. Sýnt hefur verið fram á virkjun öfluga þvingunarkerfisins ef framleiðandi hefur sýnt gerðarviðurkenningaryfirvaldi fram á að nauðsynlegur hraðatakmörkunarbúnaður ökutækisins hafi verið virkjaður í lok hverrar tilraunaprófunar sem framkvæmd er samkvæmt liðum 4.6.2 og 4.6.3.“,

x. Í stað liðar 5.2 komi eftirfarandi:

„5.2. Þegar framleiðandi sækir um viðurkenningu hreyfils eða hreyflahóps sem aðskilinnar tæknieiningar skal hann láta viðurkenningaryfirvaldinu í té gögn sem sýna að upplýsingamappan varðandi ísetningu samrýmist ákvæðum liðar 2.2.4 í þessum viðauka um ráðstafanir sem eiga að tryggja að ökutækið uppfylli kröfur þessa viðauka varðandi öfluga þvingun þegar það er notað á vegum eða annars staðar eftir því sem við á.“,

xi. Í stað liðar 5.4.2 komi eftirfarandi:

„5.4.2. Framleiðandinn skal velja eina af bilununum sem skilgreindar eru í liðum 6 til 9 í þessum viðauka og hún sett inn í eða líkt eftir henni í hreyfilkerfinu í samráði við viðurkenningaryfirvöld.“,

k) Í stað inngangssetningar liðar 4.1.1 í 2. viðbæti komi eftirfarandi:

„Til að uppfylla kröfur þessa viðauka skal kerfið innihalda fimm teljara hið minnsta sem skrá fjölda klukkustunda sem hreyfillinn hefur verið í notkun á meðan kerfið hefur skynjað einhverja eftirfarandi bilana:“,

l) Í stað e-liðar í lið 3.1 í 5. viðbæti komi eftirfarandi:

„e) fjölda upphitunarlota og fjölda notkunarstunda hreyfils síðan skráðar „upplýsingar um NO_x-varnarráðstafanir“ voru hreinsaðar vegna viðhalds eða viðgerðar,“.

———

II. VIÐAUKI

„XVII. VIÐAUKI

AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM UM INNBYGGÐ GREININGARKERFI ÖKUTÆKIS OG UM VIÐGERÐIR OG VIÐHALD ÖKUTÆKIS

1. INNGANGUR

1.1. Í þessum viðauka er mælt fyrir um tæknilegar kröfur um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis.

2. KRÖFUR

2.1. Upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækis og um viðgerðir og viðhald ökutækis sem tiltækar eru á vefsetrum skulu fylgja sameiginlegum staðli sem um getur í 1. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009. Þar til þessi staðall hefur verið samþykktur skulu framleiðendur veita aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis á staðlaðan hátt sem er án mismununar gagnvart viðurkenndum seljendum og viðgerðarverkstæðum að því er varðar þjónustu og aðgang.

Þeir sem óska eftir að afrita eða endurbirta upplýsingarnar skulu semja beint við viðkomandi framleiðanda. Upplýsingar sem varða efni til þjálfunar skulu einnig vera aðgengilegar, en heimilt er að setja þær fram með öðrum miðlum en vefsetrum.

Upplýsingar um alla hluti sem ökutækið er búið af framleiðandanum, eins og auðkennt er með verksmiðjunúmeri ökutækisins og öðrum viðmiðunum, svo sem hjólhaf, hreyfilafköst, búnaðarstig eða valkostir, og sem hægt er að skipta út fyrir varahluti sem framleiðandinn hefur á boðstólum fyrir viðurkennda viðgerðar- eða söluaðila eða þriðju aðila, með vísun í hlutanúmer upprunalegs búnaðar eða hlutar, skulu veittar í gagnagrunni með greiðum aðgangi fyrir óháða rekstraraðila.

Í gagnagrunninum skulu vera verksmiðjunúmer ökutækis, hlutanúmer upprunalegra hluta eða búnaðar, heiti upprunalegra hluta eða búnaðar, upplýsingar um gildistíma (í gildi frá dagsetningu og til dagsetningar), eiginleikar m.t.t. ísetningar og eiginleikar uppbyggingar, þar sem það á við.

Upplýsingarnar í gagnagrunninum skulu uppfærðar reglulega. Uppfærslurnar skulu einkum ná til allra breytinga á einstökum ökutækjum eftir framleiðslu þeirra ef þær upplýsingar eru aðgengilegar viðurkenndum seljendum.

2.2. Opna skal fyrir aðgang óháðra rekstraraðila að öryggisþáttum ökutækja, sem viðurkenndir seljendur og viðgerðarverkstæði nota, sem skulu varðir með öryggistækni í samræmi við eftirfarandi kröfur:

a) við gagnaskipti skal tryggja trúnað, heilleika og vörn gegn endurtekningu,

b) nota skal staðalinn https//ssl-tls (RFC4346),

c) nota skal öryggisvottorð í samræmi við ISO 20828 við gagnkvæma sannvottun óháðra rekstraraðila og framleiðenda,

d) einkalykill óháða rekstraraðilans skal varinn með öruggum vélbúnaði.

Samráðsvettvangurinn um aðgang að upplýsingum um ökutæki sem um getur í 2. gr. h skal tilgreina mæliþætti, að því er varðar að kröfurnar séu uppfylltar, samkvæmt nýjustu tækni. Veita skal óháðum rekstraraðila samþykki og leyfi í þessu skyni á grundvelli skjala sem sýna fram á að hann stundi lögmæta starfsemi og hafi ekki verið sakfelldur fyrir glæpastarfsemi.

2.3. Endurforritun á stýrieiningum skal gerð í samræmi við ISO 22900-2, SAE J2534 eða TMC RP1210B með vélbúnaði sem er óháður einkaleyfi. Einnig má nota skilflöt fyrir íðnet (Ethernet), raðtengiskapal eða staðarnet og annars konar miðla á borð við geisladiska, stafræna mynddiska eða hálfleiðaraminni fyrir upplýsinga- og afþreyingarkerfi (t.d. leiðsögukerfi, síma), en með þeim skilyrðum að ekki þurfi neinn einkaleyfisbundinn samskiptahugbúnað (t.d. rekla eða hugbúnaðarviðbætur) eða vélbúnað. Að því er varðar fullgildingu á samhæfi sérhugbúnaðar framleiðandans og samskiptaskilflötum ökutækisins (vehicle communication interfaces, VCI) sem eru í samræmi við ISO 22900, SAE J2534 eða TMC RP1210B, skal framleiðandinn annað hvort bjóða fullgildingu á samskiptaskilflötum ökutækisins frá óháðum aðilum eða láta í té upplýsingar og lána sérhæfðan vélbúnað sem þarf til að framleiðandi samskiptaskilflata ökutækisins geti framkvæmt fullgildinguna sjálfur. Skilyrði 1. mgr. 2. gr. f skulu gilda um gjald fyrir slíka fullgildingu eða upplýsingar og vélbúnað.

2.4. Kröfurnar í lið 2.3 gilda ekki um endurforritun á hraðatakmörkunarbúnaði og skráningarbúnaði.

2.5. Allir greiningarkóðar bilana sem tengjast losun skulu vera í samræmi við X. viðauka.

2.6. Að því er varðar aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis, aðrar en þær sem tengjast öruggum hlutum ökutækis, skulu kröfur varðandi skráningu vegna notkunar óháðra rekstraraðila á vefsvæðum framleiðenda aðeins ná til upplýsinga, sem nauðsynlegar eru vegna staðfestingar á hvernig greiða skuli fyrir upplýsingarnar. Vegna upplýsinga sem varða aðgang að öruggum svæðum ökutækisins skal óháður rekstraraðili leggja fram vottorð í samræmi við ISO 20828 til að auðkenna sig og viðkomandi fyrirtæki og framleiðandinn skal svara með sínu eigin vottorði í samræmi við ISO 20828 til að staðfesta við óháða rekstraraðilann að hann sé að fara inn á lögmætt vefsetur viðeigandi framleiðanda. Báðir aðilar skulu halda skrá yfir þessar færslur sem gefa til kynna ökutækin og breytingar á þeim samkvæmt þessu ákvæði.

2.7. Framleiðendur skulu gefa upp gerðarviðurkenningarnúmer eftir tegundum á vefsetrum sínum með viðgerðar-upplýsingum.

2.8. Ef framleiðandi óskar eftir því skal litið svo á, í tilviki ökutækja í flokki M_1, M_2, N_1 og N_2 sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn og ökutækja í flokki M_3, undirflokki I, II, A og B, sbr. skilgreiningu í I. viðauka við tilskipun 2001/85/EB, sem eru með leyfilegan hámarksmassa sem er ekki meiri en 7,5 tonn, að samræmi við kröfur 5. viðbætis I. viðauka og XIV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 692/2008 jafngildi því að kröfur þessa viðauka hafi verið uppfylltar.

2.9. Viðurkenningaryfirvöld skulu upplýsa framkvæmdastjórnina um kringumstæður hverrar gerðarviðurkenningar sem er veitt samkvæmt lið 2.8.

———

1. viðbætir

Vottorð framleiðanda um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis

(Framleiðandi): …

(Heimilisfang framleiðanda): …

Vottar hér með að

aðgangur sé veittur að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis í samræmi við:

– ákvæði 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 595/2009 og 2. gr. a í reglugerð (EB) nr. 582/2011,

– ákvæði 6. mgr. 4. gr. reglugerðar (ESB) nr. 582/2011,

– ákvæði 16. liðar 4. viðbætis I. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011,

– ákvæði liðar 2.1 í X. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011,

– ákvæði XVII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 582/2011,

að því er varðar gerðir ökutækis, hreyfils, mengunarvarnarbúnaðar sem taldar eru upp í viðhengi við þetta vottorð.

Eftirfarandi undanþágum er beitt: Aðlaganir fyrir viðskiptavini (*) — lítið magn (*) — yfirfærslukerfi (*).

Aðalvefsetrið þar sem hægt er að nálgast viðeigandi upplýsingar og sem hér með vottast að sé í samræmi við ofangreind ákvæði er talið upp í viðhengi við þetta vottorð, ásamt samskiptaupplýsingum um ábyrgan fulltrúa framleiðanda sem undirritar hér að neðan.

Ef við á: Framleiðandinn vottar hér með einnig að hafa uppfyllt skylduna sem kveðið er á um í a-lið 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 582/2011 um að veita viðeigandi upplýsingar vegna fyrri viðurkenningar þessara ökutækjagerða eigi síðar en sex mánuðum eftir dagsetningu gerðarviðurkenningar.

Gjört í ..... [staður]

Hinn ..... [dagsetning]

[undirritun] [staða]

(*) Strikið yfir það sem á ekki við.

Viðaukar:

– Vefföng,

– Samskiptaupplýsingar.

I. VIÐAUKI

við vottorð framleiðanda um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis

Vefföng sem vísað er til í þessu vottorði:

II. VIÐAUKI

við vottorð framleiðanda um aðgang að upplýsingum um innbyggða greiningarkerfið og um viðgerðir og viðhald ökutækis

Samskiptaupplýsingar um fulltrúa framleiðandans sem vísað er til í þessu vottorði:

2. viðbætir

Upplýsingar um innbyggt greiningarkerfi ökutækisins

1. Framleiðandi ökutækisins skal veita upplýsingarnar sem krafist er í þessum viðauka til að unnt sé að framleiða hluti til endurnýjunar eða viðgerða og greiningartæki og prófunarbúnað sem samrýmast innbyggða greiningarkerfinu.

2. Eftirfarandi upplýsingar skal, samkvæmt beiðni, gera aðgengilegar öllum framleiðendum íhluta, greiningartækja og prófunarbúnaðar án mismununar:

   – Lýsing á gerð og fjölda formeðhöndlunarlota sem eru notaðar við upprunalega gerðarviðurkenningu ökutækisins.

   – Lýsing á gerð tilraunalotu innbyggða greiningarkerfisins sem er notuð við upprunalega gerðarviðurkenningu ökutækisins að því er varðar íhlut sem er vaktaður með greiningarkerfinu.

   – Ítarlegt skjal þar sem lýst er öllum íhlutum sem eru vaktaðir og þeirri aðferð sem notuð er til að greina bilanir og virkja bilanavísi (fastur fjöldi akturslota eða tölfræðileg aðferð), þ.m.t. skrá yfir viðeigandi annars stigs mæliþætti fyrir hvern íhlut sem er vaktaður með innbyggða greiningarkerfinu og skrá yfir alla frálagskóða innbyggða greiningarkerfisins og snið þeirra (með skýringum á hverjum kóða og sniði) sem tengjast einstökum aflrásaríhlutum, sem hafa með losun að gera, og einnig þá sem tengjast einstökum íhlutum, sem tengjast ekki losun, þar sem vöktun íhlutarins er notuð til að ákvarða virkjun bilanavísis. Þegar um er að ræða ökutækjagerðir þar sem notaður er samskiptatengill í samræmi við ISO 15765-4 „Road vehicles — Diagnostics on Controller Area Network (CAN) — part 4: Requirements for emissions-related systems“ skal leggja fram heildarskýringu á gögnunum sem fást í þjónustunni $ 05 Test ID $ 21 til FF og gögnunum sem fást í þjónustunni $ 06 og heildarskýringu á gögnunum sem fást í þjónustunni $ 06 Test ID $00 til FF fyrir hvert vöktunarkenni innbyggða greiningarkerfisins.

   Ef notaðir eru aðrir staðlar fyrir samskiptareglur skal veita jafngilda heildarskýringu.

   Þessar upplýsingar má setja fram í töflu eins og þeirri sem fer hér á eftir:

   Íhlutur | Bilanakóði | Vöktunaraðferð | Viðmiðanir fyrir bilanagreiningu | Viðmiðanir fyrir virkjun bilanavísis | Annars stigs mæliþættir | Formeðhöndlun | Tilraunaprófun |

   Hvarfakútur | P0420 | Merki frá súrefnisskynjara 1 og 2 | Mismunur á merkjum frá skynjara 1 og 2 | Þriðja lota | Snúningshraði, álag hreyfils, A/F hamur, hiti í hvarfakút | Tvær lotur af gerð 1 | Gerð 1 |

3. **Upplýsingar sem eru nauðsynlegar vegna framleiðslu á greiningartækjum**

   Til að auðvelda útvegun á almennum greiningartækjum fyrir viðgerðarverkstæði, sem gera við fleiri en eina gerð ökutækja, skulu framleiðendur ökutækja veita aðgang að upplýsingunum, sem um getur í liðum 3.1, 3.2 og 3.3, á vefsetrum sínum um viðgerðarupplýsingar. Þar skulu vera upplýsingar um allar aðgerðir greiningartækisins og allir tenglar við viðgerðarupplýsingar og leiðbeiningar um bilanaleit. Heimilt er að leggja hóflegt gjald á aðgang að upplýsingunum.

3.1. *Upplýsingar um samskiptareglur*

   Veita skal eftirfarandi upplýsingar, sem skulu vera flokkaðar samkvæmt tegund ökutækis, gerð og afbrigði eða annarri nothæfri skilgreiningu, eins og t.d. verksmiðjunúmer ökutækis eða auðkenni ökutækis og kerfis:

   a) öll viðbótarupplýsingakerfi um samskiptareglur sem eru nauðsynleg fyrir fullnaðargreiningu til viðbótar við staðlana sem mælt er fyrir um í lið 4.7.3 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49, þ.m.t. allur viðbótarvélbúnaður eða upplýsingar um hugbúnaðarsamskiptareglur, auðkenning mæliþátta, færsluaðgerðir, kröfur um að halda tengingunni virkri (keep alive requirements), eða villuskilyrði,

   b) upplýsingar um hvernig nálgast megi og túlka alla bilanakóða sem eru ekki í samræmi við staðla sem mælt er fyrir um í lið 4.7.3 í viðauka 9B við reglugerð efnahagsnefndar SÞ fyrir Evrópu nr. 49,

   c) lista yfir alla tiltæka mæliþætti rauntímagagna, þ.m.t. upplýsingar um skölun og aðgang,

   d) lista yfir allar tiltækar aðgerðaprófanir, þ.m.t. virkjun eða stjórnun tækja og hvernig þær skulu framkvæmdar,

   e) upplýsingar um hvernig nálgast megi upplýsingar um íhluti og stöðu, tímastimpla, fyrirliggjandi greiningarkóða bilana og læst mæligildi,

f) endurstilling mæliþátta fyrir aðlögunarnám, afbrigðiskóðun og uppsetning íhluta til endurnýjunar og valkostir viðskiptavina,

g) auðkenni rafstýringareiningar og afbrigðiskóðun,

h) upplýsingar um endurstillingu þjónustuljósa,

i) staðsetning greiningartengingar og upplýsingar um tengi,

j) auðkenni hreyfilkóða.

3.2. *Prófun og greining á íhlutum sem eru vaktaðir með innbyggðu greiningarkerfi*

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

a) lýsing á prófunum til að staðfesta virkni, við íhlutinn eða í leiðsluknippinu,

b) prófunaraðferð ásamt mæliþáttum og upplýsingum um íhluti,

c) upplýsingar um tengingar, þ.m.t. hámarks- og lágmarksílag og hámarks- og lágmarksfrálag, ásamt aksturstölum og álagsgildum,

d) gildi sem búist er við við tiltekin aksturskilyrði, þ.m.t. lausagang,

e) spennugildi íhlutarins í kyrrstöðu og virkri stöðu,

f) bilunargildi fyrir aðstæðurnar sem nefndar eru að ofan,

g) bilanagreiningarröð, þ.m.t. bilunartré og leiðbeinandi útilokunargreining.

3.3. *Gögn sem nauðsynleg eru fyrir viðgerð*

Skylt er að veita eftirfarandi upplýsingar:

a) frumstilling íhluta og rafstýringareiningar (ef verið er að setja í varahluti),

b) frumstilling nýrrar rafstýringareiningar eða varahlutar, með „pass-through“ (endur)forritunaraðferðum, þar sem við á.

———

3. viðbætir

Skrá yfir yfirfærslukerfi sem falla undir 2. gr. e

1. Hita- og loftræstikerfi	a) hitastýringarkerfi, b) hitari sem er óháður hreyfli, c) loftkæling sem er óháð hreyfli.
2. Kerfi fyrir hópbifreiðar	a) hurðastýringarkerfi, b) stýrikerfi fyrir snúningslið, c) stýring fyrir innilýsingu.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/16/03**

frá 7. janúar 2010

um öryggiskröfur sem uppfylla þarf með Evrópustöðlum um barnheldan læsibúnað fyrir glugga og svalahurðir, sem neytandi setur upp, samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB (*)

(tilkynnt með númeri C(2009) 10298)

(2010/11/ESB)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/95/EB frá 3. desember 2001 um öryggi vöru ([1]), einkum a-lið 1. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2001/95/EB er kveðið á um að evrópskar staðlastofnanir skuli fastsetja Evrópustaðla. Staðlarnir skulu tryggja að vörur uppfylli almennar öryggiskröfur tilskipunarinnar.

2) Samkvæmt tilskipun 2001/95/EB telst vara örugg, að því er varðar áhættu og áhættuflokka sem falla undir landsstaðla, ef hún er í samræmi við valfrjálsa landsstaðla sem settir hafa verið til að framfylgja Evrópustöðlum.

3) Fall úr tiltekinni hæð fyrir slysni, s.s. úr gluggum eða af svölum, er algeng orsök dauðsfalla og varanlegs skaða á heila eða beinum hjá börnum undir 5 ára aldri. Slík slys eru stór vandi á þéttbýlissvæðum, þar sem eru þyrpingar af fjölhæða íbúðablokkum, og ná hámarki á vorin og sumrin þegar gluggar eru hafðir opnir lengur en ella. Á Île-de-France svæðinu voru skráð 67 slys, þar sem börn féllu úr tiltekinni hæð fyrir slysni, frá því í maí og fram í september 2005, sem samsvarar 14 tilvikum á mánuði. Í Danmörku og Svíþjóð eru skráð á bilinu 20 til 60 tilvik á hverju ári. Á árunum frá 1996 til 2003 var fjöldi slíkra slysa, þar sem börn komu við sögu, að meðaltali 79 á ári í Grikklandi, 130 á ári í Hollandi og 25 á ári í Bretlandi.

4) Til að draga úr eða koma í veg fyrir slys af völdum falls eru gerðar kröfur um stærð glugga, að til staðar séu handrið við glugga og öryggislæsingar á þeim ásamt því hvernig slíkur búnaður er útfærður. Almennt er þó mælt fyrir um slíkar kröfur í landsbundnum byggingarreglum sem eru mismunandi frá einu aðildarríki til annars.

5) Einnig eru vörur á markaði sem eru hannaðar þannig að þær takmarka eða hindra opnun glugga og svalahurða. Slíkar vörur setur neytandinn upp sjálfur beint á gluggann eða svalahurðina.

6) Engir evrópskir öryggisstaðlar eru til um slíkar vörur. Sem stendur eru helstu viðmiðanir fyrir atvinnurekendur og markaðseftirlitsyfirvöld að finna í vissum landsbundnum og alþjóðlegum stöðlum og prófunaraðferðum.

7) Á árunum 2005 til 2007 stóðu Austurríki, Danmörk og Noregur sameiginlega að verkefni til að meta öryggi læsibúnaðar fyrir glugga og svalahurðir, sem neytandi setur sjálfur upp og var fáanlegur á markaði, ásamt því að meta hentugleika gildandi landsbundinna og alþjóðlegra prófunaraðferða. Að auki tóku þátttakendur mið af kröfum, sem þróaðar voru á samstarfsvettvangi evrópskra neytendasamtaka um staðlastarf (ANEC) ([2]) í rannsókn á öryggisbúnaði fyrir börn, sem birt var árið 2004([3]), sem og af vissum kröfum sem settar eru fram í staðli EN-71:1 um öryggi leikfanga.

8) Niðurstöður verkefnisins sýndu fram á að börn gætu opnað margar tegundir þeirra læsinga sem prófaðar voru, þrátt fyrir að þær væru sagðar barnheldar, aðrar tegundir duttu í sundur, brotnuðu eða stóðust ekki öldrunarprófun og hjá öllum tegundum, sem prófaðar voru, vantaði hluta af nauðsynlegum grunnleiðbeiningum.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 4, 8.1.2010, bls. 91. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 196/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 10.

([1]) Stjtíð. EB L 11, 15.1.2002, bls. 4.

([2]) ANEC — *Samstarfsvettvangur evrópskra neytendasamtaka um staðlastarf*. http://www.anec.org/anec.asp

([3]) http://www.anec.org/attachments/r&t005-04.pdf

9) Því er nauðsynlegt að koma á sértækum kröfum, samkvæmt a-lið 1. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB, og mælast til þess, á grundvelli slíkra krafna, að samin verði drög að evrópskum öryggisstöðlum til að tryggja að slíkur búnaður sé barnheldur, haldist heill út áætlaðan endingartíma sinn, standist öldrun og mismunandi veðurskilyrði og að honum fylgi skýrar leiðbeiningar og upplýsingar fyrir notendur. Þessir staðlar skulu samdir í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu([4]). Birta skal tilvísanir í samþykktan staðal í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*, í samræmi við 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

10) Undir þessa ákvörðun fellur aðeins sá læsibúnaður sem neytendur setja upp á glugga og svalahurðir. Læsibúnaður, sem er innbyggður í gluggakarm eða dyrakarm svalahurðar, fellur undir tækniforskriftir sem mælt er fyrir um í tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur([5]).

11) Þegar viðeigandi staðlar liggja fyrir og að því tilskildu að framkvæmdastjórnin ákveði að birta tilvísun í þá í Stjórnartíðindunum, samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB, skal gengið út frá því að barnheldur læsibúnaður fyrir glugga og svalahurðir, sem neytandi setur upp, sé í samræmi við almennar öryggiskröfur tilskipunar 2001/95/EB, að því er varðar þær öryggiskröfur sem falla undir staðlana.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 15. gr. tilskipunar 2001/95/EB.

HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Skilgreiningar

Í þessari ákvörðun er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

— „læsibúnaður sem neytandi setur upp sjálfur“: búnaður sem annaðhvort kemur í veg fyrir að gluggar eða svalahurðir séu opnaðar eða takmarkar opnun við fyrirfram ákveðna stöðu; slíkur búnaður er hannaður þannig að neytandi setji hann upp á glugga eða svalahurðir,

— „barnheldur“: að barn, yngra en 51 mánaða gamalt, geti ekki opnað búnaðinn.

2. gr.

Kröfur

Sértækar öryggiskröfur fyrir barnheldan læsibúnað, sem neytandi setur upp og sem þarf að uppfylla með Evrópustöðlum, skv. 4. gr. tilskipunar 2001/95/EB, skulu settar fram í viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Birting

Ákvörðun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Gjört í Brussel 7. janúar 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([4]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.
([5]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

VIÐAUKI

Sértækar öryggiskröfur og prófunaraðferðir fyrir barnheldan læsibúnað fyrir glugga og svalahurðir sem neytandi setur upp sjálfur

Eðliseiginleikar og aflfræðilegir eiginleikar

Læsibúnaður fyrir glugga og svalahurðir skal þannig gerður að hann þoli slit við sífelldar opnanir og lokanir, með eða án álags, sem og öldrun og mismunandi veðurskilyrði, s.s. sólskin, regn, snjó, ís, raka, hátt og lágt hitastig og vind, en haldist þó barnheldur.

Búnaðurinn verður að þola tilfallandi högg á endingartíma sínum án þess að brotna.

Til að gegna ætluðu hlutverki sínu verður búnaðurinn að takmarka stærð opsins á milli gluggakarms og opnanlegs fags þannig að þegar það er eins stórt og unnt er sé mögulegt, með skilvirkum hætti, að koma í veg fyrir að ungt barn komist þar í gegn, með sérstöku tilliti til þroska og mannmælingafræðilegra mála barna á mismunandi aldri.

Smáir hlutir

Til að koma í veg fyrir köfnunarhættu skulu lausir eða losanlegir, smáir hlutir vera það stórir að ekki sé hægt að kyngja þeim og/eða anda þeim að sér.

Skarpar brúnir og útstandandi hlutir

Til að koma í veg fyrir stungusár, skurðsár, svöðusár, að það klippist gat á húðina eða aðra líkamlega áverka, skulu brúnir vera rúnnaðar eða sniðskornar og ekki mega vera til staðar neinir oddar eða annað útstandandi yfirborð.

Klemmdir fingur

Á búnaðinum mega ekki vera aðgengileg op, að teknu tilliti til mannmælingafræðilegra mála barna á ólíkum aldri og getu þeirra.

Prófun

Með sérstökum prófunaraðferðum skal kanna þol gagnvart öldrun af völdum útfjólublárrar geislunar og hækkaðs hitastigs, þols gagnvart sliti, kraftrænan stöðugleika og barnheldni. Vörur með sveigjanlega hluta, s.s. keðjur, víra og kaðla, skal einnig prófa með tilliti til ásláttar. Búnaðurinn má ekki bila og verður að virka að fullu eftir prófunina.

Prófunaraðferðirnar verður að aðlaga, eins og við á, til að prófa virkni læsibúnaðar fyrir allar tegundir glugga (t.d. „franska glugga“ eða „glugga með opnanleg fög“, felliglugga og renniglugga).

Við prófanir skal afli beitt í óhagstæðustu áttir og skal mælt þannig að óvissa mælingar sé ekki meiri en ± 1% og tilfærsla skal mæld þannig að óvissa mælingar sé ekki meiri en ± 1 mm.

Þátttaka barna í prófunum

Sannreyna þarf virkni til verndunar barna. Hafa skal kröfur um barnheldar umbúðir, í EN ISO 817, til viðmiðunar. Uppfylla verður viðmiðanir um bilanir sem mælt er fyrir um í þeim staðli.

Vöruupplýsingar

Vöruupplýsingar skulu veittar til að draga úr hættunni á hugsanlegri, fyrirsjáanlegri hættu tengdri notkun vörunnar.

Veita verður upplýsingar um örugga notkun vörunnar. Þessar upplýsingar skulu a.m.k. fela í sér eftirfarandi:

— Nafn og vörumerki framleiðanda, innflytjanda eða stofnunar sem ber ábyrgð á sölu vörunnar.

— Leiðbeiningarnar: „Lesið þessar leiðbeiningar vandlega áður en búnaður er settur upp og notaður. Ef ekki er farið eftir leiðbeiningunum getur það haft áhrif á virkni búnaðarins til verndunar barna. Geymið leiðbeiningarnar þannig að þær séu aðgengilegar til notkunar síðar.“

— Upplýsingar um tegund glugga sem varan er hönnuð fyrir.

— Leiðbeiningar um það hvernig og hvar á að setja búnaðinn upp með réttum hætti. Þörf getur verið á mismunandi leiðbeiningum fyrir mismunandi tegundir glugga og mismunandi efni, s.s. fyrir við, málm, plast o.s.frv. Þar sem nauðsynlegt er að setja búnaðinn saman, svo hann virki til verndunar barna, skulu leiðbeiningarnar vera nákvæmar og í sumum tilvikum þarf að láta í té sérstakt áhald til samsetningar.

— Allar aðrar upplýsingar í tengslum við örugga notkun.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/16/04

frá 29. mars 2012

um breytingu á ákvörðun 1999/94/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri steypu, léttsteypu eða hita- og þrýstihertri frauðsteypu (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 1977)

(2012/202/ESB)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 89/106/EBE frá 21. desember 1988 um samræmingu á lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna um byggingarvörur ([1]), einkum a-lið 4. mgr. 13. gr.,

að höfðu samráði við fastanefndina um byggingarmál,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Þann 25. janúar 1999 samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 1999/94/EB um aðferð til að staðfesta samræmi byggingarvara samkvæmt 2. mgr. 20. gr. tilskipunar ráðsins 89/106/EBE að því er varðar forsteyptar steypuvörur úr venjulegri steypu, léttsteypu eða hita- og þrýstihertri frauðsteypu ([2]).

2) Breyta skal III. viðauka við ákvörðun 1999/94/EB til að aðlaga kerfin til staðfestingar á samræmi fyrir bita- og plötugólfeiningar og einingar sem innihalda lífræn efni að tækniframförum til að taka tillit til notkunar sem er háð reglum um viðbrögð við bruna, á sama tíma og tryggja verður þátttöku þriðja aðila á mismunandi stigi, háð þeim ferlum og þeim efnum, sem notast er við í framleiðslunni.

3) Því ber að breyta ákvörðun 1999/94/EB til samræmis við það.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum III. viðauka við ákvörðun 1999/94/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 29. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

Antonio TAJANI

varaforseti.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 109, 21.4.2012, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 197/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 12.

([1]) Stjtíð. EB L 40, 11.2.1989, bls. 12.

([2]) Stjtíð. EB L 29, 3.2.1999, bls. 55.

VIÐAUKI

Eftirfarandi texti bætist við III. viðauka við ákvörðun 1999/94/EB:

„VÖRUHÓPUR

BITA- OG PLÖTUGÓLFEININGAR OG EININGAR SEM INNIHALDA LÍFRÆN EFNI

Kerfi til staðfestingar á samræmi

Fyrir þær vörur og þau áformuðu not, sem eru talin upp hér á eftir, eru Staðlasamtök Evrópu (CEN) beðin að tilgreina eftirfarandi kerfi til staðfestingar á samræmi í viðeigandi samhæfðum Evrópustöðlum:

Vara/vörur	Áformuð not	Stig eða flokkur/flokkar (Viðbrögð við bruna)	Kerfi til staðfestingar á samræmi
Bita- og plötugólfeiningar og einingar sem innihalda lífræn efni	Til notkunar sem er háð reglum um viðbrögð við bruna	(A1, A2, B, C) (*)	1
		(A1, A2, B, C) (**), D, E	3
		(A1 til E) (***), F	4

1. kerfi: Sjá i. lið 2. liðar III. viðauka í tilskipun 89/106/EBE, án úttektarprófunar á sýnum.
3. kerfi: Sjá annan kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.
4. kerfi: Sjá þriðja kost í ii. lið 2. liðar í III. viðauka við tilskipun 89/106/EBE.

(*) Vörur eða efni sem fá hagstæðari flokkun, með tilliti til viðbragða við bruna, sem rekja má til ákveðins, auðgreinanlegs stigs í framleiðsluferlinu (t.d. þegar logavarnarefnum er bætt við eða við takmörkun á lífrænum efnum).

(**) Vörur eða efni, önnur en þau sem neðanmálsgrein vísar til

(***) Vörur eða efni sem ekki er þörf á að prófa með tilliti til viðbragða við bruna (t.d. vörur eða efni sem teljast til flokks A1 samkvæmt ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 96/603/EB (Stjtíð. EB L 267, 19.10.1996, bls. 23)).

Forskriftin fyrir kerfið skal þannig úr garði gerð að hægt sé að nota hana, jafnvel þegar ekki er þörf á að ákvarða nothæfi vörunnar m.t.t. tiltekins eiginleika þar sem ekki hafa verið gerðar lögboðnar kröfur um viðkomandi eiginleika í a.m.k. einu aðildarríki (sjá 1. mgr. 2. gr. tilskipunar 89/106/EBE og, eftir atvikum, lið 1.2.3 í grunnskjalinu). Í slíkum tilvikum má ekki gera þá kröfu til framleiðandans að hann sannprófi viðkomandi eiginleika óski hann ekki eftir að tilgreina nothæfi vörunnar í þeim efnum.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 207/2012 **2013/EES/16/05**

frá 9. mars 2012

um rafrænar notkunarleiðbeiningar fyrir lækningatæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 90/385/EBE frá 20. júní 1990 um samræmingu laga aðildarríkjanna um virk, ígræðanleg lækningatæki([1]), einkum 10. mgr. 9. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 93/42/EBE frá 14. júní 1993 um lækningatæki([2]), einkum 14. mgr. 11. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Að því er varðar sum lækningatæki geta notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi nýst notendum, sem nota tækin í atvinnuskyni, betur en leiðbeiningar á pappír. Þær geta dregið úr álagi á umhverfið og aukið samkeppnishæfni í lækningatækjaframleiðsluiðnaðinum með því að draga úr kostnaði en jafnframt aukið öryggi.

2) Sá kostur að láta í té notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi í stað pappírs skal takmarkaður við tiltekin lækningatæki og fylgihluti sem ætluð eru til notkunar við tiltekin skilyrði. Vegna öryggis og skilvirkni skulu notendur ávallt eiga kost á því að nálgast þessar notkunarleiðbeiningar á pappír, óski þeir þess.

3) Í því skyni að draga eins mikið úr hugsanlegri áhættu og kostur er skal framleiðandinn annast sérstakt áhættumat á því hvort notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi séu hentugar.

4) Til að tryggja að notendur geti nálgast notkunarleiðbeiningarnar skal veita viðeigandi upplýsingar um aðgang að þessum notkunarleiðbeiningum á rafrænu formi og um réttinn til að óska eftir þessum notkunarleiðbeiningum á pappír.

5) Til að tryggja skilyrðislausan aðgang að notkunarleiðbeiningunum á rafrænu formi og greiða fyrir boðum um uppfærslur og öryggistilkynningar (e. *product alerts*) skulu notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi einnig vera aðgengilegar á vefsetri.

6) Framleiðendur, sem láta í té notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi, skulu tilgreina á vefsetri sínu á hvaða tungumálum Sambandsins leiðbeiningarnar eru fáanlegar, óháð því hvaða skyldur um tungumál eru lagðar á framleiðendur í löggjöf aðildarríkjanna.

7) Að því er varðar önnur lækningatæki en lækningatæki í I. flokki, eins og skilgreint er í IX. viðauka við tilskipun 93/42/EBE, skal tilkynntur aðili endurskoða efndir á skuldbindingunum, sem mælt er fyrir um í þessari reglugerð, í tengslum við málsmeðferðina fyrir samræmismat á grundvelli tiltekinnar sýnatökuaðferðar.

8) Þar eð framleiðendur og tilkynntir aðilar skulu einnig tryggja að réttur einstaklinga til friðhelgi einkalífs sé verndaður að því er varðar vinnslu persónuupplýsinga þykir rétt að kveða á um að vefsetur með notkunarleiðbeiningum fyrir lækningatæki uppfylli kröfurnar í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB frá 24. október 1995 um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga og um frjálsa miðlun slíkra upplýsinga([3]).

9) Í því skyni að tryggja öryggi og samræmi skulu notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi, sem eru látnar í té auk tæmandi notkunarleiðbeininga á pappír, falla undir þessa reglugerð að því er varðar takmarkaðar kröfur í tengslum við innihald þeirra og vefsetur.

10) Rétt þykir að kveða á um að fresta beitingu þessarar reglugerðar í því skyni að auðvelda snurðulausa umbreytingu í nýja kerfið og veita öllum rekstraraðilum og aðildarríkjum tíma til að aðlagast því.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 2. mgr. 6. gr. tilskipunar 90/385/EBE.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Í þessari reglugerð eru sett skilyrði fyrir framsetningu notkunarleiðbeininga fyrir lækningatæki, sem um getur í 15. lið 1. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og 13. lið I. viðauka við tilskipun 93/42/EBE, á rafrænu formi í stað pappírs.

Í henni eru einnig settar tilteknar kröfur um notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi, sem eru látnar í té auk tæmandi notkunarleiðbeininga á pappír, að því er varðar innihald þeirra og vefsetur.

2. gr.

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „notkunarleiðbeiningar“: upplýsingar sem framleiðandi lætur í té til að upplýsa notanda tækisins um örugga og rétta notkun þess, væntanlega virkni og um allar varúðar-

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 72, 10.3.2012, bls. 28. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 198/2012 frá 26. október 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins* nr. 6, 24.1.2013, bls. 16.

([1]) Stjtíð. EB L 189, 20.7.1990, bls. 17.

([2]) Stjtíð. EB L 169, 12.7.1993, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

ráðstafanir sem skal grípa til eins og lýst er í viðkomandi hlutum 15. liðar 1. viðauka við tilskipun 90/385/EBE og 13. lið I. viðauka við tilskipun 93/42/EBE,

b) „notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi“ notkunarleiðbeiningar sem tækið birtir á rafrænu formi eða sem má finna í færanlegum rafrænum geymslumiðli sem framleiðandinn lætur í té ásamt tækinu eða notkunarleiðbeiningar sem eru aðgengilegar á vefsetri,

c) „notendur sem nota tækin í atvinnuskyni“: aðilar sem nota lækningatæki í starfi sínu og innan ramma faglegrar heilbrigðisþjónustu,

d) „föst, uppsett lækningatæki“: tæki og fylgihlutir þeirra sem skal setja upp, festa eða koma fyrir á annan hátt á tilteknum stað á heilbrigðisstofnun þannig að ekki sé unnt að færa þau úr stað eða losa þau án þess að nota verkfæri eða búnað og sem ekki eru sérstaklega ætluð til notkunar í færanlegri aðstöðu til heilsugæslu.

3. gr.

1. Með fyrirvara um skilyrðin, sem sett eru fram í 2. mgr., er framleiðendum heimilt að láta notkunarleiðbeiningar í té á rafrænu formi í stað pappírs ef þessar leiðbeiningar varða eitthvert eftirfarandi tækja:

a) virk, ígræðanleg lækningatæki og fylgihluti þeirra sem falla undir tilskipun 90/385/EBE og eru eingöngu ætlaðir til notkunar við ígræðslu eða til stillingar á skilgreindu, virku ígræðanlegu lækningatæki,

b) ígræðanleg lækningatæki og fylgihluti þeirra sem falla undir tilskipun 93/42/EBE og eru eingöngu ætlaðir til notkunar við ígræðslu á skilgreindu, ígræðanlegu lækningatæki,

c) föst, uppsett lækningatæki sem falla undir tilskipun 93/42/EBE,

d) lækningatæki og fylgihluti þeirra sem falla undir tilskipanir 90/385/EBE og 93/42/EBE og eru búin innbyggðu kerfi sem birtir notkunarleiðbeiningarnar,

e) sjálfstæðan hugbúnað sem fellur undir tilskipun 93/42/EBE.

2. Framleiðendum er heimilt að láta notkunarleiðbeiningar í té á rafrænu formi í stað pappírs fyrir tækin sem tilgreind eru í 1. mgr. samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

a) tækin og fylgihlutirnir er eingöngu ætluð til notkunar fyrir notendur sem nota tækin í atvinnuskyni,

b) ekki er raunhæft að sjá fyrir að aðrir aðilar noti þau.

4. gr.

1. Framleiðendur tækja, sem um getur í 3. gr., sem láta í té notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi í stað pappírs skulu annast skjalfest áhættumat sem skal taka til a.m.k. eftirfarandi þátta:

a) þekkingar og reynslu ætlaðra notenda, einkum að því er varðar notkun tækisins og þarfir notenda,

b) eiginleika umhverfisins sem tækið verður notað í,

c) þekkingar og reynslu ætlaðra notenda vélbúnaðar og hugbúnaðar sem er nauðsynlegur til að birta notkunarleiðbeiningarnar á rafrænu formi,

d) aðgengis notanda að rafrænum miðlum sem er raunhæft að sjá fyrir að séu nauðsynlegir við notkunina,

e) áhrifaa af verndarráðstöfunum til að tryggja að rafræn gögn og innihald þeirra séu varin gegn því að átt sé við þau,

f) öryggis- og afritunarbúnaðar ef vélbúnaður eða hugbúnaður bilar, einkum ef notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi eru samþættar tækinu,

g) fyrirsjáanlegs læknisfræðilegs neyðarástands þar sem upplýsingar verða að vera á pappír,

h) áhrifa vegna þess að tiltekna vefsetrið er tímabundið óaðgengilegt eða Netið liggur niðri eða ef aðgangur að þeim í heilbrigðisstofnuninni er óvirkur sem og aðgangur að öryggisráðstöfunum sem eru tiltækar til að takast á við slíkar aðstæður,

i) mats á því hversu fljótt notkunarleiðbeiningar skuli látnar í té á pappír óski notandi eftir því.

2. Áhættumat varðandi framlagningu notkunarleiðbeininga á rafrænu formi skal uppfært í ljósi fenginnar reynslu á markaði eftir markaðssetningu.

5. gr.

Framleiðendur tækja, sem um getur í 3. gr., geta látið notkunarleiðbeiningar í té á rafrænu formi í stað pappírs samkvæmt eftirfarandi skilyrðum:

1) áhættumatið, sem um getur í 4. gr., skal sýna fram á að öryggi við framlagningu notkunarleiðbeininga á rafrænu formi sé jafnmikið eða meira en þegar notkunarleiðbeiningarnar eru látnar í té á pappír,

2) þeir skulu láta notkunarleiðbeiningar í té á rafrænu formi í öllum aðildarríkjunum þar sem varan er fáanleg eða í notkun, nema annað sé tilhlýðilega rökstutt í áhættumatinu sem um getur í 4. gr.,

3) þeir skulu ráða yfir kerfi til að láta í té notkunarleiðbeiningar á pappír án viðbótarkostnaðar fyrir notandann innan tímabilsins sem sett er fram í áhættumatinu, sem um getur í 4. gr., og eigi síðar en innan sjö almanaksdaga frá því að beiðnin berst frá notandanum eða við móttöku tækisins ef þess er óskað þegar tækið er pantað,

4) þeir skulu láta í té, á tækinu eða í bæklingi, upplýsingar um fyrirsjáanlegt, læknisfræðilegt neyðarástand og, að því er varðar tæki sem eru búin innbyggðu kerfi sem birtir notkunarleiðbeiningarnar, upplýsingar um hvernig ræsa á tækið,

5) þeir skulu tryggja rétta hönnun og virkni notkunarleiðbeininga á rafrænu formi og leggja fram sannanir í tengslum við sannprófun og fullgildingu þar að lútandi,

6) að því er varðar lækningatæki, sem eru búin innbyggðu kerfi sem birtir notkunarleiðbeiningar, skulu þeir sjá til þess að birting notkunarleiðbeininganna komi ekki í veg fyrir örugga notkun tækisins, einkum tæki sem vakta eða viðhalda lífsnauðsynlegri starfsemi,

7) þeir skulu láta í té, í vörulista sínum eða öðru viðeigandi stoðefni með upplýsingum um tækið, upplýsingar um kröfur varðandi vélbúnað og hugbúnað sem er nauðsynlegur til að birta notkunarleiðbeiningarnar,

8) þeir skulu ráða yfir kerfi sem gefur til kynna á skýran hátt ef notkunarleiðbeiningarnar hafa verið endurskoðaðar og tilkynna hverjum notanda tækisins um það ef endurskoðunin var nauðsynleg af öryggisástæðum,

9) að því er varðar tæki með tiltekna fyrningardagsetningu, að undanskildum ígræðanlegum tækjum, skulu þeir hafa notkunarleiðbeiningarnar aðgengilegar fyrir notendur á rafrænu formi í a.m.k. tvö ár eftir fyrningardagsetningu tækisins sem síðast var framleitt,

10) að því er varðar tæki án tiltekinnar fyrningardagsetningar og ígræðanleg tæki skulu þeir hafa notkunarleiðbeiningarnar aðgengilegar fyrir notendur á rafrænu formi í fimmtán ár eftir að síðasta tækið var framleitt.

6. gr.

1. Framleiðendur skulu taka það fram á skýran hátt að notkunarleiðbeiningarnar fyrir viðkomandi tæki séu settar fram á rafrænu formi en ekki á pappír.

Þær upplýsingar skulu koma fram á umbúðum hverrar einingar eða, þar sem það á við, á söluumbúðum. Ef um er að ræða föst uppsett lækningatæki skulu upplýsingarnar einnig koma fram á tækinu sjálfu.

2. Framleiðendur skulu veita upplýsingar um hvernig skuli nálgast notkunarleiðbeiningarnar á rafrænu formi.

Upplýsingarnar skulu veittar eins og segir í annarri undirgrein 1. mgr. ef unnt er að koma því við en annars í pappírsskjali sem fylgir hverju tæki.

3. Upplýsingar um hvernig skuli nálgast notkunarleiðbeiningarnar á rafrænu formi skulu fela í sér eftirfarandi:

a) allar þær upplýsingar sem er nauðsynlegar til að skoða notkunarleiðbeiningarnar,

b) ótvíræða tilvísun sem veitir beinan aðgang og allar aðrar upplýsingar sem notandinn þarf til að bera kennsl á og fá aðgang að viðeigandi notkunarleiðbeiningum,

c) samskiptaupplýsingar viðkomandi framleiðanda,

d) hvar, hvernig og innan hvaða tíma unnt er að óska eftir notkunarleiðbeiningum á pappír og skulu þær fást án viðbótarkostnaðar í samræmi við 5. gr.

4. Ef hluti notkunarleiðbeininganna er ætlaður sjúklingum skal sá hluti ekki vera á rafrænu formi.

5. Notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi skulu vera fáanlegar í heild sem texti, sem má innihalda tákn og myndir, með a.m.k. sömu upplýsingum og notkunarleiðbeiningar á pappír innihalda. Mynd- eða hljóðskrár mega vera í boði til viðbótar við textann.

7. gr.

1. Ef framleiðendur láta notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi í té á rafrænum geymslumiðli ásamt tækinu eða ef tækið sjálft er búið innbyggðu kerfi sem birtir notkunarleiðbeiningarnar skulu notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi einnig gerðar aðgengilegar notendum á vefsetri.

2. Öll vefsetur sem innihalda notkunarleiðbeiningar fyrir tæki, sem eru settar fram á rafrænu formi en ekki á pappír, skulu uppfylla eftirfarandi kröfur:

a) notkunarleiðbeiningarnar skulu settar fram á sniði sem er almennt notað og unnt er að lesa með hugbúnaði sem er gjaldfrjáls og auðfáanlegur,

b) vefsetrin skulu varin gegn óæskilegum aðgangi vélbúnaðar og hugbúnaðar,

c) þau skulu þannig útbúin að niðritími og rangar upplýsingar séu takmörkuð eins og kostur er,

d) þar skal koma fram á hvaða tungumálum Sambandsins framleiðandinn lætur í té notkunarleiðbeiningar á rafrænu formi,

e) vefsetrin skulu uppfylla kröfurnar í tilskipun 95/46/EB,

f) veffangið, sem er tilgreint í samræmi við 2. mgr. 6. gr., skal vera stöðugt og beinn aðgangur að því á tímabilunum sem sett eru fram í 9. og 10. lið 5. gr.,

g) allar fyrri útgáfur af notkunarleiðbeiningum, sem gefnar eru út á rafrænu formi, og birtingardagur þeirra skulu vera aðgengileg á vefsetrinu.

8. gr.

Að því er varðar önnur lækningatæki en lækningatæki í I. flokki, eins og skilgreint er í IX. viðauka við tilskipun 93/42/EBE, skal tilkynntur aðili endurskoða efndir á skuldbindingunum, sem mælt er fyrir um í 4. til 7. gr. þessarar reglugerðar, í tengslum við málsmeðferðina fyrir samræmismat, sem um getur í 9. gr. tilskipunar 90/385/EBE eða 11. gr. tilskipunar 93/42/EBE. Endurskoðunin skal byggjast á tiltekinni sýnatökuaðferð sem er löguð að flokki vörunnar og því hversu margslungin hún er.

9. gr.

Innihald notkunarleiðbeininga á rafrænu formi, sem eru látnar í té auk tæmandi notkunarleiðbeininga á pappír, skal vera í samræmi við innihald notkunarleiðbeininganna á pappír.

Ef slíkar notkunarleiðbeiningar eru fáanlegar á vefsetri skal viðkomandi vefsetur uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í b-, e- og g-lið 2. mgr. 7. gr.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. mars 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 427/2012 **2013/EES/16/06**

frá 22. maí 2012

um rýmkun á sérstökum ábyrgðum varðandi salmonellu sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 853/2004 svo að þær nái til eggja sem á að flytja til Danmerkur (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 frá 29. apríl 2004 um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu ([1]), einkum b-lið 3. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 853/2004 er mælt fyrir um sérstakar reglur um hollustuhætti sem varða matvæli úr dýraríkinu er gildi fyrir stjórnendur matvælafyrirtækja. Í 8. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um sérstakar ábyrgðir fyrir matvæli úr dýraríkinu sem ætluð eru fyrir finnskan og sænskan markað. Til samræmis við það þurfa stjórnendur matvælafyrirtækja, sem ætla að setja egg á markað í þessum aðildarríkjum, að uppfylla tilteknar reglur að því er varðar salmonellu. Þar er einnig kveðið á um að sendingum af slíkum eggjum skuli fylgja vottorð þess efnis að örverufræðileg prófun hafi farið fram með neikvæðum niðurstöðum í samræmi við löggjöf Sambandsins.

2) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1688/2005 frá 14. október 2005 um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 853/2004 að því er varðar sérstakar ábyrgðir varðandi salmonellu vegna sendinga af tilteknum tegundum kjöts og eggja til Finnlands og Svíþjóðar ([2]) eru veittar slíkar sérstakar ábyrgðir.

3) Ennfremur er í reglugerð (EB) nr. 1688/2005 mælt fyrir um reglur um sýnatöku úr upprunahópum eggja og örverufræðilegar aðferðir við að rannsaka viðkomandi sýni. Í henni er einnig sett fram fyrirmynd að heilbrigðisvottorði sem skal fylgja sendingum af eggjum.

4) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 853/2004 er heimilt að rýmka sérstöku ábyrgðirnar að því er varðar tiltekin matvæli úr dýraríkinu þannig að þær nái, í heild eða að hluta, til allra aðildarríkja eða svæða aðildarríkis þar sem í gildi er varnaráætlun sem hefur verið viðurkennd sem jafngild þeirri varnaráætlun, sem var samþykkt fyrir Finnland og Svíþjóð, að því er varðar viðkomandi matvæli úr dýraríkinu.

5) Hinn 5. október 2007 sendi Matvælastofnun Danmerkur umsókn til framkvæmdastjórnarinnar um leyfi fyrir sérstökum ábyrgðum til handa Danmörku að því er varðar salmonellu í eggjum fyrir alla Danmörku í samræmi við reglugerð (EB) nr. 853/2004. Í umsókninni er lýsing á dönsku varnaráætluninni um salmonellu í eggjum.

6) Á fundi sínum 18. júní 2008 samþykkti fastanefndin um matvælaferlið og heilbrigði dýra vinnuskjal starfsfólks framkvæmdastjórnarinnar sem ber yfirskriftina „Leiðbeiningarskjal um lágmarkskröfur fyrir varnaráætlanir um salmonellu sem skulu viðurkenndar sem jafngildar þeim varnaráætlunum, sem voru samþykktar fyrir Svíþjóð og Finnland, að því er varðar kjöt og egg af tegundinni *Gallus gallus*“ (Guidance document on the minimum requirements for salmonella control programmes to be recognised equivalent to those approved for Sweden and Finland in respect of meat and eggs of Gallus gallus) (hér á eftir nefnt leiðbeiningarskjal).

7) Danska varnaráætlunin um salmonellu í eggjum telst jafngild þeirri varnaráætlun sem var samþykkt fyrir Finnland og Svíþjóð og er í samræmi við leiðbeiningarskjalið. Að auki lögðu yfirvöld í Danmörku fram upplýsingar 20. maí 2011 sem sýna fram á að algengi salmonellu í hópum kjúklinga og fullorðinna varphæna í Danmörku 2008, 2009 og 2010 var einnig í samræmi við leiðbeiningarskjalið.

8) Því skal rýmka sérstöku ábyrgðirnar svo að þær nái til eggja sem á að flytja til Danmerkur. Að auki skulu reglurnar, sem mælt er fyrir um í reglugerð (EB) nr. 1688/2005 um sýnatöku úr upprunahópum eggja, örverufræðilegar aðferðir til að rannsaka viðkomandi sýni og fyrirmyndina að heilbrigðisvottorði, gilda um slíkar sendingar.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Danmörku er heimilt að nota sérstöku ábyrgðirnar um salmonellu, sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 853/2004, að því er varðar sendingar af eggjum, eins og skilgreint er í lið 5.1 í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 853/2004, sem á að flytja til Danmerkur.

2. gr.

1. Sýnataka úr upprunahópum eggjanna, sem um getur í 1. gr., skal fara fram í samræmi við 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1688/2005.

2. Sýnin, sem um getur í 1. mgr., skulu gangast undir örverufræðilegar prófanir vegna salmonellu í samræmi við 1. mgr. 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1688/2005.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 132, 23.5.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 205/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 139, 30.4.2004, bls. 55.

([2]) Stjtíð. ESB L 271, 15.10.2005, bls. 17.

3. gr.

Sendingum af eggjum, sem um getur í 1. gr., skal fylgja vottorð sem er í samræmi við fyrirmyndina sem kveðið er á um í 2. mgr. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 1688/2005.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. júlí 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 22. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 81/2012 **2013/EES/16/07**

frá 31. janúar 2012

um synjun um leyfi fyrir *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) sem fóðuraukefni (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu eða synjun um slíkt leyfi. Í 7. mgr. 10 gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um mat á efnum, örverum og efnablöndum sem notuð eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi. Samkvæmt eldri löggjöf Sambandsins voru aukefni í votfóður hvorki leyfis- né matsskyld.

2) Í samræmi við b-lið 1. mgr. 10. gr. og 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var blöndunni *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) bætt í skrána yfir fóðuraukefni sem aukefni í votfóður fyrir allar dýrategundir.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr., í tengslum við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir, og óskað eftir að það yrði sett í flokkinn „tæknileg aukefni“ og í virka hópinn „aukefni í votfóður“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 16. nóvember 2011 ([2]), að *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) hafi þol gagnvart þremur sýklalyfjum sem eru notuð við lækningar manna eða dýra.

5) A grundvelli fyrirliggjandi upplýsinga er ekki unnt að útiloka þá áhættu að *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) geti borið þol gegn þessum sýklalyfjum til örvera. Af þessum sökum hefur ekki verið sýnt fram á að *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) hafi ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra, heilbrigði manna eða umhverfið þegar það er notað við tillögð skilyrði.

6) Skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru því ekki uppfyllt. Til samræmis við það ber að synja um leyfi fyrir *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) sem fóðuraukefni.

7) Þar eð frekari notkun á *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) sem fóðuraukefni gæti skapað áhættu fyrir heilbrigði manna og dýra skulu viðkomandi vörur teknar af markaði sem fyrst.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Leyfi fyrir *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) sem aukefni í fóðri er synjað.

2. gr.

Fyrirliggjandi birgðir af *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) og forblöndum sem innihalda efnið skulu teknar af markaði sem fyrst en eigi síðar en 22. apríl 2012. Votfóður, sem er framleitt með *Lactobacillus pentosus* (DSM 14025) fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má nota þangað til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 29, 1.2.2012, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2449.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 31. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 91/2012 **2013/EES/16/08**

frá 2. febrúar 2012

um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* (CBS 117162) sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín (leyfishafi er Krka d.d.) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Bacillus subtilis* (CBS 117162). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Bacillus subtilis* (CBS 117162) í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi og eldissvín.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. september 2011 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi *Bacillus subtilis* (CBS 117162) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að notkun þess geti bætt þyngdaraukningu marktegundanna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á *Bacillus subtilis* (CBS 117162) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 2. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 31, 3.2.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2011) 9(9), bls. 2375.*

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar.									
4b1824	Krka d.d.	*Bacillus subtilis* (CBS 117162)	*Samsetning aukefnis:* Blanda með *Bacillus subtilis* (CBS 117162) sem inniheldur að lágmarki 4×10^9 CFU/g aukefnis (kornað form) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* Gró *Bacillus subtilis* (CBS 117162) *Greiningaraðferð* ([1]): Ákvörðun á heildarfjölda örvera með dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE-aðferð).	Smágrísir (sem búið er að venja undan) Eldissvín	—	2×10^9	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Fyrir smágrísi (sem búið er að venja undan) allt að 35 kg. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	23. febrúar 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 93/2012 **2013/EES/16/09**

frá 3. febrúar 2012

um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir svín, nautgripi, sauðfé, geitur og hesta.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. október 2011 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og blandan geti mögulega bætt framleiðslu á votfóðri úr öllum fóðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Til að tryggja samkvæmni þykir rétt að rýmka samþykki fyrir þessu aukefni frá því að það taki til svína, nautgripa, sauðfjár, geita og hesta þannig að það taki til allra dýrategunda, í samræmi við fyrra leyfi fyrir svipuð aukefni.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 33, 4.2.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2011) 9(11), bls. 2408.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k20812	—	*Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866)	*Samsetning aukefnis:* Blanda af *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) sem inniheldur að lágmarki 3 x 10^{11} CFU/g aukefnis (hlutfall 1:1) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* *Lactobacillus plantarum* (DSM 8862 og DSM 8866) *Greiningaraðferð* ([1]): Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóðuraukefninu með dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 3 × 10^8 CFU/kg (hlutfall 1:1) fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	24. febrúar 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 98/2012 **2013/EES/16/10**

frá 7. febrúar 2012

um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Pichia pastoris* (DSM 23036), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, varphænur, aðrar fuglategundir til eldis og varps, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er Huvepharma AD) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 23036). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem framleiddur er með *Pichia pastoris* (DSM 23036), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og eldiskalkúna, kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur, kalkúna sem eru aldir til undaneldis, varphænur, aðrar fuglategundir til eldis og varps, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 11. október 2011([2]) að 6-fýtasi (EC 3.1.1.26), sem er framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 23036), hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hans geti bætt meltanleika fosfórs í öllum marktegundum og þá þætti sem hafa áhrif á árangur hjá fuglategundum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 23036), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 7. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2414.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a16	Huvepharma AD	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	*Samsetning aukefnis:* Blanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 23036), með virkni að lágmarki: 4000 OTU([1])/g í föstu formi 8000 OTU/g í fljótandi formi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins:* 6-fýtasi, sem er framleiddur með *Pichia pastoris* (DSM 23036) *Greiningaraðferð* ([2])*:* Litmæling byggð á magnákvörðun á ólífrænu fosfati, sem ensímið leysir úr natríumfýtati.	Eldiskjúklingar Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur Varphænur Aðrar fuglategundir nema eldiskalkúnar og kalkúnar sem eru aldir til undaneldis. Gyltur	—	125 OTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur fyrir allar leyfilegar tegundir: 500 OTU/kg heilfóðurs 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtinbundinn fosfór.	28. febrúar 2022
				Eldiskalkúnar Kalkúnar, aldir til undaneldis Eldissvín Smágrísir (sem búið er að venja undan)		250 OTU		4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	

([1]) 1 OTU er magn þess ensíms sem hvatar losun 1 míkrómóls af ólífrænu fosfati á mínútu úr 5,1 mM natríumfýtati í sítratjafnalausn við pH-gildið 5,5 og hitastigið 37 °C, mælt sem blár litur í P-mólýbdatflóka við 820 nm.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 118/2012 **2013/EES/16/11**

frá 10. febrúar 2012

um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2380/2001, (EB) nr. 1289/2004, (EB) nr. 1455/2004, (EB) nr. 1800/2004, (EB) nr. 600/2005, (ESB) nr. 874/2010 og framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 388/2011, (ESB) nr. 532/2011 og (ESB) nr. 900/2011, að því er varðar heiti leyfishafa fyrir tilteknum aukefnum í fóður, og um leiðréttingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Alpharma BVBA og Pfizer Ltd hafa lagt fram umsókn, skv. 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, þar sem lögð er til breyting á nafni handhafa leyfanna að því er varðar reglugerðir framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 2380/2001 frá 5. desember 2001 um 10 ára leyfi fyrir aukefni í fóðri([2]), (EB) nr. 1289/2004 frá 14. júlí 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Deccox®, sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf([3]), (EB) nr. 1455/2004 frá 16. ágúst 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Avatec 15%, sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf([4]), (EB) nr. 1800/2004 frá 15. október 2004 um leyfi til 10 ára til að nota í fóðri aukefnið Cycostat 66G sem er í flokknum hnislalyf og önnur lyf([5]), (EB) nr. 600/2005 frá 18. apríl 2005 um nýtt leyfi til 10 ára til að nota hnislalyf sem aukefni í fóðri, um bráðabirgðaleyfi fyrir aukefni og varanlegt leyfi fyrir tilteknum aukefnum í fóðri([6]), (ESB) nr. 874/2010 frá 5. október 2010 um leyfi fyrir lasalósíð-A-natríumi sem fóðuraukefni fyrir kalkúna upp að 16 vikna aldri (leyfishafi er Alpharma (Belgíu) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999([7]), framkvæmdarreglugerðum framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 388/2011 frá 19. apríl 2011 um leyfi fyrir α-madúramísínammóníum sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA) og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 2430/1999([8]), (ESB) nr. 532/2011 frá 31. maí 2011 um leyfi fyrir róbenidínhýdróklóríði sem fóðuraukefni fyrir kanínur til undaneldis og eldiskanínur (leyfishafi er Alpharma Belgium BVBA) og um breytingu á reglugerðum (EB) nr. 2430/1999 og (EB) nr. 1800/2004([9]) og (ESB) nr. 900/2011 frá 7. september 2011 um leyfi fyrir lasalósíð-A-natríum sem fóðuraukefni fyrir fasana, perluhænsn, kornhænur og akurhænur sem ekki eru varpfuglar (leyfishafi er Alpharma (Belgium) BVBA)([10]).

2) Umsækjendur fullyrða að frá og með 1. mars 2011 eigi Pfizer Ltd, í kjölfar yfirtöku á Alpharma BVBA, markaðssetningarréttinn fyrir aukefnin dekókínat, lasalósíð-A-natríum, α-madúramísínammóníum, róbenidínhýdróklórið og salínómýsín.

3) Fyrirhuguð breyting á skilmálum leyfanna er eingöngu stjórnsýslulegs eðlis og felur ekki í sér nýtt mat á viðkomandi aukefnum. Matvælaöryggisstofnun Evrópu var upplýst um umsóknina.

4) Til að gera umsækjanda kleift að nýta markaðssetningarrétt sinn undir heitinu Pfizer Ltd er nauðsynlegt að breyta skilmálum leyfanna.

5) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 2380/2001, (EB) nr. 1289/2004, (EB) nr. 1455/2004, (EB) nr. 1800/2004, (EB) nr. 600/2005, (ESB) nr. 874/2010, framkvæmdarreglugerðum (ESB) nr. 388/2011, (ESB) nr. 532/2011 og (ESB) nr. 900/2011 til samræmis við það.

6) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfunum tengjast ekki öryggisástæðum þykir rétt að kveða á um umbreytingartímabil svo hægt sé að nota fyrirliggjandi birgðir.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 38, 11.2.2012, bls. 36. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 321, 6.12.2001, bls. 18.

([3]) Stjtíð. ESB L 243, 15.7.2004, bls. 15.

([4]) Stjtíð. ESB L 269, 17.8.2004, bls. 14.

([5]) Stjtíð. ESB L 317, 16.10.2004, bls. 37.

([6]) Stjtíð. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 5.

([7]) Stjtíð. ESB L 263, 6.10.2010, bls. 1.

([8]) Stjtíð. ESB L 104, 20.4.2011, bls. 3.

([9]) Stjtíð. ESB L 146, 1.6.2011, bls. 7.

([10]) Stjtíð. ESB L 231, 8.9.2011, bls. 15.

7) Hámarksgildum leifa fyrir eldiskalkúna og eldiskjúklinga, sem voru tekin upp í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1800/2004) með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 101/2009([11]), og viðskiptaheitinu „Robenz 66 G“ fyrir eldiskalkúna og eldiskjúklinga, sem var tekið upp í viðaukann við reglugerð (EB) nr. 1800/2004 með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 214/2009([12]), var fyrir mistök sleppt í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1800/2004 eins og henni var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011. Því er nauðsynlegt að taka þessi hámarksgildi aftur upp sem og viðskiptaheitið.

8) Því ber að breyta viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 til samræmis við það.

9) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 2380/2001

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 2380/2001 komi orðin „Pfizer Ltd“.

2. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1289/2004

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1289/2004 komi orðin „Pfizer Ltd“.

3. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1455/2004

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1455/2004 komi orðin „Pfizer Ltd“.

4. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 1800/2004

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 1800/2004 komi orðin „Pfizer Ltd“.

5. gr.

Breyting á reglugerð (EB) nr. 600/2005

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 600/2005 komi orðin „Pfizer Ltd“.

6. gr.

Breyting á reglugerð (ESB) nr. 874/2010

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 874/2010 komi orðin „Pfizer Ltd“.

7. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 388/2011

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 388/2011 komi orðin „Pfizer Ltd“.

8. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í I. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 komi orðin „Pfizer Ltd“.

9. gr.

Breyting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 900/2011

Í stað orðanna „Alpharma Belgium BVBA“ í 2. dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 900/2011 komi orðin „Pfizer Ltd“.

10. gr.

Leiðrétting á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011

Ákvæðum II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

11. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Fyrirliggjandi birgðir, sem eru í samræmi við ákvæðin sem giltu fyrir gildistökudag þessarar reglugerðar, má áfram setja á markað og nota til 2. september 2012.

12. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 10. gr. og viðaukinn gilda þó frá 21. júní 2011.

([11]) Stjtíð. ESB L 34, 4.2.2009, bls. 5.
([12]) Stjtíð. ESB L 73, 19.3.2009, bls. 12.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í II. viðauka við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011 er viðaukinn við reglugerð (EB) nr. 1800/2004, eins og honum var breytt með framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 532/2011, leiðréttur sem hér segir:

1) Í stað orðanna „(Cycostat 66G)“ í 3. dálki komi orðin „(Robenz 66 G)“.

2) Nýr dálkur bætist við:

„Hámarksgildi leifa í viðkomandi matvælum úr dýraríkinu
800 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskri lifur.
350 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskum nýrum.
200 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskum vöðvum.
1 300 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskri húð/fitu.
400 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af húð/fitu.
400 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskri lifur.
200 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskum nýrum.
200 µg róbenidínhýdróklóríð/kg af ferskum vöðva.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 131/2012 **2013/EES/16/12**

frá 15. febrúar 2012

um leyfi fyrir blöndu af kúmenolíu, sítrónuolíu og tilteknum þurrkuðum kryddjurtum og kryddum sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi (leyfishafi er Delacon Biotechnik GmbH) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir blöndu af kúmenolíu, sítrónuolíu og tilteknum þurrkuðum kryddjurtum og kryddum. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir blöndu af kúmenolíu, sítrónuoliu og tilteknum þurrkuðum kryddjurtum og kryddum, sem tilgreind er í viðaukanum, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. apríl 2011 ([2]) að blanda af kúmenolíu, sítrónuolíu og tilteknum þurrkuðum kryddjurtum og kryddum, sem tilgreind er í viðaukanum, hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hennar geti bætt vaxtarhraða fráfærugrísa. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Til að tryggja verkun og öryggi og samræmi við þá lýsingu á eiginleikum sem umsækjandinn hefur látið í té fyrir virku efnin skulu hámarksgildin fyrir náttúruleg efni, sem mælt er fyrir um í B-hluta III. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1334/2008 frá 16. desember 2008 um bragðefni og tiltekin innihaldsefni matvæla, sem hafa bragðgefandi eiginleika, til notkunar í og á matvæli og um breytingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 1601/91, reglugerðum (EB) nr. 2232/96 og (EB) nr. 110/2008 og tilskipun 2000/13/EB([3]), virt að því er varðar þurrkaðar kryddjurtir og krydd sem eru notuð í blöndunni, eins og tilgreint er í viðaukanum, og lýsingar á eiginleikum vöru, sem mælt er fyrir um í Evrópsku lyfjaskránni, skulu gilda fyrir kúmenolíu og sítrónuolíu, eftir því sem við á.

6) Mat á blöndu af kúmenolíu, sítrónuolíu og þurrkuðum kryddjurtum og kryddum, eins og tilgreint er í viðaukanum, sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 43, 16.2.2012, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(4), 2139.

([3]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 34.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur)									
4d6	Delacon Biotechnik GmbH	Blanda af kúmenolíu, sítrónuolíu með þurrkuðum kryddjurtum og kryddum	*Samsetning aukefnis* Blanda af ilmkjarnaolíu > 1,5% (kúmenolía ≥ 0,75% og sítrónuolía ≥ 0,75%) – Þurrkaðar kryddjurtir og krydd 50% – Burðarefni: eftir þörfum 100% *Lýsing á eiginleikum virku efnanna og öðrum innihaldsefnum:* – kúmenolía: d-karvón 3,5–6,0 mg/g, eins og það er skilgreint í Evrópsku lyfjaskránni ([1]) – sítrónuolía: límónen 2,3–9,0 mg/g, eins og það er skilgreint í Evrópsku lyfjaskránni Þurrkaðar kryddjurtir og krydd Negulduft 1,5%, kanilduft 10%, múskatduft 1,5%, laukduft 5%, allrahandaduft 2%, appelsínuhýðisduft 5%, piparmyntuduft 12,5% og gæsajurtarduft 12,5%. Hámarksgildin sem mælt er fyrir um í B-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1334/2008 skulu virt að því er varðar þurrkaðar kryddjurtir og krydd sem eru notuð í blöndunni. Lýsing á eiginleikum vöru, sem mælt er fyrir um í Evrópsku lyfjaskránni, skal gilda um kúmenolíu og sítrónuolíu sem eru notaðar í blöndunni. *Greiningaraðferð* ([2]) Greining karvóns: gas- og massagreining (GC/MS) með SIM-stillingu.	Smágrísir (sem búið er að venja undan)	—	250	400	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Handa fráfærugrísum þar til þeir eru u.þ.b. allt að 35 kg. 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn og hlífðarhanska. 4. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu.	7. mars 2022

([1]) Evrópsk lyfjaskrá Evrópuráðsins.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 136/2012 **2013/EES/16/13**

frá 16. febrúar 2012

um leyfi fyrir natríumbísúlfati sem fóðuraukefni fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir natríumbísúlfati. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir natríumbísúlfati í aukefnaflokkunum „tæknileg aukefni“ og „skynræn aukefni“ sem fóðuraukefni fyrir gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. október 2011([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi natríumbísúlfat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að það sé talið áhrifaríkt til notkunar sem sýrustillir í fóðri fyrir gæludýr og önnur dýr, sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis, og sem bragðefni í fóðri fyrir gæludýr. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á natríumbísúlfati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukunum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „sýrustillar“ og er tilgreind í I. viðauka, er leyfð sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „skynræn aukefni“ og virka hópnum „bragðefni“ og er tilgreind í II. viðauka, er leyfð sem fóðuraukefni með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 46, 17.2.2012, bls. 33. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(11), 2415.

I. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: sýrustillar									
1j514ii	—	Natríum-bísúlfat	*Samsetning aukefnis* Natríumbísúlfat: ≥ 95,2% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumbísúlfat CAS-nr. 7681-38-1 $NaHSO_4$ Na 19,15% SO_4 80,01% Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð*([1]) Ákvörðun natríumhýdrógensúlfats í fóðuraukefni: Títrunarmæling sem byggist á að ákvarða heildarmagn leysanlegs sýruinnihalds í natríumbísúlfati út frá staðlaðri natíumhýdroxíðlausn.	Gæludýr og önnur dýr sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis	—	—	5000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska. 3. Blanda ólíkra natríumbísúlfats-gjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 5000 mg/kg heilfóðurs.	8. mars 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

II. VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur skynrænna aukefna. Virkur hópur: bragðefni									
1j514ii	—	Natríum-bísúlfat	*Samsetning aukefnis* Natríumbísúlfat ≥ 95,2% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Natríumbísúlfat CAS-nr. 7681-38-1 $NaHSO_4$ Na 19,15% SO_4 80,01% Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð*(1) Ákvörðun natríumhýdrógensúlfats í fóðuraukefni: Títrunarmæling sem byggist á að ákvarða heildarmagn leysanlegs sýruinnihalds í natríumbísúlfati út frá staðlaðri natíumhýdroxíðlausn.	Gæludýr	—	—	5000	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska. 3. Blanda ólíkra natríumbísúlfatsgjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 5000 mg/kg heilfóðurs.	8. mars 2022

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 140/2012 **2013/EES/16/14**

frá 17. febrúar 2012

um leyfi fyrir mónensínnatríumi sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur (leyfishafi er Huvepharma NV Belgium) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir mónensínnatríumi. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir mónensínnatríumi, í aukefnaflokknum „hnískalyf og vefsvipungalyf“, sem fóðuraukefni fyrir kjúklinga sem eru aldir til að verða varphænur.

4) Notkun á mónensínnatríumi, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga og kalkúna að 16 vikna aldri, var leyfð til 10 ára með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 109/2007 ([2]).

5) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 15. nóvember 2011 ([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi mónensínnatríum ekki skaðleg áhrif á heilbrigði manna eða dýra eða á umhverfið og að notkun þess sé áhrifarík til að verjast sýkingum af völdum *Eimeria.* Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

6) Mat á mónensínnatríumi sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar efnablöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „hnískalyf og vefsvipungalyf“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 47, 18.2.2012, bls. 18. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 31, 6.2.2007, bls. 6.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2011) 9(12), 2442.*

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni (Viðskiptaheiti)	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út	Bráðabirgðahámarks-gildi leifa fyrir viðkomandi matvæli úr dýraríkinu
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi				
Hnislalyf og vefsvipungalyf										
51701	Huvepharma NV Belgíu	Mónensín-natríum (Coxidin)	*Samsetning aukefnis* Mónensínnatríum, af tæknilegum gæðum með virkni sem svarar til: 25% Perlít: 15–20% Kalsíumkarbónat eftir þörfum 100% *Virkt efni* $C_{36}H_{61}O_{11}Na$ Natríumsalt fjöletersmónókarboxýlsýru sem framleidd er með *Streptomyces cinnamonensis* 28682, LMG S-19095 í duftformi Samsetning: Mónensín A: ekki minna en 90% Mónensín A + B: ekki minna en 95% Mónensín C: 0,2–0,3% *Greiningaraðferð* ([1]) Aðferð til að ákvarða virka efnið: háþrýstivökvaskiljun með afleiðumyndun eftir súlu og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt-sýnilegt ljós (EN ISO staðalaðferð 14183:2008)	Kjúklingar sem eru aldir til að verða varphænur	16 vikna	100	125	1. Notkun bönnuð í a.m.k. einn dag fyrir slátrun. 2. Aukefnið skal notað í fóðurblöndur í formi forblöndu. 3. Ekki má blanda mónensínnatríumi við önnur hnislalyf. 4. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Hættulegt dýrum af hestaætt. Þetta fóður inniheldur jónabera: óráðlegt er að nota það samtímis tíamúlíni og fylgjast skal með hugsanlegum aukaverkunum þegar það er notað samhliða öðrum lyfjum“. 5. Klæðist viðeigandi hlífðarfatnaði og notið hanska og augn-/andlitshlífar. Notið öndunargrímu ef góð loftræsting er ekki á staðnum 6. Leyfishafinn skal skipuleggja og framkvæma vöktunaráætlun varðandi þol gegn *Eimeria* spp. að lokinni setningu á markað.	9. mars 2022	25 µg mónensínnatríum/kg af ferskri húð + fitu. 8 µg mónensínnatríum/kg af ferskri lifur, nýrum og vöðvum

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Evrópusambandsins fyrir fóðuraukefni: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 225/2012 **2013/EES/16/15**

frá 15. mars 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 að því er varðar samþykki fyrir starfsstöðvum sem setja á markað afurðir, til notkunar í fóður, sem eru fengnar úr jurtaolíum og fitublöndum og að því er varðar sértækar kröfur varðandi framleiðslu, geymslu og flutning á olíum og fitu og afurðum úr þeim og prófun þeirra fyrir díoxíni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 183/2005 frá 12. janúar 2005 um kröfur varðandi hollustuhætti sem varða fóður([1]), einkum b- og f-lið 27. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 183/2005 er mælt fyrir um almennar reglur um hollustuhætti sem varða fóður, skilyrði og fyrirkomulag til að tryggja að vinnsluskilyrði til að lágmarka hugsanlegar hættur og hafa eftirlit með þeim séu virt. Starfsstöðvar fóðurfyrirtækja skulu skráðar hjá eða samþykktar af lögbæru yfirvaldi. Þar að auki ber stjórnendum fóðurfyrirtækja á neðri stigum fóðurferlis skylda til að fá eingöngu fóður frá starfsstöðvum sem eru skráðar eða samþykktar.

2) Í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 767/2009 frá 13. júlí 2009 um setningu fóðurs á markað og notkun þess([2]) er þess krafist að fóður sem sett er á markað sé öruggt og sérstaklega merkt eftir tegund fóðurs, eftir því sem við á. Þar að auki eru í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 575/2011 frá 16. júní 2011 um skrána yfir fóðurefni([3]) skráðar nákvæmar lýsingar á tilteknum fóðurefnum, sem nota skal við merkingar.

3) Samspil þessara krafna skal tryggja rekjanleika og öfluga neytendavernd í öllu fóður- og matvælaferlinu.

4) Opinbert eftirlit og eftirlit á vegum stjórnenda fóðurfyrirtækja hefur leitt í ljós að tilteknar olíur og fita og afurðir, sem eru fengnar úr þeim og ekki ætlaðar til notkunar í fóður, hafi verið notaðar sem fóðurefni sem leiddi til þess að farið var yfir hámarksgildin fyrir díoxín í fóður sem mælt er fyrir um í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB frá 7. maí 2002 um óæskileg efni í fóðri([4]). Þar af leiðandi geta matvæli, sem eru fengin úr dýrum sem var gefið mengað fóður, skapað áhættu fyrir lýðheilsu. Auk þess getur innköllun á menguðu fóðri og matvælum af markaði haft fjárhagstjón í för með sér.

5) Til að efla hollustuhætti sem varða fóður og með fyrirvara um valdsvið aðildarríkjanna eins og mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 183/2005 skulu starfsstöðvar, sem vinna frekar óhreinsaða jurtaolíu, framleiða afurðir sem eru fengnar úr olíum úr jurtaríkinu og fituefni til blöndunar, háðar samþykki, í samræmi við þá reglugerð, ef þessar afurðir eru ætlaðar til notkunar í fóður.

6) Kveða skal á um sértækar kröfur varðandi framleiðslu, merkingu, geymslu og flutning þessara fóðurefna til að taka tillit til þeirrar reynslu sem hefur fengist með notkun kerfa sem grundvallast á greiningu á hættu og mikilvægum stýristöðum (GáHMSS).

7) Aukin vöktun á díoxíni myndi greiða fyrir því að upp komist ef ekki er farið að tilskildum ákvæðum og fyrir framfylgd laga um fóður. Nauðsynlegt er að kveða á um að stjórnendum fóðurfyrirtækja sé skylt að prófa fitu, olíur og afurðir sem eru fengnar úr þeim fyrir díoxíni og PCB-efnum sem líkjast díoxíni til að draga úr áhættu á að mengaðar afurðir komist inn í fæðukeðjuna og styðja þar af leiðandi við áætlunina um að minnka váhrif á borgara Evrópusambandsins af völdum díoxíns. Áhætta á díoxínmengun skal vera til grundvallar við gerð vöktunaráætlunarinnar. Það er á ábyrgð stjórnenda

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 35, 8.2.2005, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 229, 1.9.2009, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 159, 17.6.2011, bls. 25.

([4]) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

fóðurfyrirtækja að setja öruggt fóður á markað. Þar af leiðandi skulu þeir bera allan kostnaðinn af greiningunni. Ítarleg ákvæði um sýnatöku og greiningu, sem eru ekki hluti af þessari reglugerð, skulu vera áfram á valdsviði aðildarríkjanna. Enn fremur eru aðildarríkin hvött til að leggja áherslu á eftirlit með stjórnendum fóðurfyrirtækja sem falla ekki undir gildissvið díoxínvöktunarinnar en fá þær afurðir sem nefndar eru hér að framan.

8) Skyldubundna, áhættumiðaða vöktunarkerfið má ekki hafa áhrif á þá skyldu stjórnanda fóðurfyrirtækisins að fara að kröfum í löggjöf Sambandsins um hollustuhætti sem varða fóður. Það skal fellt inn í góðar hollustustarfsvenjur og kerfið sem grundvallast á GáHMSS. Lögbært yfirvald skal sannreyna þetta í tengslum við samþykki fyrir stjórnanda fóðurfyrirtækisins. Stjórnandinn skal, í reglulegri endurskoðun á sínu eigin áhættumati, taka til athugunar niðurstöðurnar úr díoxínvöktuninni.

9) Rannsóknarstofum sem annast greiningar á díoxíni skal skylt að tilkynna niðurstöður sem fara yfir leyfilegt hámark, sem kveðið er á um í tilskipun 2002/32/EB, ekki eingöngu til stjórnenda fóðurfyrirtækja heldur einnig til lögbærs yfirvalds, til að bæta gagnsæi; þessi skylda leysir þó ekki stjórnanda fóðurfyrirtækisins undan sinni tilkynningarskyldu til lögbærs yfirvalds.

10) Til að sannprófa að ákvæði varðandi skyldubundna vöktun á díoxíni séu skilvirk og að hún sé felld inn í GáHMSS-kerfi stjórnenda fóðurfyrirtækjanna skal kveða á um endurskoðun að tveimur árum liðnum.

11) Veita skal lögbærum yfirvöldum og stjórnendum fóðurfyrirtækja nægan tíma til að gera þeim kleift að laga sig að ákvæðum þessarar reglugerðar.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 16. september 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 183/2005 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi þáttur bætist við á eftir fyrirsögn II. viðauka:

„SKILGREININGAR

Í þessum viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „framleiðslulota“: sanngreinanlegt magn fóðurs sem staðfest hefur verið að búi yfir sameiginlegum einkennum, s.s. er varðar uppruna, tegund, tegund umbúða, pakkanda, sendanda eða merkingar, en þegar um er að ræða framleiðsluferli: framleiðslueining sem er framleidd í einni stöð og með samræmdum framleiðslubreytum eða nokkrar slíkar einingar sem eru framleiddar í samfellu og geymdar saman,

b) „afurðir sem eru fengnar úr jurtaolíum“: allar afurðir sem eru fengnar úr óhreinsuðum eða endurheimtum jurtaolíum með vinnslu eða eimingu líffituefna eða lífdísilolíu, efna- eða eðlisfræðilegri hreinsun, aðrar en hreinsaða olían,

c) „fituefnablöndun“: blöndun á óhreinsaðri olíu, hreinsaðri olíu, dýrafitu, olíu sem er endurheimt úr matvælaiðnaði og/eða afurðir sem eru fengnar úr þeim til að framleiða olíublöndur eða fitublöndur, að undanskilinni geymslunni eingöngu á samfelldum framleiðslulotum,“

2) Eftirfarandi liður bætist við í þættinum með yfirskriftinni „AÐSTAÐA OG BÚNAÐUR“:

„10. Starfsstöðvar sem framkvæma eina eða fleiri af eftirfarandi aðgerðum til að setja á markað vörur til notkunar í fóður skulu háðar samþykki í samræmi við 3. mgr. 10. gr.:

a) vinnsla á óhreinsaðri jurtaolíu, að undanskildum þeim sem falla undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 852/2004,

b) líffituefnaleg framleiðsla á fitusýrum,

c) framleiðsla á lífdísilolíu,

d) fituefnablöndun.“

3) Eftirfarandi liðir bætist við í þættinum með yfirskriftinni „FRAMLEIÐSLA“

„7. Starfsstöðvar sem blanda fituefni og setja á markað afurðir sem eru ætlaðar í fóður skulu halda öllum afurðum, sem eru ætlaðar í fóður, algerlega aðskildum frá afurðum, sem eru ætlaðar til annarra nota, nema síðastnefndu afurðirnar séu í samræmi við:

— kröfur þessarar reglugerðar eða 2. mgr. 4.gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, og

— ákvæði I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2002/32/EB(*).

8. Það skal koma skýrt fram á merkingunni á afurðunum hvort þær eru ætlaðar í fóður eða til annarra nota. Ef framleiðandi lýsir því yfir að tiltekin framleiðslulota sé ekki ætluð til notkunar í fóður eða matvæli, skal stjórnandi ekki breyta tilkynningunni síðar, á seinni stigum í keðjunni.“

(*) Stjtíð. EB L 140, 30.5.2002, bls. 10.

4) Eftirfarandi hluti bætist við á eftir þættinum með yfirskriftinni „GÆÐAEFTIRLIT“:

„VÖKTUN DÍOXÍNS

1. Stjórnendur fóðurfyrirtækja sem setja á markað fitu, olíur eða afurðir sem eru fengnar úr þeim, sem eru ætlaðar til notkunar í fóður, þ.m.t. fóðurblöndur, skulu greina þessar afurðir í rannsóknarstofum, sem hafa fengið faggildingu, með tilliti til summu díoxína og PCB-efna sem líkjast díoxíni í samræmi við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 152/2009(*).

2. Til viðbótar við GáHMSS-kerfi stjórnanda fóðurfyrirtækisins skal framkvæma greiningarnar, sem um getur í 1. lið, með a.m.k. eftirfarandi tíðni:

a) Vinnsluaðilar fyrir óhreinsaða jurtaolíu:

i. greina skal 100% af framleiðslulotum af hrárri kókosfeiti. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum,

ii. greina skal 100% af framleiðslulotum þeirra afurða sem eru fengnar úr jurtaolíum og ætlaðar í fóður, að undanskildu glýseróli, lesitíni og kvoðu. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum,

b) Framleiðendur dýrafitu:

Framkvæma skal eina dæmigerða greiningu á hver 2000 tonn af dýrafitu og afurðum sem eru fengnar úr henni, sem tilheyra 3. flokki, eins og mælt er fyrir um í 10. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1069/2009(**).

c) Rekstraraðilar fyrir fisklýsi:

i. greina skal 100% af framleiðslulotum fisklýsis ef það er framleitt úr:

— afurðum sem eru fengnar úr hráu fisklýsi, öðru en hreinsuðu fisklýsi,

— fiski sem á sér enga vöktunarsögu, er af ótilteknum uppruna eða úr Eystrasaltinu,

— aukaafurðum úr fiski frá starfsstöðvum, sem framleiða fisk til manneldis, sem eru ekki samþykktar af Evrópusambandinu,

— kolmunna eða meinhaddi.

Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af fisklýsi,

ii. greina skal 100% af þeim framleiðslulotum af afurðum, sem frá þeim fara, sem eru fengnar úr hráu fisklýsi, öðru en hreinsuðu fisklýsi. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum,

iii. framkvæma skal eina dæmigerða greiningu á hver 2000 tonn að því er varðar fisklýsi sem ekki er getið um í i. lið,

iv. greina skal fisklýsi, sem hefur verið afmengað með opinberlega samþykktri meðhöndlun, samkvæmt meginreglum GáHMSS í samræmi við 6. gr.

d) Líffituefna- og lífdísilolíuiðnaður:

i. greina skal 100% af innkomandi framleiðslulotum af hrárri kókosfeiti og afurðum sem eru fengnar úr jurtaolíum, að undanskildu glýseróli, lesitíni og kvoðu, af dýrafitu sem fellur ekki undir b-lið, af fisklýsi sem fellur ekki undir c-lið, af olíum sem eru endurheimtar úr matvælaiðnaði og af blandaðri fitu sem er ætluð í fóður. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum,

ii. greina skal 100% af framleiðslulotum af afurðum sem eru fengnar úr vinnslu þeirra afurða sem tilgreindar eru í i-lið, að undanskildu glýseróli, lesitíni og kvoðu.

e) Starfsstöðvar sem blanda fituefni:

i. greina skal 100% af innkomandi framleiðslulotum af hrárri kókosfeiti og afurðum sem eru fengnar úr jurtaolíum, að undanskildu glýseróli, lesitíni og kvoðu, af dýrafitu sem fellur ekki undir b-lið, af fisklýsi sem fellur ekki undir c-lið, af olíum sem eru endurheimtar úr matvælaiðnaði og af blandaðri fitu sem er ætluð í fóður. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum,

eða

ii. greina skal 100% af framleiðslulotum af fitublöndum sem eru ætlaðar í fóður. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum.

Stjórnandi fóðurfyrirtækis skal, í tengslum við eigið áhættumat, tilkynna lögbæru yfirvaldi hvaða möguleika hann kýs.

f) Framleiðendur fóðurblanda fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis, aðrir en þeir sem eru tilgreindir í e-lið:

i. greina skal 100% af innkomandi framleiðslulotum af hrárri kókosfeiti og afurðum sem eru fengnar úr jurtaolíum, að undanskildu glýseróli, lesitíni og kvoðu, af dýrafitu sem fellur ekki undir b-lið, af fisklýsi sem fellur ekki undir c-lið, af olíum sem eru endurheimtar úr matvælaiðnaði og af blandaðri fitu sem er ætluð í fóður. Hver framleiðslulota má innihalda að hámarki 1000 tonn af þessum afurðum,

ii. tíðni sýnatöku skal vera sem nemur 1% af framleiðslulotum, að því er varðar framleiddar fóðurblöndur sem innihalda afurðir sem um getur í i. lið.

3. Ef hægt er að sýna fram á að einsleit vörusending er stærri en hámarksframleiðslulotustærð skv. 2. lið og að dæmigert sýni hafi verið tekið úr henni skulu niðurstöður greiningarinnar á sýninu, sem er tekið á viðeigandi hátt og innsiglað, teljast viðunandi.

4. Þegar stjórnandi fóðurfyrirtækis sýnir fram á að afurðarlota eða allir hlutar einnar framleiðslulotu, eins og um getur í 2. lið, sem koma inn í vinnsluna hafa þegar verið greindir á fyrra stigi framleiðslu, vinnslu eða dreifingar eða eru í samræmi við kröfurnar í b-lið 2. liðar eða iii. lið c-liðar, skal stjórnandi fóðurfyrirtækisins leystur undan þeirri skyldu að greina þessa framleiðslulotu og skal greina hana samkvæmt almennum meginreglum GáHMSS, í samræmi við 6. gr.

5. Hverri afhendingu afurða, eins og um getur í i. lið d-liðar, i. lið e-liðar og i. lið f-liðar í 2. lið, skal fylgja sönnun þess að greining hafi verið framkvæmd á þessum afurðum eða öllum hlutum þeirra eða að þeir séu í samræmi við kröfurnar í b-lið 2. liðar eða iii. lið c-liðar.

6. Ef greining hefur verið framkvæmd á öllum innkomandi framleiðslulotum af afurðum, sem eru tilgreindar í i. lið d-liðar, i. lið e-liðar og i. lið f-liðar í 2. lið og fara inn í framleiðsluferli, í samræmi við kröfurnar í þessari reglugerð og ef tryggt er að framleiðsluferlið, meðhöndlun og geymsla auka ekki díoxínmengunina, skal stjórnandi fóðurfyrirtækisins leystur undan þeirri skyldu að greina lokaafurðina og skal greina hana samkvæmt almennum meginreglum GáHMSS, í samræmi við 6. gr.

7. Ef stjórnandi fóðurfyrirtækis veitir rannsóknarstofu umboð til að framkvæma greiningu, eins og um getur í 1. lið, skal hann gefa rannsóknarstofunni fyrirmæli um að tilkynna niðurstöðurnar úr þeirri greiningu til lögbæra yfirvaldsins ef farið er yfir þau mörk fyrir díoxín sem sett eru fram í 1. og 2. lið V. þáttar I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB.

   Ef stjórnandi fóðurfyrirtækis veitir rannsóknarstofu, sem er staðsett í öðru aðildarríki en stjórnandi fóðurfyrirtækisins sem pantar greininguna, umboð skal hann gefa rannsóknarstofunni fyrirmæli um að gefa sínu lögbæra yfirvaldi skýrslu en yfirvaldið skal síðan sjá um að upplýsa lögbært yfirvald þess aðildarríkis þar sem stjórnandi fóðurfyrirtækisins er staðsettur.

   Stjórnendur fóðurfyrirtækja skulu upplýsa lögbært yfirvald aðildarríkisins þar sem þeir eru staðsettir um það ef þeir veita rannsóknarstofu, sem er staðsett í þriðja landi, umboð. Leggja skal fram sannanir þess efnis að rannsóknarstofan framkvæmi greininguna í samræmi við reglugerð (EB) nr. 152/2009.

8. Prófunarkröfur fyrir díoxín skulu endurskoðaðar eigi síðar en 16. mars 2014.“

(*) Stjtíð. ESB L 54, 26.2.2009, bls. 1.
(**) Stjtíð. ESB L 300, 14.11.2009, bls. 1.

5) Eftirfarandi liður bætist við í þættinum með yfirskriftinni „GEYMSLA OG FLUTNINGUR“

„7. Gáma, sem eru ætlaðir til geymslu eða flutnings á fitublöndum, olíum úr jurtaríkinu eða afurðum sem eru fengnar úr þeim og eru ætlaðar til notkunar í fóður, skal ekki nota fyrir flutning eða geymslu á öðrum afurðum en þessum, nema afurðirnar séu í samræmi við kröfur:

   — þessarar reglugerðar eða 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, og

   — I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB.

   Þeim skal haldið aðskildum frá öðrum farmi þar sem áhætta er á mengun.

   Ef þessari aðskildri notkun verður ekki við komið skal hreinsa gámana á skilvirkan hátt til að fjarlægja allan snefil af afurðum hafi þessir gámar áður verið notaðir undir afurðir sem eru ekki í samræmi við kröfur:

   — þessarar reglugerðar eða 2. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 852/2004, og

   — I. viðauka við tilskipun 2002/32/EB.

   Dýrafita í 3. flokki, eins og mælt er fyrir um í 10.gr. reglugerðar (EB) nr. 1069/2009, sem er ætluð til notkunar í fóður, skal geymd og flutt í samræmi við þá reglugerð.“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 226/2012 **2013/EES/16/16**

frá 15. mars 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1730/2006 að því er varðar notkunarskilyrði fyrir bensósýru (leyfishafi er Emerald Kalama Chemical BV) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Efnablandan bensósýra, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, var leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1730/2006([2]) og til notkunar fyrir eldissvín með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1138/2007([3]).

2) Leyfishafinn hefur, í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, lagt það til að skilmálum leyfisins fyrir efnablöndu bensósýru sem fóðuraukefnis fyrir fráfærugrísi verði breytt þannig að skilyrði, að því er varðar að efnablandan skuli notuð í fóðurblöndur í formi forblöndu, falli brott og að skilyrðunum varðandi fóðurbæti verði breytt. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings. Framkvæmdastjórnin framsendi umsóknina til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“).

3) Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. september 2011([4]) að ekki sé ástæða til að halda áfram að takmarka íblöndun efnablöndunnar bensósýru í fóðurblöndur við það að hún megi einungis vera í formi forblöndu. Stofnunin taldi að takmörkunin á notkun aukefnisins í fóðurbæti, sem var fastsett með reglugerð (EB) nr. 1138/2007, sé fullnægjandi og gildi um fráfærugrísi.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1730/2006 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 1730/2006 komi texti viðaukans við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 325, 24.11.2006, bls. 9.

([3]) Stjtíð. ESB L 256, 2.10.2007, bls. 8.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(9), 2358.

VIÐAUKI

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (umbætur á þáttum sem hafa áhrif á árangur: þyngdaraukning eða hlutfallið milli þyngdaraukningar og fóðurmagns)									
4d210	Emerald Kalama Chemical BV	Bensósýra	*Samsetning aukefnis* Bensósýra (≥ 99,9%) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Bensenkarboxýlsýra, fenýlkarboxýlsýra, $C_7H_6O_2$ CAS-númer 65-85-0 Hámarksgildi: Þalsýra: ≤ 100 mg/kg Bífenýl: ≤ 100 mg/kg *Greiningaraðferð*(1) Magnákvörðun á bensósýru í fóðuraukefninu: títrun með natríumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0066) Magnákvörðun á bensósýru í forblöndu og fóðri: Vökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa og greiningu þar sem notast er við útfjólublátt ljós (RP-HPLC/UV) — aðferð sem byggir á ISO9231:2008	Smágrísir (fráfæru-)	—	—	5 000	1. Blanda ólíkra bensósýrugjafa má ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri sem er 5 000 mg/kg heilfóðurs. 2. Ráðlagður lágmarksskammtur: 5 000 mg/kg heilfóðurs. 3. Ekki má gefa fráfærugrísum fóðurbæti, sem inniheldur bensósýru, beint nema hann sé blandaður vel saman við önnur fóðurefni í daglegum skammti. 4. Fyrir fráfærugrísi þar til þeir eru allt að 25 kg. 5. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	14.12.2016

(1) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 227/2012 **2013/EES/16/17**

frá 15. mars 2012

um leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 16. nóvember 2011 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og blandan geti mögulega bætt framleiðslu á votfóðri úr öllum fóðurjurtum með því að lækka sýrustig og auka geymsluþol þurrefna. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnin í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 77, 16.3.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2448.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k2083	—	*Lactococcus lactis* (NCIMB 30117)	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) sem inniheldur að lágmarki 5×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Lactococcus lactis* (NCIMB 30117) *Greiningaraðferð*[1] Ákvörðun á heildarfjölda í fóðuraukefninu: áhellingaraðferð þar sem notaður er MSR-agar (ISO 15214) Sanngreining: Rafdráttur á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýra-tegundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	5. apríl 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 237/2012 **2013/EES/16/18**

frá 19. mars 2012

um leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa, sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga (leyfishafi er Kerry Ingredients and Flavours) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisia*e (CBS 615.94), og fyrir endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 17. nóvember 2011([2]) að blanda alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hennar geti bætt endanlega líkamsþyngd eldiskjúklinga. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á blöndu alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 80, 20.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2451.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a17	Kerry Ingredients and Flavours	Alfa-galaktósíðasi (EC 3.2.1.22) Endó-1,4-betaglúkanasi (EC 3.2.1.4)	*Samsetning aukefnis* Blanda alfagalaktósíðasa (EC 3.2.1.22), sem framleiddur er með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), og endó-1,4-betaglúkanasa (EC 3.2.1.4), sem framleiddur er með *Aspergillus niger* (CBS 120604), í föstu formi með virkni að lágmarki: – 1 000 U([1]) alfagalaktósíðasi/g – 5 700 U([2]) endó-1,4-betaglúkanasi/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Alfagalaktósíðasi, framleiddur með *Saccharomyces cerevisiae* (CBS 615.94), endó-1,4-betaglúkanasi, framleiddur með *Aspergillus niger* (CBS 120604) *Greiningaraðferð*([3]) Ákvörðun: – litmæling sem mælir p-nítrófenól sem alfa-galaktósíðasi leysir úr hvarfefni p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíðs, – litmæling sem mælir vatnsleysanlegan leysilit sem endó-1,4-betaglúkanasi leysir úr hvarfefni byggs, glúkani, sem er víxltengt asúríni,	Eldis-kjúklingar	—	50 U alfa-galaktósíðasi 285 U endó-1,4-betaglúkanasi	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður hámarksskammtur: — 100 U alfagalaktósíðasi/kg — 570 U endó-1,4-betaglúkanasi/kg 3. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	9. apríl 2022

([1]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól p-nítrófenóls á mínútu úr p-nítrófenýl-alfagalaktópýranósíði (pNPG) við pH-gildið 5,0 og 37 °C.
([2]) 1 U er það magn ensíms sem leysir 1 míkrómól afoxandi sykra (glúkósajafngilda) á mínútu úr betaglúkani við pH-gildið 5,0 og 50 °C.
([3]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 333/2012 **2013/EES/16/19**

frá 19. apríl 2012

um leyfi fyrir blöndu með kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 492/2006 (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Kalíumdíformat, CAS-númer 20642-05-1, var leyft án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 492/2006([3]). Aukefnið var síðan fært inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á kalíumdíformati sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „tæknileg aukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. desember 2011([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi kalíumdíformat ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið og að það sé áhrifaríkt til að lengja geymslutíma fyrir hráan fisk og aukaafurðir úr fiski. Niðurstaðan var að enginn öryggisvandi myndi skapast fyrir notendur að því tilskildu að viðeigandi verndarráðstöfunum væri beitt. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á kalíumdíformati sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis, sem veitt er samkvæmt þessari reglugerð, leiðir að fella skal brott 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 492/2006 og III. viðaukann við reglugerðina.

7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir fóðuraukefninu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fóðurblöndum sem innihalda þessa blöndu, eins og heimilað er með reglugerð (EB) nr. 492/2006.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „rotvarnarefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóðri með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Ákvæði 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 492/2006 og III. viðauki við reglugerðina falli brott.

3. gr.

Forblöndur og fóðurblöndur, sem eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE áður en þessi reglugerð tekur gildi og innihalda kalíumdíformat, eins og leyft var með reglugerð (EB) nr. 492/2006, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 108, 20.4.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 89, 28.3.2006, bls. 6.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2012 10(1), 2530.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg af virku efni/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: rotvarnarefni									
1a237a	—	Kalíum-díformat	*Samsetning aukefnis* Kalíumdíformat: 50 ± 5%, Vatn: 50 ± 5%. *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Kalíumdíformat CAS-nr. 20642-05-1 $C_2H_3O_4K$ Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð*([1]) Ákvörðun kalíums í fóðuraukefninu: EN ISO 6869: frumeindagleypnimæling (AAS) eða EN 15510: rafgasgeislunargreining (ICP-AES) Ákvörðun á heildarinnihaldi formata í fóðuraukefninu: EN 15909: háþrýstivökvaskiljun með óskautuðum stöðufasa þar sem notast er við útfjólublátt ljós (HPLC-UV) Til að ákvarða heildarinnihald formata í forblöndum og fóðri: Háþrýstivökvaskiljun með jónahöfnun (e. *ion-exclusion*) og með greiningu með útfjólubláu ljósi eða brotstuðulsgreiningu (HPLC-UV/RI) eða jónagreining með rafleiðniskynjun (IC-ECD).	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Einungis leyft í hráum fiski og aukaafurðum úr fiski til notkunar í fóður, með að hámarki 9 000 mg af kalíumdíformati sem virku efni á kílógramm í hráum fiski. 2. Við notkun í fóður fyrir svín má blanda ólíkra kalíumdíformatsgjafa fyrir svín ekki vera yfir leyfilegu hámarksgildi í heilfóðri, sem er 18 000 mg/kg heilfóðurs fyrir fráfærugrísi, og 12 000 mg/kg heilfóðurs fyrir gyltur og eldissvín. 3. Í notkunarleiðbeiningum komi fram: „Óráðlegt er að nota efnið samtímis leyfilegum hámarksskömmtum af öðrum lífrænum sýrum“. 4. „Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífar og hlífðarhanska.“	11. maí 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 334/2012 **2013/EES/16/20**

frá 19. apríl 2012

um leyfi fyrir blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 600/2005 (leyfishafi er Société Industrielle Lesaffre) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á aukefnum sem eru leyfð samkvæmt tilskipun ráðsins 70/524/EBE([2]).

2) Blanda með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 var leyfð án tímamarka, í samræmi við tilskipun 70/524/EBE, sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 600/2005([3]). Blandan var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407, áður NCYC Sc47, sem fóðuraukefni fyrir eldiskanínur og, í samræmi við 7. gr. þeirrar reglugerðar, til nýrrar notkunar fyrir kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „dýraræktaraukefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. desember 2011([4]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða neytenda eða á umhverfið og að það gefi færi á að draga úr dánartíðni hjá eldiskanínum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Af veitingu nýs leyfis samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1831/2003 leiðir að fella skal ákvæðin um *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47 brott úr reglugerð (EB) nr. 600/2005.

7) Þar eð breytingarnar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir fóðuraukefninu tengjast ekki öryggisástæðum er viðeigandi að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af forblöndum og fóðurblöndum eins og heimilað er með reglugerð (EB) nr. 600/2005.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „þarmaflórustöðgarar“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Færslan fyrir E 1702 í III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 600/2005 falli brott.

3. gr.

Blöndu með *Saccharomyces cerevisiae* NCYC Sc47, eins og hún er leyfð með reglugerð (EB) nr. 600/2005, og forblöndur og fóðurblöndur sem innihalda blönduna, sem eru merktar í samræmi við tilskipun 70/524/EBE áður en þessi reglugerð tekur gildi, má áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 108, 20.4.2012, bls. 6. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 206/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, síður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 270, 14.12.1970, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 99, 19.4.2005, bls. 5.

([4]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2012) 10(1), 2531.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 19. apríl 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/ kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: þarmaflórustöðgarar									
4b1702	Société Industrielle Lesaffre	*Saccharo-myces cerevisiae* CNCM I-4407	*Samsetning aukefnis* Blanda með þurrkuðum frumum *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 sem inniheldur að lágmarki 5×10^9 CFU/g *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Saccharomyces cerevisiae* CNCM I-4407 *Greiningaraðferðir*([1]) Ákvörðun á heildarfjölda: Áhellingaraðferð þar sem notaður er agar með klóramfenikóldextrósa (CGYE) og gerkjarna — (EN 15789). Sanngreining: kjarnsýrumögnun (PCR-aðferð).	Eldiskanínur og kanínur sem gefa ekki af sér afurðir til manneldis	—	5×10^9	—	Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu.	11. maí 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 523/2012 **2013/EES/16/21**

frá 20. júní 2012

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 að því er varðar að fella inn í hana tilteknar reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 661/2009 frá 13. júlí 2009 um gerðarviðurkenningarkröfur að því er varðar vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra og kerfi, íhluti og aðskildar tæknieiningar sem ætlaðar eru í slík ökutæki, með tilliti til almenns öryggis ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB ([2]) gerðist Sambandið aðili að samningi efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu um samþykkt samræmdra tækniforskrifta fyrir ökutæki á hjólum, búnað og hluti sem heimilt er að festa og/eða nota í ökutæki á hjólum og gekk að skilyrðunum fyrir gagnkvæmri viðurkenningu viðurkenninga sem eru veittar á grundvelli þessara forskrifta (endurskoðaður samningur frá 1958).

2) Með ákvörðun ráðsins 97/836/EB gekkst Sambandið einnig undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30 um loftfyllta hjólbarða fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra, og reglugerð nr. 64 varðandi varaeiningu til tímabundinna nota, öryggishjólbarða, öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum.

3) Með sérstakri ákvörðun ráðsins ([3]) gekkst Sambandið undir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117 varðandi hávaðamengun frá hjólbörðum í snúningi og veggrip á blautu yfirborði.

4) Í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2007/46/EB frá 5. september 2007 um ramma um viðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki (rammatilskipun) ([4]) geta framleiðendur ökutækja sem sækja um viðurkenningu fyrir kerfi, íhluti eða aðskildar tæknieiningar valið hvort þeir uppfylli kröfur viðkomandi tilskipana eða samsvarandi reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Flestar kröfurnar í tilskipunum um hluta ökutækja eru teknar upp úr samsvarandi reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Sökum framþróunar í tækni er stöðugt verið að breyta reglugerðum efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu og þarf að uppfæra viðeigandi tilskipanir reglulega til að þær séu í samræmi við viðkomandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu. Til að koma í veg fyrir þennan tvíverknað mælti nefnd háttsettra embættismanna, CARS 21, með því að í stað nokkurra tilskipana komi samsvarandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu.

5) Í tilskipun 2007/46/EB er kveðið á um þann möguleika að gera beitingu reglugerða efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu, í þeim tilgangi að veita EB-gerðarviðurkenningu ökutækja, skyldubundna og einnig að í stað löggjafar Sambandsins komi þær reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem kveðið er á um í tilskipun 2007/46/EB. Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 661/2009 skal gerðarviðurkenning í samræmi við reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita teljast EB-gerðarviðurkenning í samræmi við þá reglugerð og framkvæmdarráðstafanir hennar.

6) Með því að skipta löggjöf Sambandsins út fyrir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu er stuðlað að því að draga úr tvíverknaði, ekki aðeins hvað varðar tæknilegar kröfur heldur einnig vottun og stjórnsýslumeðferð. Að auki ætti gerðarviðurkenning, sem með beinum hætti byggist á stöðlum sem hafa verið samþykktir á alþjóðavettvangi, að bæta markaðsaðgang í þriðju löndum, einkum þeim sem eru aðilar að endurskoðaða samningnum frá 1958, og auka þannig samkeppnishæfni iðnaðar í Sambandinu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 160, 21.6.2012, bls. 8. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 209/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, birður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 200, 31.7.2009, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 346, 17.12.1997, bls. 78.

([3]) COM(2003) 635 lokaútgáfa — samþykkt með skjali sem ekki hefur verið birt.

([4]) Stjtíð. ESB L 263, 9.10.2007, bls. 1.

7) Þess vegna er kveðið á um í reglugerð (EB) nr. 661/2009 að fella skuli úr gildi nokkrar tilskipanir um gerðarviðurkenningu á vélknúnum ökutækjum og eftirvögnum þeirra og á kerfum, íhlutum og aðskildum tæknieiningum sem ætlaðar eru í slík ökutæki og í stað þeirra skuli, að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu í samræmi við þá reglugerð, koma samsvarandi reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu til að tryggja að ákvæðum um gerðarviðurkenningu sé viðhaldið og auðvelda vísindalega og tæknilega þróun.

8) Af þessum ástæðum þykir rétt að fella reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30, 54, 64 og 117 inn í IV. viðauka reglugerðar (EB) nr. 661/2009, þar sem skráðar eru þær reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita.

9) Einnig þykir rétt að skýra IV. viðauka reglugerðar (EB) nr. 661/2009, eins og henni var breytt með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 407/2011 ([5]), að því er varðar beitingu reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 um hemlun ökutækja og eftirvagna, reglugerðar nr. 13-H um hemlun fólksbifreiða, reglugerðar nr. 34 um varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti) og reglugerðar nr. 55 um véltengiíhluti fyrir samtengd ökutæki.

10) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 661/2009 til samræmis við það.

11) Þær reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skráðar eru í viðaukanum við þessa reglugerð skulu því gilda eftir þær dagsetningar fyrir framkvæmd þeirra sem settar eru fram í 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 661/2009.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit tækninefndarinnar um vélknúin ökutæki.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

1. Frá og með 1. nóvember 2012 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30, 16. viðbót við röð breytinga nr. 02 ([6]) og reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02 ([7]), þ.m.t. kröfur 2. áfanga um snúningshljóð sem settar eru fram í lið 6.1.1, kröfur um veggrip í bleytu sem settar eru fram í lið 6.2 og kröfur 1. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.1 í þeirri reglugerð, að því er varðar gerðarviðurkenningu á nýjum gerðum hjólbarða í flokki C1.

2. Frá og með 1. nóvember 2014 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 30, 16. viðbót við röð breytinga nr. 02 og reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur um veggrip í bleytu, sem settar eru fram í lið 6.2 í þeirri reglugerð, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokki C1.

3. Frá og með 1. nóvember 2012 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54, 17. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar ([8]) og reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur 2. áfanga um snúningshljóð sem settar eru fram í lið 6.1.2 til 6.1.3 og kröfur 1. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.1 í þeirri reglugerð, að því er varðar gerðarviðurkenningu á nýjum gerðum hjólbarða í flokkum C2 og C3.

4. Frá og með 1. nóvember 2014 er skylt að beita reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 54, 17. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokkum C2 og C3.

5. Frá og með 1. nóvember 2016 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur 2. áfanga um snúningshljóð sem settar eru fram í lið 6.1.1 til 6.1.3 í þeirri reglugerð, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokkum C1, C2 og C3.

6. Frá og með 1. nóvember 2014 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur 1. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.1 í þeirri reglugerð, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokkum C1 og C2.

7. Frá og með 1. nóvember 2016 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur 1. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.1 í þeirri reglugerð, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokki C3.

8. Frá og með 1. nóvember 2016 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur 2. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.2 í þeirri reglugerð, að því er varðar gerðarviðurkenningu á nýjum gerðum hjólbarða í flokkum C1, C2 og C3.

9. Frá og með 1. nóvember 2018 er skylt að beita reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfum 2. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.2 í þeirri reglugerð, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokkum C1 og C2.

10. Frá og með 1. nóvember 2020 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 117, röð breytinga nr. 02, þ.m.t. kröfur 2. áfanga um snúningsmótstöðu sem settar eru fram í lið 6.3.2 í þeirri reglugerð, að því er varðar sölu og að teknir séu í notkun nýir hjólbarðar í flokki C3.

([5]) Stjtíð. ESB L 108, 28.4.2011, bls. 13.
([6]) Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 70.
([7]) Stjtíð. ESB L 231, 29.8.2008, bls. 19.
([8]) Stjtíð. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 41.

11. Nýir hjólbarðar í flokkum C1, C2 og C3 sem framleiddir voru fyrir dagsetningarnar sem settar eru fram í 2. mgr. varðandi almennar kröfur og veggrip í bleytu, í 4. mgr. varðandi almennar kröfur, í 5. mgr. varðandi kröfur 2. áfanga um snúningshljóð, í 6. og 7. mgr. varðandi kröfur 1. áfanga um snúningsmótstöðu og í 9. og 10. mgr. varðandi kröfur 2. áfanga um snúningsmótstöðu og sem ekki eru í samræmi við þessar kröfur má áfram selja og taka í notkun á tímabili sem er ekki lengra en 30 mánuðir frá þessum dagsetningum.

3. gr.

1. Frá og með 1. nóvember 2012 skulu landsyfirvöld synja um veitingu EB-gerðarviðurkenningar að því er varðar ökutæki í flokki M_1 sem ekki eru með vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum sem er í samræmi við viðeigandi kröfur, sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 64, röð breytinga 02, leiðrétting 1 ([9]).

2. Frá og með 1. nóvember 2014 skulu landsyfirvöld banna að ökutæki í flokki M_1, sem ekki eru með vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum sem er í samræmi við viðeigandi kröfur sem mælt er fyrir um í reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 64, röð breytinga 02, leiðrétting 1, séu skráð, seld eða tekin í notkun.

4. gr.

1. Frá og með 1. nóvember 2012 gildir reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 64, röð breytinga 02, leiðrétting 1, að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu á nýjum gerðum ökutækja í flokkum M_1 og N_1 ef slík ökutæki eru með búnað sem fellur undir þá reglugerð.

2. Frá og með 1. nóvember 2014 er skylt að beita reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 64, röð breytinga 02, leiðrétting 1, að því er varðar að ný ökutæki í flokkum M_1 og N_1 séu skráð, seld og tekin í notkun ef slík ökutæki eru með búnað sem fellur undir þá reglugerð.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 20. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

([9]) Stjtíð. ESB L 310, 26.11.2010, bls. 18.

VIÐAUKI

Ákvæðum IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 661/2009 er breytt sem hér segir:

1) skránni yfir reglugerðir efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu sem skylt er að beita er breytt sem hér segir:

a) í stað færslunnar fyrir reglugerð nr. 13 komi eftirfarandi:

„13	Hemlun ökutækja og eftirvagna	5. viðbót við röð breytinga nr. 10 1. og 2. leiðrétting á 6. endurskoðun 3. viðbót við röð breytinga nr. 11	Stjtíð. ESB L 257, 30.9.2010, bls. 1. Stjtíð. ESB L 297, 13.11.2010, bls. 183.	M, N, O ([b])“

b) eftirfarandi reglugerð nr. 30 er bætt við á milli reglugerðar nr. 28 og reglugerðar nr. 31:

„30	Loftfylltir hjólbarðar fyrir vélknúin ökutæki og eftirvagna þeirra (flokkur C1)	16. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 201, 30.7.2008, bls. 70. Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 1.	M, N, O“

c) í stað færslunnar fyrir reglugerð nr. 34 komi eftirfarandi:

„34	Varnir gegn eldhættu (eldsneytisgeymar fyrir fljótandi eldsneyti)	2. viðbót við röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 194, 23.7.2008, bls. 14.	M, N, O ([d])“

d) eftirfarandi reglugerð nr. 54 er bætt við á milli reglugerðar nr. 48 og reglugerðar nr. 55:

„54	Loftfylltir hjólbarðar fyrir atvinnuökutæki og eftirvagna þeirra (flokkar C2 og C3)	17. viðbót við upprunalega útgáfu reglugerðarinnar	Stjtíð. ESB L 183, 11.7.2008, bls. 41. Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 2.	M, N, O“

e) í stað færslunnar fyrir reglugerð nr. 55 komi eftirfarandi:

„55	Véltengiíhlutir fyrir samtengd ökutæki	1. viðbót við röð breytinga nr. 01	Stjtíð. ESB L 227, 28.8.2010, bls. 1.	M, N, O ([e])“

f) eftirfarandi reglugerð nr. 64 er bætt við á milli reglugerðar nr. 61 og reglugerðar nr. 66:

„64	Varaeining til tímabundinna nota, öryggishjólbarðar/öryggishjólbarðakerfi og vöktunarkerfi fyrir þrýsting í hjólbörðum	Röð breytinga nr. 02, leiðrétting 1	Stjtíð. ESB L 310, 26.11.2010, bls. 18.	M_1, N_1“

g) eftirfarandi reglugerð nr. 117 er bætt við á milli reglugerðar nr. 116 og reglugerðar nr. 118:

„117	Hjólbarðar með tilliti til hávaðamengunar frá hjólbörðum í snúningi, veggrips á blautu yfirborði og snúningsmótstöðu (flokkar C1, C2 og C3)	Röð breytinga nr. 02	Stjtíð. ESB L 307, 23.11.2011, bls. 3.	M, N, O“

2) athugasemdunum við töfluna er breytt sem hér segir:

a) eftirfarandi komi í stað athugasemdar b og c:

„b) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar. Af þeim sökum er skylt að beita 21. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13 að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu á nýjum gerðum ökutækja og að ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun. Hins vegar gilda þær dagsetningar sem getið er um í þessari reglugerð fyrir gildistöku að því er varðar rafrænan stöðugleikabúnað frekar en þær dagsetningar sem tilgreindar eru í reglugerð efnahagsnefndarinnar.

c) Gerð er krafa um uppsetningu rafræns stöðugleikabúnaðar í samræmi við 12. gr. þessarar reglugerðar. Af þeim sökum er skylt að beita A-hluta 9. viðauka við reglugerð efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 13-H að því er varðar EB-gerðarviðurkenningu á nýjum gerðum ökutækja og að ný ökutæki séu skráð, seld eða tekin í notkun. Hins vegar gilda þær dagsetningar sem getið er um í þessari reglugerð fyrir gildistöku að því er varðar rafrænan stöðugleikabúnað frekar en þær dagsetningar sem tilgreindar eru í reglugerð efnahagsnefndarinnar.“,

b) eftirfarandi athugasemdir d og e bætast við:

„d) Ekki er skylt að fara að II. hluta reglugerðar efnahagsnefndar Sameinuðu þjóðanna fyrir Evrópu nr. 34.

e) Þegar framleiðandi lýsir því yfir að ökutæki sé útbúið til að draga hleðslu (liður 2.11.5 í I. viðauka við tilskipun 2007/46/EB) skal enginn véltengibúnaður sem það er útbúið skyggja á neinn hluta ljósabúnaðar (t.d. þokuljósker að aftan) eða flöt fyrir uppsetningu og festingu á skráningarmerki að aftan, nema hægt sé að losa eða færa véltengibúnaðinn án þess að nota til þess verkfæri, þ.m.t. lykla.“

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 286/2012 **2013/EES/16/22**

frá 27. janúar 2012

um breytingu á I. viðauka, til að fella inn nýtt heiti textíltrefja, og VIII. og IX. viðauka, í þeim tilgangi að laga þá að tækniframförum, reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1007/2011 frá 27. september 2011 um heiti textíltrefja og viðkomandi merkimiða og merkingar varðandi trefjasamsetningu textílvara og um niðurfellingu á tilskipun ráðsins 73/44/EBE og tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB og 2008/121/EB ([1]), einkum 21. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 eru settar reglur um merkingu á vörum, með tilliti til innihalds textíltrefja í þeim, sem eiga að tryggja að hagsmunir neytenda séu varðir. Óheimilt er að bjóða fram textílvörur á markaði innan Sambandsins nema þær uppfylli ákvæði þeirrar reglugerðar.

2) Í reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er þess krafist að í merkingum komi fram trefjasamsetning textílvara og kanna skal með greiningu hvort þær séu í samræmi við upplýsingar á merkimiða.

3) Nauðsynlegt er að bæta tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði við skrána með textíltrefjaheitum sem sett er fram í I. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011, í þeim tilgangi að laga reglugerðina að tækniframförum.

4) Í VIII. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er kveðið á um samræmdar aðferðir við magngreiningu textíltrefjablandna úr tveimur efnum.

5) Því er nauðsynlegt að skilgreina samræmdar prófunaraðferðir fyrir tvíþætta trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði.

6) Í tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 96/73/EB ([2]), eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/74/ESB ([3]), og tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/121/EB ([4]), eins og henni var breytt með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/73/ESB ([5]), er að finna textíltrefjaheitið tvíþætt trefja úr pólýprópýleni/pólýamíði. Þar sem tilskipanir 96/73/EB og 2008/121/EB eru felldar úr gildi með reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 frá og með 8. maí 2012 er nauðsynlegt að fella þetta textíltrefjaheiti inn í reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 frá og með þeirri dagsetningu.

7) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 8. maí 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 95, 31.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 210/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 272, 18.10.2011, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 32, 3.2.1997, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 32.

([4]) Stjtíð. ESB L 19, 23.1.2009, bls. 29.

([5]) Stjtíð. ESB L 198, 30.7.2011, bls. 30.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 27. janúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Ákvæðum I., VIII. og IX. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1007/2011 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi 49. lína bætist við í I. viðauka:

„49	Tvíþætt trefja úr pólýprópýleni/pólýamíði	Tvíþætt trefja sem er úr 10% til 25%, miðað við massa, af pólýamíð-þráðlum sem eru felldir inn í pólýprópýlen-efnivið.“

2) Ákvæðum 2. kafla VIII. viðauka er breytt sem hér segir:

a) í stað yfirlitstöflunnar komi eftirfarandi:

„Yfirlitstafla

Aðferð	Gildissvið(*)		Hvarfmiðill
	Leysanlegur efnisþáttur	Óleysanlegur efnisþáttur	
1.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Aseton
2.	Tilteknar prótíntrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Salt af undirklórsýru
3.	Viskósa, kúpró eða tilteknar gerðir módals	Tilteknar aðrar trefjar	Maurasýra og sinkklóríð
4.	Pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	80% maurasýra (massahlutfall)
5.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Bensýlalkóhól
6.	Tríasetat eða pólýlaktíð	Tilteknar aðrar trefjar	Díklórmetan
7.	Tilteknar beðmistrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	75% brennisteinssýra m/m
8.	Akrýltrefjar, tilteknar módakrýltrefjar eða tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Dímetýlformamíð
9.	Tilteknar klórtrefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Koldísúlfið/aseton, 55,5/44,5 (rúmmálshlutfall)
10.	Asetat	Tilteknar aðrar trefjar	Ísedik
11.	Silki, pólýamíð eða nælon	Tilteknar aðrar trefjar	75% brennisteinssýra (massahlutfall)
12.	Júta	Tilteknar dýratrefjar	Köfnunarefnisinnihald
13.	Pólýprópýlen	Tilteknar aðrar trefjar	Xýlen
14.	Tilteknar trefjar	Tilteknar aðrar trefjar	Óblönduð brennisteinssýra
15.	Klórtrefjar, tiltekin módakrýl, tiltekin elastön, asetöt, tríasetöt	Tilteknar aðrar trefjar	Sýklóhexanon
16.	Melamín	Tilteknar aðrar trefjar	90% maurasýra (massahlutfall), heit

(*) Nákvæm skrá yfir trefjar fyrir hverja aðferð.“,

b) í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 1 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), hör (7), hampi (8), jútu (9), manilahampi (10), alfa (11), kókostrefjum (12), gífli (13), ramí (14), sísali (15), kúpróí (21), módali (22), prótíni (23), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (45), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Þessari aðferð er aldrei beitt á asetattrefjar þar sem asetýl hefur verið fjarlægt af yfirborði.“

c) í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 2 komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), kúpróí (21), viskósu (25), akrýli (26), klórtrefjum (27), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastani (43), glertrefjum (44), elastófjölester (45), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Ef prótíntrefjarnar eru af tveimur tegundum eða fleiri veitir aðferðin upplýsingar um heildarmagn þeirra en ekki hundraðshluta hvers og eins.“

d) aðferð nr. 3 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„VISKÓSA, KÚPRÓ EÐA TILTEKNAR GERÐIR MÓDALS OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er maurasýra og sinkklóríð)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), pólýprópýleni (37), elastólefíni (46) og melamíni (47).

Ef módaltrefjar eru til staðar skal framkvæma forprófun til þess að kanna hvort þær séu leysanlegar í hvarfmiðlinum.

Þessi aðferð gildir ekki fyrir blöndur þar sem baðmullin hefur orðið fyrir verulegu efnafræðilegu niðurbroti og ekki heldur þegar viskósu- eða kúprótrefjarnar eru ekki fyllilega leysanlegar vegna þess að í þeim eru tilteknir leysilitir eða frágangsefni sem ekki er hægt að fjarlægja að öllu leyti.“,

iii. í stað liðar 5 komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða baðmull, en þá er „d“ = 1,02, og fyrir melamín, en þá er „d“ = 1,01.“,

e) aðferð nr. 5 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„ASETAT OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er bensýlalkóhól)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. tríasetati (24), pólýprópýleni (37), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).“,

f) aðferð nr. 6 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„TRÍASETÖT EÐA PÓLÝLAKTÍÐ OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem díklórmetan er notað)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúpróí (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (45), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Athugasemd:

Tríasetattrefjar, sem hafa verið meðhöndlaðar með frágangsefnum sem hefur leitt til vatnsrofs að hluta, verða ekki lengur að öllu leyti leysanlegar í hvarfmiðlinum. Í þeim tilvikum er aðferðin ónothæf.“,

g) aðferð nr. 7 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„TILTEKNAR BEÐMISTREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er 75% brennisteinssýra massahlutfall)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (45) elastólefíni (46) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).“,

iii. í stað liðar 5 komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar tvíþætt trefja úr pólýprópýleni/pólýamíði er annars vegar en þá er það 1,01.“,

h) í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 8 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), elastófjölester (45), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Hún á jafnt við um akrýltrefjar og tiltekin módakrýl, sem hafa verið meðhöndluð með málmauknum leysilitum, en ekki um það sem litað er með eftirkrómuðum leysilitum.“,

i) í stað 2. undirliðar 1. liðar í aðferð nr. 9 komi eftirfarandi:

„2. ull (1), dýrahári (2 og 3), silki (4), baðmull (5), kúprói (21), módali (22), viskósu (25), akrýli (26), pólýamíði eða næloni (30), pólýester (35), pólýprópýleni (37), glertrefjum (44), elastófjölester (45), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Fari ullar- eða silkimagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 2.

Fari pólýamíð- eða nælonmagn blöndunnar yfir 25% skal nota aðferð nr. 4.“,

j) aðferð nr. 10 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„ASETAT OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notað er ísedik)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. tilteknum klórtrefjum (27), þ.e. pólývinýlklóríði, einnig klórbornum eftir á, pólýprópýleni (37), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).“,

k) aðferð nr. 11 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„SILKI EÐA PÓLÝAMÍÐ OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem 75% brennisteinssýra (massahlutfall) er notuð)“,

ii. í stað liðar 1 komi eftirfarandi:

„1. GILDISSVIÐ

Þessi aðferð er notuð, eftir að önnur efni en trefjar hafa verið fjarlægð, fyrir blöndur úr tveimur efnum:

1. silki (4) eða pólýamíði eða næloni (30)

og

2. ull (1), dýrahári (2 og 3) pólýprópýleni (37), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).“

iii. í stað liðar 2 komi eftirfarandi:

„2. MEGINREGLA

Silkið eða pólýamíð- eða nælontrefjarnar í þekktum, þurrum efnismassa af blöndunni eru leystar upp með 75% brennisteinssýru (massahlutfall) ([6]).

Leifinni er safnað saman, hún þvegin, þurrkuð og vigtuð. Massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrs massa blöndunnar. Hundraðshluti þurrs silkis eða pólýamíðs eða nælons er mismunurinn.“

iv. í stað liðar 4 komi eftirfarandi:

„4. PRÓFUNARAÐFERÐ

Fylgja skal aðferðinni sem lýst er í almennu leiðbeiningunum og halda áfram sem hér segir:

Bæta skal 100 ml af 75% brennisteinssýru (massahlutfall) við sýnið í keiluflöskunni, sem er með glertappa og tekur a.m.k. 200 ml, fyrir hvert gramm af sýninu og setja tappann í. Hrista skal kröftuglega og láta standa í 30 mínútur við stofuhita. Þá er hrist aftur og látið standa í 30 mínútur. Flaskan er hrist í síðasta sinn og innihald hennar síað í gegnum vigtaða síudeigluna. Óuppleystar trefjar eru skolaðar úr flöskunni með 75% brennisteinssýruhvarfmiðlinum. Skola skal leifina í deiglunni fyrst með 50 ml af þynntu brennisteinssýrunni, svo með 50 ml af vatni og síðan með 50 ml af þynntu ammóníakslausninni. Trefjunum

([6]) Hrásilki, eins og t.d. tússasilki, er ekki algerlega leysanlegt í 75% brennisteinssýru (massahlutfall).,

er leyft að liggja í vökvanum í tíu mínútur í hvert sinn áður en loftsogi er beitt. Að lokum er skolað með vatni og trefjarnar látnar liggja í vatninu í um það bil 30 mínútur. Deiglan er tæmd með loftsogi og deiglan og leifin því næst þurrkuð, kæld og vigtuð.

Ef um er að ræða blöndu úr tveimur efnum úr pólýamíði með tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði þarf að þvo leifina í síudeiglunni tvisvar sinnum með 50 ml af 75% brennisteinssýru (hvarfmiðli) í hvort sinn, eftir að trefjar hafa verið síaðar í gegnum vegnu síudeigluna og áður en aðferðinni við þvott, sem áður var lýst, er beitt.“,

v. eftirfarandi komi í stað 5. og 6. liðar:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00 nema þegar um er að ræða ull, en þá er „d“ = 0,985, eða tvíþætta trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði en þá er „d“ = 1,005, og melamín en þá er „d“ = 1,01.

6. NÁKVÆMNI AÐFERÐARINNAR

Öryggismörk fyrir niðurstöður, sem fást með þessari aðferð þegar henni er beitt á einsleita blöndu textílefna, eru í hæsta lagi ± 1 miðað við 95% öryggisstig, nema ef um er að ræða blöndu úr tveimur efnum úr pólýamíði með tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði en þá eru öryggismörk fyrir niðurstöður í hæsta lagi ± 2.“,

l) aðferð nr. 14 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„TILTEKNAR TREFJAR OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem óblönduð brennisteinssýra er notuð)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. klórtrefjum (27) sem eru úr einsleitum fjölliðum vinýlklóríðs, einnig klórbornum eftir á, pólýprópýleni (37), elastólefíni (46), melamíni (47) og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði (49).

Þau módakrýl, sem um er að ræða, gefa tæra lausn þegar þeim er sökkt í óblandaða brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84).

Þessa aðferð má nota í stað aðferða nr. 8 og 9.“,

iii. í stað liðar 2 komi eftirfarandi:

„2. MEGINREGLA

Efnisþátturinn, að klórtrefjunum, pólýprópýleninu, elastólefíninu, melamíninu og tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði undanskildum (þ.e. trefjarnar sem tilteknar eru í 1. undirlið 1. liðar), er fjarlægður úr þekktum, þurrmassa af blöndunni með því að leysa hann upp í óblandaðri brennisteinssýru (eðlismassi við 20 °C: 1,84). Leifinni, sem samanstendur af klórtrefjunum, pólýprópýleninu, elastólefíninu, melamíninu eða tvíþættri trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði, er safnað saman, hún skoluð, þurrkuð og vegin; massi hennar, leiðréttur ef nauðsyn krefur, er gefinn upp sem hundraðshluti þurrmassa blöndunnar. Hundraðshluti hins efnisþáttarins er reiknaður út frá mismuninum.“,

iv. í stað liðar 5 komi eftirfarandi:

„5. ÚTREIKNINGUR OG FRAMSETNING NIÐURSTAÐNA

Reikna skal niðurstöður út á þann hátt sem er lýst í almennu leiðbeiningunum. Gildi „d“ er 1,00, nema þegar um er að ræða melamín og tvíþætta trefju úr pólýprópýleni/pólýamíði, en þá er „d“ 1,01.“,

m) aðferð nr. 16 er breytt sem hér segir:

i. í stað fyrirsagnarinnar komi eftirfarandi:

„MELAMÍN OG TILTEKNAR AÐRAR TREFJAR

(Aðferð þar sem notuð er heit maurasýra)“,

ii. í stað 2. undirliðar 1. liðar komi eftirfarandi:

„2. baðmull (5), aramíði (31) og pólýprópýleni (37).“,

3) eftirfarandi 49. færsla bætist við í IX. viðauka:

„49	tvíþætt trefja úr pólýprópýleni/pólýamíði	1,00“.

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2012/9/ESB **2013/EES/16/23**

frá 7. mars 2012

um breytingu á I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2001/37/EB frá 5. júní 2001 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum aðildarríkjanna varðandi framleiðslu, kynningu og sölu á tóbaksvörum ([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í b-lið 2. mgr. 5. gr. tilskipunar 2001/37/EB er kveðið á um að hver pakki, sem inniheldur tóbaksvörur, nema nef- og munntóbak, og ytri umbúðir, að undanskildum gagnsæjum ytri viðbótarumbúðum, skuli bera viðbótarviðvörun úr skránni í I. viðauka við þá tilskipun.

2) Þessar viðbótarviðvaranir hafa verið lögboðnar á öllum reyktóbakspökkum frá september 2003 og á öðrum tóbaksvörupökkum frá september 2004.

3) Gögn benda til þess að áhrif núverandi viðbótarviðvarana, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB, hafi minnkað með tímanum þar sem þessi varnaðarorð eru ekki lengur nýnæmi.

4) Ný vísindaþekking hefur einnig komið fram um áhrif tóbaksnotkunar á heilbrigði og skilvirkni merkinga á tóbaki frá því að tilskipun 2001/37/EB var samþykkt. Einkum eru vísbendingar um að reykingar valdi krabbameini í munnholi og hálsi, skerðingu á sjón ásamt tann- og tannholdssjúkdómum. Einnig eru vísbendingar um að reykingar foreldra ýti undir að börn byrji að reykja.

5) Í 2. mgr. 9. gr. tilskipunar 2001/37/EB er kveðið á um að framkvæmdastjórnin skuli laga viðvörunarmerkingarnar, sem settar eru fram í I. viðauka við sömu tilskipun, að vísinda- og tækniframförum. Ennfremur er mælt með því í leiðbeiningum um umbúðir og merkingar á tóbaki ([2]), sem voru samþykktar á þriðju ráðstefnu aðilanna að rammasamningi Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir í nóvember 2008, að endurskoða skuli reglulega lagalegar ráðstafanir vegna umbúða og merkinga á tóbaksvörum og uppfæra þær þegar nýjar vísbendingar koma fram og þegar sértækar viðvörunarmerkingar og varnaðarorð eru úreld.

6) Því er nauðsynlegt að endurskoða núverandi viðbótarviðvaranir, sem settar eru fram í I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB, til að viðhalda og auka áhrif þeirra og til að taka tillit til nýrrar þróunar í vísindum.

7) Þessi endurskoðun skal byggjast á niðurstöðum athugana á núverandi þekkingu á merkingum tóbaks og áhrifum tóbaksnotkunar á heilbrigði ásamt prófunum á viðvörunum í öllum aðildarríkjunum.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit stjórnsýslunefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 10. gr. tilskipunar 2001/37/EB og hvorki Evrópuþingið né ráðið hafa andmælt þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. viðauka við tilskipun 2001/37/EB komi viðaukinn við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 28. mars 2014. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 69, 8.3.2012, bls. 15. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 215/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26.

([2]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26. FCTC/COP3(10) Leiðbeiningar um framkvæmd 11. gr. rammasamnings Alþjóðaheilbrigðismálastofnunarinnar um tóbaksvarnir (umbúðir og merkingar tóbaksvara).

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Aðildarríkin geta ákveðið að leyfa áframhaldandi setningu vara, sem eru ekki í samræmi við ákvæðin í þessari tilskipun, á markað til 28. mars 2016.

4. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

5. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 7. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir viðbótarviðvörunarmerkingar

(sem um getur í b. lið 2. mgr. 5. gr.)

1) Reykingar eru orsök lungnakrabbameins í níu af hverjum tíu tilvikum
2) Reykingar valda krabbameini í munnholi og hálsi
3) Reykingar skaða lungun í þér
4) Reykingar valda hjartaáföllum
5) Reykingar valda heilablóðföllum og fötlun
6) Reykingar stífla slagæðar
7) Reykingar auka hættu á blindu
8) Reykingar skaða tennur og tannhold
9) Reykingar geta valdið andláti barns í móðurkviði
10) Tóbaksreykur skaðar börn þín, fjölskyldu og vini
11) Börn foreldra sem reykja eru líklegri til að byrja að reykja en börn annarra
12) Hættu að reykja – lifðu lengur fyrir þína nánustu ([3])
13) Reykingar draga úr frjósemi
14) Reykingar auka hættu á getuleysi

([3]) Stjtíð. EB L 194, 18.7.2001, bls. 26. Fyllið út með tilvísun í símanúmer/veffang hjá aðilum sem veita ráðgjöf til að hætta að reykja, ef þeir eru fyrir hendi í viðkomandi aðildarríki.“

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1059/2010 **2013/EES/16/24**

frá 28. september 2010

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Ákvæði um orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota voru ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 97/17/EB frá 16. apríl 1997 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar uppþvottavéla til heimilisnota ([2]).

3) Raforkunotkun uppþvottavéla til heimilisnota er verulegur hluti af heildarraforkuþörf til heimilisnota í Sambandinu. Til viðbótar við umbætur í orkunýtni sem þegar hafa náðst eru möguleikar á að draga frekar úr orkunotkun uppþvottavéla til heimilisnota talsverðir.

4) Tilskipun 97/17/EB skal felld úr gildi og mæla skal fyrir um ný ákvæði í þessari reglugerð í því skyni að tryggja að orkumerkimiðinn veiti birgjum virka hvata til að bæta frekar orkunýtni uppþvottavéla til heimilisnota og að flýta fyrir umbreytingu markaðarins í átt að orkunýtinni tækni.

5) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum skulu vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópsku staðlastofnununum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([3]).

6) Í þessari reglugerð skal tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir uppþvottavélar til heimilisnota.

7) Auk þess skal í þessari reglugerð tilgreina kröfur um tæknigögn og upplýsingablað um uppþvottavélar til heimilisnota.

8) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um uppþvottavélar til heimilisnota.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 118, 7.5.1997, bls. 1.

([3]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

9) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara.

10) Til þess að auðvelda umskiptin frá tilskipun 97/17/EB til þessarar reglugerðar er rétt að kveða á um að uppþvottavélar til heimilisnota sem eru merktar í samræmi við þessa reglugerð teljist samrýmast ákvæðum tilskipunar 97/17/EB.

11) Því ber að fella tilskipun 97/17/EB úr gildi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Efni og gildissvið

Í þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um uppþvottavélar til heimilisnota sem ganga fyrir rafmagni og uppþvottavélar sem ganga fyrir rafmagni og geta einnig gengið fyrir rafhlöðum, þ.m.t. uppþvottavélar sem eru seldar til notkunar utan heimilis, ásamt innbyggðum uppþvottavélum til heimilisnota.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „uppþvottavél til heimilisnota“: vél sem hreinsar, skolar og þurrkar leirtau, glervöru, hnífapör og eldunaráhöld með efnafræðilegum eða vélrænum aðferðum, varma eða rafmagni og er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,

2) „innbyggð uppþvottavél til heimilisnota“: uppþvottavél til heimilisnota ætluð til uppsetningar í skáp, tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

3) „borðbúnaður“: skilgreind samstæða af leir- og glervörum og hnífapörum fyrir einn,

4) „nafnafköst“: hámarksfjöldi borðbúnaðareininga ásamt áhöldum sem hægt er að meðhöndla í uppþvottavél til heimilisnota á völdu kerfi, sem birgir gefur upp, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum birgis,

5) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrirfram og birgirinn hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir tiltekið magn óhreininda eða tegund uppþvottar, eða hvort tveggja, og sem saman mynda heila þvottalotu,

6) „tímalengd kerfis“: tíminn sem líður frá því að kerfið er sett af stað þar til kerfinu lýkur, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda,

7) „lota“: heilt hreinsi-, skol- og þurrkunarferli, eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi,

8) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem slökkt er á uppþvottavél til heimilisnota með stjórntækjum búnaðarins eða rofum sem eru aðgengilegir og ætlaðir til notkunar fyrir endanlegan notanda við venjulega notkun til þess að ná lægstu aflþörf í óákveðinn tíma á meðan uppþvottavél til heimilisnota er tengd við aflgjafa og notuð í samræmi við leiðbeiningar birgis; ef engin stjórntæki eða rofi eru aðgengileg fyrir endanlegan notanda, er „slökkt á búnaði“ ástand uppþvottavélar til heimilisnota þegar hún fer sjálfkrafa aftur í stöðuga aflþörf,

9) „reiðuhamur eftir notkun (left-on mode)“: hamur með minnstu aflþörf sem getur varað í ótiltekinn tíma eftir að kerfi og losun uppþvottavélar til heimilisnota lýkur án nokkurra frekari afskipta endanlegs notanda.

10) „sambærileg uppþvottavél til heimilisnota“: tegund uppþvottavélar til heimilisnota sem sett er á markað með sömu nafnafköst, tækni- og nothæfiseiginleika, orku- og vatnsnotkun og hávaðamengun sem berst í lofti og önnur tegund uppþvottavélar til heimilisnota sem sami birgir setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri,

11) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að uppþvottavél til heimilisnota,

12) „sölustaður“: staður þar sem uppþvottavélar til heimilisnota eru til sýnis eða sölu, leigu eða kaupleigu.

3. gr.

Ábyrgð birgja

Birgjar skulu sjá til þess að:

a) hver uppþvottavél til heimilisnota sé afhent með prentuðum miða á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í I. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og segir í II. viðauka, sé gert aðgengilegt,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund uppþvottavéla til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund uppþvottavéla til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

a) hver uppþvottavél til heimilisnota beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við a-lið 3. gr. utan á framhlið eða ofan á uppþvottavélinni, þannig að hann sjáist greinilega,

b) uppþvottavélar til heimilisnota sem boðnar eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð uppþvottavélarnar, séu markaðssettar með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við IV. viðauka,

c) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund uppþvottavéla til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk hennar, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund uppþvottavéla til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Mæliaðferðir

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríki skulu beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í V. viðauka við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks, árlegrar orkunotkunar, árlegrar vatnsnotkunar, þurrkunarafkastastuðuls, tímalengdar kerfis, aflþarfar þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun, tímalengdar reiðuhams eftir notkun og hávaðamengunar sem berst í lofti.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fjórum árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í V. viðauka.

8. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 97/17/EBE falli úr gildi frá og með 20. desember 2011.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda ekki um prentað auglýsingaefni og prentað tæknilegt kynningarefni sem birt er fyrir 30. mars 2012.

2. Uppþvottavélar til heimilisnota sem settar eru á markað fyrir 30. nóvember 2011 skulu vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í tilskipun 97/17/EBE.

3. Ef framkvæmdarráðstöfun fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB ([4]) að því er varðar kröfur varðandi visthönnun uppþvottavéla til heimilisnota hefur verið samþykkt, skal litið svo á að uppþvottavélar til heimilisnota sem eru í samræmi við ákvæði þessarar framkvæmdarráðstöfunar hvað varðar kröfur um hreinsunarafköst og við ákvæði þessarar reglugerðar, og sem eru settar á markað eða boðnar til sölu, leigu eða kaupleigu fyrir 20. desember 2011 teljist uppfylla kröfur tilskipunar 97/17/EB.

([4]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

10. gr.

Gildistaka og beiting

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. desember 2011. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda hinsvegar frá 20. apríl 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,


forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Merkimiði

1. MERKIMIÐI



I
II
III
IV
V
VI
VII
VIII

1) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ merkir kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund uppþvottavéla til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. orkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið VI. viðauka, örvaroddurinn með orkunýtniflokk uppþvottavélar til heimilisnota skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

IV. árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við b-lið 1. liðar VII. viðauka,

V. árleg vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við 3. lið VII. viðauka,

VI. þurrkunarafkastaflokkur ákvarðaður í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

VII. nafnafköst gefin upp í staðalborðbúnaði, miðað við staðalhreinsunarlotu,


VIII. hávaðamengun sem berst í lofti gefin upp í dB(A) re 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu.

2) Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við lið 2. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([5]).

2. HÖNNUN MERKIMIÐA

Hönnun merkimiðans skal vera eins og á myndinni hér á eftir.

([5]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
4 mm
4 mm
ENERG
енергия · ενεργεια
Y
IJA
IE
IA
A+++
A++
A+
A
B
C
D
7 mm
A+
14 mm
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ · ΕΝΕΡΓΕΙΑ
ENERGIJA · ENERGY · ENERGIE
ENERGI
XYZ
kWh/annum
WXYZ
L/annum
ABCDEFG
xYZ
YZ
dB
2010/1059
220 mm
110 mm

Þar sem

a) Merkimiðinn skal vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur.

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

1. **Rammastrik:** 5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

2. **Kennimerki ESB** — litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00

3. **Orkukennimerki:** litur: X-00-00-00. Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB og orkukennimerki (sameinað): breidd: 92 mm, hæð 17 mm.

4. **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 92,5 mm.

5. **A-G kvarði**

   – **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

   Hæsti flokkur: X-00-X-00,

   Annar flokkur: 70-00-X-00,

   Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

   Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

   Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

   Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

   Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

   – **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; ‘+’ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

6. **Orkunýtniflokkur**

   – **Ör**: breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svört.

   – **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; ‘+’ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

7. **Orka**

   – **Texti:** Hefðbundið 11 pt Calibri-letur með hástöfum, 100% svart,

8. **Árleg orkunotkun**

   – **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

   – **Gildi:** Feitt 37 pt Calibri-letur, 100% svart.

   – **Önnur lína:** Hefðbundið 17 pt Calibri-letur 100% svart.

9 **Árleg vatnsnotkun:**

– **Skýringarmynd eins og sýnt er**

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

10 **Þurrkunarafkastaflokkur**

– **Skýringarmynd eins og sýnt er**

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Hefðbundið 16 pt Calibri-letur, láréttur kvarði 75%, 100% svart og feitt 22 pt Calibri-letur, láréttur kvarði 75%, 100% svart.

11 **Nafnafköst:**

– **Skýringarmynd eins og sýnt er**

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

12 **Hávaðamengun:**

– **Skýringarmynd eins og sýnt er**

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

13 **Nafn eða vörumerki birgis,**

14 **Tegundarauðkenni birgis**

15 Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 92 x 15 mm rými.

16 **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 9 pt Calibri-letur, 100% svart.

II. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaði uppþvottavélar til heimilisnota skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund uppþvottavéla til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

   c) nafnafköst gefin upp í staðalborðbúnaði, miðað við staðalhreinsunarlotu,

   d) orkunýtniflokkur í samræmi við 1. lið VI. viðauka,

   e) ef uppþvottavél til heimilisnota hefur verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, mega þessar upplýsingar koma fram,

   f) árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við b-lið 1. liðar VII. viðauka. Henni skal lýst sem „orkunotkun “X” kílóvattstundir á ári, miðað við 280 staðalhreinsunarlotur með köldu vatni og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   g) orkunotkun (E_t) í staðalhreinsunarlotu,

   h) aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun (P_o og P_l),

   i) árleg vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við 3. lið VII. viðauka, og skal henni lýst sem: „Vatnsnotkun „X“ lítrar á ári, miðað við 280 staðalhreinsunarlotur. Raunvatnsnotkun fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   j) þurrkunarafkastaflokkur ákvarðaður í samræmi við 2. lið VI. viðauka tilgreindur sem „þurrkunarafkastaflokkur „X“ á kvarða frá G (lökustu afköst) til A (hámarksafköst)“. Ef þessar upplýsingar eru gefnar í töflu má tilgreina þær með öðrum hætti að því tilskildu að ljóst sé að það sé á kvarðanum G (lökustu afköst) til A (hámarksafköst),

   k) tilgreining um að ‘staðalkerfi’ sé staðalhreinsunarlota sem upplýsingarnar á merkimiðanum og upplýsingablaðinu eiga við, að þetta kerfi henti til að hreinsa eðlilega óhreinan borðbúnað, og að það sé skilvirkasta kerfið að því er varðar bæði orku- og vatnsnotkun,

   l) tímalengd kerfis í staðalhreinsunarlotu, í mínútum og námunduð að næstu heilu tölu,

   m) tímalengd reiðuhams eftir notkun (T_l) ef uppþvottavél til heimilisnota er búin orkusparnaðarkerfi,

   n) hávaðamengun sem berst í lofti gefin upp í dB(A) re 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu,

   o) ef uppþvottavél til heimilisnota er ætlað að vera innbyggð, skal tilgreina það.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

III. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. Tæknigögnin sem um getur í c-lið 3. gr. skulu innihalda:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenna lýsingu á tegund uppþvottavélarinnar þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,

   c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

   d) ef við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

   e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

   f) tæknilega mæliþætti við mælingar s.s.:

      i. *orkunotkun,*

      ii. *vatnsnotkun,*

      iii. *tímalengd kerfis,*

      iv. *þurrkunarafköst,*

      v. *aflþörf „þegar slökkt er á búnaði“,*

      vi. *aflþörf í „reiðuham eftir notkun“,*

      vii. *tímalengd í „reiðuham eftir notkun“,*

      viii. *hávaðamengun sem berst í lofti,*

   g) niðurstöður útreikninga í samræmi við VII. viðauka.

2. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af uppþvottavél til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum uppþvottavélum til heimilisnota, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Upplýsingarnar skulu einnig innihalda skrá yfir allar aðrar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota þar sem upplýsinganna hefur verið aflað á sama grunni.

———

IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í 1. lið VI. viðauka,

   b) nafnafköst gefin upp í staðalborðbúnaði, miðað við staðalhreinsunarlotu,

   c) árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við b-lið 1. liðar VII. viðauka,

   d) árleg vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við 3. lið VII. viðauka,

   e) þurrkunarafkastaflokkur í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

   f) hávaðamengun sem berst í lofti sem dB(A) re 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu,

   g) ef tegundinni er ætlað að vera innbyggð, skal tilgreina það.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er fyrir II. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

———

V. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., prófa staka uppþvottavél til heimilisnota. Ef þættirnir sem mældir eru samræmast ekki gildunum sem birgir gefur upp innan þeirra sviða sem sett eru fram í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur uppþvottavélum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda þessara þriggja uppþvottavéla til heimilisnota skal vera í samræmi við gildi þau sem framleiðandi gefur upp innan þess sviðs sem skilgreint er í töflu 1, að undanskilinni orkunotkun, þar sem mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið E_t en sem nemur 6%.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir uppþvottavéla til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Tafla 1

Mældur þáttur	Vikmörk við sannprófun
Árleg orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið AEC (*) en sem nemur 10%.
Vatnsnotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið Wt en sem nemur 10%.
Þurrkunarafkastastuðull	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið ID en sem nemur 19%.
Orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið Et en sem nemur 10%.
Tímalengd kerfis	Mæligildið skal ekki vera lengra en málgildið Tt en sem nemur 10%.
Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun	Mæligildi aflþarfar Po og Pl sem er yfir 1,00 W skal ekki vera meira en 10% hærra en málgildið. Mæligildi aflþarfar Po og Pl sem er undir eða jafnt og 1,00 W skal ekki vera meira en 0,10 W hærra en málgildi.
Tímalengd í reiðuham eftir notkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið Tl en sem nemur 10%.
Hávaðamengun sem berst í lofti	Mæligildið skal samsvara málgildinu.

(*) „Málgildi“ er gildi sem birgir gefur upp.

VI. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar og þurrkunarafkastaflokkar

1. ORKUNÝTNIFLOKKAR

Orkunýtniflokkur uppþvottavélar til heimilisnota skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls (EEI) eins og fram kemur í töflu 1.

Reikna skal út orkunýtnistuðul uppþvottavélar til heimilisnota í samræmi við 1. lið VII. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull
A+++ (hámarksnýtni)	$EEI < 50$
A++	$50 \leq EEI < 56$
A+	$56 \leq EEI < 63$
A	$63 \leq EEI < 71$
B	$71 \leq EEI < 80$
C	$80 \leq EEI < 90$
D (lakasta nýtni)	$EEI \geq 90$

2. ÞURRKUNARAFKASTAFLOKKAR

Þurrkunarafkastaflokkur uppþvottavélar til heimilisnota skal ákvarðaður á grunni þurrkunarafkastastuðuls (I_D) eins og fram kemur í töflu 2.

Reikna skal út þurrkunarafkastastuðul (I_D) í samræmi við 2. lið VII. viðauka.

Tafla 2

Þurrkunarafkastaflokkar

Þurrkunarafkastaflokkur	Þurrkunarafkastastuðull
A (hámarksafköst)	$I_D > 1{,}08$
B	$1{,}08 \geq I_D > 0{,}86$
C	$0{,}86 \geq I_D > 0{,}69$
D	$0{,}69 \geq I_D > 0{,}55$
E	$0{,}55 \geq I_D > 0{,}44$
F	$0{,}44 \geq I_D > 0{,}33$
G (lökustu afköst)	$0{,}33 \geq I_D$

VII. VIÐAUKI

Aðferð til að reikna út orkunýtnistuðul, þurrkunarafkastastuðul og vatnsnotkun

1. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli uppþvottavélar til heimilisnota er árleg orkunotkun uppþvottavélar til heimilisnota borin saman við staðlaða, árlega orkunotkun hennar.

a) Orkunýtnistuðullinn er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

b) Árleg orkunotkun (AE_c) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með einum aukastaf sem hér segir:

i.

$$AE_C = E_t \times 280 + \frac{\left[P_o \times \frac{525\,600 - (T_t \times 280)}{2} + P_l \times \frac{525\,600 - (T_t \times 280)}{2}\right]}{60 \times 1\,000}$$

þar sem:

ii. Ef uppþvottavél til heimilisnota er búin orkusparnaðarkerfi og slekkur sjálfkrafa á sér við lok kerfis, er AE_C reiknað með tilliti til rauntíma í „reiðuham eftir notkun“ samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$AE_C = E_t \times 280 + \frac{\{(P_l \times T_l \times 280) + P_o \times [525\,600 - (T_t \times 280) - (T_l \times 280)]\}}{60 \times 1000}$$

þar sem:

c) Stöðluð, árleg orkunotkun (SAE_C) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

i. fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin $ps \geq 10$ og breidd > 50 cm:

$$SAE_C = 7{,}0 \times ps + 378$$

ii. fyrir uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin $ps \leq 9$ og uppþvottavélar til heimilisnota með nafnafköstin $9 < ps \leq 11$og breidd ≤ 50 cm:

$$SAE_C = 25{,}2 \times ps + 126$$

þar sem:

2. ÚTREIKNINGUR ÞURRKUNARAFKASTASTUÐULS

Til útreiknings á þurrkunarafkastastuðli (I_D) tegundar uppþvottavélar til heimilisnota er þurrkunarafkastageta uppþvottavélar til heimilisnota borin saman við þurrkunarafkastagetu viðmiðunaruppþvottavélar, þar sem viðmiðunaruppþvottavélin skal hafa þá eiginleika sem fram koma í almennt viðurkenndum aðferðum sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðum sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

a) Þurrkunarafkastastuðullinn (I_D) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með tveimur aukastöfum:

$$\ln I_D = \frac{1}{n} \times \sum_{i=1}^{n} \ln\left(\frac{D_{T,i}}{D_{R,i}}\right)$$

$$I_D = \exp(\ln I_D)$$

þar sem:

DT,i = þurrkunarafköst uppþvottavélar til heimilisnota við prófun í eina prófunarlotu (i),

DR,i = þurrkunarafköst viðmiðunaruppþvottavélar í eina prófunarlotu (i),

n = fjöldi prófunarlotna, n ≥ 5.

b) Þurrkunarafköst *(D)* er meðaltal rakastigs allra hluta í vélinni eftir að staðalhreinsunarlotu lýkur. Rakastigið er reiknað eins og sýnt er í Töflu 1:

Tafla 1

Fjöldi vatnsráka (WT) eða rakaráka (WS)	Heildarrakasvæði (Aw) í mm^2	Rakastig
WT = 0 og WS = 0	Á ekki við	2 (hámarksafköst)
1 < WT ≤ 2 eða WS = 1	Aw < 50	1
2 < WT eða WS = 2		
eða WS = 1 og WT = 1	Aw > 50	0 (lökustu afköstin)

3. ÚTREIKNINGUR Á ÁRLEGRI VATNSNOTKUN

Árleg vatnsnotkun (AW_C) uppþvottavélar til heimilisnota er reiknuð út, í lítrum og hækkuð upp í næstu heilu tölu, sbr.:

$$AW_C = W_t \times 280$$

þar sem:

Wt = vatnsnotkun miðað við staðalhreinsunarlotu, í lítrum og námunduð með einum aukastaf.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1060/2010 **2013/EES/16/25**

frá 28. september 2010

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/EB að því er varðar orkumerkingar kælitækja til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Ákvæði um orkumerkingar kælitækja til heimilisnota voru ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 94/2/EB frá 21. janúar 1994 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á rafknúnum kæliskápum, frystiskápum og sambyggðum skápum til heimilisnota ([2]).

3) Raforkunotkun kælitækja til heimilisnota er verulegur hluti af heildarraforkuþörf til heimilisnota í Sambandinu. Til viðbótar við umbætur í orkunýtni sem þegar hafa náðst, eru möguleikar á að draga frekar úr orkunotkun kælitækja til heimilisnota talsverðir.

4) Tilskipun 94/2/EB skal felld úr gildi og mæla skal fyrir um ný ákvæði í þessari reglugerð í því skyni að tryggja að orkumerkimiðinn veiti framleiðendum virka hvata til að bæta frekar orkunýtni kælitækja til heimilisnota og að flýta fyrir umbreytingu markaðarins í átt að orkunýtinni tækni.

5) Samanlögð áhrif ákvæðanna sem sett eru fram í þessari reglugerð og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 643/2009 frá 22. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á kælitækjum til heimilisnota ([3]) gætu fyrir árið 2020 leitt af sér árlegan raforkusparnað sem nemur 6 TWh, ([4]), miðað við stöðuna ef ekki er gripið til neinna aðgerða.

6) Einnig er möguleiki á orkusparnaði vegna vara á vaxandi mörkuðum fyrir ísogskælitæki og vínkæla. Gildissvið þessarar reglugerðar skal því taka til þessara tækja.

7) Ísogskælitæki eru hljóðlaus en nota umtalsvert meiri orku en tæki með þjöppu. Upplýsingar um hávaðamengun sem berst í lofti frá kælitækjum til heimilisnota skulu koma fram á merkimiðanum til þess að endanlegir notendur geti tekið upplýsta ákvörðun.

8) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum skulu vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópsku staðlastofnununum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([5]).

9) Í þessari reglugerð skal tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir kælitæki til heimilisnota.

10) Auk þess skal í þessari reglugerð tilgreina kröfur um tæknigögn og upplýsingablað um kælitæki til heimilisnota.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 45, 17.2.1994, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 53.

([4]) Þegar mælt var samkvæmt staðli Rafstaðlasamtaka Evrópu (Cenelec) EN 153, febrúar 2006/EN ISO 15502, október 2005.

([5]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

11) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um kælitæki til heimilisnota.

12) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara.

13) Til þess að auðvelda umskiptin frá tilskipun 94/2/EB til þessarar reglugerðar skulu kælitæki til heimilisnota sem eru merkt í samræmi við þessa reglugerð teljast samrýmast ákvæðum tilskipunar 94/2/EB.

14) Því ber að fella tilskipun 94/2/EB úr gildi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um kælitæki til heimilisnota sem nota rafmagn og hafa milli 10 og 1500 lítra rúmmál.

2. Þessi reglugerð gildir um kælitæki til heimilisnota sem nota rafmagn, þ.m.t. tæki sem seld eru til notkunar utan heimilis eða til að kæla aðra hluti en matvæli og gildir einnig um innbyggð tæki.

Hún gildir einnig um kælitæki til heimilisnota sem nota rafmagn og geta gengið fyrir rafhlöðum.

3. Þessi reglugerð gildir ekki um:

a) kælitæki sem eru aðallega knúin með öðrum orkugjöfum en rafmagni, t.d. fljótandi jarðolíugasi, steinolíu og lífdísilolíu,

b) kælitæki sem ganga fyrir rafhlöðum en tengja má við rafkerfið með jafn- og riðstraumbreyti sem keyptur er sérstaklega,

c) sérsmíðuð kælitæki sem aðeins er til eitt eintak af og eru ekki sambærileg við aðrar tegundir kælitækja,

d) kælitæki til notkunar í þriðja geiranum þar sem nemi skynjar rafrænt þegar kæld matvæli eru fjarlægð og þær upplýsingar er hægt að senda sjálfvirkt um nettengingu til fjarstýrikerfis fyrir birgðahald.

e) tæki sem hafa það ekki að meginhlutverki að geyma matvæli með kælingu, t.d. sjálfstæðar klakavélar eða sjálfsalar með kælda drykki.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „matvæli“: matur, innihaldsefni, drykkjarvörur, þ.m.t. vín, og aðrir hlutir sem einkum eru ætlaðir til neyslu og þarfnast kælingar við tiltekið hitastig,

2) „kælitæki til heimilisnota“: einangraður skápur, með einu eða fleiri hólfum, sem er ætlaður til að kæla eða frysta matvæli eða geyma kæld eða fryst matvæli í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni, kældur með einu eða fleiri ferlum sem nota orku, þ.m.t. tæki sem seld eru í einingum og endanlegur notandi setur saman,

3) „innbyggt tæki“: fast kælitæki ætlað til uppsetningar í skáp, í tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað og þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

„kæliskápur“: kælitæki sem ætlað er til varðveislu matvæla með a.m.k. einu hólfi sem nota má til geymslu ferskra matvæla og/eða drykkjarvara, þ.m.t. vín,

5) „kælitæki með þjöppu“: kælitæki þar sem kælingin er framkölluð með hjálp vélknúinnar þjöppu,

6) „ísogskælitæki“: kælitæki þar sem kælingin er framkölluð með ísogsferli, með varma sem orkugjafa,

7) „kæliskápur/frystir“: kælitæki með a.m.k. einu kælihólfi og a.m.k. einu hólfi sem nota má til að frysta fersk matvæli og geyma frosin matvæli við þriggja stjörnu geymsluskilyrði (matvælafrystihólfið),

8) „frystiskápur“: kælitæki með einu eða fleiri hólfum sem nota má til að geyma frosin matvæli,

9) „matvælafrystir“: kælitæki með einu eða fleiri hólfum sem nota má til að frysta matvæli við hitastig frá stofuhita og niður í -18°C og sem má einnig nota til að geyma frosin matvæli við þriggja stjörnu geymsluskilyrði, matvælafrystir má einnig hafa tveggja stjörnu hluta og/eða hólf innan í hólfinu eða skápnum,

10) „vínkælir“: kælitæki sem hefur eitt eða fleiri hólf til að geyma vín en ekki önnur hólf,

11) „fjölnotatæki“: kælitæki sem hefur eitt eða fleiri fjölnotahólf en ekki önnur hólf,

12) „sambærilegt kælitæki til heimilisnota“: tegund kælitækis til heimilisnota sem sett er á markað með sama brúttó- og nettórúmmál, sömu tækni-, orkunýtni- og nothæfiseiginleika, og sömu gerðir af hólfum og önnur tegund af kælitæki til heimilisnota sem sami framleiðandi setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri.

13) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að kælitæki til heimilisnota,

14) „sölustaður“: staður þar sem kælitæki til heimilisnota eru til sýnis eða sölu, leigu eða kaupleigu.

Skilgreiningarnar sem settar eru fram í I. viðauka gilda einnig.

3. gr.

Ábyrgð birgja

Birgjar skulu sjá til þess að:

a) hvert kælitæki til heimilisnota sé afhent með prentuðum miða á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í II. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og segir í III. viðauka, sé gert aðgengilegt,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í IV. viðauka séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

d) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund kælitækja til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund kælitækja til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

a) hvert kælitæki til heimilisnota beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við a-lið 3. gr. utan á framhlið eða ofan á tækinu, þannig að hann sjáist greinilega,

b) kælitæki til heimilisnota sem boðin eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna, séu markaðssett með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við V. viðauka,

c) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund kælitækja til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokk, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund kælitækja til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Mæliaðferðir

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og segir í VI. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríki skulu beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í VII. viðauka við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks, árlegrar orkunotkunar, rúmmáli ferskra og frosinna matvæla, frystigetu og hávaðamengunar sem berst í lofti.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fjórum árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í VII. viðauka og möguleika á að fella brott eða lækka gildi leiðréttingarstuðlanna sem sett eru fram í VIII. viðauka.

8. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 94/2/EB falli úr gildi frá og með 30. nóvember 2011.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda ekki um prentað auglýsingaefni og prentað tæknilegt kynningarefni sem birt er fyrir 30. mars 2012.

2. Kælitæki til heimilisnota sem sett eru á markað fyrir 30. nóvember 2011 skulu vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í tilskipun 94/2/EBE.

3. Kælitæki til heimilisnota sem eru í samræmi við ákvæði þessarar reglugerðar og eru sett á markað eða boðin til sölu, leigu eða kaupleigu fyrir 30. nóvember 2011, teljast uppfylla kröfur tilskipunar 94/2/EBE.

10. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. nóvember 2011. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda hinsvegar frá 30. mars 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Skilgreiningar sem gilda að því er varðar II. til IX. viðauka

Hvað varðar II. til IX. viðauka er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „frostlaust kerfi“: sjálfvirkt kerfi sem kemur í veg fyrir varanlega frostmyndun, þar sem kælingin er framkölluð með vélrænni hringrás lofts, eimirinn eða eimarnir eru affrystir með sjálfvirku affrystingarkerfi og vatnið úr affrystingunni er losað sjálfkrafa,

b) „frostlaust hólf“: hólf þar sem frostlaust kerfi sér um affrystinguna,

c) „kæliskápur/búrskápur (refrigerator-cellar)“: kælitæki með a.m.k. einu kælihólfi og einu búrhólfi en engu frystihólfi, svalahólfi eða klakavél eða -hólfi,

d) „búrskápur“: kælitæki þar sem aðeins er til staðar eitt eða fleiri búrhólf,

e) „kæliskápur/svalaskápur (refrigerator-chiller)“: kælitæki þar sem a.m.k. er til staðar kælihólf og svalahólf, en ekkert frystihólf,

f) „hólf“: eitthvert hólfanna sem um getur í g- til n-lið,

g) „kælihólf: hólf sem hannað er fyrir geymslu ófrosinna matvæla sem kann að vera skipt upp í smærri hólf,

h) „búrhólf“: hólf sem er ætlað til geymslu tiltekinna matvæla eða drykkjarvara við hærra hitastig en í kælihólfi,

i) „svalahólf“: hólf sem er ætlað til geymslu matvæla sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir skemmdum,

j) „klakahólf“: frystihólf sem er ætlað sérstaklega til að frysta og geyma ís(mola),

k) „frystihólf“: hólf með lágu hitastigi sem er ætlað sérstaklega til geymslu frosinna matvæla og er flokkað eftir hitastigi á eftirfarandi hátt:

i)	„einnar stjörnu hólf“:	frystihólf þar sem hitastigið er ekki hærra en –6 °C,
ii.	„tveggja stjörnu hólf“	frystihólf þar sem hitastigið er ekki hærra en –12 °C,
iii.	„þriggja stjörnu hólf“:	frystihólf þar sem hitastigið er ekki hærra en –18 °C,
iv.	„matvælafrystihólf“ (eða „fjögurra stjörnu hólf“):	hólf þar sem frysta má a.m.k. 4,5 kg af matvælum fyrir hverja 100 lítra af rúmmáli, og aldrei minna en 2 kg, við umhverfishita niður að –18 °C á 24 klukkustunda tímabili, og þar sem geyma má frosin matvæli við þriggja stjörnu skilyrði, og þar sem kunna að vera tveggja stjörnu hlutar innan hólfsins,
v.	„núll stjörnu hólf“:	frystihólf þar sem hitastigið er < 0 °C og hægt er að frysta og geyma ís(mola) en er ekki ætlað til geymslu matvæla sem eru sérstaklega viðkvæm fyrir skemmdum,

l) „vínkælihólf“: hólf sem er sérstaklega hannað til að geyma vín í skamman tíma til láta vín ná kjörhitastigi til drykkju eða til að geyma vín til lengri tíma til að þroska vínið og hefur eftirfarandi eiginleika:

i. jafnan geymsluhita, annaðhvort forstilltan eða stilltan handvirkt samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda, á bilinu +5 °C til +20 °C,

ii. geymsluhita þar sem frávik á ákveðnu tímabili er minna en 0,5 K við hvern uppgefinn umhverfishita í loftslagsflokknum fyrir kælitæki til heimilisnota,

iii. beina eða óbeina stjórn á rakastigi í hólfinu á bilinu 50% til 80%,

iv. er byggt til að draga úr yfirfærslu titrings í hólfið, hvort sem er frá þjöppunni í kæliskápnum eða utanaðkomandi titringi,

m) „fjölnotahólf“: hólf sem er ætlað til notkunar við tvö eða fleiri hitastig sem tilgreind eru fyrir mismunandi gerðir af hólfum og endanlegur notandi getur stillt svo það haldist stöðugt á því hitasviði sem á við um hverja tegund af hólfi í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda en ef hægt er að breyta hitastigi í hólfi yfir á annað hitasvið, en aðeins í takmarkaðan tíma í einu (t.d. með hraðfrystingu), er hólfið ekki „fjölnotahólf“ eins og það er skilgreint í þessari reglugerð,

n) „annars konar hólf“: hólf, annað en vínkælihólf, sem er ætlað til geymslu tiltekinna matvæla við hitastig sem er hærra en +14 °C,

o) „tveggja stjörnu hluti“: hluti matvælafrystis, hólfs í matvælafrysti, þriggja stjörnu hólfs eða þriggja stjörnu frystiskáps sem er ekki með sérhurð eða loki og þar sem hitastigið er ekki hærra en –12 °C,

p) „frystikista“: matvælafrystir þar sem hólfið eða hólfin eru aðgengileg ofan á tækinu eða sem er bæði með hólf sem opnast að ofan og að framan en þar sem brúttórúmmál hólfanna sem opnast að ofan er meira en 75% af heildarbrúttórúmmáli tækisins,

q) „gerð sem opnast að ofan“: kælitæki þar sem hólfið eða hólfin eru aðgengileg ofan á tækinu,

r) „gerð sem opnast að framan“: kælitæki þar sem hólfið eða hólfin eru aðgengileg framan á tækinu,

s) „hraðfrysting“: afturkallanlegur möguleiki sem endanlegur notandi virkjar í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda sem lækkar geymsluhita frystisins eða frystihólfsins til að frysta ófrosin matvæli hraðar.


t) „tegundarauðkenni“: kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund kæliskápa til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis.

———

II. VIÐAUKI

Merkimiði

1. MERKIMIÐI FYRIR KÆLITÆKI TIL HEIMILISNOTA SEM ERU Í ORKUNÝTNIFLOKKUM A+++ TIL C



1) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

   I. nafn eða vörumerki birgis,

   II. tegundarauðkenni birgis,

   III. orkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við IX. viðauka, örvaroddurinn með orkunýtniflokk kælitækis til heimilisnota skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

   IV. árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við 2. undirlið 3. °liðar í VIII. viðauka,

   V. samanlagt rúmmál allra hólfa sem ekki eru stjörnumerkt (þ.e. ganghiti > – 6 °C), hækkað upp í næstu heilu tölu,

   VI. Samanlagt rúmmál allra frystihólfa með stjörnumerkingu (þ.e. ganghiti ≤ – 6 °C)., námundað að næstu heilu tölu og stjörnufjölda hólfsins með hæstu hlutdeild þeirrar summu; ef kælitæki til heimilisnota hefur ekkert frystihólf skal birgirinn tilgreina „- L“ í stað gildis og skilja eftir eyðu þar sem stjarnan ætti að vera,


   VII. hávaðamengun sem berst í lofti gefin upp í dB(A) re1 pW, námundað að næstu heilu tölu.

   Að því er varðar vínkæla koma nafnafköst í fjölda 75 sentilítra staðalflaskna, sem komast fyrir í tækinu í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda, þó í stað liða V og VI.

2) Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við 1. undirlið 3. liðar þessa viðauka. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af umhverfismerki ESB við hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([6]).

([6]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

2. MERKIMIÐI FYRIR KÆLITÆKI TIL HEIMILISNOTA SEM ERU Í ORKUNÝTNIFLOKKUM D TIL G




1) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. undirlið liðar 1 skulu vera á merkimiðanum.

2) Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við 2. undirlið 3. liðar þessa viðauka. Þrátt fyrir að tegund hafi verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, má bæta afriti af umhverfismerkinu við.

3. HÖNNUN MERKIMIÐA

1) Fyrir kælitæki til heimilisnota sem eru í orkunýtniflokkum A+++ til C, nema vínkæla, skal hönnun merkimiðans vegar sem hér segir:


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
4 mm
14 mm
ENERG
енергия · ενεργεια
Y
IJA
IE
IA
I
II
7 mm
A+++
A++
A+
A
B
C
D
A++
14 mm
220 mm
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ
ENEPГEIA · ENERGIJA
ENERGY · ENERGIE · ENERGI
XYZ
kWh/annum
1L
XYZ L
YZ L
YZ dB
2010/1060
5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
110 mm

Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnur merkimiðans skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur,

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

1 **Rammastrik merkimiða ESB:** 5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

2 **Kennimerki ESB — litir:** X-80-00-00 og 00-00-X-00.

3 **Orkumerkimiði:** litur: X-00-00-00.

Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkukennimerki: breidd: 92 mm, hæð 17 mm.

4 **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% – lengd: 92,5 mm.

5 **A-G kvarði**

– **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

– **Texti:** Feitt, 19 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; '+' tákn: Feitt, 13 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

6 **Orkunýtniflokkur**

– **Ör:** breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svartur,

– **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; '+' tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

7 **Orka**

– **Texti:** Hefðbundið, 11 pt Calibri-letur með hástöfum, í svörtum lit.



Árleg orkunotkun:

– **Rammi:** 3 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 45 pt Calibri-letur, 100% svart.

– **Önnur lína:** Hefðbundið, 17 pt Calibri-letur 100% svart.



Rúmmál allra hólfa sem ekki eru stjörnumerkt:

– **Rammi:** 3 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 25 pt Calibri-letur, 100% svart. Hefðbundið, 17 pt Calibri-letur 100% svart.



Hávaðamengun sem berst í lofti:

– **Rammi:** 3 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 25 pt Calibri-letur, 100% svart.
Hefðbundið, 17 pt Calibri-letur 100% svart.



Rúmmál allra stjörnumerktra frystihólfa:

– **Rammi:** 3 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 25 pt Calibri-letur, 100% svart.
Hefðbundið, 17 pt Calibri-letur 100% svart.



Nafn eða vörumerki birgis



Tegundarauðkenni birgis




Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 90 x 15 mm rými.



Númer reglugerðarinnar:

– **Texti:** Feitt 11 pt Calibri-letur.

2) Fyrir kælitæki til heimilisnota sem eru í orkunýtniflokkum D til G, nema vínkæla, skal hönnun merkimiðans vegar sem hér segir:


ENERG
A+++
A++
A+
A
B
C
D
E
F
G
A++
XYZ
kWh/annum
XYZ L
YZ L
YZ dB
2010/1060

Þar sem:

Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við 1. undirlið 3. liðar þessa viðauka nema nr. 8 þar sem eftirfarandi á við:


8 Árleg orkunotkun:

– **Rammi:** 3 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt 32 pt Calibri-letur, 100% svart.

– **Önnur lína:** Hefðbundið, 14 pt Calibri-letur 100% svart.

3) Fyrir vínkæla skal hönnun merkimiðans vera eftirfarandi:


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
3
14 mm
14 mm
ENERG
енергия · ενεργεια
Y
IJA
IE
IA
1
2
11
13
12
4
I
II
7 mm
A+++
A++
A+
A
B
C
D
E
F
G
A++
6
14 mm
5
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ · ЕΝΕΡΓΕΙΑ
ENERGIJA · ENERGY · ENERGIE
ENERGI
7
XYZ
kWh/annum
8
xXYZ
YZ dB
14
2010/1060
5 mm
5 mm
9
10
5 mm
5 mm
110 mm
220 mm

Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði skal efni hans eftir sem áður vera í réttu hlutfalli við forskriftirnar hér að framan.

b) Bakgrunnur merkimiðans skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0 % blár, 70 % blárauður, 100% gulur, 0% svartur,

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

1 **Rammastrik merkimiða ESB:** 5 pt — litur: blár 100 % — rúnnuð horn: 3,5 mm.

2 **Kennimerki ESB — litir:** X-80-00-00 og 00-00-X-00.

3 **Orkumerkimiði:** litur: X-00-00-00.

Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB + orkukennimerki: breidd: 92 mm, hæð 17 mm.

4 **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 92,5 mm.

5 **A-G kvarði**

– **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

Hæsti flokkur: X-00-X-00,

Annar flokkur: 70-00-X-00,

Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

Síðasti flokkur/flokkar 00-X-X-00.

– **Texti:** Feitt, 19 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; ‘+’ tákn: Feitt, 13 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

6 **Orkunýtniflokkur**

– **Ör**: breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svört.

– **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; ‘+’ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

7 **Orka**

– **Texti:** Hefðbundið, 11 pt Calibri-letur með hástöfum, í svörtum lit.

8

Árleg orkunotkun:

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt, 30 pt Calibri-letur, 100% svart.

– **Önnur lína:** Hefðbundið, 14 pt Calibri-letur 100% svart.

9

Nafnafköst - fjöldi staðlaðra vínflaskna:

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt, 28 pt Calibri-letur, 100% svart.

Hefðbundið, 15 pt Calibri-letur 100% svart.

10

Hávaðamengun sem berst í lofti:

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

– **Gildi:** Feitt, 25 pt Calibri-letur, 100 % svart.

Hefðbundið, 17 pt Calibri-letur 100% svart.

11

Nafn eða vörumerki birgis

12

Tegundarauðkenni birgis

13

Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 90 x 15 mm rými

14

Númer reglugerðarinnar:

Texti: Feitt, 11 pt Calibri-letur.

———

III. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis eins og það er skilgreint í t-lið I. viðauka,

   c) flokkur kælitækis til heimilisnota í samræmi við 1. lið VIII. viðauka,

   d) orkunýtniflokkur tegundar í samræmi við IX. viðauka,

   e) ef tegundinni hefur verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, mega þessar upplýsingar koma fram,

   f) árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við 2. undirlið 3. liðar í VIII. viðauka. Henni skal lýst sem: „orkunotkun “XYZ” kWh/ári, byggt á stöðluðum prófunarniðurstöðum fyrir 24 klukkustundir. Raunorkunotkun fer eftir því hvernig tækið er notað og hvar það er staðsett“,

   g) rúmmál hvers hólfs og viðeigandi stjörnufjöldi í samræmi við VI. lið í 1. undirlið 1 liðar í II. viðauka, ef einhver er,

   h) hönnunarhiti „annarra hólfa“ í skilningi n- liðar I. viðauka. Hvað varðar vínkælihólf skal tilgreina lægsta geymsluhitastig, sem annað hvort er forstillt í hólfinu eða endanlegur notandi getur stillt og hægt er að viðhalda stöðugu samkvæmt leiðbeiningum framleiðandans,

   i) upplýsingarnar „frostlaust“ fyrir viðkomandi hólf, eins og skilgreint er í b-lið I. viðauka,

   j) „þiðnunartími „X“í klukkustundum ef straumrof verður“ skilgreindur sem „tími hitahækkunar“,

   k) frystigeta í kg/24 klukkustundum,

   l) „loftslagsflokkur“ eins og hann er skilgreindur í lið 1 í töflu 3 í VIII. viðauka, sem: „Loftslagsflokkur: W [*loftslagsflokkur*]. Þetta tæki er ætlað til notkunar við umhverfishita milli “X” [*lægsta hitastig*] °C og “X” [*hæsta hitastig*] °C’,

   m) hávaðamengun sem berst í lofti gefin upp í dB(A) re1 pW og námunduð að næstu heilu tölu,

   n) ef tegundinni er ætlað að vera innbyggt tæki skal tilgreina það,

   o) eftirfarandi upplýsingar varðandi vínkæla: „Þetta tæki er einungis ætlað til geymslu á víni“. Þessi liður gildir ekki um kælitæki til heimilisnota sem eru ekki sérstaklega hönnuð sem vínkælar en má engu að síður nota í þeim tilgangi, né um kælitæki til heimilisnota sem eru með vínkælihólfi auk annars konar hólfa.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir kælitækja frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

———

IV. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. Tæknigögnin sem um getur í c-lið 3. gr. skulu innihalda:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenna lýsingu á tegund kælitækisins þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,

   c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

   d) ef við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

   e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

   f) tæknilegir mæliþættir við mælingar, ákvarðaðir í samræmi við VIII.° viðauka:

      i) heildarmál,

      ii. heildarrými sem notkun útheimtir,

      iii. heildarbrúttórúmmál,

      iv. rúmmál og heildarrúmmál,

      v. stjörnumerking(ar) frystihólfa,

      vi. affrystingarkerfi,

      vii. geymsluhiti,

      viii. orkunotkun,

      ix. tími sem hitahækkun varir,

      x. frystigeta,

      xi. afl þörf,

      xii. rakastig í vínkælihólfi,

      xiii. hávaðamengun sem berst í lofti,

   g) niðurstöður útreikninga í samræmi við VIII. viðauka.

2. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af kælitæki til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum kælitækjum, eða hvort tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem birgjar hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Upplýsingarnar skulu einnig innihalda skrá yfir allar aðrar sambærilegar tegundir kælitækja til heimilisnota þar sem upplýsinganna hefur verið aflað á sama grunni.

———

V. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) orkunýtniflokkur tegundar í samræmi við IX. viðauka,

   b) vegin árleg orkunotkun í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við 2. lið 3. liðar VIII. viðauka,

   c) rúmmál hvers hólfs og viðeigandi stjörnufjöldi í samræmi við lið 1.1 í VI. lið II. viðauka, ef við á,

   d) „loftslagsflokkur“ í samræmi við lið 1 í töflu 3 í VIII. viðauka,

   e) hávaðamengun sem berst í lofti gefin upp í dB(A) re1 pW og námunduð að næstu heilu tölu,

   f) ef uppþvottavél til heimilisnota er ætlað að vera innbyggð, skal tilgreina það,

   g) eftirfarandi upplýsingar varðandi vínkæla: „Þetta tæki er einungis ætlað til geymslu á víni“. Þessi liður gildir ekki um kælitæki til heimilisnota sem eru ekki sérstaklega hönnuð sem vínkælar en má engu að síður nota í þeim tilgangi, né um kælitæki til heimilisnota sem eru með vínkælihólfi auk annars konar hólfa.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í III. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

———

VI. VIÐAUKI

Mælingar

1. Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. ALMENN PRÓFUNARSKILYRÐI

   Eftirfarandi almenn prófunarskilyrði gilda:

   1) ef hitari til að hindra rakaþéttingu er til staðar sem endanlegur notandi getur kveikt og slökkt á skal kveikt á hitaranum og hann stilltur á mesta hita ef hann er stillanlegur,

   2) ef „búnaður í hurð“ (eins og klakavél eða skammtari fyrir kælt vatn/drykki) er til staðar sem endanlegur notandi getur kveikt eða slökkt á, skal kveikt á búnaðinum meðan á mælingu á orkunotkun stendur en hann ekki notaður,

   3) hvað varðar fjölnotatæki og -hólf skal geymsluhitinn meðan á mælingu á orkunotkun stendur vera nafnhitastig köldustu gerðar hólfs fyrir stöðuga, venjulega notkun samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda,

   4) orkunotkun kælitækis til heimilisnota skal ákvörðuð á köldustu stillingu fyrir stöðuga, venjulega notkun „annars konar hólfs“ samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda eins og hún er skilgreind í töflu 5 í VIII. viðauka.

3. TÆKNILEGIR MÆLIÞÆTTIR

   Eftirfarandi mæliþættir skulu ákvarðaðir:

   a) „heildarmál“ sem eru námunduð að næsta millimetra,

   b) „heildarrými sem notkun útheimtir“ sem er námundað að næsta millimetra,

   c) „heildarbrúttórúmmál“ sem er námundað að næsta heila rúmdesímetra eða -lítra,

   d) „rúmmál og heildarrúmmál“ sem er námundað að næsta heila rúmdesímetra eða -lítra,

   e) „affrystingarkerfi“,

   f) „geymsluhiti“,

   g) „orkunotkun“ sem er gefin upp í kílóvattstundum á sólarhring (kWh/24 klst.) með þremur aukastöfum,

   h) „tími sem hitahækkun varir“

   i) „frystigeta“

   j) „rakastig í vínkælihólfi“ sem er gefið upp sem hundraðshluti námundaður að næstu heilu tölu, og

   k) „hávaðamengun sem berst í lofti“.

———

VII. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., prófa stakt kælitæki til heimilisnota. Ef þættirnir sem eru mældir eru ekki í samræmi við gildin sem birgir gefur upp innan þeirra sviða sem skilgreind eru í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur kælitækjum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda þessara þriggja kælitækja til heimilisnota skal uppfylla kröfurnar innan þeirra sviða sem skilgreind eru í töflu 1.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir kælitækja til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar.

Til viðbótar við aðferðina sem sett er fram í VI. viðauka, skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferða sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Tafla 1

Mældur þáttur	Vikmörk við sannprófun
Nafnbrúttórúmmál	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið ([1]) en sem nemur 3% eða 1 lítra, hvort heldur er hærra gildið.
Nafnrúmmál	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið en sem nemur 3% eða 1 lítra, hvort heldur er hærra gildið. Ef notandi getur stillt hlutfallslega rúmmál búrhólfsins og kælihólfsins gildir mælióvissan þegar búrhólfið er stillt á minnsta rúmmál.
Frystigeta	Mæligildið skal ekki vera lægra en málgildið en sem nemur 10%.
Orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið (E_{24h}) en sem nemur 10%.
Vínkælar	Mæligildið fyrir rakastig skal ekki fara meira en 10% yfir nafnsviðið.
Hávaðamengun sem berst í lofti.	Mæligildið skal samsvara málgildinu.

([1]) „Málgildi“ er gildi sem framleiðandi gefur upp.

VIII. VIÐAUKI

Flokkun kælitækja til heimilisnota, aðferð til að reikna út jafngilt rúmmál og orkunýtnistuðul

1. FLOKKUN KÆLITÆKJA TIL HEIMILISNOTA

Kælitækjum til heimilisnota er skipt í flokka eins og tilgreint er í töflu 1.

Hver flokkur er skilgreindur eftir samsetningu hólfa eins og tilgreint er í töflu 2 og er óháður fjölda hurða og/eða skúffa.

Tafla 1

Flokkar kælitækja til heimilisnota

Flokkur	Lýsing
1	Kæliskápur með einu eða fleiri kælihólfum
2	Kæliskápur/búrskápur, búrskápur og vínkælar
3	Kæliskápur/svalaskápur og kæliskápur með núll stjörnu hólfi
4	Kæliskápur með einnar stjörnu hólfi
5	Kæliskápur með tveggja stjörnu hólfi
6	Kæliskápur með þriggja stjörnu hólfi
7	Kæliskápur/frystir
8	Frystiskápur
9	Frystikista
10	Fjölnota kælitæki og önnur kælitæki

Kælitæki til heimilisnota sem ekki er hægt að setja í flokk 1 til 9 vegna hitastigs í hólfi eru sett í flokk 10.

Tafla 2

Flokkun kælitækja til heimilisnota og viðeigandi samsetning hólfa

Nafnhitastig (fyrir orkunýtnistuðul) (°C)	Hönnunarhiti	+12	+12	+5	0	0	-6	-12	-18	-18	Flokkur (númer)
Gerðir hólfa	Annars konar hólf	Vínkælihólf	Búrhólf	Kælihólf	Svalahólf	núll stjörnu/ klakahólf	Einnar stjörnu	Tveggja stjörnu	Þriggja stjörnu	Fjögurra stjörnu	
Tækisflokkur	Samsetning hólfa										
KÆLISKÁPUR MEÐ EINU EÐA FLEIRI KÆLIHÓLFUM	N	N	N	J	N	N	N	N	N	N	1
KÆLISKÁPUR/BÚRSKÁPUR, BÚRSKÁPUR OG VÍNKÆLIR	V	V	V	J	N	N	N	N	N	N	2
	V	V	J	N	N	N	N	N	N	N	
	N	J	N	N	N	N	N	N	N	N	
KÆLISKÁPUR/SVALASKÁPUR OG KÆLISKÁPUR MEÐ NÚLL STJÖRNU HÓLFI	V	V	V	J	J	V	N	N	N	N	3
	V	V	V	J	V	J	N	N	N	N	
KÆLISKÁPUR MEÐ EINNAR STJÖRNU HÓLFI	V	V	V	J	V	V	J	N	N	N	4
KÆLISKÁPUR MEÐ TVEGGJA STJÖRNU HÓLFI	V	V	V	J	V	V	V	J	N	N	5
KÆLISKÁPUR MEÐ ÞRIGGJA STJÖRNU HÓLFI	V	V	V	J	V	V	V	V	J	N	6
KÆLISKÁPUR/FRYSTIR	V	V	V	J	V	V	V	V	V	J	7
FRYSTISKÁPUR	N	N	N	N	N	N	N	V	(J) [a]	J	8
FRYSTIKISTA	N	N	N	N	N	N	N	V	N	J	9
FJÖLNOTA TÆKI OG ÖNNUR TÆKI	V	V	V	V	V	V	V	V	V	V	10

Athugasemdir:

J = hólfið er til staðar, N = hólfið er ekki til staðar, V = hólfið er valkvætt,

([a]) á einnig við þriggja stjörnu frystiskáp.

Kælitæki til heimilisnota eru sett í einn eða fleiri loftslagsflokka eins og tilgreint er í töflu 3

Tafla 3

Loftslagsflokkar

Flokkur	Tákn	Meðalumhverfishiti °C
Víkkaður tempraður loftslagsflokkur	SN	+10 til +32
Tempraður loftslagsflokkur	N	16 til +32
Heittempraður loftslagsflokkur	ST	16 til 38
Hitabeltisloftslagsflokkur	T	16 til 43

Kælitæki skal geta haldið þeim geymsluhita sem krafist er fyrir mismunandi hólf samtímis og innan leyfðra hitafrávika (meðan á affrystingu stendur) eins og þau eru skilgreind í töflu 4 fyrir mismunandi gerðir kælitækja til heimilisnota og viðeigandi loftslagsflokka.

Fjölnota tæki og/eða hólf skulu geta haldið þeim geymsluhita sem krafist er fyrir mismunandi gerðir hólfa þar sem endanlegur notandi getur stillt hitastigið samkvæmt leiðbeiningum framleiðanda.

Tafla 4

Geymsluhiti

Geymsluhiti (°C)							
Annars konar hólf	Vínkælihólf	Búrhólf	Kælihólf	Svalahólf	Einnar stjörnu hólf	Tveggja stjörnu hólf	Matvæla-frystir og þriggja stjörnu hólf/ skápur
t_{om}	t_{wma}	t_{cm}	t_{1m}, t_{2m}, t_{3m}, t_{ma}	t_{cc}	t*	t**	t***
> +14	$+5 \leq tw_{ma} \leq +20$	$+8 \leq t_{cm} \leq +14$	$0 \leq t_{1m}$, t_{2m}, $t_{3m} \leq +8$; $t_{ma} \leq +4$	$-2 \leq t_{cc} \leq +3$	≤°–°6	$\leq -12^2$	≤ -18 ([a])

Athugasemdir:
- t_{om}: geymsluhiti í annars konar hólfi
- t_{wma}: geymsluhiti í vínkælihólfi með 0,5 K fráviki.
- t_{cm}: geymsluhiti í búrhólfi
- t_{1m}, t_{2m}, t_{3m}: geymsluhiti í kælihólfi
- t_{ma}: meðalgeymsluhiti í kælihólfi.
- t_{cc}: augnabliksgeymsluhiti í svalahólfi
- t*, t**, t***: hámarkshiti í frystihólfum.
- geymsluhiti í klakahólfi og núll stjörnu hólfi er lægri en 0 °C

([a]) hvað varðar affrystingu frostlausra kælitækja til heimilisnota skal hitafrávikið ekki vera meira en 3 K á 4 klukkustunda tímabili eða 20% af lengd vinnulotunnar, hvort heldur er styttra.

2. ÚTREIKNINGUR JAFNGILDS RÚMMÁLS

Jafngilt rúmmál kælitækis til heimilisnota er summa jafngilds rúmmáls allra hólfa. Það er reiknað í lítrum og námundað að næstu heilu tölu á eftirfarandi hátt:

$$V_{eq} = \left[\sum_{c=1}^{c=n} V_c \times \frac{(25 - T_c)}{20} \times FF_c\right] \times CC \times BI$$

þar sem:

– n er fjöldi hólfa

– V_c er rúmmál hólfs eða hólfa

– T_c er nafnhitastig hólfs eða hólfa eins og sett er fram í töflu 2

– $\frac{(25 - T_c)}{20}$ er varmafræðilegi stuðullinn sem settur er fram í töflu 5,

– FF_c, CC og BI eru leiðréttingarstuðlar rúmmáls sem settir eru fram í töflu 6.

Varmafræðilegi leiðréttingarstuðullinn $\frac{(25 - T_c)}{20}$ er hitamismunurinn milli nafnhitastigs

hólfs T_c (skilgreint í töflu 2) og umhverfishita við eðlileg prófunarskilyrði við + 25 °C, og mismunur milli sama umhverfishita og hitastigs í kælihólfi við + 5 °C.

Varmafræðilegu stuðlarnir fyrir hólfin sem lýst er í g- til n-lið í I. viðauka eru settir fram í töflu 5.

Tafla 5

Varmafræðilegir stuðlar fyrir hólf í kælitækjum

Hólf	Nafnhitastig	$(25-T_c)/20$
Annars konar hólf	Hönnunarhiti	$\frac{(25 - T_c)}{20}$
Búrhólf/vínkælihólf	+12 °C	0,65
Kælihólf	+5 °C	1,00
Svalahólf	0 °C	1,25
Klakahólf og núll stjörnu hólf	0 °C	1,25
Einnar stjörnu hólf	-6 °C	1,55
Tveggja stjörnu hólf	-12 °C	1,85
Þriggja stjörnu hólf	-18 °C	2,15
Matvælafrystihólf (fjögurra stjörnu hólf)	-18 °C	2,15

Athugasemdir:

i) hvað varðar fjölnotahólf er varmafræðilegi stuðullinn ákvarðaður út frá nafnhitastigi, eins og gefið er upp í töflu 2, köldustu gerðar af hólfi sem endanlegur notandi getur stillt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda svo það haldist stöðugt,

ii. hvað varðar tveggja stjörnu hluta (í frysti) er varmafræðilegi stuðullinn ákvarðaður sem $T_c = -12$ °C,

iii. hvað varðar annars konar hólf er varmafræðilegi stuðullinn ákvarðaður út frá kaldasta hönnunarhita sem endanlegur notandi getur stillt og haldið stöðugum í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda.

Tafla 6

Gildi leiðréttingarstuðla

Leiðréttingarstuðull	Gildi	Skilyrði
FF (frostlaust)	1,2	Fyrir frostlaus frystihólf
	1	Annars
CC (loftslagsflokkur)	1,2	Fyrir kælitæki sem tilheyra loftslagsflokki T (hitabeltisflokknum)
	1,1	Fyrir kælitæki sem tilheyra loftslagsflokki ST (heittempraða flokknum)
	1	Annars
BI (innbyggð)	1,2	Fyrir innbyggð kælitæki sem eru innan við 58 cm á breidd
	1	Annars

Athugasemdir:

i) FF er leiðréttingarstuðull rúmmáls fyrir frostlaus hólf.

ii. CC er leiðréttingarstuðull rúmmáls fyrir tiltekinn loftslagsflokk. Ef kælitæki tilheyrir fleiri en einum loftslagsflokki skal nota loftslagsflokkinn með hæsta leiðréttingarstuðulinn til að reikna út jafngilt rúmmál.

iii. BI er leiðréttingarstuðull rúmmáls fyrir innbyggð tæki.

3. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli kælitækis til heimilisnota er árleg orkunotkun kælitækis til heimilisnota borin saman við staðlaða, árlega orkunotkun þess.

1) Orkunýtnistuðullinn (EEI) er námundaður með einum aukastaf og reiknaður á eftirfarandi hátt:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

AE_C = Árleg orkunotkun kælitækis til heimilisnota

SAE_C = Stöðluð, árleg orkunotkun kælitækis til heimilisnota.

2) Árleg orkunotkun (AE_c) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

$$AE_C = E_{24h} \times 365$$

þar sem:

E_{24h} er orkunotkun kælitækis til heimilisnota í kWh/24h námunduð með þremur aukastöfum.

3) Stöðluð, árleg orkunotkun (SAE_C) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

$$SAE_C = V_{eq} \times M + N + CH$$

þar sem:

V_{eq} er jafngilt rúmmál kælitækis til heimilisnota

CH jafngildir 50 kWh/ári fyrir kælitæki til heimilisnota með svalahólfi sem hefur a.m.k. 15 lítra rúmmál

M- og N-gildi eru gefin í töflu 7 fyrir hvern flokk kælitækja til heimilisnota.

Tafla 7

M- og N-gildi fyrir flokka kælitækja til heimilisnota

Flokkur	*M*	*N*
1	0,233	245
2	0,233	245
3	0,233	245
4	0,643	191
5	0,450	245
6	0,777	303
7	0,777	303
8	0,539	315
9	0,472	286
10	(*)	(*)

(*) Aths.: Hvað varðar kælitæki til heimilisnota í flokki 10 velta M- og N-gildin á hitastigi og stjörnufjölda hólfsins með lægsta geymsluhita sem endanlegur notandi getur stillt í samræmi við leiðbeiningar framleiðanda svo hann haldist stöðugur. Þar sem aðeins er til staðar „annars konar hólf“ eins og það er skilgreint í töflu 2 og n-lið í I. viðauka eru M- og N-gildin fyrir flokk 1 notuð. Tæki með þriggja stjörnu hólfum eða matvælafrystihólfum teljast vera kæliskápar/frystar.

IX. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur kælitækis til heimilisnota skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls (EEI) þess eins og fram kemur í töflu 1 frá 20. desember 2011 til 30. júní 2014 og töflu 2 frá 1. júlí 2014.

Orkunýtnistuðull kælitækis til heimilisnota skal ákvarðaður í samræmi við 3. lið VIII. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar til 30. júní 2014

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull
A+++ (hámarksnýtni)	EEI < 22
A++	22 ≤ *EEI* < 33
A+	33 ≤ *EEI* < **44**
A	**44** ≤ *EEI* < 55
B	55 ≤ *EEI* < 75
C	75 ≤ *EEI* < 95
D	95 ≤ *EEI* < 110
E	110 ≤ *EEI* < 125
F	125 ≤ *EEI* < 150
G (lakasta nýtni)	*EEI* ≥ 150

Tafla 2

Orkunýtniflokkar frá 1. júlí 2014

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull
A+++ (hámarksnýtni)	EEI < 22
A++	22 ≤ *EEI* < 33
A+	33 ≤ *EEI* < **42**
A	**42** ≤ *EEI* < 55
B	55 ≤ *EEI* < 75
C	75 ≤ *EEI* < 95
D	95 ≤ *EEI* < 110
E	110 ≤ *EEI* < 125
F	125 ≤ *EEI* < 150
G (lakasta nýtni)	*EEI* ≥ 150

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1061/2010 **2013/EES/16/26**

frá 28. september 2010

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB að því er varðar orkumerkingar þvottavéla til heimilisnota (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum auðföngum ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Ákvæði um orkumerkingar á þvottavélum til heimilisnota voru ákvörðuð með tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 95/12/EB frá 23. maí 1995 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar á þvottavélum til heimilisnota ([2]).

3) Raforkunotkun þvottavéla til heimilisnota er verulegur hluti af heildarraforkuþörf til heimilisnota í Sambandinu. Til viðbótar við umbætur í orkunýtni sem þegar hafa náðst, eru möguleikar á að draga frekar úr orkunotkun þvottavéla til heimilisnota talsverðir.

4) Tilskipun 95/12/EB skal felld úr gildi og mæla skal fyrir um ný ákvæði í þessari reglugerð í því skyni að tryggja að orkumerkimiðinn veiti birgjum virka hvata til að bæta frekar orkunýtni þvottavéla til heimilisnota og að flýta fyrir umbreytingu markaðarins í átt að orkunýtinni tækni.

5) Sambyggðar þvottavélar og þurrkarar til heimilisnota heyra undir tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 96/60/ESB frá 19. september 1996 um framkvæmd tilskipunar ráðsins 92/75/EBE að því er varðar orkumerkingar sambyggðra þvottavéla og þurrkara til heimilisnota ([3]) og skulu því undanþegnar gildissviði þessarar reglugerðar. Þar sem vélarnar hafa svipaða virkni og þvottavélar til heimilisnota skal endurskoðun tilskipunar 96/60/ESB þó fara fram eins fljótt og unnt er.

6) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum skulu vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópsku staðlastofnununum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([4]).

7) Í þessari reglugerð skal tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir þvottavélar til heimilisnota.

8) Að auki skal í þessari reglugerð tilgreina kröfur um tæknigögn og upplýsingablað um þvottavélar til heimilisnota.

9) Ennfremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um þvottavélar til heimilisnota.

10) Rétt þykir að kveða á um endurskoðun á ákvæðum þessarar reglugerðar með tilliti til tækniframfara.

11) Til þess að auðvelda umskiptin frá tilskipun 95/12/EB til þessarar reglugerðar skal kveða á um að þvottavélar til heimilisnota sem eru merktar í samræmi við þessa reglugerð teljist samrýmast ákvæðum tilskipunar 95/12/EB.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 47. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 47, 24.2.1996, bls. 35.

([3]) Stjtíð. EB L 266, 18.10.1996, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

12) Því ber að fella tilskipun 95/12/EB úr gildi.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Efni og gildissvið

1. Í þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarupplýsinga um þvottavélar til heimilisnota sem ganga fyrir rafmagni og þvottavélar sem ganga fyrir rafmagni og geta einnig gengið fyrir rafhlöðum, þ.m.t. þvottavélar sem eru seldar til notkunar utan heimilis, ásamt innbyggðum þvottavélum til heimilisnota.

2. Þessi reglugerð gildir ekki um sambyggðar þvottavélar og þurrkara til heimilisnota.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2010/30/EB, er í þessari reglugerð merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „þvottavél til heimilisnota“: sjálfvirk þvottavél sem þvær og skolar textílefni með vatni og er einnig búin útdrætti með þeytivindu og er hönnuð fyrst og fremst til notkunar í öðrum tilgangi en í atvinnuskyni,

2) „innbyggð þvottavél til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota ætluð til uppsetningar í skáp, tilbúnu skoti í vegg eða svipuðum stað þar sem ganga þarf frá innréttingunni,

3) „sjálfvirk þvottavél“ : þvottavél þar sem þvotturinn er meðhöndlaður að fullu í vélinni án þess að þörf sé fyrir íhlutun notanda á meðan kerfi er í gangi,

4) „sambyggð þvottavél og þurrkari til heimilisnota“: þvottavél til heimilisnota sem er búin útdrætti með þeytivindu og getur þurrkað textílefni, venjulega með hitun og snúningi,

5) „kerfi“: röð aðgerða sem eru skilgreindar fyrirfram og birgirinn hefur tilgreint að séu viðeigandi fyrir þvott á tilteknum tegundum textílefna,

6) „lota“: heilt hreinsi-, skol- og þeytivindingarferli, eins og það er skilgreint fyrir valið kerfi,

7) „tímalengd kerfis“: tíminn sem líður frá því að kerfið er sett af stað þar til kerfinu lýkur, að undanskilinni seinkun sem stýrt er af endanlegum notanda,

8) „nafnafköst“: hámarksmassi í kílógrömmum, sem birgir gefur upp, á 0,5 kg bili fyrir þurr textílefni af tiltekinni tegund, sem hægt er að meðhöndla í þvottavél til heimilisnota á völdu kerfi, þegar hún er hlaðin samkvæmt leiðbeiningum birgis,

9) „hlutahleðsla“: helmingur nafnafkasta þvottavélar til heimilisnota á tilteknu kerfi,

10) „rakainnihald sem eftir er“: rakamagn í þvotti við lok þeytivindingar,

11) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem slökkt er á þvottavél til heimilisnota með stjórntækjum búnaðarins eða rofum sem eru aðgengilegir og ætlaðir til notkunar fyrir endanlegan notanda við venjulega notkun til þess að ná lægstu aflþörf í óákveðinn tíma á meðan þvottavél til heimilisnota er tengd við aflgjafa og notuð í samræmi við leiðbeiningar birgis, ef engin stjórntæki eða rofi eru aðgengileg fyrir endanlegan notanda, er „slökkt á búnaði“ ástand þvottavélar til heimilisnota þegar hún fer sjálfkrafa aftur í stöðugt ástand aflþarfar,

12) „reiðuhamur eftir notkun (left-on mode)“: hamur með minnstu aflþörf sem getur varað í ótiltekinn tíma eftir að kerfi lýkur án nokkurra frekari afskipta endanlegs notanda annarra en losun þvottavélar til heimilisnota,

13) „sambærileg þvottavél til heimilisnota“: tegund þvottavélar til heimilisnota sem sett er á markað með sömu nafnafköst, tækni- og nothæfiseiginleika, orku- og vatnsnotkun og hávaðamengun sem berst í lofti við þvott og þeytivindingu og önnur tegund þvottavélar til heimilisnota sem sami birgir setur á markað undir öðru viðskiptakenninúmeri,

14) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að þvottavél til heimilisnota,

15) „sölustaður“: staður þar sem þvottavélar til heimilisnota eru til sýnis eða sölu, leigu eða kaupleigu.

3. gr.

Ábyrgð birgja

Birgjar skulu sjá til þess að:

a) hver þvottavél til heimilisnota sé afhent með prentuðum miða á því sniði og með upplýsingum sem settar eru fram í I. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og segir í II. viðauka, sé gert aðgengilegt,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í III. viðauka, séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni sé þess óskað,

d) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund þvottavéla til heimilisnota innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund þvottavéla til heimilisnota og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

a) hver þvottavél til heimilisnota beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við a-lið 3. gr. utan á framhlið eða ofan á þvottavélinni, þannig að hann sjáist greinilega,

b) þvottavélar til heimilisnota sem boðnar eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð vöruna séu markaðssettar með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við IV. viðauka,

c) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund þvottavéla til heimilisnota innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk hennar, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund þvottavéla til heimilisnota og lýsir sérstökum tækniforskriftum þeirra innihaldi tilvísun í orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Mæliaðferðir

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríki skulu beita málsmeðferð sem mælt er fyrir um í V. viðauka við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks, árlegrar orkunotkunar, árlegrar vatnsnotkunar, þurrkunarafkastastuðls, aflþarfar þegar slökkt eða kveikt er á búnaði, tímalengdar reiðuhams eftir notkun, rakainnihalds sem eftir er, snúningshraða og hávaðamengunar sem berst í lofti.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fjórum árum eftir að hún öðlast gildi. Við endurskoðunina skal einkum meta vikmörk sannprófananna sem sett eru fram í V. viðauka.

8. gr.

Niðurfelling

Tilskipun 95/12/EBE falli úr gildi frá og með 20. desember 2011.

9. gr.

Umbreytingarákvæði

1. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda ekki um prentað auglýsingaefni og prentað tæknilegt kynningarefni sem birt er fyrir 20. apríl 2012.

2. Þvottavélar til heimilisnota sem settar eru á markað fyrir 20. desember 2011 skulu vera í samræmi við ákvæðin sem sett eru fram í tilskipun 95/12/EB.

3. Ef framkvæmdarráðstöfun fyrir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2009/125/EB ([5]) að því er varðar kröfur varðandi visthönnun þvottavéla til heimilisnota hefur verið samþykkt, skal litið svo á að þvottavélar til heimilisnota sem eru í samræmi við ákvæði þessarar framkvæmdarráðstöfunar hvað varðar kröfur um þvottavirkni og við ákvæði þessarar reglugerðar, og sem eru settar á markað eða boðnar til sölu, leigu eða kaupleigu fyrir 20. desember 2011 teljist uppfylla kröfur tilskipunar 95/12/EB.

([5]) Stjtíð. ESB L 285, 31.10.2009, bls. 10.

10. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 20. desember 2011. Ákvæði d- og e-liðar 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda hinsvegar frá 20. apríl 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.


José Manuel BARROSO

———

I. VIÐAUKI

Merkimiði

1. MERKIMIÐI



1) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis, þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund þvottavéla til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. orkunýtniflokkur sem ákvarðaður er í samræmi við 1. lið VI. viðauka, örvaroddurinn með orkunýtniflokk þvottavélar til heimilisnota skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

IV. vegin árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu í samræmi við VII. viðauka,

V. vegin árleg vatnsnotkun (AW_C) í lítrum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu í samræmi við VII. viðauka,

VI. nafnafköst gefin upp í kg, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er lægra,

VII. þeytivinduafkastaflokkur sem settur er fram í 2. lið VI. viðauka,


VIII. hávaðamengun sem berst í lofti við þvott og þeytivindingu, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, gefin upp í dB(A) re 1 pW og námundað að næstu heilu tölu.

2) Hönnun merkimiðans skal vera í samræmi við lið 2. Þrátt fyrir þetta má bæta afriti af „umhverfismerki ESB“ við, hafi tegund verið veitt umhverfismerkið samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 66/2010 ([6]).

2. HÖNNUN MERKIMIÐA

Hönnun merkimiðans skal vera eins og á myndinni hér á eftir.

([6]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.


5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
4 mm
4 mm
ENERG
Y
IJA
IE
IA
енергия · ενεργεια
I
II
A+++
A++
A+
A
B
C
D
7 mm
A+
14 mm
220 mm
ENERGIA · ЕНЕРГИЯ · ЕΝΕΡΓΕΙΑ
ENERGIJA · ENERGY · ENERGIE
ENERGI
XYZ
kWh/annum
kg
YZdB
YZdB
VWXYZ
L/annum
Y,Z
kg
ABCDEFG
2010/1061
5 mm
5 mm
5 mm
5 mm
110 mm
1
2
3
4
5
6
7
8
9
10
11
12
13
14
15
16

Þar sem:

a) Merkimiðinn verður að vera minnst 110 mm á breidd og 220 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

b) Bakgrunnurinn skal vera hvítur.

c) Nota skal CMYK-litaskipan: blár, blárauður, gulur og svartur, í samræmi við eftirfarandi dæmi . 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur,

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

1 **Rammastrik:** 5 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

2 **Kennimerki ESB** — litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

3 **Orkukennimerki:** litur X-00-00-00.

Skýringarmynd eins og sýnd er: Kennimerki ESB og orkukennimerki (sameinað): breidd: 92 mm, hæð 17 mm.

4 **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 92,5 mm.

5 **A-G kvarði**

– **Ör:** hæð: 7 mm, bil: 0,75 mm — litir:

  – Hæsti flokkur: X-00-X-00,

  – Annar flokkur: 70-00-X-00,

  – Þriðji flokkur: 30-00-X-00,

  – Fjórði flokkur: 00-00-X-00,

  – Fimmti flokkur: 00-30-X-00,

  – Sjötti flokkur: 00-70-X-00,

  – Síðasti flokkur: 00-X-X-00.

– **Texti:** Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; ‘+’ tákn: Feitt, 12 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

6 **Orkunýtniflokkur**

– **Ör**: breidd: 26 mm, hæð: 14 mm, 100% svört.

– **Texti:** Feitt, 29 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; ‘+’ tákn: Feitt, 18 pt Calibri-letur með hástöfum, í hvítum lit og raðað í eina röð.

7 **Orka:** Texti: Hefðbundið 11 pt Calibri-letur með hástöfum, 100% svart.

8 **Vegin árleg orkunotkun**

- **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
- **Gildi:** Feitt 42 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 17 pt Calibri-letur, 100% svart.

9 **Vegin árleg vatnsnotkun,**

- **Skýringarmynd eins og sýnt er**
- **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
- **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

10 **Nafnafköst:**

- **Skýringarmynd eins og sýnt er**
- **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
- **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

11 **Þeytivinduafkastaflokkur**

- **Skýringarmynd eins og sýnt er**
- **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
- **Gildi:** Hefðbundið 16 pt Calibri-letur, láréttur kvarði 75%, 100% svart og feitt 22 pt Calibri-letur, láréttur kvarði 75%, 100% svart.

12 **Hávaðamengun sem berst í lofti.**

- **Skýringarmynd eins og sýnt er**
- **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
- **Gildi:** Feitt 24 pt Calibri-letur, 100% svart og hefðbundið 16 pt Calibri-letur, 100% svart.

13 **Nafn eða vörumerki birgis**

14 **Tegundarauðkenni birgis**

15 Nafn eða vörumerki birgis og tegundarauðkenni skulu rúmast í 92 x 15 mm rými.

16 **Númer reglugerðarinnar:** Feitt 12 pt Calibri-letur, 100% svart.

II. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaði þvottavélar til heimilisnota skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis, þ.e. kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund þvottavéla til heimilisnota frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

   c) nafnafköst gefin upp í kg af baðmull miðað við 60°C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 °C baðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er lægra,

   d) orkunýtniflokkur í samræmi við 1. lið VI. viðauka,

   e) ef þvottavél til heimilisnota hefur verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, mega þessar upplýsingar kom fram,

   f) vegin árleg orkunotkun (AE_C) í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu, og skal henni lýst svo: Orkunotkun „X“ kílóvattstundir á ári, miðað við 220 staðalþvottalotur fyrir baðmullarkerfi við 60 °C og 40 °C miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu, og orkunotkun í ham sem notar lítið afl. Raunorkunotkun fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   g) orkunotkun ($E_{t,60}$, $E_{t,60½}$, $E_{t,40½}$) miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu og 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

   h) vegin aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun,

   i) vegin árleg vatnsnotkun (AE_C) í lítrum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og skal henni lýst svo: „Vatnsnotkun „X“ lítrar á ári, miðað við 220 staðalþvottalotur fyrir baðmullarkerfi við 60 °C og 40 °C miðað við fulla hleðslu og hlutahleðslu. Raunvatnsnotkun fer eftir því hvernig tækið er notað.“,

   j) þeytivinduafkastaflokkur ákvarðaður í samræmi við 2. lið VI. viðauka tilgreindur sem „þeytivinduafkastaflokkur „X“ á kvarða frá G (lökustu afköst) til A (hámarksafköst)“; það má tilgreina þær með öðrum hætti að því tilskildu að ljóst sé að það sé á kvarðanum G (lökustu afköst) til A (hámarksafköst)``.

   k) hámarkssnúningshraði sem næst á 60 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu eða 40 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við hlutahleðslu, hvor sem er lægri, og rakainnihald sem eftir er sem fæst miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 °C °staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er hærra.

   l) tilgreining um að „60 °C staðalbaðmullarkerfi“ og 40 °C „staðalbaðmullarkerfi“ séu staðalþvottakerfi sem upplýsingarnar á merkimiðanum og upplýsingablaðinu eiga við, að þau kerfi henti til að hreinsa eðlilega óhreinan baðmullarþvott, og að það séu skilvirkustu kerfin hvað varðar bæði orku- og vatnsnotkun,

   m) tímalengd kerfis í „60 °C staðalbaðmullarkerfi“ miðað við fulla eða hlutahleðslu og „40 °C staðalbaðmullarkerfi“ miðað við hlutahleðslu í mínútum og námundað að næstu mínútu,

   n) tímalengd reiðuhams eftir notkun (T_l) ef þvottavél til heimilisnota er búin orkustjórnunarkerfi,

   o) hávaðamengun sem berst í lofti, gefin upp í dB(A) re 1 pW og námunduð að næstu heilu tölu við þvott og þeytivindingu miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

   p) ef þvottavél til heimilisnota er ætlað að vera innbyggð, skal tilgreina það.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir þvottavéla til heimilisnota frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

III. VIÐAUKI

Tæknigögn

1. Tæknigögnin sem um getur í c-lið 3. gr. skulu innihalda:

   a) nafn og heimilisfang birgis,

   b) almenna lýsingu á tegund þvottavélarinnar þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,

   c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

   d) ef við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

   e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

   f) upplýsingar um það hvort viðkomandi tegund þvottavéla til heimilisnota gefur frá sér silfurjónir eða ekki á meðan á þvottalotunni stendur sem hér segir: „Þessi vara gefur/gefur ekki frá sér silfurjónir í þvottalotunni“,

   g) tæknilega mæliþætti við mælingar svo sem:

      i. orkunotkun,

      ii. tímalengd kerfis,

      iii. vatnsnotkun,

      iv. aflþörf „þegar slökkt er á búnaði“,

      v. aflþörf í „reiðuham eftir notkun“,

      vi. tímalengd í „reiðuham eftir notkun“,

      vii. rakainnihald sem eftir er,

      viii. hávaðamengun sem berst í lofti,

      ix. hámarkssnúningshraði,

   h) niðurstöður útreikninga í samræmi við VII. viðauka.

2. Þegar upplýsinganna í tæknigögnum tiltekinnar tegundar af þvottavél til heimilisnota hefur verið aflað með útreikningi á grundvelli hönnunar eða framreikningi á öðrum sambærilegum þvottavélum til heimilisnota, eða hvoru tveggja, skulu gögnin innihalda upplýsingar um slíka útreikninga eða framreikninga, eða hvort tveggja, og prófanir sem framleiðendur hafa gert til að staðfesta nákvæmni útreikninganna sem gerðir hafa verið. Upplýsingarnar skulu einnig innihalda skrá yfir allar aðrar tegundir þvottavéla til heimilisnota þar sem upplýsinganna hefur verið aflað á sama grunni.

———

IV. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) nafnafköst gefin upp í kg af baðmull, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er lægra,

   b) orkunýtniflokkur eins og hann er skilgreindur í 1. lið VI. viðauka,

   c) vegin árleg orkunotkun í kílóvattstundum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við c-lið 1. liðar VII. viðauka,

   d) vegin árleg vatnsnotkun í lítrum á ári, hækkuð upp í næstu heilu tölu og reiknuð í samræmi við a-lið 2. liðar VII. viðauka,

   e) þeytivinduafkastaflokkur í samræmi við 2. lið VI. viðauka,

   f) hámarkssnúningshraði sem næst í 60 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu eða 40 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við hlutahleðslu, hvort sem er lægra, og rakainnihald sem eftir er sem næst í 60 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu eða 40 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við hlutahleðslu, hvort sem er hærra.

   g) hávaðamengun sem berst í lofti við þvott og þeytivindingu, í 60 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við fulla hleðslu miðað við fulla hleðslu, gefin upp sem dB(A) re 1 pW, námundað að næstu heilu tölu,

   h) ef þvottavél til heimilisnota er ætlað að vera innbyggð, skal tilgreina það.

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er fyrir II. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

———

V. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu, í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr., prófa staka þvottavél til heimilisnota. Ef þættirnir sem mældir eru samræmast ekki gildunum sem birgir gefur upp innan þeirra sviða sem sett eru fram í töflu 1, skal framkvæma mælingarnar á þremur þvottavélum til heimilisnota til viðbótar. Meðaltal mæligilda þessara þriggja þvottavéla til heimilisnota skal vera í samræmi við gildi þau sem framleiðandi gefur upp innan þess sviðs sem skilgreint er í töflu 1, að undanskilinni orkunotkun, þar sem mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið $E°_t$ en sem nemur 6%.

Að öðrum kosti telst tegundin og allar sambærilegar tegundir þvottavéla til heimilisnota ekki uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í 3. og 4. gr.

Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu beita áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Tafla 1

Mældur þáttir	Vikmörk við sannprófun
Árleg orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið *AEC*(*) en sem nemur 10%.
Orkunotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið E_t en sem nemur 10%.
Tímalengd kerfis	Mæligildið skal ekki vera lengra en málgildið T_t en sem nemur 10%.
Vatnsnotkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið W_t en sem nemur 10%.
Rakainnihald sem eftir er	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið *D* en sem nemur 10%.
Snúningshraði	Mæligildið skal ekki vera meira en sem nemur 10% lægra en málgildið.
Aflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham eftir notkun	Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er yfir 1,00 W skal ekki vera meira en 10% hærra en málgildið. Mæligildi aflþarfar P_o og P_l sem er undir eða jafnt og 1,00 W skal ekki vera meira en 0,10°W hærra en málgildið.
Tímalengd reiðuhams eftir notkun	Mæligildið skal ekki vera hærra en málgildið T_l en sem nemur 10%.
Hávaðamengun sem berst í lofti.	Mæligildið skal samsvara málgildinu.

(*) „Málgildi“ er gildi sem birgir gefur upp.

VI. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkar og þeytivinduafkastaflokkar

1. ORKUNÝTNIFLOKKAR

Orkunýtniflokkur þvottavélar til heimilisnota skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls (*EEI*) hennar eins og fram kemur í töflu 1.

Reikna skal út orkunýtnistuðul þvottavélar til heimilisnota í samræmi við 1. lið VII. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkar

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull
A+++ (hámarksnýtni)	$EEI < 46$
A++	$46 \leq EEI < 52$
A+	$52 \leq EEI < 59$
A	$59 \leq EEI < 68$
B	$68 \leq EEI < 77$
C	$77 \leq EEI < 87$
D (lakasta nýtni)	$EEI \geq 87$

2. ÞEYTIVINDUAFKASTAFLOKKAR

Þeytivinduafkastaflokkur þvottavélar til heimilisnota skal ákvarðaður á grunni rakainnihalds sem eftir er (D) eins og fram kemur í töflu 2.

Reikna skal út rakainnihald sem eftir er (D) fyrir þvottavél til heimilisnota í samræmi við 3. lið VII. viðauka.

Tafla 2

ÞEYTIVINDUAFKASTAFLOKKAR

Þeytivinduafkastaflokkur	Rakainnihald sem eftir er (%)
A (hámarksafköst)	$D < 45$
B	$45 \leq D < 54$
C	$54 \leq D < 63$
D	$63 \leq D < 72$
E	$72 \leq D < 81$
F	$81 \leq D < 90$
G (lökustu afköst)	$D \geq 90$

VII. VIÐAUKI

Aðferð til útreiknings orkunýtnistuðuls, árlegrar vatnsnotkunar og rakainnihalds sem eftir er

1. ÚTREIKNINGUR ORKUNÝTNISTUÐULS

Við útreikning á orkunýtnistuðli (EEI) tegundar þvottavélar til heimilisnota er vegin árleg orkunotkun þvottavélar til heimilisnota miðuð við annars vegar 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu og hlutahleðslu og hins vegar við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu borin saman við árlega staðalorkunotkun hennar.

a) Orkunýtnistuðullinn (EEI) er reiknaður út á eftirfarandi hátt og námundaður með einum aukastaf:

$$EEI = \frac{AE_C}{SAE_C} \times 100$$

þar sem:

AE_C = árleg orkunotkun þvottavélar til heimilisnota,

SAE_C = stöðluð, árleg orkunotkun þvottavélar til heimilisnota.

b) Stöðluð, árleg orkunotkun (SAE_C) er reiknuð í kWh/ári og námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

$$SAE_C = 47{,}0 \times c + 51{,}7$$

þar sem:

c = nafnafköst þvottavélar til heimilisnota, miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu eða 40 ° staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, hvort sem er lægra.

c) Vegin, árleg orkunotkun (AEC) er reiknuð í kWh/ári og er námunduð með tveimur aukastöfum sem hér segir:

i.

$$AE_C = E_t \times 220 + \frac{\left[P_o \times \frac{525\,600 - (T_t \times 200)}{2} + P_l \times \frac{525\,600 - (T_t \times 200)}{2}\right]}{60 \times 1\,000}$$

þar sem:

E_t = vegin árleg orkunotkun,

P_o = vegin orkunotkun „þegar slökkt er á búnaði“,

P_l = vegin orkunotkun í „reiðuham eftir notkun“,

T_t = vegin tímalengd kerfis,

220 = heildarfjöldi staðalþvottalotna á ári

ii. Ef þvottavél til heimilisnota er búin orkustjórnunarkerfi og slekkur sjálfkrafa á sér við lok kerfis, er vegin, árleg orkunotkun °($°AE_{C°}$) reiknuð með tilliti til rauntíma í „reiðuham eftir notkun“, samkvæmt eftirfarandi formúlu:

$$AE_C = E_t \times 220 + \frac{\{(P_l \times T_t \times 220) + P_o \times [525\,600 - (T_t \times 200) - (T_t \times 200)]\}}{60 \times 1\,000}$$

þar sem:

T_l = tími í reiðuham eftir notkun.

d) Vegin árleg orkunotkun (E_t) er reiknuð í kWh sem hér segir og gefin upp með þremur aukastöfum:

$$E_t = (3 \times E_{t,60} + 2 \times E_{t,60½} + 2 \times E_{t,40½})/7$$

þar sem:

$E_{t,60}$ = orkunotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$E_{t,60½}$ = orkunotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$E_{t,40½}$ = orkunotkun miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

e) Vegið afl „þegar slökkt er á búnaði“ (P_o) er reiknað í W á eftirfarandi hátt og námundað með tveimur aukastöfum:

$$P_o = (3 \times P_{o,60} + 2 \times P_{o,60½} + 2 \times P_{o,40½})/7$$

þar sem:

$P_{o,60}$ = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$P_{o,60½}$ = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við hlutahleðslu,

$P_{o,40½}$ = afl „þegar slökkt er á búnaði“ miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi miðað við hlutahleðslu,

f) Vegið afl í „reiðuham eftir notkun“ (P_l) er reiknað í W á eftirfarandi hátt og námundað með tveimur aukastöfum:

$$P_l = (3 \times P_{l,60} + 2 \times P_{l,60½} + 2 \times P_{l,40½})/7$$

þar sem:

$P_{l,60}$ = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$P_{l,60½}$ = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$P_{l,40½}$ = afl í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

g) Vegin tímalengd kerfis (T_t) er reiknuð út í mínútum á eftirfarandi hátt og námunduð að næstu mínútu:

$$T_t = (3 \times T_{t,60} + 2 \times T_{t,60½} + 2 \times T_{t,40½})/7$$

þar sem:

$T_{t,60}$ = tímalengd kerfis miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$T_{t,60½}$ = tímalengd kerfis miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$T_{t,40½}$ = tímalengd kerfis miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

h) Veginn tími í reiðuham eftir notkun (T_l) er reiknaður út í mínútum á eftirfarandi hátt og námundaður að næstu mínútu:

$$T_l = (3 \times T_{l,60} + 2 \times T_{l,60½} + 2 \times T_{l,40½})/7$$

þar sem:

$T_{t,60}$ = tíminn í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$T_{t,60½}$ = tíminn í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$T_{l,40½}$ = tíminn í „reiðuham eftir notkun“ miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

2. ÚTREIKNINGUR Á VEGINNI ÁRLEGRI VATNSNOTKUN

a) Vegin árleg vatnsnotkun (AW_C) þvottavélar til heimilisnota er reiknuð út í lítrum og námunduð að næstu heilu tölu, sbr.:

$$AW_c = W_t \times 220$$

þar sem:

W_t = vegin árleg vatnsnotkun,

220 = heildarfjöldi staðalþvottalotna á ári

b) Vegin árleg vatnsnotkun (W_t) er reiknuð út í lítrum og námunduð að næstu heilu tölu

$$W_t = (3 \times W_{t,60} + 2 \times W_{t,60½} + 2 \times W_{t,40½})/7$$

þar sem:

$W_{t,60}$ = vatnsnotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu,

$W_{t,60½}$ = vatnsnotkun miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu,

$W_{t,40½}$ = vatnsnotkun miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu.

3. ÚTREIKNINGUR VEGINS RAKAINNIHALDS SEM EFTIR ER

Vegið rakainnihald sem eftir er (D) fyrir þvottavélar til heimilisnota er reiknað í hundraðshlutum á eftirfarandi hátt og námundað að næsta heila prósenti:

$$D = (3 \times D_{60} + 2 \times D_{60½} + 2 \times D_{40½})/7$$

þar sem:

D_{60} er afgangsrakainnihald miðað við 60 °C staðalbaðmullarkerfi og fulla hleðslu, í hundraðshlutum og námundað að næsta heila hundraðshluta,

$D_{60½}$ er afgangsrakainnihald miðað við 60 ° C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu, í hundraðshlutum og námundað að næsta heila hundraðshluta,

$D_{40½}$ er afgangsrakainnihald miðað við 40 °C staðalbaðmullarkerfi og hlutahleðslu, í hundraðshlutum og námundað að næsta heila hundraðshluta.

Framseld reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1062/2010 **2013/EES/16/27**

frá 28. september 2010

um viðbætur við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/EB að því er varðar orkumerkingar sjónvarpa (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2010/30/ESB frá 19. maí 2010 um merkingar og staðlaðar vörulýsingar á orkutengdum vörum er greina frá notkun þeirra á orku og öðrum aðföngum ([1]), einkum 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í tilskipun 2010/30/ESB er þess krafist að framkvæmdastjórnin samþykki framseldar gerðir að því er varðar merkingar orkutengdra vara sem hafa umtalsverða möguleika á orkusparnaði og þar sem mikils misræmis gætir í nothæfisstigi með sambærilega virkni.

2) Raforkunotkun sjónvarpa er verulegur hluti af heildarraforkuþörf til heimilisnota í Sambandinu og mikils misræmis gætir í orkunýtni sjónvarpa með sambærilega virkni. Bæta má orkunýtni sjónvarpa verulega. Sjónvörp skulu því falla undir kröfur um orkumerkingar.

3) Setja skal samræmd ákvæði um upplýsingar um orkunýtni og notkun sjónvarpa með merkingum og stöðluðum vörulýsingum í því skyni að veita framleiðendum hvata til að bæta orkunýtni sjónvarpa, hvetja endanlega notendur til að kaupa orkunýtnar tegundir, draga úr raforkunotkun þessara vara, og styðja starfsemi innri markaðarins.

4) Samanlögð áhrif ákvæðanna sem sett eru fram í þessari reglugerð og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 642/2009 frá 22. júlí 2009 um framkvæmd tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2005/32/EB að því er varðar kröfur varðandi visthönnun á sjónvörpum ([2]) gætu fyrir árið 20202 leitt af sér árlegan raforkusparnað sem nemur 43 TWh, miðað við stöðuna ef ekki er gripið til neinna aðgerða.

5) Upplýsingarnar sem koma fram á merkimiðanum skulu vera fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og, þar sem þeir liggja fyrir, samhæfðra staðla sem samþykktir hafa verið af evrópsku staðlastofnununum, sem taldar eru upp í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/34/EB frá 22. júní 1998 sem setur reglur um tilhögun upplýsingaskipta vegna tæknilegra staðla og reglugerða sem og reglna um þjónustu í upplýsingasamfélaginu ([3]).

6) Í þessari reglugerð skal tilgreina samræmda hönnun og innihald merkimiðans fyrir sjónvörp.

7) Auk þess skal í þessi reglugerð tilgreina kröfur um tæknigögn og upplýsingablað um sjónvörp.

8) Enn fremur ber að tilgreina í þessari reglugerð kröfur um upplýsingar sem veita skal vegna hvers konar fjarsölu, auglýsinga og tæknilegs kynningarefnis um sjónvörp.

9) Til þess að hvetja til framleiðslu orkunýtinna sjónvarpa skal heimila birgjum, sem óska eftir því að setja á markað sjónvörp sem geta uppfyllt kröfur um hærri orkunýtniflokk, að framvísa merkimiðum sem sýna þessa flokka fyrir þá dagsetningu sem tilgreining slíkra flokka verður skyldubundin.

10) Kveða skal á um að við endurskoðun þessarar reglugerðar verði tekið tillit til tækniframfara.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 314, 30.11.2010, bls. 64. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 218/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 153, 18.6.2010, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 191, 23.7.2009, bls. 42.

([3]) Stjtíð. EB L 204, 21.7.1998, bls. 37.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar kröfur um merkingar og veitingu viðbótarvöruupplýsinga um sjónvörp.

2. gr.

Skilgreiningar

Til viðbótar við þær skilgreiningar, sem mælt er fyrir um í 2. gr. tilskipunar 2010/30/ESB, er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

1) „sjónvarp“: sjónvarpstæki eða sjónvarpsskjár,

2) „sjónvarpstæki“: vara sem er fyrst og fremst hönnuð til að sýna og taka á móti hljóð- og myndmerkjum er sett á markað undir einu tegundar- eða kerfisheiti og samanstendur af:

   a) skjá,

   b) einum eða fleiri rásveljurum/móttökubúnaði og valkvæðri viðbótarvirkni sem tengist geymslu og/eða birtingu gagna eins og stafrænum mynddiski, hörðum diski eða myndbandstæki, ýmist í einni einingu ásamt skjánum, eða í einni eða fleiri aðskildum einingum,

3) „sjónvarpsskjár“: vara hönnuð til að birta myndmerki frá mörgum merkjagjöfum á samþættum skjá, þ.m.t. sjónvarpsútsendingarmerki, sem einnig getur stjórnað og flutt hljóðmerki fá ytri merkisgjafa, sem er tengdur í gegnum staðlaðar myndmerkjaleiðir, þ.m.t. gjarðartengi (fjölþátta, samsett), SCART, HDMI og þráðlausa staðla framtíðarinnar (að undanskildum óstöðluðum leiðum fyrir myndmerki eins og DVI og SDI) en getur ekki tekið á móti og unnið úr útsendingarmerkjum,

4) „kveikt á tæki“: ástand þar sem sjónvarpið er tengt við rafkerfið og framkallar hljóð og mynd,

5) „heimilisstilling“: sjónvarpsstilling sem framleiðandi mælir með fyrir venjulega notkun á heimili,

6) „reiðuhamur“: ástand þar sem búnaður er tengdur við rafkerfið, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað rétt og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið:

   a) endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða

   b) birtingu upplýsinga eða stöðu,

7) „slökkt á búnaði“: ástand þar sem búnaður er tengdur rafkerfinu en engin aðgerð er virk og telst eftirfarandi enn fremur falla undir að slökkt sé á búnaði:

   a) ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði,

   b) ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB ([4]),

8) „endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. hamurinn kveikt á tæki, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýring, innbyggður nemi eða tímamælir, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. kveikja á búnaði,

9) „birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,

10) „skylduvalmynd“: safn sjónvarpsstillinga sem framleiðandi hefur ákveðið fyrirfram þar sem notandi sjónvarpsins verður að velja tiltekna stillingu þegar kveikt er á sjónvarpinu í fyrsta skipti,

11) „hlutfall hámarksljóma“: hlutfall hámarksljóma heimilisstillingar sjónvarpsins eða í því ástandi þegar kveikt er á því eins og birgirinn stillir það, eftir því sem við á, og hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því,

12) „sölustaður“: staður þar sem sjónvörp til heimilisnota eru til sýnis eða sölu, leigu eða kaupleigu,

13) „endanlegur notandi“: neytandi sem er kaupandi eða væntanlegur kaupandi að sjónvarpi.

([4]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

3. gr.

Ábyrgð birgja

1. Birgjar skulu sjá til þess að:

a) hvert sjónvarp sé afhent með prentuðum miða á því sniði og með þeim upplýsingum sem settar eru fram í V. viðauka,

b) vöruupplýsingablað, eins og segir í III. viðauka, sé gert aðgengilegt,

c) tæknigögnin, eins og þau eru sett fram í IV. viðauka séu gerð aðgengileg yfirvöldum aðildarríkjanna og framkvæmdastjórninni, sé þess óskað,

d) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund sjónvarps innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

e) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund sjónvarpa og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

2. Orkunýtniflokkarnir skulu byggðir á orkunýtnistuðlinum sem reiknaður er í samræmi við II. viðauka.

3. Snið merkimiða sem sett er fram í V. viðauka gildir samkvæmt eftirfarandi tímaáætlun:

a) hvað varðar sjónvörp sem sett eru á markað frá og með 30. nóvember 2011, skulu merkimiðar fyrir sjónvörp í orkunýtniflokkum:

   i. A, B, C, D, E, F, G vera í samræmi við 1. lið V. viðauka eða, eftir því sem birgjar telja rétt, við 2. lið þess viðauka,

   ii. A+ skal vera í samræmi við 2. lið V. viðauka.

   iii. A++ skal vera í samræmi við 3. lið V. viðauka.

   iv. A+++ skal vera í samræmi við 4. lið V. viðauka.

b) hvað varðar sjónvörp sem sett eru á markað frá og með 1. janúar 2014 í orkunýtniflokkum A+, A, B, C, D, E, F, skulu merkimiðar vera í samræmi við 2. lið V. viðauka eða, eftir því sem birgjar telja rétt, við 3. lið þess viðauka,

c) hvað varðar sjónvörp sem sett eru á markað frá og með 1. janúar 2017 í orkunýtniflokkum A++, A+, A, B, C, D, E, skulu merkimiðar vera í samræmi við 3. lið V. viðauka eða, eftir því sem birgjar telja rétt, við 4. lið þess viðauka,

d) hvað varðar sjónvörp sem sett eru á markað frá 1. janúar 2020 í orkunýtniflokkum A+++, A++, A+, A, B, C, D, skulu merkimiðar vera í samræmi við 4. lið V. viðauka

4. gr.

Ábyrgð seljenda

Seljendur skulu sjá til þess að:

a) hvert sjónvarp beri á sölustað merkimiða frá birgjum í samræmi við 1. mgr. 3. gr. á framhlið sjónvarpsins, þannig að hann sjáist greinilega,

b) sjónvörp sem boðin eru til sölu, leigu eða kaupleigu þar sem ekki er við því að búast að endanlegir notendur geti séð sjónvörpin, séu markaðssett með þeim upplýsingum sem birgjar veita í samræmi við VI. viðauka,

c) allar auglýsingar fyrir sérstaka tegund sjónvarps innihaldi orkunýtniflokkinn, ef í auglýsingunni birtast orkutengdar upplýsingar eða verðupplýsingar,

d) allt tæknilegt kynningarefni sem varðar sérstaka tegund sjónvarpa og lýsir sérstökum tæknilegum kennistærðum þeirra innihaldi orkunýtniflokk þeirrar tegundar.

5. gr.

Mæliaðferðir

Upplýsingarnar sem veita ber skv. 3. og 4. gr. skulu fengnar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, eins og segir í VII. viðauka.

6. gr.

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Aðildarríkin skulu beita málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í VIII. viðauka við mat á samræmi tilgreinds orkunýtniflokks.

7. gr.

Endurskoðun

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara eigi síðar en fimm árum eftir að hún öðlast gildi.

8. gr.

Bráðabirgðaákvæði

Ákvæði d- og e-liðar 1. mgr. 3. gr. og b-, c- og d-liður 4. gr. gilda ekki um prentað auglýsingaefni og prentað tæknilegt kynningarefni sem birt er fyrir 30. mars 2012.

9. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 30. nóvember 2011. Ákvæði d- og e-liðar 1. mgr. 3. gr. og b-, c- og d-liðar 4. gr. gilda hinsvegar frá 30. mars 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 28. september 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Orkunýtniflokkur

Orkunýtniflokkur sjónvarps skal ákvarðaður á grunni orkunýtnistuðuls (EEI) eins og fram kemur í töflu 1. Orkunýtnistuðull sjónvarps skal ákvarðaður í samræmi við 1. lið II. viðauka.

Tafla 1

Orkunýtniflokkur sjónvarps

Orkunýtniflokkur	Orkunýtnistuðull
A+++ (hámarksnýtni)	$EEI < 0{,}10$
A++	$0{,}10 \leq EEI < 0{,}16$
A+	$0{,}16 \leq EEI < 0{,}23$
A	$0{,}23 \leq EEI < 0{,}30$
B	$0{,}30 \leq EEI < 0{,}42$
C	$0{,}42 \leq EEI < 0{,}60$
D	$0{,}60 \leq EEI < 0{,}80$
E	$0{,}80 \leq EEI < 0{,}90$
F	$0{,}90 \leq EEI < 1{,}00$
G (lakasta nýtni)	$1{,}00 \leq EEI$

II. VIÐAUKI

Aðferð til að reikna út orkunýtnistuðul og árlega orkunotkun þegar kveikt er á tæki

1. Orkunýtnistuðull (EEI) er reiknaður út sem EEI = P/P_{ref} (A), þar sem:

   – P_{ref} (A) = P_{basic} + A × 4,3224 vött/dm^2,

   – P_{basic} = 20 vött fyrir sjónvarpstæki með einum rásveljara/móttakara og engum hörðum diski,

   – P_{basic} = 24 vött fyrir sjónvarpstæki með hörðum diski/diskum,

   – P_{basic} = 24 vött fyrir sjónvarpstæki með tveimur eða fleiri rásveljurum/móttökurum,

   – P_{basic} = 28 vött fyrir sjónvarpstæki með hörðum diski/diskum og tveimur eða fleiri rásveljurum/móttökurum,

   – P_{basic} = 15 W fyrir sjónvarpsskjái,

   A er sýnilegur skjáflötur í dm^2

   P er aflþörf sjónvarps í vöttum þegar kveikt er á tæki, mælt í samræmi við VII. viðauka, námunduð með einum aukastaf.

2. Árleg orkunotkun E í kWh þegar kveikt er á tækinu er reiknuð sem E = 1,46 × P.

3. Sjónvörp með sjálfvirka birtustillingu

   Við útreikning á orkunýtnistuðlinum og árlegri orkunotkun þegar kveikt er á tækinu, sbr. 1. og 2. lið, lækkar aflþörf þegar kveikt er á tækinu, þegar mælt er samkvæmt aðferðinni sem er sett fram í VII. viðauka, um 5%, ef eftirfarandi skilyrðum er fullnægt þegar sjónvarp er sett á markað:

   a) ljómi sjónvarpsins í heimilisstillingu eða þegar kveikt er á því samkvæmt stillingu birgis, lækkar sjálfvirkt við styrk umhverfislýsingar sem er a.m.k. á bilinu 20 lúx og 0 lúx,

   b) sjálfvirka birtustillingin er virkjuð í heimilisstillingu eða þegar kveikt er á sjónvarpinu samkvæmt stillingum birgis.

III. VIÐAUKI

Vöruupplýsingablað

1. Upplýsingarnar á vöruupplýsingablaðinu um sjónvarpið skulu veittar í eftirfarandi röð og skulu koma fram í kynningarritum fyrir vöruna eða öðru lesefni sem fylgir vörunni:

   a) nafn eða vörumerki birgis,

   b) tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ er kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund sjónvarpa frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

   c) orkunýtniflokkur tegundarinnar í samræmi við töflu 1 í I. viðauka; ef sjónvarpinu hefur verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 66/2010 ([5]), mega þessar upplýsingar koma fram,

   d) hornalína sýnilegs skjás í cm og tommum,

   e) aflþörf þegar kveikt er á tækinu mælt í samræmi við aðferðina sem sett er fram í VII. viðauka,

   f) árleg orkunotkun reiknuð í samræmi við II. viðauka í kWh/ári, námunduð að næstu heilu tölu; henni skal lýst sem: „Orkunotkun XYZ kWh/ári, miðað við aflþörf sjónvarps sem er í gangi 4 stundir á dag í 365 daga. Raunorkunotkun fer eftir því hvernig sjónvarpið er notað.“,

   g) aflþörf í reiðuham og þegar slökkt er á tækinu eða hvort tveggja mælt í samræmi við aðferðina sem sett er fram í VII. viðauka,

   h) skjáupplausn í raunverulegum fjölda myndeinda lárétt og lóðrétt.

2. Eitt upplýsingablað getur náð yfir margar tegundir sjónvarpa frá sama birgi.

3. Upplýsingarnar á upplýsingablaðinu má veita með því að afrita merkimiðann, annaðhvort í lit eða í svart-hvítu. Þar sem sú er raunin skal einnig veita upplýsingarnar sem taldar eru upp í 1. lið og koma ekki fram á merkimiða.

———

([5]) Stjtíð. ESB L 27, 30.1.2010, bls. 1.

IV. VIÐAUKI

Tæknigögn

Tæknigögnin sem um getur í c-lið 1. mgr. 3. gr. skulu innihalda:

a) nafn og heimilisfang birgis,

b) almenna lýsingu á tegund sjónvarpsins þannig að hana megi sanngreina auðveldlega og án nokkurs vafa,

c) ef við á, tilvísanir í þá samhæfðu staðla sem notaðir eru,

d) ef við á, aðra tæknistaðla og -forskriftir sem notast er við,

e) auðkenni og undirskrift þess sem hefur umboð til að skuldbinda birginn,

f) prófunarþætti fyrir mælingarnar:

   i. umhverfishiti,

   ii. prófunarspenna í V og tíðni í Hz,

   iii. heildaryfirsveiflubjögun rafveitukerfisins,

   iv. inngangstengi fyrir hljóð- og myndprófunarmerkin,

   v. upplýsingar og gögn um tækjabúnað, uppsetningu og straumrásir notaðar við rafmagnsprófun,

g) mæliþætti þegar kveikt er á tækinu:

   i. gögn um aflþörf í vöttum með einum aukastaf fyrir aflmælingar upp að 100 vöttum og gögn námunduð að næstu heilu tölu fyrir aflmælingar yfir 100 vöttum,

   ii. einkenni virka myndmerkisins sem svarar til efnis dæmigerðrar sjónvarpsútsendingar,

   iii. röð þrepa sem þarf til að ná stöðugu ástandi að því er varðar aflþörf,

   iv. fyrir sjónvörp með skylduvalmynd skal gefa upp í hundraðshlutum hlutfall hámarksljóma heimilisstillingar og hámarksljóma sjónvarpsins í sínu bjartasta ástandi þegar kveikt er á því,

   v. fyrir sjónvarpsskjái skal gefa lýsingu á viðeigandi einkennum rásveljarans sem notaður er til mælinga,

h) fyrir hvern reiðuham eða þann ham þar sem slökkt er á tækinu:

   i. gögn um aflþörf í vöttum með tveimur aukastöfum,

   ii. mæliaðferðina sem var notuð,

   iii. lýsingu á því hvernig hamurinn var valinn eða forritaður,


   iv. röð atburða þar til sjónvarpið skiptir sjálfkrafa úr einum ham yfir í annan,

———

V. VIÐAUKI

Merkimiði

1. MERKIMIÐI 1



a) Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á merkimiðanum:

I. nafn eða vörumerki birgis,

II. tegundarauðkenni birgis, þar sem „tegundarauðkenni“ er kóði, venjulega alstafa, sem greinir tiltekna tegund sjónvarpa frá öðrum tegundum með sama vörumerki eða nafni birgis,

III. orkunýtniflokkur sjónvarpsins sem ákvarðaður er í samræmi við IV. viðauka. Örvaroddurinn með orkunýtniflokk sjónvarpsins skal vera í sömu hæð og örvaroddur þess orkunýtniflokks sem við á,

IV. aflþörf í vöttum þegar kveikt er á tækinu, námunduð að næstu heilu tölu,

V. árleg aflþörf þegar kveikt er á tækinu, reiknuð í samræmi við lið 2 í II. viðauka í kWh, námunduð að næstu heilu tölu,


VI. hornalína sýnilegs skjás í tommum og cm.

Hvað varðar sjónvörp, með vel sýnilegan rofa, sem færir sjónvarpið í ástand þar sem aflþörf þess er ekki meiri en 0,01 vött þegar hann er notaður til að slökkva á því, má bæta við tákninu sem skilgreint er í 8. undirlið 5. liðar.

Hafi tegund verið veitt „umhverfismerki ESB“ samkvæmt reglugerð (EB) nr. 66/2010, má bæta afriti af umhverfismerkinu við.

b) Hönnunarþættir merkimiðans skulu vera í samræmi við lið 5.


2. MERKIMIÐI 2



a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið 1. liðar skulu vera á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans skulu vera í samræmi við lið 5.


3. MERKIMIÐI 3



a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið 1. liðar skulu vera á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans skulu vera í samræmi við lið 5.


4. MERKIMIÐI 4



a) Upplýsingarnar sem taldar eru upp í a-lið 1. liðar skulu vera á merkimiðanum.

b) Hönnunarþættir merkimiðans skulu vera í samræmi við lið 5.

5. Hönnun merkimiðans skal vera eftirfarandi:



Þar sem:

a) Merkimiðinn skal vera minnst 60 mm á breidd og 120 mm á hæð. Ef merkimiðinn er prentaður á stærra sniði verður efni hans eftir sem áður að vera í réttu hlutfalli við forskriftina hér á undan.

b) Hvað varðar sjónvörp með skjáflöt sem er stærri en 29 dm^2 skal bakgrunnurinn vera hvítur. Hvað varðar sjónvörp með skjáflöt sem er 29 dm^2 eða minni skal bakgrunnurinn vera hvítur eða gagnsær.

c) Notuð er CMYK-litaskipan – blár, blárauður, gulur og svartur – í samræmi við eftirfarandi dæmi: 00-70-X-00: 0% blár, 70% blárauður, 100% gulur, 0% svartur,

d) Merkimiðinn skal uppfylla allar eftirfarandi kröfur (tölur vísa til myndarinnar hér að framan):

1 **Rammastrik:** 3 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

2 **Kennimerki ESB** — litir: X-80-00-00 og 00-00-X-00.

3 **Merkimiði með kennimerki:**

litur: X-00-00-00.

Skýringarmynd eins og sýnd er, kennimerki ESB og merkimiði með kennimerki (sameinað): breidd: 51 mm, hæð: 9 mm.

❹ **Lína undir kennimerki:** 1 pt — litur: blár 100% — lengd: 51 mm.

❺ **A-G kvarði**

– **Ör:** hæð: 3,8 mm, bil: 0,75 mm — litir:
  – Hæsti flokkur: X-00-X-00,
  – Annar flokkur: 70-00-X-00,
  – Þriðji flokkur: 30-00-X-00,
  – Fjórði flokkur: 00-00-X-00,
  – Fimmti flokkur: 00-30-X-00,
  – Sjötti flokkur: 00-70-X-00,
  – Síðasti flokkur: 00-X-X-00.
– **Texti:** Feitt, 10 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; '+' tákn: Feitt 7 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit.

❻ **Orkunýtniflokkur**

– **Ör**: breidd: 26 mm, hæð: 8 mm, 100% svört.
– **Texti:** Feitt, 15 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit; '+' tákn: Feitt 10 pt Calibri-letur með hástöfum og í hvítum lit.

❼ **Orka**

– **Texti:** Hefðbundið 7pt Calibri-letur með hástöfum, 100% svart.

❽ **Kennimerki rofa:**

– **Skýringarmynd eins og sýnt er, Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.

❾ **Texti í tengslum við aflþörf þegar kveikt er á tækinu:**

– **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
– **Gildi:** Feitt 14 pt Calibri-letur, 100% svart.
– **Önnur lína:** Hefðbundið, 11 pt Calibri-letur 100% svart.

❿ **Lengd hornalínu sjónvarpsskjás:**

Skýringarmynd eins og sýnt er

– **Rammi:** 1 pt — litur: blár 100% — rúnnuð horn: 3,5 mm.
– **Gildi:** Feitt 14 pt Calibri-letur, 100% svart. Hefðbundið 11 pt Calibri-letur 100% svart.

⓫ **Texti sem tengist árlegri orkunotkun:**

– **Rammi:** 2 pt — litur: blár 100 % — rúnnuð horn: 3,5 mm.
– **Gildi:** Feitt 25 pt Calibri-letur, 100% svart.
– **Önnur lína:** Hefðbundið 11 pt Calibri-letur 100% svart.

⓬ **Nafn eða vörumerki birgis**

⓭ **Tegundarauðkenni birgis**

⓮ Nafn eða vörumerki birgis og upplýsingar um tegund skulu rúmast í 51 x 8 mm rými.

⓯ **Viðmiðunartímabil**

Texti: Feitt 8 pt Calibri-letur 8 pt

Texti: 9 pt Calibri light letur.

———

VI. VIÐAUKI

Upplýsingar sem skulu veittar í þeim tilfellum þar sem ekki er hægt að gera ráð fyrir því að endanlegir notendur geti skoðað vöruna

1. Upplýsingarnar sem um getur í b-lið 4. gr. skulu veittar í eftirfarandi röð:

   a) orkunýtniflokkur tegundar eins og skilgreint er í I. viðauka,

   b) aflþörf þegar kveikt er á tækinu eins og um getur í 1. lið II. viðauka,

   c) árleg aflþörf í samræmi við 2. lið II. viðauka,

   d) hornalína sýnilegs skjás

2. Ef veittar eru frekari upplýsingar, sem er að finna í vöruupplýsingablaðinu, skulu þær veittar með þeim hætti og í þeirri röð sem tilgreind er í III. viðauka.

3. Allar upplýsingar sem um getur í þessum viðauka skulu prentaðar eða sýndar með leturgerð sem er nægilega stór til að vera vel læsileg.

———

VII. VIÐAUKI

Mælingar

1. Til þess að uppfylla kröfur þessarar reglugerðar og sannprófa að þær hafi verið uppfylltar skulu mælingar gerðar með áreiðanlegum, nákvæmum og samanburðarnákvæmum mæliaðferðum sem taka tillit til almennt viðurkenndra mæliaðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni, þ.m.t. aðferðir sem kveðið er á um í skjölum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í þeim tilgangi í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. **Mælingar á aflþörf þegar kveikt er á tækinu sem um getur í 1. lið II. viðauka.**

   a) Almenn skilyrði:

      i. Mælingar skulu gerðar við umhverfishita sem er 23 °C +/– 5 °C.

      ii. mælingar skulu gerðar með virku myndmerki sem svarar til efnis dæmigerðrar sjónvarpsútsendingar; mæla skal meðalaflþörf í tíu mínútur samfellt,

      iii. mælingar skulu gerðar eftir að slökkt hefur verið á sjónvarpinu í a.m.k. 1 klukkustund og strax þar á eftir kveikt á því í a.m.k. 1 klukkustund og skal lokið áður en kveikt hefur verið á sjónvarpinu í 3 klukkustundir að hámarki. Viðeigandi myndmerki skal sýnt allan tímann meðan kveikt er á tækinu. Hvað varðar sjónvörp sem vitað er að ná stöðugu ástandi innan 1 klukkustundar má minnka þennan tíma ef hægt er að sýna fram á að niðurstöður mælinganna víkja ekki meira en 2% frá þeim niðurstöðum sem annars fengjust á þeim tíma sem hér er lýst.

      iv. Mælingar skulu gerðar með óvissu sem er 2% eða minni við 95% öryggisstig.

      v. Mælingar skulu gerðar eftir að sjálfvirk birtustilling hefur verið gerð óvirk sé hún til staðar. Ef sjálfvirk birtustilling er til staðar og ekki er hægt að gera hana óvirka skulu mælingar framkvæmdar þannig að ljósið fari beint inn í umhverfisljósnemann og sé 300 lúx eða meira.

   b) Skilyrði til að mæla aflþörf sjónvarpa þegar kveikt er á tækjunum:

      i. sjónvarpstæki án skylduvalmyndar: Aflþörf skal mæld þegar kveikt er á sjónvarpinu með þeim stillingum sem koma frá framleiðanda, þ.e.a.s. birtustilling sjónvarpsins skal vera sú sem framleiðandi ákveður fyrir endanlegan notanda,

      ii. sjónvarpstæki með skylduvalmynd: Aflþörf skal mæld í „heimilisstillingu“,

      iii. sjónvarpsskjáir án skylduvalmyndar: Sjónvarpsskjárinn skal tengdur við viðeigandi rásveljara. Aflþörf skal mæld þegar kveikt er á sjónvarpinu með þeim stillingum sem koma frá framleiðanda, þ.e.a.s. birtustilling sjónvarpsins skal vera sú sem framleiðandi ákveður fyrir endanlegan notanda. Aflþörf rásveljarans skiptir ekki máli við mælingu á aflþörf sjónvarpsskjásins þegar kveikt er á honum.

      iv. sjónvarpsskjáir með skylduvalmynd: Sjónvarpsskjárinn skal tengdur við viðeigandi rásveljara. Aflþörf skal mæld í „heimilisstillingu“.

3. **Mælingar á aflþörf í reiðuham/þegar slökkt er á búnaði eins og um getur í g-lið 1. liðar III. viðauka.**

   Mælingar á afli sem er 0,50 W eða meira skulu gerðar með óvissu sem er 2% eða minni við 95% öryggisstig. Mælingar á afli sem er minna en 0,50 W skulu gerðar með óvissu sem er 0,01 W eða minna við 95% öryggisstig.

4. **Mælingar á hámarksljóma eins og um getur í c-lið 2. liðar VIII. viðauka.**

   a) Mælingar á hámarksljóma skulu gerðar með ljómamæli sem mælir þann hluta skjásins sem sýnir (100%) hvíta mynd og er hluti af prófunarmynstri, sem notað er fyrir heilskjásprófun, sem fer ekki yfir meðalmyndgildið (APL) þar sem afltakmörkun á sér stað í ljómastýrikerfi skjásins.

   b) Mælingar á ljómahlutfallinu skulu gerðar án þess að breyta mælipunkti ljómamælisins á skjánum meðan skipt er á milli heimilisstillingar eða þegar kveikt er á sjónvarpinu samkvæmt stillingum birgis, eftir því sem við á, og björtustu stillingar þegar kveikt er á tækinu.

VIII. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Í þeim tilgangi að kanna samræmi við kröfurnar sem mælt er fyrir um í 3. og 4. gr. skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar aflþörf þegar kveikt er á tæki sem vísað er til í 1. lið II. viðauka og aflþörf í reiðuham/þegar slökkt er á búnaði eins og um getur í g-lið 1. liðar III. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkjunum skulu prófa staka einingu.

2. Tegundin skal teljast vera í samræmi við yfirlýst gildi aflþarfar þegar kveikt er á tæki og yfirlýst gildi í reiðuham og/eða þegar slökkt er á búnaði, að því tilskildu að:

   a) niðurstaða mælinga á aflþörf þegar kveikt er á tæki fari ekki meira en 7% yfir yfirlýst gildi orkunotkunar, og

   b) niðurstöður mælinga fyrir gildi aflþarfar í reiðuham og þegar slökkt er á búnaði, eftir því sem við á, fari ekki meira en 0,10 W yfir yfirlýst gildi aflþarfar, og

   c) niðurstaða mælinga á hlutfalli hámarksljóma sé yfir 60%

3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í a-, b- eða c-lið 2. liðar fást ekki skal prófa þrjár einingar til viðbótar af sömu tegund.

4. Eftir að þrjú eintök til viðbótar af sömu tegund hafa verið prófuð, skal tegundin teljast vera í samræmi við yfirlýst gildi aflþarfar þegar kveikt er á tæki og yfirlýst gildi í reiðuham og þegar slökkt er á búnaði, að því tilskildu að:

   a) meðaltal niðurstaðna mælinga á aflþörf þriggja síðarnefndu eininganna þegar kveikt er á þeim fari ekki meira en 7°% yfir yfirlýst gildi aflþarfar, og

   b) meðaltal niðurstaðna mælinga fyrir síðarnefndu þrjár einingarnar í reiðuham og þegar slökkt er á búnaði, eftir því sem við á, fari ekki meira en 0,10 W yfir yfirlýst gildi aflþarfar, og

   c) meðaltal niðurstaðna mælinga síðastnefndu eininganna þriggja að því er varðar hlutfall hámarksljóma sé yfir 60 %.

5. Ef niðurstöðurnar, sem um getur í a-, b- eða c-lið 4. liðar, fást ekki telst tegundin ekki uppfylla kröfurnar.

TILSKIPUN EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS 2012/11/ESB **2013/EES/16/28**

frá 19. apríl 2012

um breytingu á tilskipun 2004/40/EB um lágmarkskröfur um heilbrigði og öryggi að því er varðar áhættu starfsmanna vegna váhrifa eðlisfræðilegra áhrifavalda (rafsegulsviða) (átjánda sértilskipun í skilningi 1. mgr. 16. gr. tilskipunar 89/391/EBE) (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RAÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 2. mgr. 153. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópusambandsins ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í framhaldi af gildistöku tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2004/40/EB ([3]) létu hagsmunaaðilar, einkum í heilbrigðissamfélaginu, í ljós þungar áhyggjur af þeim áhrifum, sem framkvæmd þeirrar tilskipunar gæti haft á læknisaðgerðir, sem byggðar eru á læknisfræðilegri myndhermingu, og jafnframt af áhrifum hennar á tiltekna iðnaðarstarfsemi.

2) Framkvæmdastjórnin kannaði rökin sem hagsmunaaðilar settu fram og ákvað að endurskoða tiltekin ákvæði tilskipunar 2004/40/EB í ljósi nýrrar vísindaþekkingar.

3) Að því er varðar tilskipun 2004/40/EB var frestur til lögleiðingar hennar framlengdur með tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/46/EB ([4]) til 30. apríl 2012, í því skyni að skapa svigrúm til þess að samþykkja nýja tilskipun á grundvelli nýjustu vitneskju fyrir þá dagsetningu.

4) Hinn 14. júní 2011 samþykkti framkvæmdastjórnin tillögu að nýrri tilskipun í stað tilskipunar 2004/40/EB. Markmið nýju tilskipunarinnar er að tryggja í senn strangar kröfur um heilsuvernd og öryggi starfsmanna og áframhald og þróun á læknisfræðilegri starfsemi og annarri atvinnustarfsemi þar sem rafsegulsvið eru notuð. Af þessum sökum hafa flest aðildarríkin látið ógert að leiða í lög tilskipun 2004/40/EB, þar sem von er á nýju tilskipuninni fyrir 30. apríl 2012.

5) Þó er ólíklegt að ný tilskipun verði samþykkt fyrir 30. apríl 2012, að teknu tilliti til þess hve viðfangsefnið er tæknilega flókið.

6) Af þessum sökum er rétt að framlengja frestinn sem lýkur 30. apríl 2012. Því er nauðsynlegt að tilskipun þessi öðlist gildi á birtingardegi.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í 1. mgr. 13. gr. tilskipunar 2004/40/EB komi „31. október 2013“ í stað „30. apríl 2012“.

2. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 110, 24.4.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 227/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XVIII. viðauka (Öryggi og hollustuhættir á vinnustöðum, vinnuréttur og jafnrétti kynjanna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Álit frá 22. febrúar 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum).

([2]) Afstaða Evrópuþingsins frá 29. mars 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 11. apríl 2012.

([3]) Stjtíð. ESB L 159, 30.4.2004, bls. 1.

([4]) Stjtíð. ESB L 114, 26.4.2008, bls. 88.

3. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Strassborg 19. apríl 2012.

Fyrir hönd	*Evrópuþingsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	M. BØDSKOV

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/16/29**

frá 1. mars 2011

um breytingu á ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð (*)

(tilkynnt með númeri C(2011) 1165)

(2011/141/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 frá 27. október 2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd (reglugerð um samvinnu um neytendavernd) ([1]), einkum 6. gr. (4. mgr.), 7. gr. (3. mgr.), 8. gr. (7. mgr.), 9. gr. (4. mgr.), 10. gr. (3. mgr.), 12. gr. (6. mgr.), 13. gr. (5. mgr.) og 15. gr. (6. mgr.),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hinn 22. desember 2006 ([2]) samþykkti framkvæmdastjórnin ákvörðun 2007/76/EB um framkvæmd reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 2006/2004 um samvinnu milli innlendra yfirvalda sem bera ábyrgð á framkvæmd laga um neytendavernd að því er varðar gagnkvæma aðstoð.

2) Ákvörðun 2007/76/EB var breytt með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/282/EB ([3]) til að fastsetja meginreglur um tilkynningu um ráðstafanir til að framfylgja lögum, upplýsingar sem fram eiga að koma í tilkynningum í kjölfar tilkynningar um viðvörun og um samræmingu starfs við markaðseftirlit og lagaframkvæmd.

3) Nauðsynlegt er, á grundvelli fenginnar reynslu af rekstri samstarfsneta í aðildarríkjunum til framkvæmdar lögum, að endurskoða kröfurnar sem mælt er fyrir um í ákvörðun 2007/76/EB að því er varðar eyðingu upplýsinga í gagnagrunninum sem kveðið er á um í 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 og varðandi reglubundnar tilkynningar.

4) Einnig þykir rétt að skýra reglur um skyldur hins lögbæra samræmingaryfirvalds, þátttöku í samræmdu starfi við lagaframkvæmd og þær lágmarksupplýsingar sem láta skal í té innan ramma slíkra aðgerða.

5) Nauðsynlegt er að samræma ákvörðun 2007/76/EB áliti 6/2007 frá starfshópi um vernd einstaklinga í tengslum við vinnslu persónuupplýsinga ([4]), sem var komið var á fót með 29. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 95/46/EB ([5]), og áliti Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar ([6]).

6) Því ber að breyta ákvörðun 2007/76/EB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004.

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við ákvörðun 2007/76/EB er breytt til samræmis við viðaukann við þessa ákvörðun.

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. mars 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

John DALLI

framkvæmdastjóri.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 4.3.2011, bls. 63. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 228/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 364, 9.12.2004, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 32, 6.2.2007, bls. 192.

([3]) Stjtíð. ESB L 89, 1.4.2008, bls. 26.

([4]) Álit 6/2007/EB um gagnaverndarmál í tengslum við kerfið fyrir samvinnu um neytendavernd (CPCS-kerfið) 01910/2007/EN, WP 139, samþykkt 21. september 2007.

([5]) Stjtíð. EB L 281, 23.11.1995, bls. 31.

([6]) Álit Evrópsku persónuverndarstofnunarinnar, tilvísun 2010-0692.

VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2007/76/EB er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 2.1.3 komi eftirfarandi:

„2.1.3. Náist ekki samkomulag skal yfirvaldið, sem beiðni er beint til, gefa svar þar sem veittar eru allar viðeigandi upplýsingar sem það hefur yfir að ráða og tilgreina rannsóknar- og framkvæmdaraðgerðir, sem gripið hefur verið til eða eru áformaðar (þ.m.t. frestir), eigi síðar en 14 dögum frá þeim degi sem þau tóku við slíkri beiðni með milligöngu miðlægrar tengiskrifstofu. Yfirvaldið, sem beiðni er beint til, skal upplýsa yfirvaldið, sem leggur fram beiðni, um þessar aðgerðir reglubundið eins og við á, en a.m.k. á þriggja mánaða fresti, þar til:

a) allar viðeigandi upplýsingar, sem þarf til að ákvarða hvort brot innan Bandalagsins hafi átt sér stað eða til að ákvarða hvort rökstuddur grunur leiki á um að slíkt brot geti átt sér stað, hafa verið sendar til yfirvaldsins, sem lagði fram beiðni, eða

b) látið hefur verið af broti innan Bandalagsins eða sannað hefur verið að beiðnin var ekki á rökum reist.“

2) Í lið 2.1.5 bætast eftirfarandi málsgreinar við:

„Jafnskjótt og lögbært yfirvald uppgötvar að beiðni um gagnkvæma aðstoð skv. 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 inniheldur röng gögn, sem ekki er hægt að leiðrétta með öðrum leiðum, óska eftir að framkvæmdastjórnin fjarlægi upplýsingarnar úr gagnagrunninum eins fljótt og tæknilega er mögulegt og eigi síðar en sjö dögum eftir að hún hefur móttekið ósk um að þeim verði eytt.

Allar aðrar upplýsingar í tengslum við beiðni um gagnkvæma aðstoð skv. 6. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 skulu fjarlægðar úr gagnagrunninum fimm árum eftir að málinu er lokið.“

3) Í lið 2.2.2. bætist eftirfarandi málsgrein við:

„Rökstuddar viðvaranir skulu fjarlægðar úr gagnagrunninum fimm árum eftir að þær voru gefnar út.“

4) Í stað fyrirsagnar 4. kafla komi eftirfarandi:

„4. 4. KAFLI — AÐGANGUR AÐ UPPLÝSINGUM SEM SKIPST ER Á OG GAGNAVERND“.

5) Eftirfarandi liðir 4.3 og 4.4 bætist við:

„4.3. *Aðgangur framkvæmdastjórnarinnar að gögnum*

Aðgangur framkvæmdastjórnarinnar að gögnum skal takmarkast við það sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2006/2004. Undir þetta fellur aðgangur að viðvörunum skv. 1. mgr. 7. gr., að tilkynningum skv. 2. mgr. 7. gr. og að upplýsingum um samræmingu starfs við markaðseftirlit og lagaframkvæmd skv. 9. gr. og með skilyrðum skv. 5. mgr. 15. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004.

4.4. *Viðkvæmar upplýsingar*

Vinnsla lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum sem tengjast kynþætti, þjóðernislegum uppruna, stjórnmálaskoðunum, trú, stéttarfélagsaðild, heilbrigði eða kynlífi er bönnuð nema ógerlegt sé að uppfylla skuldbindingar samkvæmt reglugerð (EB) nr. 2006/2004 með öðru móti og vinnsla slíkra gagna sé heimil samkvæmt tilskipun 95/46/EB.

Notkun lögbærra yfirvalda á persónuupplýsingum sem tengjast afbrotum, grun um afbrot og öryggisráðstöfunum skal takmarkast við tiltekinn tilgang gagnkvæmrar aðstoðar eins og hann er skilgreindur í reglugerð (EB) nr. 2006/2004.“

6) Í stað 6. kafla komi eftirfarandi:

„6. 6. KAFLI — SAMRÆMING STARFS VIÐ MARKAÐSEFTIRLIT OG LAGAFRAMKVÆMD

6.1. Við beitingu á 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 geta yfirvöld, sem hafa samþykkt að samræma starf sitt við lagaframkvæmd, ákveðið að gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja fullnægjandi samræmingu og skulu framkvæma þær eftir bestu getu.

6.2. Lögbært yfirvald getur neitað að verða við beiðni um þátttöku þess í samræmdu starfi við lagaframkvæmd að höfðu samráði við yfirvaldið sem leggur fram beiðni ef:

a) dómsmeðferð hefur þegar farið fram eða dómsyfirvöld í aðildarríki yfirvaldsins, sem beiðni er beint til, eða yfirvaldsins, sem leggur fram beiðni, hafa þegar fellt endanlegan dóm varðandi sama brot innan Bandalagsins og gegn sömu seljendum eða birgjum,

b) ef það telur, að lokinni viðeigandi rannsókn, að brotið sem framið var innan Bandalagsins snerti það ekki.

Ef lögbært yfirvald ákveður að hafna beiðni um þátttöku í samræmdu starfi við lagaframkvæmd skal það tilgreina ástæður fyrir ákvörðun sinni.

Þessi grein skal ekki hafa áhrif á beitingu 6. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004.

6.3. Til að uppfylla skuldbindingar skv. 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004 geta viðeigandi lögbær yfirvöld ákveðið að eitt þeirra skuli samræma aðgerðir til framfylgdar lögum. Lögbæru yfirvöldin skulu taka tillit til sérstakra kringumstæðna í hverju tilviki fyrir sig en alla jafna tilnefna sem samræmingaryfirvald yfirvaldið þar sem söluaðili hefur aðalstöðvar sínar eða þar sem starfsemi hans fer aðallega fram eða þar sem meirihluti neytenda sem skaðast er staðsettur.

6.4. Framkvæmdastjórnin skal, komi fram beiðni um það, auðvelda samræmingu starfs skv. 1. og 2. mgr. 9. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004.

6.5. Lögbæra yfirvaldið, sem er tilnefnt sem samræmingaryfirvald samkvæmt lið 6.3., skal a.m.k. bera ábyrgð á eftirfarandi:

a) að stjórna samskiptum milli yfirvaldanna sem taka þátt í samræmdu starfi með viðeigandi aðferðum,

b) að semja drög að yfirlitsskýrslu við lok samræmds verkefnis þegar við á,

c) að ljúka samræmda verkefninu í gagnagrunninum eins fljótt og tæknilega er mögulegt og alla jafna innan sjö daga frá því að síðustu beiðni um gagnkvæma aðstoð milli tveggja lögbærra yfirvalda, sem taka þátt í samræmdu starfi við lagaframkvæmd, er lokið af hálfu hlutaðeigandi yfirvald sem lagði fram beiðni.

Skyldur samræmingaryfirvaldsins skulu ekki hafa áhrif á upplýsingaskyldur sem eru lagðar á herðar öðrum lögbærum yfirvöldum sem taka þátt í samræmi við reglugerð (EB) nr. 2006/2004 og reglur um framkvæmd hennar.

6.6. Þegar lögbært yfirvald ákveður að óska eftir að önnur yfirvöld samræmi starf við lagaframkvæmd skal það, til viðbótar við kröfur um upplýsingar, sem nauðsynlegar eru fyrir gagnkvæma aðstoð skv. 6., 7. og 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 2006/2004, láta í té a.m.k. eftirfarandi upplýsingar:

a) upplýsingar um lögbæra yfirvaldið sem leggur fram beiðni um samræmingu starfs við lagaframkvæmd,

b) nafn seljanda eða birgis,

c) heiti afurðar eða þjónustu,

d) flokkunarkóða,

e) auglýsingar eða sölumiðla sem eru notaðir,

f) lagagrundvöll,

g) stutt samantekt um brotið,

h) samantekt á markmiði samræmdra aðgerða.“

TILSKIPUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2011/90/ESB **2013/EES/16/30**

frá 14. nóvember 2011

um breytingu á II. hluta I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB þar sem settar eru fram viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/48/EB frá 23. apríl 2008 um lánssamninga fyrir neytendur og um niðurfellingu tilskipunar ráðsins 87/102/EBE ([1]) (tilskipun um neytendalán), einkum 5. mgr. 19. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Sú reynsla, sem aðildarríkin hafa aflað með framkvæmd tilskipunar 2008/48/EB hefur leitt í ljós að forsendurnar, sem settar eru fram í II. hluta I. viðauka við þá tilskipun, nægja ekki til að reikna út árlega hlutfallstölu kostnaðar á samræmdan hátt og enn fremur að þær eru ekki lengur lagaðar að stöðu viðskipta á markaðnum.

2) Nauðsynlegt er að bæta við þessar forsendur og kveða á um nýjar forsendur fyrir reglur um útreikning á árlegri hlutfallstölu lánskostnaðar vegna lána, sem ekki eru með föstum gildistíma eða lána sem eru endurgreiðanleg að fullu, með reglulegu millibili. Einnig er nauðsynlegt að kveða á um reglur til að tímasetja fyrstu nýtingu láns og þær greiðslur, sem neytandi innir af hendi.

3) Því ber að breyta II. hluta I: viðauka við tilskipun 2008/48/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið er á fót skv. 1. mgr. 25. gr. reglugerðar nr. 2008/48/EB, og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. hluta I. viðauka við tilskipun 2008/48/EB er breytt í samræmi við viðaukann við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2012. Þau skulu tilkynna það framkvæmdastjórninni þegar í stað.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2013.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 14. nóvember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 296, 15.11.2011, bls. 35. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 229/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á XIX. viðauka (Neytendavernd) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 133, 22.5.2008, bls. 66.

VIÐAUKI

Í stað II. hluta I. viðauka við tilskipun 2008/48/EB komi eftirfarandi:

„II. Viðbótarforsendur fyrir útreikningi á árlegri hlutfallstölu kostnaðar skulu vera sem hér segir:

a) Ef lánssamningur gerir neytanda kleift að nýta lánið að vild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt þegar í stað og að fullu.

b) Ef lánssamningur gerir neytanda almennt kleift að nýta lán að vild en setur, meðal mismunandi nýtingarmöguleika, takmarkanir að því er varðar lánsfjárhæðina og tímabilið, skal litið svo á að lánsfjárhæðin sé nýtt á fyrsta degi sem kveðið er á um í lánssamningnum og í samræmi við þessar takmarkanir á nýtingu.

c) Ef lánssamningur gefur kost á mismunandi nýtingarmöguleikum með mismunandi kostnaði eða útlánsvöxtum skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt með mesta kostnaði og útlánsvöxtum sem er beitt við algengasta nýtingarmöguleikann fyrir þessa tegund lánssamnings.

d) Þegar um er að ræða yfirdráttarheimild skal litið svo á að heildarfjárhæð láns sé nýtt til fulls og á öllum gildistíma lánssamningsins. Ef gildistími yfirdráttarheimildar er ekki þekktur skal, við útreikning á árlegri hlutfallstölu kostnaðar, gera ráð fyrir að gildistími lánsins sé þrír mánuðir.

e) Þegar um er að ræða opinn lánssamning sem ekki er yfirdráttarheimild skal gera ráð fyrir:

i. að lánið sé veitt til eins árs frá þeim degi sem það var fyrst nýtt og að með lokagreiðslu neytandans séu eftirstöðvar höfuðstóls, vextir og önnur gjöld, ef einhver eru, að fullu greidd,

ii. að neytandinn endurgreiði höfuðstól með jöfnum mánaðargreiðslum, sem hefjast einum mánuði eftir þann dag, sem lánið var fyrst nýtt. Þegar eingöngu skal endurgreiða höfuðstólinn að fullu í formi eingreiðslu á hverju greiðslutímabili, skal þó gera ráð fyrir að neytandinn nýti og endurgreiði í áföngum allan höfuðstólinn á eins árs tímabili. Nota skal vexti og önnur gjöld í samræmi við slíka nýtingu og endurgreiðslu höfuðstóls og eins og kveðið er á um í lánssamningnum.

Að því er varðar þetta atriði er opinn lánssamningur sá lánssamningur, sem ekki miðast við tiltekinn tíma og tekur til lána, sem eru endurgreiðanleg að fullu innan tiltekins tímabils eða að því loknu, og sem má nýta aftur þegar þau hafa verið endurgreidd.

f) Þegar um er að ræða lánssamninga aðra en yfirdráttarheimildir og opna lánssamninga sem um getur í forsendunum sem settar eru fram í d- og e-lið:

i. ef ekki er unnt að ganga úr skugga um dagsetningu eða endurgreiðslu á höfuðstól sem neytandanum ber að inna af hendi skal gera ráð fyrir því að endurgreiðsla fari fram á fyrsta degi, sem kveðið er á um í lánssamningnum, og nemi lægstu fjárhæð sem kveðið er á um í honum,

ii. ef lokadagsetning lánssamnings liggur ekki fyrir skal gera ráð fyrir að dagsetning fyrstu nýtingar sé sú dagsetning sem fengin er með stystum fresti milli þeirrar dagsetningar og dagsetningar fyrstu greiðslu sem neytandi skal inna af hendi.

g) Ef ekki er unnt að ganga úr skugga um dagsetningu eða fjárhæð greiðslu, sem neytandi skal inna af hendi, út frá lánssamningnum eða forsendunum, sem settar eru fram í d-, e- eða f-lið, skal gera ráð fyrir því að greiðsla sé innt af hendi í samræmi við dagsetningar og skilyrði, sem lánveitandi fer fram á, og þegar slíkt liggur ekki fyrir skal eftirfarandi gilda:

i. vaxtakostnaður greiðist ásamt endurgreiðslum á höfuðstól,

ii. gjald utan vaxta, sem sett er fram sem eingreiðsla, greiðist daginn sem lánssamningi lýkur,

iii. gjöld önnur en vextir sem skiptast í margar greiðslur greiðast með reglulegu millibili og hefjast á degi fyrstu endurgreiðslu á höfuðstól og sé fjárhæð slíkra greiðslna ekki þekkt skal gera ráð fyrir því að um jafnar greiðslur sé að ræða,

iv. með lokagreiðslu eru eftirstöðvar höfuðstóls greiddar að fullu, einnig önnur gjöld, ef einhver eru.

h) Ef ekki hefur ennþá verið samið um þak á lánið er gert ráð fyrir að það sé 1 500 evrur.

i) Ef mismunandi lánsvextir og kostnaður eru í boði í takmarkaðan tíma eða vegna takmarkaðrar fjárhæðar skal litið svo á að lánsvextirnir og kostnaðurinn eigi að vera hæsta hlutfallstalan allan gildistíma lánssamningsins.

j) Útreikningur á árlegri hlutfallstölu að því er varðar samninga um neytendalán, sem fastir útlánsvextir fyrir upphaflega tímabilið hafa verið samþykktir fyrir, en við lok þess eru nýir útlánsvextir ákvarðaðir og aðlagaðir eftir það með reglulegu millibili samkvæmt umsömdum vísi, skal grundvallast á þeirri forsendu að við lok tímabils fastra útlánsvaxta séu útlánsvextir hinir sömu og þegar árleg hlutfallstala var reiknuð út á grundvelli gildis umsamins vísis á þeim tíma.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 784/2012 **2013/EES/16/31**

frá 30. ágúst 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 í því skyni að skrá uppboðsvettvang, sem Þýskaland tilnefnir, og leiðrétta 7. mgr. 59. gr. (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB([1]), einkum 3. mgr. 3. gr. d og 4. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1031/2010 frá 12. nóvember 2010 um tímasetningu, stjórnun og aðra þætti í tengslum við uppboð á heimildum til losunar gróðurhúsalofttegunda samkvæmt tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins ([2]) er aðildarríkjum, sem ekki taka þátt í sameiginlegu aðgerðinni sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr., heimilað að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang til að bjóða upp þeirra hluta af þeim fjölda losunarheimilda sem falla undir II. og III. kafla tilskipunar 2003/87/EB. Tilnefning slíkra uppboðsvettvanga er með fyrirvara um að viðkomandi uppboðsvettvangur sé skráður í III. viðauka samkvæmt þriðja lið 5. mgr. 30. gr. þeirrar reglugerðar.

2) Í samræmi við 4. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni um ákvörðun sína um að taka ekki þátt í sameiginlegu aðgerðinni, eins og kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 26. gr. þeirrar reglugerðar, og að tilnefna sinn eigin uppboðsvettvang.

3) Hinn 9. mars 2012 tilkynnti Þýskaland framkvæmdastjórninni að það hygðist tilnefna European Energy Exchange AG („EEX“) sem uppboðsvettvang eins og um getur í 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.

4) Hinn 22. mars 2012 lagði Þýskaland tilkynninguna fyrir nefndina um loftslagsbreytingar. Að auki hefur Þýskaland veitt framkvæmdastjórninni nánari upplýsingar og skýringar til viðbótar við tilkynninguna.

5) Fyrirhuguð tilnefning EEX sem uppboðsvettvangs, eins og um getur í 2. mgr. 30. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, samrýmist kröfunum í þeirri reglugerð og er í samræmi við markmiðin sem sett eru fram í 4. mgr. 10. gr. tilskipunar 2003/87/EB.

6) Í samræmi við e-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010 má uppboðsvettvangur ekki misnota samninginn, sem hann var tilnefndur með, til þess að hafa ólögmæt áhrif á samkeppnishæfni annarrar starfsemi sinnar, einkum að því er varðar eftirmarkaðinn sem hann skipuleggur. Þess vegna skal skráning EEX sem uppboðsvettvangs háð því skilyrði að EEX veiti hugsanlegum bjóðendum þann valkost að fá leyfi til að leggja fram tilboð í uppboðunum án þess að þurfa að gerast meðlimir eða þátttakendur í eftirmarkaðnum sem EEX skipuleggur eða á nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af EEX eða af þriðja aðila.

7) Þegar aðildarríki tilnefna uppboðsvettvang verða þau að taka tillit til þess, í samræmi við h-lið 3. mgr. 35. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010, að hve miklu marki viðunandi ráðstafanir eru gerðar til að uppboðsvettvangur verði að afhenda allar efnislegar og óefnislegar eignir sem nauðsynlegar eru til að uppboðsvettvangurinn sem tekur við geti haldið uppboð. Mæla skal fyrir um slíkar ráðstafanir skýrt og tímanlega í útgönguáætlun sem uppboðsvaktari skal endurskoða. EEX skal móta slíka útgönguáætlun og taka ýtrasta tillit til álits uppboðsvaktarans þar að lútandi.

8) Uppboðsvettvangi er skylt að fá álit uppboðsvaktarans á aðferðafræðinni við beitingu 6. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 8. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010. Hafi uppboðsvaktari

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 234, 31.8.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2012 frá 31. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Um¬hverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 302, 18.11.2010, bls. 1.

ekki verið tilnefndur áður en viðkomandi uppboð hefst er uppboðsvettvangnum þó heimilt að starfa án þess að hafa fengið álit uppboðsvaktara.

9) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 til samræmis við það.

10) Ennfremur skal leiðrétta tilteknar vísanir sem um getur í 7. mgr. 59. gr. reglugerðar (ESB) nr. 1031/2010.

11) Til að tryggja að uppboðin sem uppboðsvettvangurinn, sem Þýskaland kemur til með að tilnefna, heldur séu fyrirsjáanleg og verði á réttum tíma er brýnt að þessi reglugerð öðlist gildi sem fyrst.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Breytingar á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010

Reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í 3. gr. bætist við eftirfarandi liður:

„44. „útgönguáætlun“: eitt eða fleiri skjöl sem eru ákvörðuð í samræmi við samninga um tilnefningu viðkomandi uppboðsvaktara eða uppboðsvettvangs, þar sem settar eru fram ítarlegar ráðstafanir sem er ætlað að tryggja eftirfarandi:

a) millifærslu allra efnislegra og óefnislegra eigna, sem nauðsynlegar eru til að uppboð geti haldið áfram óhindrað og til að uppboðsvettvangurinn sem tekur við geti látið uppboðsferlið ganga snurðulaust fyrir sig,

b) að samningsyfirvöld eða uppboðsvaktari, eða hvor tveggja, fái allar upplýsingar sem lúta að uppboðsferlinu og sem eru nauðsynlegar að því er varðar innkaupaferlið fyrir tilnefningu uppboðsvettvangsins sem tekur við,

c) að samningsyfirvöld, eða uppboðsvaktari eða uppboðsvettvangurinn sem tekur við, eða hvers konar samsetning þessara aðila, hljóti tækniaðstoð sem gerir samningsyfirvöldunum, eða uppboðsvaktaranum eða uppboðsvettvangnum sem tekur við, eða hvers konar samsetningu þessara aðila, kleift að skilja, nálgast eða nota viðeigandi upplýsingar sem veittar eru skv. a- og b-lið.“

2) Í stað 7. mgr. 7. gr. komi eftirfarandi:

„7. Fyrir upphaf uppboðs skal uppboðsvettvangurinn ákvarða hvaða aðferð skal nota við beitingu 6. mgr. eftir að haft hefur verið samráð við uppboðvaktarann og álit hans á því fengið og lögbæru landsyfirvöldin, sem um getur í 56. gr., hafa verið látin vita.

Viðkomandi uppboðsvettvangur getur, milli tveggja tilboðsglugga, breytt aðferðum sínum eftir að hafa haft samráð við uppboðsvaktarann, fengið álit hans þar að lútandi og tilkynnt lögbærum landsyfirvöldum, sem um getur í 56. gr., um það.

Hafi uppboðsvaktari ekki verið tilnefndur a.m.k. einum mánuði áður en viðkomandi uppboð hefst er uppboðsvettvangnum heimilt að beita fyrirhugaðri aðferðafræði án þess að hafa fengið álit uppboðsvaktara.

Viðkomandi uppboðsvettvangur skal taka ýtrasta tillit til álits uppboðsvaktarans.“

3) Eftirfarandi undirgrein bætist við 3. mgr. í 8. gr.:

„Hafi uppboðsvaktari ekki enn verið tilnefndur a.m.k. einum mánuði áður en viðkomandi uppboð hefst er uppboðsvettvangnum heimilt að gera fyrirhugaða breytingu á tímasetningu.“

4) Í stað 6. mgr. 25. gr. komi eftirfarandi:

„6. Uppboðsvaktari skal gefa álit skv. 7. mgr. 7. gr. og 3. mgr. 8. gr. og eins og kveðið er á um í III. viðauka. Skila skal álitum innan hæfilegs tíma.“

5) Ákvæðum III. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Leiðrétting á reglugerð (ESB) nr. 1031/2010

Í stað 7. mgr. 59. gr. komi eftirfarandi:

„7. Viðskiptavinir bjóðenda, sem um getur í 1. mgr., geta beint kvörtunum sem þeir hafa varðandi samræmi við reglurnar um hegðun, sem um getur í 2. og 3. mgr., til lögbæru yfirvaldanna, sem um getur í 4. mgr., í samræmi við reglur um málsmeðferð sem settar voru vegna afgreiðslu á slíkum kvörtunum í því aðildarríki þar sem eftirlit er haft með aðilunum sem um getur í 1. mgr.“

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 30. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í III. viðauka við reglugerð (ESB) nr. 1031/2010 komi eftirfarandi í stað töflunnar:

„Uppboðsvettvangar sem Þýskaland tilnefnir

1	Uppboðsvettvangur	European Energy Exchange AG (EEX)
	Tilnefningartímabil	Í fyrsta lagi frá 1. september 2012 til a.m.k. 31. mars 2013 og í síðasta lagi til 31. desember 2013, með fyrirvara um aðra undirgrein 5. mgr. 30. gr.
	Skilyrði	Aðgangur að uppboðunum skal ekki háður því skilyrði að gerast meðlimur eða þátttakandi í eftirmarkaðnum sem EEX skipuleggur eða nokkru öðru viðskiptatorgi sem er starfrækt af EEX eða af þriðja aðila.
	Skuldbindingar	EEX skal leggja útgönguáætlun sína fyrir Þýskaland til umsagnar hjá uppboðsvaktaranum innan tveggja mánaða frá 1. september 2012. EEX skal endurskoða útgönguáætlun sína innan tveggja mánaða frá viðtöku álits uppboðsvaktarans og taka við það ýtrasta tillit til þess álits. Þýskaland skal gera framkvæmdastjórninni viðvart um allar efnislegar breytingar sem varða samningsbundin tengsl við EEX.“

ÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR **2013/EES/16/32**

frá 17. ágúst 2012

um breytingu á ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/EB hvað varðar þá geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 5715)

(2012/498/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB frá 13. október 2003 um að koma á fót kerfi fyrir viðskipti með heimildir til losunar gróðurhúsalofttegunda innan Bandalagsins og um breytingu á tilskipun ráðsins 96/61/EB ([1]), einkum 1. mgr. 10. gr. a og 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2010/2/ESB ([2]) er, samkvæmt tilskipun 2003/87/EB, tekin saman skrá yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

2) Með ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2011/278/ESB ([3]) er sagt til um umbreytingarreglur á vettvangi Sambandsins um samræmda úthlutun losunarheimilda án endurgjalds skv. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB.

3) Árlega má bæta við geira eða undirgeira í skrána yfir geira og undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka, ef sýnt hefur verið fram á það í skýrslu um greiningu að viðkomandi geiri eða undirgeiri fullnægi þeim viðmiðunum, sem settar eru fram í 14.–17. mgr. 10. gr. a í tilskipun 2003/87/EB, í kjölfar breytingar sem hefur umtalsverð áhrif á starfsemi þess geira eða undirgeira.

4) Nokkrir geirar, sem ekki voru taldir í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka á grundvelli 4. þreps atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna í ákvörðun 2010/2/ESB, voru aðgreindir og fjölmargir samsvarandi undirgeirar, þar sem tilteknir, sérstakir, auðkennandi eiginleikar leiddu til áhrifa sem eru umtalsvert frábrugðin þeim áhrifum sem koma fram annars staðar í geiranum, voru metnir. Að því er varðar undirgeirana „þunnir dúkar (e. *voiles*), vefir, mottur, rúmdýnur, plötur og aðrar vörur úr glertrefjum, þó ekki ofnir dúkar“ og „gjallull, steinull og áþekk ull úr jarðefnum og blöndur þeirra, í lausu, í þynnum eða rúllum“ hefur matið sýnt fram á að þeir geti verið greinilega greindir frá öðrum undirgeirum á grundvelli tiltekinna eiginleika og fullnægi megindlegum viðmiðunum, sem settar eru fram í 15. mgr. 10 gr. a í tilskipun 2003/87/EB. Til samræmis við það skal bæta undirgeirunum „þunnir dúkar (e. *voiles*), vefir, mottur, rúmdýnur, plötur og aðrar vörur úr glertrefjum, þó ekki ofnir dúkar“ og „gjallull, steinull og áþekk ull úr jarðefnum og blöndur þeirra, í lausu, í þynnum eða rúllum“ við skrána yfir geira og undirgeira sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka.

5) Fjórða þreps kóði atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 2614, „Framleiðsla á glertrefjum“, samanstendur af tveimur 6-stafa kóðum í vöruskrá EB: „261411 vöndlar, vafningar, garn og saxaðir þræðir úr glertrefjum“ og „261412 þunnir dúkar (e. *voiles*), vefir, mottur, rúmdýnur, plötur og aðrar vörur úr glertrefjum, þó ekki ofnir dúkar“. Undirgeirinn, sem fellur undir 6-stafa kóða í vöruskrá EB 261411, telst vera í umtalsverðri áhættu á kolefnisleka í ákvörðun 2010/2/ESB. Með því að bæta einnig kóða 261412 í vöruskrá EB við skrána yfir geira og undirgeira, sem teljast vera í umtalsverðri áhættu á kolefnaleka, er tekið til geirans á 4. þrepi atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 2614 í heild sinni. Til glöggvunar og til að koma í veg fyrir tvítekningu hefur því 4. þreps kóða atvinnugreinaflokkunar Evrópubandalaganna 2614 verið bætt við skrána í lið 1.2 en kóði 261411 í vöruskrá EB fellur brott úr 2. lið.

6) Því ber að breyta ákvörðunum 2010/2/ESB og 2011/278/ESB til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit nefndarinnar um loftslagsbreytingar.

HEFUR SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Breytingar á ákvörðun 2010/2/ESB

Viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB er breytt í samræmi við I. viðauka við þessa ákvörðun.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 241, 7.9.2012, bls. 52. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 235/2012 frá 31. desember 2012 um breytingu á XX. viðauka (Um¬hverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32.

([2]) Stjtíð. ESB L 1, 5.1.2010, bls. 10.

([3]) Stjtíð. ESB L 130, 17.5.2011, bls. 1.

2. gr.

Breytingar á ákvörðun 2011/278/ESB

Ákvæðum I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa ákvörðun.

3. gr.

Viðtakendur

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 17. ágúst 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Connie HEDEGAARD

framkvæmdastjóri.

I. VIÐAUKI

Viðaukanum við ákvörðun 2010/2/ESB er breytt sem hér segir:

1. Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslu 2613 í lið 1.2:

Kóði atvinnugreina-flokkunar Evrópu-bandalaganna	Lýsing
„2614	Framleiðsla á glertrefjum“

2. Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Eftirfarandi færsla falli brott:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„261411	Vöndlar, vafningar, garn og saxaðir þræðir úr glertrefjum“

b) Eftirfarandi færsla bætist við á eftir færslu 26821400:

Kóði í vöruskrá EB	Lýsing
„26821610	Gjallull, steinull og áþekk ull úr jarðefnum og blöndur þeirra, í lausu, þynnum eða rúllum“

II. VIÐAUKI

Í stað færslunnar er varðar vöruviðmiðunina „steinull“ í I. viðauka við ákvörðun 2011/278/ESB komi eftirfarandi:

Vöruviðmiðun	Skilgreining á þeim vörum sem falla hér undir	Skilgreining á vinnslu og losun sem fellur hér undir (kerfismörk)	Váhrif vegna kolefnisleka samkvæmt ákvörðun 2010/2/ESB fyrir árin 2013 og 2014	Viðmiðunargildi (losunarheimildir/t)
„Steinull	Vörur úr steinull til hita-, hljóð- og eldeinangrunar sem eru framleiddar með því að nota gler, grjót eða gjall.	Öll vinnsluferli, sem tengjast beint eða óbeint framleiðsluþrepunum bræðslu, trefjaframleiðslu og inndælingu bindiefna, herslu og þurrkun ásamt mótun, falla hér undir. Taka skal tillit til heildarraforkunotkunar innan kerfismarkanna við ákvörðun á óbeinni losun.	já	0,682“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 413/2012 **2013/EES/16/33**

frá 15. maí 2012

um breytingu á framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 að því er varðar lágmarksinnihald fóðuraukefnisins natríumbensóats í fóðri fyrir fráfærugrísi (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 496/2011 ([2]) var notkun natríumbensóats, sem tilheyrir aukefnaflokknum dýraræktaraukefni, leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir fráfærugrísi.

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir efnið sem um er að ræða með því að minnka lágmarksstyrkleika þess úr 99,9% í 99%, að því er varðar fráfærugrísi. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í áliti sinu frá 15. nóvember 2011 að efnið, sem um er að ræða, sé öruggt fyrir menn, marktegundina og umhverfið og að við sömu notkunarskilyrði og fyrirliggjandi samsetning sé notkun þess í ráðlögðum lágmarksstyrkleika, sem er ≥ 99,0% ([3]), áhrifaríkt fyrir fráfærugrísi.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ber að breyta framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað orðanna „natríumbensóat: ≥ 99,9%“ í 4. dálki í viðaukanum við framkvæmdarreglugerð (ESB) nr. 496/2011 komi orðin „natríumbensóat: ≥ 99,0%“.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 134, 21.5.2011, bls. 9.

([3]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* 2011 9(12), 2443.

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 414/2012 **2013/EES/16/34**

frá 15. maí 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 554/2008 að því er varðar lágmarksinnihald og ráðlagðan lágmarksskammt ensímblöndu með 6-fýtasa sem fóðuraukefni í fóðri fyrir eldiskalkúna (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([1]), einkum 3. mgr. 13. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 554/2008([2]) var ensímblanda með 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, leyfð til 10 ára sem fóðuraukefni fyrir eldiskjúklinga, varphænur, eldisendur, eldiskalkúna og fráfærugrísi.

2) Í samræmi við 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 hefur leyfishafinn lagt fram tillögu um breytingu á skilmálum leyfisins fyrir blönduna sem um er að ræða með því að minnka lágmarksinnihald hennar og ráðlagðan lágmarksskammt úr 1000 FTU/kg í 500 FTU/kg heilfóðurs, að því er varðar notkun fyrir eldiskalkúna. Umsókninni fylgdu viðeigandi gögn henni til stuðnings.

3) Matvælaöryggisstofnun Evrópu komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 13. nóvember 2011 að blandan sem um er að ræða, með ráðlögðum lágmarksskammti sem er 500 FTU/kg([3]) heilfóðurs, geti bætt nýtingu eldiskalkúna á fosfór.

4) Skilyrðin, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 554/2008 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 554/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 15. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 128, 16.5.2012, bls. 5. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 3/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. ESB L 158, 18.6.2008, bls. 14.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(1), 2533.

VIÐAUKI

Í stað viðaukans við reglugerð (EB) nr. 554/2008 komi eftirfarandi:

„VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a5	AB Enzymes GmbH	6-fýtasi EC 3.1.3.26	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með Pichia pastoris (DSM 15927), með virkni að lágmarki: Fast form: 2 500 FTU/g([1]) Vökvaform: 5 000 FTU/ml *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með Pichia pastoris (DSM 15927) Greiningaraðferð([2]) Litmæling sem byggist á efnahvarfi vanadómólýbdats við lífrænt fosfat sem fæst með verkun á hvarfefni sem í er fýtat (natríumfosfat) við pH-gildið 5,5 og 37 °C.	Eldis-kjúklingar	—	500 FTU	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður skammtur á hvert kílógramm heilfóðurs: — eldiskjúklingar: 500–2 500 FTU, — varphænur: 250–2 000 FTU, — eldisendur: 250–2 000 FTU, — eldiskalkúnar: 500–2 700 FTU, — fráfærugrísir: 100–2 500 FTU, 3. Til nota í fóðurblöndur sem innihalda yfir 0,25% fýtínbundinn fosfór. 4. Handa fráfærugrísum þar til þeir eru u.þ.b. allt að 35 kg. 5. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska.	8.7.2018
				Varphænur	—	250 FTU	—		
				Eldisendur	—	250 FTU	—		
				Eldis-kalkúnar	—	500 FTU	—		
				Fráfæru-grísir	—	100 FTU	—		

([1]) 1 FTU er magn þess ensíms sem leysir 1 míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr natríumfýtati við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar um greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: www.irmm.jrc.be/crl-feed-additives“

Framkvæmdartilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2011/68/ESB **2013/EES/16/35**

frá 1. júlí 2011

um breytingu á tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB um framkvæmdarráðstafanir með tilliti til 7. gr. tilskipana ráðsins 2002/53/EB og 2002/55/EB, að því er varðar þá eiginleika sem athugun skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á tilteknum yrkjum nytjaplantna í landbúnaði og grænmetistegunda (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/53/EB frá 13. júní 2002 um sameiginlega skrá yfir yrki nytjaplantna í landbúnaði([1]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

með hliðsjón af tilskipun ráðsins 2002/55/EB frá 13. júní 2002 um markaðssetningu grænmetisfræs([2]), einkum a- og b-lið 2. mgr. 7. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Tilskipanir framkvæmdastjórnarinnar 2003/90/EB([3]) og 2003/91/EB([4]) voru samþykktar til að tryggja að yrki, sem aðildarríkin bæta við landskrár sínar, samrýmist þeim viðmiðunarreglum sem yrkisskrifstofa Bandalagsins (CPVO) hefur sett að því er varðar þá eiginleika sem athugun á hinum ýmsu tegundum skal að lágmarki taka til og lágmarksskilyrði vegna athugana á yrkjum, að svo miklu leyti sem slíkar viðmiðunarreglur hafa verið settar. Að því er varðar önnur yrki er í þessum tilskipunum kveðið á um að viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (UPOV) skuli gilda.

2) Yrkisskrifstofa Bandalagsins hefur síðan gefið út viðmiðunarreglur fyrir eina aðra tegund og hefur uppfært gildandi reglur.

3) Því ber að breyta tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB til samræmis við það.

4) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari tilskipun, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um fræ og fjölgunarefni í landbúnaði, garðyrkju og skógrækt.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Í stað I. og II. viðauka við tilskipun 2003/90/EB komi texti A-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

2. gr.

Í stað viðaukanna við tilskipun 2003/91/EB komi texti B-hluta viðaukans við þessa tilskipun.

3. gr.

Að því er varðar athuganir, sem hófust fyrir 1. janúar 2012, er aðildarríkjunum heimilt að beita þeim útgáfum af tilskipunum 2003/90/EB og 2003/91/EB sem voru í gildi áður en þeim var breytt með þessari tilskipun.

4. gr.

Aðildarríkin skulu samþykkja og birta nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 31. desember 2011. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða og samsvörunartöflu yfir viðkomandi ákvæði og þessa tilskipun.

Þau skulu beita þessum ákvæðum frá og með 1. janúar 2012.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

5. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

6. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 1. júlí 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 175, 2.7.2011, bls. 17. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 4/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 193, 20.7.2002, bls. 33.

([3]) Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 7.

([4]) Stjtíð. ESB L 254, 8.10.2003, bls. 11.

VIÐAUKI

A-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
Pisum sativum L.	Gráertur	TP 7/2 frá 11.3.2010
Brassica napus L.	Fóðurrepja	TP 36/1 frá 25.3.2004
Helianthus annuus L.	Sólblóm	TP 81/1 frá 31.10.2002
Linum usitatissimum L.	Lín (spunalín, olíulín)	TP 57/1 frá 21.3.2007
Avena nuda L.	Snoðhafrar, hýðislausir hafrar	TP 20/1 frá 6.11.2003
Avena sativa L. (þ.m.t. A. byzantina K. Koch)	Hafrar	TP 20/1 frá 6.11.2003
Hordeum vulgare L.	Bygg	TP 19/2endursk. 11.3.2010
Oryza sativa L.	Hrísgrjón	TP 16/1 frá 18.11.2004
Secale cereale L.	Rúgur	TP 58/1 frá 31.10.2002
xTriticosecale Wittm. ex A. Camus	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni Triticum og tegunda af ættkvíslinni Secale	TP 121/2, 1. endursk. frá 16.2.2011
Triticum aestivum L.	Hveiti	TP 3/4, 2. endursk. frá 16.2.2011
Triticum durum Desf.	Harðhveiti	TP 120/2 frá 6.11.2003
Zea mays L.	Maís	TP 2/3 frá 11.3.2010
Solanum tuberosum L.	Kartöflur	TP 23/2 frá 1.12.2005

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja
Beta vulgaris L.	Fóðursykurrófa	TG/150/3 frá 4.11.1994
Agrostis canina L.	Týtulíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis gigantea Roth.	Stórlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis stolonifera L.	Skriðlíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Agrostis capillaris L.	Hálíngresi	TG/30/6 frá 12.10.1990
Bromus catharticus Vahl	Sólfax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Bromus sitchensis Trin.	Sitkafax	TG/180/3 frá 4.4.2001
Dactylis glomerata L.	Axhnoðapuntur	TG/31/8 frá 17.4.2002
Festuca arundinacea Schreber	Tágavingull	TG/39/8 frá 17.4.2002
Festuca filiformis Pourr.	Þráðvingull	TG/67/5 frá 5.4.2006
Festuca ovina L.	Sauðvingull	TG/67/5 frá 5.4.2006
Festuca pratensis Huds.	Hávingull	TG/39/8 frá 17.4.2002
Festuca rubra L.	Rauðvingull	TG/67/5 frá 5.4.2006
Festuca trachyphylla (Hack.) Krajina	Skrápvingull	TG/67/5 frá 5.4.2006
xFestulolium Asch. et Graebn.	Blendingar sem koma fram við kynblöndun tegunda af ættkvíslinni Festuca og tegunda af ættkvíslinni Lolium	TG/243/1 frá 9.4.2008
Lolium multiflorum Lam.	Ítalskt rýgresi	TG/4/8 frá 5.4.2006
Lolium perenne L.	Vallarrýgresi	TG/4/8 frá 5.4.2006
Lolium x boucheanum Kunth	Rýgresisblendingur	TG/4/8 frá 5.4.2006
Phleum nodosum L.	Hnúðfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Phleum pratense L.	Vallarfoxgras	TG/34/6 frá 7.11.1984
Poa pratensis L.	Vallarsveifgras	TG/33/6 frá 12.10.1990
Lupinus albus L.	Ljósalúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus angustifolius L.	Lensulúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004
Lupinus luteus L.	Ilmlúpína	TG/66/4 frá 31.3.2004

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja
Medicago sativa L.	Refasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Medicago x *varia* T. Martyn	Sandrefasmári	TG/6/5 frá 6.4.2005
Trifolium pratense L.	Rauðsmári	TG/5/7 frá 4.4.2001
Trifolium repens L.	Hvítsmári	TG/38/7 frá 9.4.2003
Vicia faba L.	Hestabaunir	TG/8/6 frá 17.4.2002
Vicia sativa L.	Fóðurflækja	TG/32/6 frá 21.10.1988
Brassica napus L. var. *napobrassica* (L.) Rchb.	Gulrófa	TG/89/6endursk. 4.4.2001 + 1.4.2009
Raphanus sativus L. var. *oleiformis* Pers.	Fóðurhreðka	TG/178/3 frá 4.4.2001
Arachis hypogea L.	Jarðhnetur	TG/93/3 frá 13.11.1985
Brassica rapa L. var. *silvestris* (Lam.) Briggs	Akurfrækál	TG/185/3 frá 17.4.2002
Carthamus tinctorius L.	Litunarþistill	TG/134/3 frá 12.10.1990
Gossypium spp.	Baðmull	TG/88/6 frá 4.4.2001
Papaver somniferum L.	Valmúi	TG/166/3 frá 24.3.1999
Sinapis alba L.	Hvítur mustarður	TG/179/3 frá 4.4.2001
Glycine max (L.) Merrill	Sojabaunir	TG/80/6 frá 1.4.1998
Sorghum bicolor (L.) Moench	Dúrra	TG/122/3 frá 6.10.1989

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).“

B-HLUTI

„I. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir, sem um getur í a-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja aðferðarlýsingum yrkisskrifstofu Bandalagsins (CPVO) að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
Allium cepa L. (Cepa-yrkishópur)	Laukur og bananaskalottlaukur (Echalion)	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium cepa L. (Aggregatum-yrkishópur)	Skalottlaukur	TP 46/2 frá 1.4.2009
Allium fistulosum L.	Pípulaukur	TP 161/1 frá 11.3.2010
Allium porrum L.	Blaðlaukur	TP 85/2 frá 1.4.2009
Allium sativum L.	Hvítlaukur	TP 162/1 frá 25.3.2004
Allium schoenoprasum L.	Graslaukur	TP 198/1 frá 1.4.2009
Apium graveolens L.	Sellerí	TP 82/1 frá 13.3.2008
Apium graveolens L.	Hnúðsilla	TP 74/1 frá 13.3.2008
Asparagus officinalis L.	Spergill	TP 130/2 frá 16.02.2011
Beta vulgaris L.	Rauðrófa, þ.m.t. Cheltenham-rófa	TP 60/1 frá 1.4.2009
Brassica oleracea L.	Grænkál	TP 90/1 frá 16.02.2011
Brassica oleracea L.	Blómkál	TP 45/2 frá 11.3.2010
Brassica oleracea L.	Spergilkál (kalabríukál)	TP 151/2 frá 21.3.2007
Brassica oleracea L.	Rósakál	TP 54/2 frá 1.12.2005
Brassica oleracea L.	Hnúðkál	TP 65/1 frá 25.3.2004
Brassica oleracea L.	Blöðrukál, hvítkál og rauðkál	TP 48/3 frá 16.02.2011
Brassica rapa L.	Kínakál	TP 105/1 frá 13.3.2008
Capsicum annuum L.	Eldpipar eða paprika	TP 76/2 frá 21.3.2007
Cichorium endivia L.	Hrokkinblaða salatfífill og endívusalat	TP 118/2 frá 1.12.2005
Cichorium intybus L.	Iðnaðarsíkoría	TP 172/2 frá 1.12.2005
Cichorium intybus L.	Jólasalat	TP 173/1 frá 25.3.2004
Citrullus lanatus (Thumb.) Matsum. et Nakai	Vatnsmelóna	TP 142/1 frá 21.3.2007
Cucumis melo L.	Melóna	TP 104/2 frá 21.3.2007

Vísindaheiti	Almennt heiti	Aðferðarlýsing yrkisskrifstofu Bandalagsins
Cucumis sativus L.	Gúrka og smágúrka	TP 61/2 frá 13.3.2008
Cucurbita pepo L.	Grasker eða dvergbítur	TP 119/1 frá 25.3.2004
Cynara cardunculus L.	Ætiþistill og salatþistill	TP 184/1 frá 25.3.2004
Daucus carota L.	Gulrót og fóðurgulrót	TP 49/3 frá 13.3.2008
Foeniculum vulgare Mill.	Fennika	TP 183/1 frá 25.3.2004
Lactuca sativa L.	Salat	TP 13/5 frá 16.02.2011
Lycopersicon esculentum Mill.	Tómatur	TP 44/3 frá 21.3.2007
Petroselinum crispum (Mill.) Nyman ex A. W. (Hill)	Steinselja	TP 136/1 frá 21.3.2007
Phaseolus coccineus L.	Klifurbaun	TP 9/1 frá 21.3.2007
Phaseolus vulgaris L.	Buskabaunir og stangarbaunir	TP 12/3 frá 1.4.2009
Pisum sativum L. (partim)	Hýðisertur, mergertur og sykurertur	TP 7/2 frá 11.3.2010
Raphanus sativus L.	Hreðka	TP 64/1 frá 27.3.2002
Solanum melongena L.	Eggaldin	TP 117/1 frá 13.3.2008
Spinacia oleracea L.	Spínat	TP 55/3 frá 11.3.2010
Valerianella locusta (L.) Laterr.	Vorsalat eða lambasalat	TP 75/2 frá 21.3.2007
Vicia faba L. (partim)	Breiðbaunir	TP Broadbean/1 frá 25.3.2004
Zea mays L. (partim)	Sykurmaís og poppmaís	TP 2/3 frá 11.3.2010

Þessar aðferðarlýsingar eru á vefsíðu yrkisskrifstofu Bandalagsins (www.cpvo.europa.eu).

II. VIÐAUKI

Skrá yfir tegundir sem um getur í b-lið 2. mgr. 1. gr., sem eiga að fullnægja viðmiðunarreglum Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja að því er varðar prófanir

Vísindaheiti	Almennt heiti	Viðmiðunarreglur Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja
Beta vulgaris L.	Blaðbeðja	TG/106/4 frá 31.3.2004
Brassica rapa L.	Næpa	TG/37/10 frá 4.4.2001
Cichorium intybus L.	Ítalskur kaffifífill	TG/154/3 frá 18.10.1996
Cucurbita maxima Duchesne	Flöskuker	TG/155/4endursk. 28.3.2007 + 1.4.2009
Raphanus sativus L.	Vetrarhreðka	TG/63/6 frá 24.3.1999
Rheum rhabarbarum L.	Rabarbari	TG/62/6 frá 24.3.1999
Scorzonera hispanica L.	Surtarrót (svartrót)	TG/116/4 frá 24.3.2010

Texta þessara viðmiðunarreglna er að finna á vefsíðu Alþjóðasambandsins um vernd nýrra plöntuyrkja (www.upov.int).“

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 832/2012 2013/EES/16/36

frá 17. september 2012

um leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndu sem fóðuraukefni fyrir eldislömb (leyfishafi er Latochema Co. Ltd) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir ammóníumklóríði. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir ammóníumklóríðblöndunni, sem tilgreind er í viðaukanum, í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“, sem fóðuraukefni fyrir eldislömb.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 31. janúar 2012 ([2]) að ammóníumklóríðblandan, sem tilgreind er í viðaukanum, hafi, við tillögð notkunarskilyrði og þegar hún er gefin í takmarkaðan tíma, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hennar geti lækkað pH-gildið í þvagi úr eldislömbum. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á ammóníumklóríðblöndunni sem tilgreind er í viðaukanum sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „önnur dýraræktaraukefni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 17. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 251, 18.9.2012, bls. 27. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012* 10 (2), 2569.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg aukefnis/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: önnur dýraræktaraukefni (lækkun pH-gildis í þvagi)									
4d7	Latochema Co. Ltd	Ammóníum-klóríð	*Samsetning aukefnis* Ammóníumklóríð ≥ 99,5% (Fast form) *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* Ammóníumklóríð ≥ 99,5% NH_4Cl CAS nr.: 12125-02-9 Natríumklóríð ≥ 0,5% Framleitt með efnasmíði *Greiningaraðferð*[1] Magnákvörðun ammóníumklóríðs í fóðuraukefni: títrun með natríumhýdroxíði (Evrópska lyfjaskráin, gæðalýsing efnis 0007) eða títrun með silfurnítrati (sameiginleg sérfræðinganefnd Matvæla- og landbúnaðarstofnunar Sameinuðu þjóðanna og Alþjóðaheilbrigðismálast ofnunarinnar um aukefni í matvælum, gæðalýsing efnis „ammóníumklóríð“).	Eldislömb	—	—	10 000	1. Aukefnið skal vera í forblöndu þegar það er notað í fóður. 2. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, augnhlífar, hlífðarhanska og hlífðarfatnað. 3. Fóður sem inniheldur aukefnið skal ekki gefa lengur en í þrjá mánuði.	8. október 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 451/2012 2013/EES/16/37

frá 29. maí 2012

um töku tiltekinna fóðuraukefna í virka hópnum votfóðursaukefni af markaði (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 5. mgr. 10. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 1.–4. mgr. 10. gr. hennar, eru sett fram sértæk ákvæði varðandi mat á vörum sem notaðar eru í Sambandinu sem aukefni í votfóður á þeim degi sem sú reglugerð tók gildi.

2) Þau fóðuraukefni, sem sett eru fram í viðaukanum, voru síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Að því er varðar notkun þessara fóðuraukefna sem aukefni í votfóður var ekki lögð fram nein umsókn um leyfi í samræmi við 7. mgr. 10. gr., í tengslum við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, áður en fresturinn, sem kveðið er á um í 7. mgr. 10.gr., rann út. Að því er varðar aukefnið hexametýlentetramín fyrir tilteknar dýrategundir var ekki lögð fram nein umsókn um leyfi áður en þessi frestur rann út.

4) Til að tryggja gagnsæi hafa þau aukefni, sem ekki var lögð fram nein umsókn um leyfi fyrir innan tímabilsins sem tilgreint er í 7. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, verið skráð í sérstökum hluta af skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni.

5) Því skal taka þessi fóðuraukefni af markaði að því er varðar notkun þeirra sem aukefni í votfóður nema fyrir þær tegundir sem lögð hefur verið fram umsókn um leyfi fyrir. Þessi ráðstöfun hefur engin áhrif á notkun sumra framangreindra aukefna samkvæmt öðrum flokkum eða virkum hópum þar sem þau eru leyfð.

6) Þar eð viðkomandi aukefni í votfóðri eru ekki tekin af markaði af öryggisástæðum er rétt að leyfa umbreytingartímabil þar sem nota má fyrirliggjandi birgðir af þessum aukefnum sem og forblöndur og votfóður sem hafa verið framleidd með þessum aukefnum.

7) Litið skal svo á afturköllun fóðuraukefnanna, sem eru skráð í viðaukann, hafi ekki áhrif á mögulega leyfisveitingu í framtíðinni að því er þau varðar eða á samþykki á ráðstöfun varðandi stöðu þeirra á þeim grundvelli og samkvæmt þeirri málsmeðferð sem sett eru fram í reglugerð (EB) nr. 1831/2003.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Afturköllun

Fóðuraukefnin, sem tilgreind eru í A-hluta viðaukans og tilheyra virka hópnum „aukefni í votfóður“ í flokknum „tæknileg aukefni“, skulu tekin af markaði.

Fóðuraukefnið, sem er tilgreint í B-hluta viðaukans og tilheyrir virka hópnum „aukefni í votfóður“ í flokknum „tæknileg aukefni“, skal tekið af markaði að því er varðar þær dýrategundir sem nefndar eru í þeim hluta viðaukans.

2. gr.

Umbreytingarráðstafanir

1. Fyrirliggjandi birgðir af fóðuraukefnum, sem sett eru fram í A-hluta viðaukans, má áfram setja á markað og nota sem fóðuraukefni sem tilheyra virka hópnum „aukefni í votfóður“ í flokknum „tæknileg aukefni“, fram til 19. júní 2013.

2. Forblöndur, sem eru framleiddar með aukefnunum sem um getur í 1. mgr. má áfram setja á markað og nota fram til 19. júní 2013.

3. Votfóður, sem er framleitt með aukefnunum sem um getur í 1. mgr. eða með forblöndunum sem um getur í 2. mgr., má áfram setja á markað og nota fram til 19. júní 2014.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 140, 30.5.2012, bls. 55. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

4. Að því er varðar fóðuraukefnin, sem sett eru fram í B-hluta viðaukans, gilda 1., 2. og 3. mgr. að því er varðar þær dýrategundir sem nefndar eru í þeim hluta viðaukans.

3. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Fóðuraukefni sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður og eru tekin af markaði eins og kveðið er á um í 1. gr.

A-HLUTI

Fóðuraukefni sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður og eru afturkölluð fyrir allar tegundir og flokka dýra

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður	
	Alfaamýlasi EC 3.2.1.1 úr *Bacillus subtilis var amyloliquefaciens*	Allar tegundir
	Amýlasi EC 3.2.1.1 úr *Aspergillus oryzae*	Allar tegundir
	Amýlasi EC 3.2.1.1 úr malti	Allar tegundir
	Beta-1,4 glúkanasi-sellulasi EC 3.2.1.4 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Beta-1,4 xýlanasi EC 3.2.1.37 úr *Trichoderma reesei*	Allar tegundir
	Betaglúkanasi EC 3.2.1.6 úr Trichoderma viride	Allar tegundir
	Sellulasi EC 3.2.1.4 úr *Penicillium funiculosum*	Allar tegundir
	Sellulasi EC 3.2.1.4 úr *Trichoderma reesei*	Allar tegundir
	Sellulasi EC 3.2.1.4 úr *Trichoderma reesei*	Allar tegundir
	Sellulasi-hemisellulasaflóki EC 3.2.1.4 úr *Trichoderma reesei*	Allar tegundir
	Sellulasi-xýlanasaflóki EC 3.2.1.4 úr *Trichoderma reesei*	Allar tegundir
	Endó-1,3-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 úr *Bacillus amyloliquefaciens*	Allar tegundir
	Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.78 úr *Bacillus lentus*	Allar tegundir
	Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.4 úr *Trichoderma longibrachiatum*	Allar tegundir
	Endó-1,4-betaglúkanasi EC 3.2.1.6 úr *Bacillus amyloliquefaciens*	Allar tegundir
	Endó-1,4-betaxýlanasi EC 3.2.1.8 úr *Aspergillus oryzae*	Allar tegundir
	Glúkóamýlasi EC 3.2.1.3 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Glúkósaoxídasi EC 1.1.3.4 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Hemisellulasi EC 3.2.1.8 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Mannanasi EC 3.2.1.77 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Pektínasi EC 3.2.1.15 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Xýlanasi EC 3.2.1.8 úr *Aspergillus niger*	Allar tegundir
	Xýlanasi EC 3.2.1.8 úr *Penicillium funiculosum*	Allar tegundir
	Xýlanasi EC 3.2.1.8 úr *Trichoderma reesei*	Allar tegundir
	Aspergillus oryzae AK 7001 DSM 1862	Allar tegundir

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Bacillus coagulans CECT 7001	Allar tegundir
	Bacillus lentus 302	Allar tegundir
	Bacillus licheniformis DSM 5749	Allar tegundir
	Bacillus licheniformis MBS-BL-01	Allar tegundir
	Bacillus licheniformis Micron Bio-Systems stofnasafn	Allar tegundir
	Bacillus pumilus BP288 ATCC 53682	Allar tegundir
	Bacillus pumilus CNCM I-3240/NRRL B4064	Allar tegundir
	Bacillus pumilus MBS-BP-01	Allar tegundir
	Bacillus pumilus Micron Bio-Systems stofnasafn	Allar tegundir
	Bacillus subtilis AK 6012 DSM 8563	Allar tegundir
	Bacillus subtilis BS1	Allar tegundir
	Bacillus subtilis CNCM I-3239/ATCC 6633	Allar tegundir
	Bacillus subtilis DSM 5750	Allar tegundir
	Bacillus subtilis Micron Bio-Systems stofnasafn	Allar tegundir
	Bacillus subtilis NCIMB 40286	Allar tegundir
	Bifidobacterium animalis ssp. *Lactis* CHCC5445/DSM15954	Allar tegundir
	Bifidobacterium longum CNCM I-3241/ATCC 15707	Allar tegundir
	Candida glabrata 35120	Allar tegundir
	Clostridium sporogenes phage NCIMB 30008	Allar tegundir
	Clostridium tyrobutyricum phage NCIMB 30008	Allar tegundir
	Enterococcus faecium AP34	Allar tegundir
	Enterococcus faecium CECT 7002	Allar tegundir
	Enterococcus faecium CNCM DASF I-1248	Allar tegundir
	Enterococcus faecium CNCM I-819	Allar tegundir
	Enterococcus faecium DSM 15958	Allar tegundir
	Enterococcus faecium DSM 16567	Allar tegundir
	Enterococcus faecium DSM 16573	Allar tegundir
	Enterococcus faecium DSM 5464	Allar tegundir
	Enterococcus faecium M74 CCM 6226	Allar tegundir
	Enterococcus faecium NCAIM	Allar tegundir
	Enterococcus faecium NCIMB 30006	Allar tegundir

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Enterococcus faecium NCIMB 30098	Allar tegundir
	Enterococcus faecium NCIMB 30122	Allar tegundir
	Enterococcus mundtii 82760	Allar tegundir
	Lactobacillus acidophilus 36587	Allar tegundir
	Lactobacillus acidophilus CHCC3777/DSM13241	Allar tegundir
	Lactobacillus acidophilus CNCM DALA I-1246	Allar tegundir
	Lactobacillus acidophilus NCIMB 30067	Allar tegundir
	Lactobacillus acidophilus NCAIM	Allar tegundir
	Lactobacillus amylolyticus CBS 116420	Allar tegundir
	Lactobacillus amylovorans DSM 16251	Allar tegundir
	Lactobacillus brevis DSM 16570	Allar tegundir
	Lactobacillus brevis KKP. 839	Allar tegundir
	Lactobacillus brevis DSM 8038	Allar tegundir
	Lactobacillus buchneri 71044	Allar tegundir
	Lactobacillus buchneri 71065	Allar tegundir
	Lactobacillus buchneri BIO 73	Allar tegundir
	Lactobacillus buchneri NCIMB 30137	Allar tegundir
	Lactobacillus buchneri NCIMB 30138	Allar tegundir
	Lactobacillus buchneri NCIMB 8007	Allar tegundir
	Lactobacillus bulgaricus MA 547/3M	Allar tegundir
	Lactobacillus casei CCM 3775	Allar tegundir
	Lactobacillus casei CHCC2115	Allar tegundir
	Lactobacillus casei CNCM DA LC I-1247	Allar tegundir
	Lactobacillus casei MA 67/4U	Allar tegundir
	Lactobacillus casei NCIMB 11970	Allar tegundir
	Lactobacillus casei NCIMB 30007	Allar tegundir
	Lactobacillus casei rhamnosus LC 705 DSM 7061	Allar tegundir
	Lactobacillus farciminis MA27/6B	Allar tegundir
	Lactobacillus fermentum DSM 16250	Allar tegundir
	Lactobacillus helveticus CNCM DALH I-1251	Allar tegundir
	Lactobacillus mucosae DSM 16246	Allar tegundir

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Lactobacillus paracasei DSM 16572	Allar tegundir
	Lactobacillus paracasei ssp. *Paracasei* DSM 11394	Allar tegundir
	Lactobacillus paracasei ssp. *Paracasei* DSM 11395	Allar tegundir
	Lactobacillus paracasei ssp. *Paracasei* CNCM I-3292/P4126	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum 24001	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum 252	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum 50050	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum 88	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum AMY LMG-P22548	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum C KKP/783/p	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum CCM 3769	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum CNCM DALP. I-1250	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum CNCM I-820	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum CNCM MA 27/5M	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 12187	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13367	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13543	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13544	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13545	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13546	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13547	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 13548	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 16247	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 16571	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 16682	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 4784	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 4904	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 8427	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 8428	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 8862	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSM 8866	Allar tegundir

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Lactobacillus plantarum DSMZ 15683	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum DSMZ 16627	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum EU/EEC 1/24476	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum KKP/788/p	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum L43 NCIMB 30146	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum L44 NCIMB 30147	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum L58	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum MA 541/2E	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum Micron Bio-Systems stofnasafn	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum NCIMB 12422	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum NCIMB 30004	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum NCIMB 30114	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum NCIMB 30115	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum NCIMB 30170	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum PL3/CSL	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum PL6/CSL	Allar tegundir
	Lactobacillus plantarum PLA/CSL	Allar tegundir
	Lactobacillus reuteri CNCM MA28/6E-g	Allar tegundir
	Lactobacillus reuteri CNCM MA28/6U-g	Allar tegundir
	Lactobacillus reuteri DSM 16248	Allar tegundir
	Lactobacillus reuteri DSM 16249	Allar tegundir
	Lactobacillus rhamnosus MA27/6R	Allar tegundir
	Lactobacillus sakei DSM 16564	Allar tegundir
	Lactobacillus sakei ssp. *Sakei* AK 5115 DSM 20017	Allar tegundir
	Lactococcus lactis CNCM I-3291/ATCC 7962	Allar tegundir
	Lactococcus Lactis NCIMB 30149	Allar tegundir
	Lactococcus lactis ssp. *Lactis biovar diacetylactis* CHCC2237	Allar tegundir
	Lactococcus lactis subsp. Lactis CHCC2871	Allar tegundir
	Leuconostoc mesenteroides DSM 8865	Allar tegundir
	Leuconostoc oeno LO1	Allar tegundir
	Leuconostoc pseudomesenteroides CHCC2114	Allar tegundir

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Pediococcus acidilactici AK 5201 DSM 20284	Allar tegundir
	Pediococcus acidilactici CNCM MA 151/5R	Allar tegundir
	Pediococcus acidilactici DSM 10313	Allar tegundir
	Pediococcus acidilactici DSM 13946	Allar tegundir
	Pediococcus acidilactici ET 6	Allar tegundir
	Pediococcus acidilactici NCIMB 30005	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus 69221	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus AP35	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus CCM 3770	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus CNCM MA 25/4J	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus DSM 16566	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus DSM 16569	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus HTS LMG P-22549	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaceus Micron Bio-Systems stofnasafn	Allar tegundir
	Pediococcus pentosaeceus EU/EEC 2124476	Allar tegundir
	Propionibacterium freudenreichii shermanii JS DSM 7067	Allar tegundir
	Propionibacterium freudenreichii ssp. *Shermanii* AK 5502 DSM 4902	Allar tegundir
	Propionibacterium globosum CNCM DAPB I-1249	Allar tegundir
	Propionibacterium shermanii ATCC 9614	Allar tegundir
	Propionibacterium shermanii MBS-PS-01	Allar tegundir
	Propionibacterium sp. DSM 9576	Allar tegundir
	Propionibacterium sp. DSM 9577	Allar tegundir
	Rhodopseudomonas palustris ATTC 17001	Allar tegundir
	Saccharomyces cerevisiae 37584	Allar tegundir
	Saccharomyces cerevisiae 80566	Allar tegundir
	Serratia rubidaea NCIMB 40285	Allar tegundir
	Streptococcus cremoris CNCM DASC I-1244	Allar tegundir
	Streptococcus faecium 36 KKP. 880	Allar tegundir
	Streptococcus thermophilus CHCC3021	Allar tegundir
	Streptococcus thermophilus CNCM DAST I-1245	Allar tegundir
	Ammóníumasetat	Allar tegundir

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
	Ammóníumasetattetrahýdrat	Allar tegundir
	Ammóníumbensóat	Allar tegundir
	Ammóníumbísúlfít	Allar tegundir
	Ammóníumdípróþíónat	Allar tegundir
	Attapúlgit (leir) CAS-nr. 12174-11-7	Allar tegundir
E 210	Bensósýra	Allar tegundir
	Etýlbensóat	Allar tegundir
E 507	Saltsýra	Allar tegundir
	Vetnisperoxíð	Allar tegundir
	Ísósmjörsýra	Allar tegundir
	Metenamín	Allar tegundir
E 285	Metýlpróþíonsýra	Allar tegundir
	Kalíumbísúlfít	Allar tegundir
	Kalíumformat	Allar tegundir
	Kalíumsúlfat	Allar tegundir
	Kísildíoxíð	Allar tegundir
E 222	Natríumbísúlfít	Allar tegundir
E 223	Natríummetabísúlfít	Allar tegundir
	Natríumsúlfít	Allar tegundir
	Natríumþíósúlfat	Allar tegundir
E 513	Brennisteinssýra	Allar tegundir
	Tannínútdráttur úr kastaníuvið (Castanea sativa Mill, CAS-nr. 1401-55-4)	Allar tegundir

B-HLUTI

Fóðuraukefni sem tilheyra virka hópnum aukefni í votfóður og eru afturkölluð fyrir tilteknar tegundir og flokka dýra

Kenninúmer	Aukefni	Tegund eða flokkur dýra
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður		
	Hexametýlentetramín	Allar tegundir að undanskildum nautgripum, sauðfé, svínum, alifuglum, kanínum, hestum og geitum.

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 610/2012 **2013/EES/16/38**

frá 9. júlí 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi fyrir hnislalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem ekki er ætlast til að þau berist í (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 315/93 frá 8. febrúar 1993 um málsmeðferð fyrir Bandalagið vegna mengunarefna í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 2. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 124/2009 frá 10. febrúar 2009 um hámarksgildi fyrir hnislalyf eða vefsvipungalyf sem eru í matvælum vegna þess að þessi efni berast óhjákvæmilega í fóður sem ekki er ætlast til að þau berist í ([2]) voru fastsett hámarksgildi fyrir tiltekin hnislalyf og vefsvipungalyf í matvælum til að tryggja eðlilega starfsemi innri markaðarins og til að vernda lýðheilsu.

2) Hámarksgildin skulu stöðugt aðlöguð til að unnt sé að taka tillit til þróunar á sviði vísinda- og tækniþekkingar og breytinga á hámarksgildum leifa sem voru fastsett fyrir viðkomandi matvæli innan ramma reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu ([3]) eða innan ramma reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri ([4]).

3) Hámarksgildi leifa fyrir lasalósíðnatríum í matvælum úr dýraríkinu úr nautgripum voru fastsett innan ramma reglugerðar (EB) nr. 470/2009 með framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 86/2012 frá 1. febrúar 2012 um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið lasalósíð ([5]). Því er nauðsynlegt að breyta ákvæðum að því er varðar lasalósíðnatríum.

4) Nýjar tæknilegar upplýsingar liggja fyrir, þ.e.a.s. sértækar rannsóknir á yfirfærsluhlutfalli madúramísíns úr fóðri í egg úr varphænum. Í þessum rannsóknum er sýnt fram á að fóður fyrir varphænur, sem inniheldur madúramísín vegna víxlmengunar en undir hámarksgildum, leiðir til þess að magn madúramísins í eggjum fer yfir þau hámarksgildi sem eru sem stendur leyfð. Í samræmi við niðurstöður úr áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um víxlmengun af völdum madúramísíns í fóðri sem það er ekki ætlað í ([6]) og vísindalegt álit um öryggi og skilvirkni madúramísínammóníums fyrir eldiskjúklinga ([7]) hafa þessi hærri gildi ekki í för með sér umtalsverða áhættu

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 178, 10.7.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. EB L 37, 13.2.1993, bls. 1.

([2]) Stjtíð. ESB L 40, 11.2.2009, bls. 7.

([3]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([4]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([5]) Stjtíð. ESB L 30, 2.2.2012, bls. 6.

([6]) Álit sérfræðinganefndar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum madúramísíns, sem leyft er sem fóðuraukefni, í fóðri sem það er ekki ætlað í, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 594, bls. 1–30, aðgengilegt á Netinu: http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/594.pdf

([7]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður, Vísindalegt álit um öryggi og skilvirkni Cygro® 10G (madúramísínammóníum α) fyrir eldiskjúklinga (Scientific Opinion on safety and efficacy of Cygro® 10G (maduramicin ammonium α) for chickens for fattening) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(1), 1952. [2 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2011.2355. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu/efsajournal

fyrir heilbrigði neytenda. Því er nauðsynlegt að breyta ákvæðum, að því er varðar madúramísín, til samræmis við það.

5) Skilyrðum fyrir leyfi fyrir níkarbasíni og díklasúríli sem fóðuraukefnum hefur verið breytt, annars vegar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 875/2010 frá 5. október 2010 um leyfi til 10 ára fyrir aukefni í fóðri ([8]) og hins vegar með reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 169/2011 frá 23. febrúar 2011 um leyfi fyrir díklasúríli sem fóðuraukefni fyrir perluhænsni ([9]). Í ljósi þessarar þróunar er þörf á umtalsverðum breytingum á hámarksgildum sem hafa verið fastsett fyrir níkarbasín og minniháttar breytingum fyrir díklasúríl í viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 124/2009. Í samræmi við niðurstöður úr áliti Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um víxlmengun af völdum níkarbasíns í fóðri sem það er ekki ætlað í([10]) og vísindalegt álit um öryggi og skilvirkni níkarbasíns fyrir eldiskjúklinga([11]) hafa tillögð hámarksgildi fyrir níkarbasín í fóðri, sem leiða af óhjákvæmilegri yfirfærslu þess í fóður sem það er ekki ætlað í, ekki í för með sér umtalsverða áhættu fyrir heilbrigði neytenda. Því er nauðsynlegt að breyta ákvæðum að því er varðar díklasúríl og níkarbasín.

6) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 124/2009 til samræmis við það.

7) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 124/2009 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 9. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

([8]) Stjtíð. ESB L 263, 6.10.2010, bls. 4.

([9]) Stjtíð. EB L 49, 24.2.2001, bls. 6.

([10]) Álit sérfræðinganefndar um aðskotaefni í matvælaferlinu, að beiðni framkvæmdastjórnar Evrópubandalaganna, um víxlmengun af völdum níkarbasíns, sem leyft er sem fóðuraukefni, í fóðri sem það er ekki ætlað í, Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (2008) 690, bls. 1–34, aðgengilegt á Netinu: http://www.efsa.europa.eu/en/efsajournal/doc/690.pdf

([11]) Sérfræðinganefnd Matvælaöryggisstofnunar Evrópu um aukefni og vörur eða efni sem eru notuð í fóður; Vísindalegt álit um öryggi og skilvirkni Koffogran (níkarbasíns) sem fóðuraukefnis fyrir eldiskjúklinga (Scientific Opinion on the safety and efficacy of Koffogran (nicarbazin) as a feed additive for chickens for fattening). Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2010 8(3), 1551. [40 bls.]. doi:10.2903/j.efsa.2011.2355. Aðgengilegt á Netinu: www.efsa.europa.eu

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (EB) nr. 124/2009 er breytt sem hér segir:

1) Í stað færslu nr. 1 varðandi lasalósíðnatríum komi eftirfarandi:

„1. Lasalósíðnatríum	Matvæli úr dýraríkinu, úr öðrum dýrategundum en alifuglum og nautgripum:	
	— mjólk,	1
	— lifur,	50
	— nýru,	20
	— önnur matvæli.	5“

2) Í stað færslu nr. 6 varðandi madúramísín komi eftirfarandi:

„6. Madúramísín	Matvæli úr dýraríkinu, úr öðrum dýrategundum en eldiskjúklingum og kalkúnum:	
	— egg,	12
	— önnur matvæli.	2“

3) í stað færslu nr. 10 varðandi níkarbasín komi eftirfarandi:

„10. Níkarbasín (leifar: 4,4’-dínítrókarbanílíð (DNC))	Matvæli úr dýraríkinu, úr öðrum dýrategundum en eldiskjúklingum:	
	— egg,	300
	— mjólk,	5
	— lifur,	300
	— nýru,	100
	— önnur matvæli.	50“

4) í stað færslu nr. 11 varðandi díklasúríl komi eftirfarandi:

„11. Díklasúríl	Matvæli úr dýraríkinu, úr öðrum dýrategundum en eldiskjúklingum, eldiskalkúnum, perluhænsnum, eldiskanínum og undaneldiskanínum, jórturdýrum og svínum:	
	— egg,	2
	— lifur og nýru,	40
	— önnur matvæli.	5“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 837/2012 **2013/EES/16/39**

frá 18. september 2012

um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur (leyfishafi er DSM Nutritional Products) (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), í aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ sem fóðuraukefni fyrir alifugla, fráfærugrísi, eldissvín og gyltur.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 14. desember 2011([2]) að 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), hafi, við tillögð notkunarskilyrði, ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun hans geti bætt nýtingu allra marktegunda á fosfór. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á 6-fýtasa (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „dýraræktaraukefni“ og virka hópnum „meltingarbætandi efni“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu* (2012) 10 (1), 2527.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Virknieiningar/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur dýraræktaraukefna. Virkur hópur: meltingarbætandi efni									
4a18	DSM Nutritional Products	6-fýtasi (EC 3.1.3.26)	*Samsetning aukefnis* Blanda með 6-fýtasa EC 3.1.3.26, sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594), með virkni að lágmarki: 50 000 ([1]) FYT/g í föstu formi 20 000 FYT/g í fljótandi formi *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* 6-fýtasi (EC 3.1.3.26), sem er framleiddur með *Aspergillus oryzae* (DSM 22594) *Greiningaraðferð* ([2]) Litmæling sem mælir ólífrænt fosfat sem 6-fýtasi leysir úr fýtati (ISO 30024:2009)	Alifuglar Eldissvín Fráfærugrísir	—	500 FYT	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita, geymsluþol og kögglafestu. 2. Ráðlagður skammtur á kílógramm heilfóðurs fyrir: – alifugla, fráfærugrísi og eldissvín: 500 – 4 000 FYT, – gyltur: 1 000 – 4 000 FYT, 3. Til nota í fóður sem inniheldur yfir 0,23% fýtínbundinn fosfór. 4. Varðandi öryggi: við meðhöndlun skal nota öndunarvörn, gleraugu og hlífðarhanska. 5. Til notkunar fyrir fráfærugrísi, þar til þeir eru allt að 35 kg.	9. október 2022
				Gyltur		1 000 FYT			

([1]) 1 FYT er magn þess ensíms sem leysir eitt míkrómól ólífræns fosfats á mínútu úr fýtati við hvarfskilyrði með fýtatastyrk, sem er 5,0 mM við pH-gildið 5,5 og 37 °C.
([2]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 838/2012 **2013/EES/16/40**

frá 18. september 2012

um leyfi fyrir *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu.

2) Í samræmi við 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003 var lögð fram umsókn um leyfi fyrir *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982). Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Umsóknin varðar leyfi fyrir *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982), í aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“, sem fóðuraukefni fyrir allar dýrategundir.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 6. mars 2012 ([2]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi blanda með *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að notkun blöndunnar geti mögulega bætt framleiðslu á votfóðri með því að auka framleiðslu á ediksýru sem leiðir til aukins, lofthárs stöðugleika í meðhöndluðu votfóðri. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofan, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun þessarar blöndu eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Blandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „tæknileg aukefni“ og virka hópnum „aukefni í votfóður“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB. L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) *Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012* 10(3), 2617.

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarksaldur	Lágmarksinnihald	Hámarksinnihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						Þyrpingafjöldi (CFU)/kg fersks efnis			
Flokkur tæknilegra aukefna. Virkur hópur: aukefni í votfóður									
1k20715	—	*Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982)	*Samsetning aukefnis* Blanda með *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) sem inniheldur að lágmarki 8×10^{10} CFU/g aukefnis *Lýsing á eiginleikum virka efnisins* *Lactobacillus brevis* (DSMZ 21982) *Greiningaraðferð* ([1]) Ákvörðun á heildarfjölda örvera í fóður-aukefninu með dreifingaraðferð (EN 15787) Sanngreining: með rafdrætti á geli í púlssviði (PFGE)	Allar dýrategundir	—	—	—	1. Í notkunarleiðbeiningum með aukefninu og forblöndunni skal tilgreina geymsluhita og geymsluþol. 2. Lágmarksskammtur aukefnisins ef það er ekki notað í samsetningum með öðrum örverum sem aukefni í votfóður: 1×10^8 CFU/kg fersks efnis. 3. Varðandi öryggi: Mælt er með að nota öndunarvörn og hlífðarhanska við meðhöndlun.	9. október 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofunnar: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/Pages/index.aspx

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 839/2012 **2013/EES/16/41**

frá 18. september 2012

um leyfi fyrir þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1831/2003 frá 22. september 2003 um aukefni í fóðri([1]), einkum 2. mgr. 9. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1831/2003 er kveðið á um veitingu leyfa til að nota aukefni í fóður ásamt forsendum og málsmeðferð við slíka leyfisveitingu. Í 10. gr. þeirrar reglugerðar er kveðið á um endurmat á vörum sem eru leyfðar samkvæmt tilskipun ráðsins 82/471/EBE frá 30. júní 1982 um ákveðnar afurðir í dýrafæðu([2]).

2) Þvagefni var leyft án tímamarka með tilskipun 82/471/EBE. Varan var síðan færð inn í skrá Bandalagsins yfir fóðuraukefni sem fyrirliggjandi vara í samræmi við 1. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

3) Í samræmi við 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, í tengslum við 7. gr. þeirrar reglugerðar, var lögð fram umsókn um endurmat á þvagefni sem fóðuraukefni fyrir jórturdýr og óskað eftir að aukefnið yrði sett í aukefnaflokkinn „viðbætt næringarefni“. Umsókninni fylgdu upplýsingar og skjöl sem krafist er skv. 3. mgr. 7. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003.

4) Matvælaöryggisstofnun Evrópu (hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“) komst að þeirri niðurstöðu í áliti sínu frá 7. mars 2012([3]) að við tillögð notkunarskilyrði hafi þvagefni ekki skaðleg áhrif á heilbrigði dýra eða manna eða á umhverfið og að það sé uppspretta köfnunarefnis, sem ekki inniheldur prótín, fyrir prótínefnasmíði örvera í vömb. Matvælaöryggisstofnunin telur að ekki sé þörf á sértækum kröfum um vöktun að lokinni setningu á markað. Í álitinu er einnig staðfest skýrsla um aðferðir til að greina fóðuraukefnið í fóðri sem tilvísunarrannsóknarstofa Bandalagsins, sem sett var á stofn með reglugerð (EB) nr. 1831/2003, lagði fram.

5) Mat á þvagefni sýnir að skilyrðin fyrir leyfinu, sem kveðið er á um í 5. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, eru uppfyllt. Til samræmis við það ber að leyfa notkun efnisins eins og tilgreint er í viðaukanum við þessa reglugerð.

6) Þar eð teknar eru upp breytingar á skilyrðunum fyrir leyfinu fyrir þvagefni og þar eð ekki er um að ræða bein og tafarlaus áhrif á öryggi skal veita hæfilegan frest áður en leyfi er veitt svo að hagsmunaaðilar geti búið sig undir að uppfylla þær nýju kröfur sem fylgja leyfinu. Því til viðbótar þykir rétt að heimila umbreytingartímabil til að ráðstafa fyrirliggjandi birgðum af þvagefni, eins og heimilað er með tilskipun 82/471/EBE, og fóðri sem inniheldur þvagefni.

7) Það er afar flókið fyrir rekstraraðila að laga sig hvað eftir annað og frá degi til dags að merkimiðum á fóðri sem inniheldur mismunandi aukefni sem hafa verið leyfð hvert á fætur öðru samkvæmt málsmeðferðinni sem mælt er fyrir um í 2. mgr. 10. gr. reglugerðar (EB) nr. 1831/2003, og sem nýjar reglur um merkingar gilda um sem þarf að fara að. Því er rétt að draga úr rekstrarlegu álagi á rekstraraðila með því að veita frest til að breyting á merkingum gangi snurðulaust fyrir sig.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Leyfi

Efnablandan, sem tilheyrir aukefnaflokknum „viðbætt næringarefni“ og virka hópnum „þvagefni og afleiður þess“ og er tilgreind í viðaukanum, er leyfð sem aukefni í fóður með þeim skilyrðum sem mælt er fyrir um í þeim viðauka.

2. gr.

Kröfur um merkingar

Fóður sem inniheldur þvagefni skal merkt í samræmi við þessa reglugerð eigi síðar en 19. maí 2013.

Fóður, sem inniheldur þvagefni og hefur verið merkt í samræmi við tilskipun 82/471/EBE fyrir 19. maí 2013, má þó áfram setja á markað og nota þar til birgðir eru uppurnar.

3. gr.

Umbreytingarráðstafanir

Heimilt er að nota áfram og setja á markað fyrirliggjandi birgðir af þvagefni og fóðri sem inniheldur þvagefni á gildistökudegi þessarar reglugerðar samkvæmt skilyrðum tilskipunar 82/471/EBE, þar til birgðirnar eru uppurnar.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 252, 19.9.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 5/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á I. viðauka (Heilbrigði dýra og plantna) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 268, 18.10.2003, bls. 29.

([2]) Stjtíð. EB L 213, 21.7.1982, bls. 8.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2012 10(3), 2624.

4. gr.

Gildistaka

Reglugerð þessi öðlast gildi 19. nóvember 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 18. september 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Kenninúmer aukefnisins	Nafn leyfishafa	Aukefni	Samsetning, efnaformúla, lýsing, greiningaraðferð	Tegund eða flokkur dýra	Hámarks-aldur	Lágmarks-innihald	Hámarks-innihald	Önnur ákvæði	Leyfi rennur út
						mg/kg heilfóðurs með 12% rakainnihaldi			
Flokkur viðbættra næringarefna. Virkur hópur: Þvagefni og afleiður þess.									
3d1	—	Þvagefni	*Samsetning aukefnis*: Innihald þvagefnis: a.m.k. 97% Köfnunarefnisinnihald 46% *Lýsing á eiginleikum virka efnisins*: Díamínómetanón, CAS nr. 58069-82-2, efnaformúla: $(NH_2)_2CO$ *Greiningaraðferðir*([1]) Ákvörðun á heildarmagni köfnunarefnis í aukefninu: Títrunarmæling (aðferð 2.3.3 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003) Ákvörðun á hlutdeild bíúrets í heildarmagni köfnunarefnis í aukefninu: Litrófsmæling (aðferð 2.5 í IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 2003/2003) Ákvörðun á þvagefni í forblöndum, fóðurblöndum og fóðurefni: Litrófsmæling (III. viðauki D við reglugerð (EB) nr. 152/2009)	Jórturdýr með virka vömb	—		8 800	Notkunarleiðbeiningarnar fyrir fóðuraukefnið og fóður sem inniheldur þvagefni skulu innihalda eftirfarandi: „Þvagefni skal einungis gefið dýrum með virka vömb (e. *functional rumen*). Magn þvagefnis í fóðri skal auka smám saman þangað til hámarksgildi er náð. Hámarksmagn þvagefnis skal eingöngu gefa sem hluta af fóðri sem inniheldur mikið magn af auðmeltanlegum kolvetnum og lítið magn af leysanlegu köfnunarefni. Að hámarki 30% af heildarmagni köfnunarefnis í daglegum skammti skal koma úr þvagefniskköfnunarefni.“	19. nóvember 2022

([1]) Upplýsingar varðandi greiningaraðferðirnar eru fáanlegar á eftirfarandi slóð tilvísunarrannsóknarstofu Bandalagsins: http://irmm.jrc.ec.europa.eu/EURLs/EURL_feed_additives/authorisation/evaluation_reports/Pages/index.aspx

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 307/2012 **2013/EES/16/42**

frá 11. apríl 2012

um framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1925/2006 frá 20. desember 2006 um að bæta vítamínum og steinefnum og tilteknum öðrum efnum við í matvæli ([1]), einkum 6. mgr. 8. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Beiðnir frá aðildarríkjum, eða að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar, um að hefja málsmeðferð skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 til að banna, takmarka eða setja efni í athugun hjá Sambandinu, önnur en vítamín eða steinefni, eða innihaldsefni, sem í eru önnur efni en vítamín eða steinefni, sem er blandað í matvæli eða notuð við framleiðslu á matvælum, skulu uppfylla tiltekin skilyrði og setja skal samræmdar reglur til að kanna hvort þessi skilyrði séu uppfyllt. Eitt af skilyrðunum, sem mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, er að inntekið magn af efninu skuli fara langt yfir inntekið magn sem eðlilegt sé að vænta að sé tekið inn undir venjulegum kringumstæðum við neyslu rétt samsettrar og fjölbreyttrar fæðu og að það skapi hugsanlega áhættu fyrir neytendur eins og sýnt er fram á með viðeigandi vísindagögnum. Enn fremur er í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 kveðið á um að málsmeðferðinni skuli einnig beitt ef efni skapar hugsanlega áhættu fyrir heilbrigði af öðrum ástæðum en því að inntekið magn sé langt yfir því sem eðlilegt er að vænta að sé tekið inn undir venjulegum kringumstæðum. Auk þess er í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 kveðið á um að efninu skuli blandað í matvæli eða notað við framleiðslu matvæla.

2) Vegna beitingar skilyrðanna, sem getið er hér að framan, skal inntekið magn viðkomandi efna með fæðu, sem fer langt yfir það sem eðlilegt er að vænta að sé tekið inn undir venjulegum kringumstæðum við neyslu rétt samsettrar og fjölbreyttrar fæðu, endurspegla raunverulegt inntekið magn af efninu en ekki fræðilega inntekið magn og skal það metið í hverju tilviki fyrir sig í samanburði við meðalmagn af efninu sem fullorðnir taka inn eða aðrir þjóðfélagshópar þar sem komið hefur í ljós hugsanleg áhætta fyrir neytendur.

3) Aðildarríki sem leggur fram beiðni skal veita nauðsynlegar upplýsingar til að sýna fram á að skilyrðin, sem krafist er samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1925/2006, séu uppfyllt. Þetta skal fela í sér upplýsingar um setningu matvæla, sem innihalda efnið, á markað og fyrirliggjandi og viðeigandi niðurstöður úr almennt viðurkenndum rannsóknum sem tengja efnið við hugsanlega áhættu fyrir neytendur. Einungis skal senda þær beiðnir sem metnar eru sem fullgerðar til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu (hér á eftir nefnd Matvælaöryggisstofnunin) í öryggismat sem byggist á fyrirliggjandi upplýsingum. Matvælaöryggisstofnunin skal samþykkja álit um öryggi efnisins innan tiltekins frests eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 178/2002([2]). Hagsmunaaðilum skal heimilt að leggja athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina í kjölfar birtingar Matvælaöryggisstofnunarinnar á álitinu.

4) Í 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 kemur fram að stjórnendur matvælafyrirtækja, eða sérhverjir aðrir hagsmunaaðilar, megi hvenær sem er senda Matvælaöryggisstofnuninni til umsagnar þau vísindagögn sem sýna að tiltekið efni, sem er tilgreint í C-hluta III. viðauka við reglugerðina, sé öruggt, að uppfylltum skilyrðum um notkun þess í matvæli eða í flokki matvæla, og útskýra tilganginn með notkuninni. Öll slík gögn, sem stjórnandi matvælafyrirtækis eða hagsmunaaðili leggur fram, skulu byggjast á leiðbeiningarskjali sem Matvælaöryggisstofnunin hefur samþykkt eða stutt, s.s. leiðbeiningum um framlagningu á upplýsingum vegna öryggismats á næringargjöfum eða á öðrum innihaldsefnum sem lagt er til að nota við framleiðslu matvæla, eða á nýrri, endurskoðaðri útgáfu á slíkum leiðbeiningum.

5) Til þess að framkvæmdastjórnin geti tekið ákvörðun sem varðar efni sem er skráð í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006 innan tilskilins frests er nauðsynlegt að taka einungis tillit til þeirra gagna sem lögð eru fram innan 18 mánaða frá þeim degi sem efni er skráð í viðaukann. Til þess að framkvæmdastjórnin geti tekið ákvörðun innan tilgreinds frests skal Matvælaöryggisstofnunin enn fremur gefa álit sitt á öryggi efnisins innan níu mánaða frá móttöku gagna sem teljast gild og fullgerð í samræmi við leiðbeiningarskjölin sem Matvælaöryggisstofnunin samþykkti eða studdi.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 102, 12.4.2012, bls. 2. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 26.

([2]) Stjtíð. EB L 31, 1.2.2002, bls. 1.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Efni

Í þessari reglugerð eru settar framkvæmdarreglur vegna beitingar 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 og einkum varðandi:

a) skilyrðin fyrir notkun málsmeðferðarinnar sem um getur í 1. og 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 og

b) málsmeðferðina sem um getur í 4. og 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 varðandi efnin sem eru skráð í C-hluta III. viðauka við reglugerðina.

2. gr.

Skilgreiningar

Í þessari reglugerð er merking eftirfarandi hugtaka sem hér segir:

a) „beiðni“: framlagning upplýsinga frá aðildarríki til framkvæmdastjórnarinnar, þ.m.t. vísindagögn, í því skyni að hefja málsmeðferðina skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006,

b) „gögn“: gögn eins og um getur í 4. og 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006 sem stjórnandi matvælafyrirtækis eða hagsmunaaðili leggur fyrir Matvælaöryggisstofnunina,

c) „setning á markað“: setning á markað eins og skilgreint er í 8. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

3. gr.

Skilyrði sem beiðni þarf að uppfylla

1. Við mat á þeim skilyrðum sem gilda um að blanda viðkomandi efni við matvæli eða nota það við framleiðslu matvæla, eins og mælt er fyrir um í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, skal taka tillit til þess hvort matvælin, sem efninu hefur verið blandað í, hafa verið sett á markað í einu eða fleiri aðildarríkjum.

2. Aðildarríkjum er heimilt að leggja beiðni fyrir framkvæmdastjórnina ef matið, sem um getur í 1. mgr., leiðir í ljós a.m.k. eitt af eftirfarandi:

a) hugsanleg áhætta fyrir neytendur tengist inntöku á efninu í magni, sem fer langt yfir það magn, sem eðlilegt er að vænta að sé tekið inn undir venjulegum kringumstæðum við neyslu rétt samsettrar og fjölbreyttrar fæðu, vegna aðstæðna sem eru fyrir hendi þegar efninu er blandað í matvæli eða notað við framleiðslu matvæla,

b) hugsanleg áhætta fyrir neytendur tengist neyslu fullorðinna á þessu efni, eða annarra þjóðfélagshópa þar sem hugsanleg áhætta hefur komið í ljós.

3. Við beitingu þessarar reglugerðar gildir að þau skilyrði, sem leiða til þess að inntekið magn efnis fari langt yfir það sem eðlilegt er að vænta að sé tekið inn undir venjulegum kringumstæðum við neyslu rétt samsettrar og fjölbreyttrar fæðu, skulu eiga við um raunverulegar aðstæður og skulu metin í hverju tilviki fyrir sig í samanburði við það meðalmagn sem fullorðnir taka inn af viðkomandi efni, eða aðrir tilgreindir þjóðfélagshópar þar sem heilbrigði manna gæti verið hætta búin.

4. Skilyrðin og kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 1., 2. og 3. mgr. þessarar greinar, og kröfurnar, sem mælt er fyrir um í 4. gr. þessarar reglugerðar, skulu gilda að breyttu breytanda þegar framkvæmdastjórnin hefur málsmeðferð skv. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.

4. gr.

Innihald beiðninnar

1. Beiðnin skal innihalda fyrirliggjandi og viðeigandi niðurstöður úr almennt viðurkenndum rannsóknum sem sýna að skilyrðin, sem eru tilgreind í 1. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, eru uppfyllt og þar skal eftirfarandi koma fram:

a) Sönnunargögn sem sýna að efninu er bætt við matvæli eða notað við framleiðslu matvæla.

Slík sönnunargögn skulu innihalda upplýsingar um núverandi setningu matvæla, sem innihalda efnið eins og um getur í 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, á markað.

b) Í tilvikum sem um getur í a-lið 2. mgr. 3. gr.: sönnunargögn sem sýna að inntekið magn efnisins fer langt yfir inntöku við venjulegar kringumstæður við neyslu rétt samsettrar og fjölbreyttrar fæðu, sem er metið í samræmi við 3. mgr. 3. gr.

Slík sönnunargögn skulu innihalda vísindagögn, sem sýna raunverulegt inntekið magn efnisins með fæðu, sem eru fengin úr nýjustu, fáanlegum rannsóknum á innteknu magni með fæðu eða rannsóknum á fæðuneyslu. Einnig má taka með í reikninginn matvæli sem efninu hefur verið blandað í og/eða fæðubótarefni sem innihalda efnið. Aðildarríkin skulu leggja fram rökstuðning fyrir því á hvaða grundvelli mat þeirra á „inntöku við venjulegar kringumstæður við neyslu rétt samsettrar og fjölbreyttrar fæðu“ er byggt þegar þau leggja beiðnina fram.

c) Sönnunargögn sem sýna að neysla á efninu geti haft í för með sér áhættu fyrir neytendur.

Þessi sönnunargögn skulu innihalda viðeigandi vísindagögn, þ.m.t. óbirtar fullgiltar skýrslur, vísindaleg álit

opinberra aðila sem annast áhættumat eða óháðar og jafningjarýndar greinar. Leggja skal fram samantekt á vísindagögnum og skrá yfir tilvísanir fyrir vísindagögnin.

2. Framkvæmdastjórnin getur beðið aðildarríki að láta í té skýringar eða viðbótarupplýsingar ef beiðnin er ófullgerð.

3. Framkvæmdastjórnin skal birta allar fullgerðar beiðnir frá aðildarríki á opinberu vefsetri sínu.

4. Framkvæmdastjórnin skal senda Matvælaöryggisstofnuninni beiðnina ásamt öllum fyrirliggjandi upplýsingum, að höfðu samráði við aðildarríkin. Matvælaöryggisstofnunin skal samþykkja vísindalegt álit innan tiltekins frests, eins og mælt er fyrir um í 3. mgr. 29. gr. reglugerðar (EB) nr. 178/2002.

5. Hagsmunaaðilum er heimilt að leggja athugasemdir fyrir framkvæmdastjórnina innan 30 daga frá því að Matvælaöryggisstofnunin birtir álit sitt.

5. gr.

Efni sem eru skráð í C-hluta III. viðauka

1. Gögn, sem stjórnandi matvælafyrirtækis eða annar hagsmunaaðili leggur fyrir Matvælaöryggisstofnunina, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í 4. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, vegna öryggismats á efni sem er skráð í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006, skulu byggjast á viðeigandi leiðbeiningarskjölum, sem Matvælaöryggisstofnunin samþykkti eða studdi, til að þau teljist gild.

Ef Matvælaöryggisstofnunin telur að gögn séu ekki gild að því er varðar fyrstu undirgrein skal hún upplýsa stjórnanda matvælafyrirtækisins eða hagsmunaaðilann, sem lagði gögnin fram, og framkvæmdastjórnina um það og tilgreina ástæður fyrir því af hverju gögnin teljast ekki gild.

2. Matvælaöryggisstofnunin skal einungis taka gögn, sem eru lögð fram innan 18 mánaða frá því gildistöku ákvörðunar um að skrá efni í C-hluta III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1925/2006, skv. 2. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006, sem gild gögn til að taka ákvörðun eins og mælt er fyrir um í 5. mgr. 8. gr. reglugerðar (EB) nr. 1925/2006.

6. gr.

Álit Matvælaöryggisstofnunarinnar

1. Matvælaöryggisstofnunin skal gefa álit sitt á gögnunum, sem um getur í 1. mgr. 5. gr. þessarar reglugerðar, innan níu mánaða frá móttöku gildra gagna. Matvælaöryggisstofnunin skal meta gildi gagnanna innan 30 daga frá móttöku þeirra.

2. Matvælaöryggisstofnuninni er heimilt að krefja stjórnanda matvælafyrirtækisins eða hagsmunaaðilann um viðbótargögn eða -upplýsingar með gögnunum innan tilskilins frests. Ef Matvælaöryggisstofnunin fer fram á viðbótarupplýsingar frá stjórnanda matvælafyrirtækis eða öðrum hagsmunaaðila skal fresturinn, sem um getur í 1. mgr., einungis framlengdur einu sinni í allt að þrjá mánuði og þar skal talinn með sá tími sem stjórnandi matvælafyrirtækisins eða annar hagsmunaaðili þarf til að veita þessar viðbótarupplýsingar. Stjórnandi matvælafyrirtækisins eða hagsmunaaðilinn skal leggja fram umbeðnar upplýsingar innan 15 daga frá því að beiðni Matvælaöryggisstofnunarinnar var móttekin.

7. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 11. apríl 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 379/2012 **2013/EES/16/43**

frá 3. maí 2012

um synjun leyfis fyrir tilteknum heilsufullyrðingum er varða matvæli og vísa hvorki til minnkunar á sjúkdómsáhættu né til þroskunar eða heilbrigðis barna (*)

FRAMKVÆMDASTJORN EVROPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1924/2006 frá 20. desember 2006 um næringar- og heilsufullyrðingar er varða matvæli([1]), einkum 5. mgr. 18. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1924/2006 eru heilsufullyrðingar er varða matvæli bannaðar nema framkvæmdastjórnin leyfi þær í samræmi við þá reglugerð og að þær séu á lista yfir leyfðar fullyrðingar.

2) Í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 er einnig kveðið á um að stjórnendur matvælafyrirtækja geti sent lögbæru yfirvaldi aðildarríkis umsóknir um leyfi fyrir heilsufullyrðingum. Lögbæra yfirvaldið skal framsenda tækar umsóknir til Matvælaöryggisstofnunar Evrópu, hér á eftir nefnd „Matvælaöryggisstofnunin“.

3) Þegar Matvælaöryggisstofnuninni hefur borist umsókn skal hún tilkynna það hinum aðildarríkjunum og framkvæmdastjórninni án tafar og skila áliti á viðkomandi heilsufullyrðingu.

4) Framkvæmdastjórnin skal ákveða hvort heilsufullyrðingar skuli leyfðar, að teknu tilliti til álits Matvælaöryggisstofnunarinnar.

5) Í kjölfar umsóknar frá Valio Ltd, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu varðandi áhrif *Lactobacillus rhamnosus* GG (LGG) að því er varðar að viðhalda vörnum gegn sjúkdómsvaldandi örverum í maga og görnum (e. *pathogenic gastrointestinal micro-organisms*) (spurning nr. EFSA-Q-2010-01028)([2]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „*Lactobacillus* GG hjálpar til við að viðhalda vörnum gegn sjúkdómsvöldum í þörmum“.

6) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin fengu vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar 1. júní 2010, þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á *Lactobacillus rhamnosus* GG og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

7) Í kjölfar umsóknar frá Gelita AG, sem lögð var fram skv. 5. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, var Matvælaöryggisstofnunin beðin um að skila áliti á heilsufullyrðingu sem varðar áhrif vatnsrofsefnis kollagens á viðhald liðamóta (spurning nr. EFSA-Q-2011-00201)([3]). Fullyrðingin, sem umsækjandinn lagði til, var svohljóðandi: „Einkennandi blanda kollagenpeptíða (vatnsrofsefni kollagens) sem hefur góð, lífeðlisfræðileg áhrif til að viðhalda heilbrigðum liðamótum í fólki sem er líkamlega virkt“.

8) Hinn 20. júlí 2011 barst framkvæmdastjórninni og aðildarríkjunum vísindalegt álit Matvælaöryggisstofnunarinnar þar sem ályktað var á grundvelli gagnanna sem lögð voru fram að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli neyslu á vatnsrofsefni kollagens og fullyrtu áhrifanna. Þar eð fullyrðingin uppfyllir ekki kröfurnar í reglugerð (EB) nr. 1924/2006 skal hún ekki leyfð.

9) Allar heilsufullyrðingarnar, sem falla undir þessa reglugerð, eru heilsufullyrðingar eins og um getur í a-lið 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006 og geta því fallið undir umbreytingartímabilið sem mælt er fyrir um í 5. mgr. 28. gr. þeirrar reglugerðar. Þar eð Matvælaöryggisstofnunin komst að þeirri niðurstöðu að ekki hefði verið sýnt fram á orsakatengsl milli matvælanna og viðkomandi fullyrtu áhrifanna eru fullyrðingarnar ekki í samræmi við reglugerð (EB) nr. 1924/2006 og umbreytingartímabilið, sem kveðið er á um í þeirri grein, gildir því ekki um þær.

10) Til að tryggja að þessari reglugerð sé fylgt til fullnustu skulu bæði stjórnendur matvælafyrirtækja og landsbundin lögbær yfirvöld gera nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að eigi síðar en sex mánuðum eftir gildistöku þessarar reglugerðar verði heilsufullyrðingarnar, sem skráðar eru í viðauka þessarar reglugerðar, ekki lengur notaðar.

11) Tekið hefur verið tillit til athugasemda frá umsækjendum og almenningi sem framkvæmdastjórninni hafa borist, skv. 6. mgr. 16. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006, við ákvörðun þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 119, 4.5.2012, bls. 12. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 404, 30.12.2006, bls. 9.

([2]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(6), 2167.

([3]) Tíðindi Matvælaöryggisstofnunar Evrópu 2011 9(7), 2291.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

1. Heilsufullyrðingarnar, sem settar eru fram í viðaukanum við þessa reglugerð, skal ekki færa á lista Sambandsins yfir leyfðar fullyrðingar sem kveðið er á um í 3. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 1924/2006.

2. Þó má halda áfram að nota heilsufullyrðingar, sem um getur í 1. mgr. og hafa verið notaðar fyrir gildistöku þessarar reglugerðar, að hámarki í sex mánuði frá gildistöku þessarar reglugerðar.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 3. maí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Heilsufullyrðingar sem hefur verið hafnað

Umsókn — viðeigandi ákvæði reglugerðar (EB) nr. 1924/2006	Næringarefni, annað efni, matvæli eða matvælaflokkur	Fullyrðing	Tilvísunarnúmer álits Matvælaöryggis-stofnunar Evrópu
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	*Lactobacillus rhamnosus* GG (LGG)	*Lactobacillus GG* hjálpar til við að viðhalda vörnum gegn sjúkdómsvöldum í þörmum	Q-2010-01028
Heilsufullyrðing skv. 5. mgr. 13. gr. sem byggist á nýlegum, vísindalegum sönnunargögnum og/eða sem felur í sér kröfu um vernd einkaleyfisverndaðra gagna	Vatnsrofsefni kollagens	Einkennandi blanda kollagenpeptíða (vatnsrofsefni kollagens) sem hefur góð, lífeðlisfræðileg áhrif til að viðhalda heilbrigðum liðamótum í fólki sem er líkamlega virkt	Q-2011-00201

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 470/2012 **2013/EES/16/44**

frá 4. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun pólýdextrósa (E 1200) í bjór (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]).

3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á pólýdextrósa (E 1200) sem stöðgara í bjór var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Orkuskertir og lítið áfengir bjórar fá almennt dræmar viðtökur því þá skortir fyllingu og munnfylli (e. *mouthfeel*). Ef pólýdextrósa (E 1200) er bætt við getur það stuðlað að fyllingu og munnfylli og um leið veitt nauðsynlega froðuendingu (e. *foam stability*). Auk þess hefur pólýdextrósi (E 1200) lágt hitaeiningagildi (e. *low caloric value*) og þótt efninu sé bætt við hefur það takmörkuð áhrif á heildarfjölda hitaeininga í bjórnum.

6) Pólýdextrósi (E 1200) tilheyrir flokki aukefna sem ásættanleg, dagleg inntaka hefur ekki verið tilgreind fyrir ([3]). Það bendir til þess að efnið skapi ekki hættu fyrir heilbrigði í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Því er rétt að leyfa notkun pólýdextrósa (E 1200) í orkuskerta og lítið áfenga bjóra.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á pólýdextrósa (E 1200) í orkuskerta og lítið áfenga bjóra telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2001 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ([4]), gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun pólýdextrósa (E 1200) í bjór fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar þessa notkun þessa matvælaaukefnis.

9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 16. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu, COM(2001) 542, lokagerð.

([4]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 14.2.1 „bjór og maltdrykkir“ á eftir færslunni fyrir E 1105:

	„E 1200	Pólýdextrósi	*eftir þörfum*		Einungis orkuskertir og lítið áfengir bjórar	Gildistími: Frá 25. júní 2012“

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 471/2012 **2013/EES/16/45**

frá 4. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun lýsósíms (E 1105) í bjór (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]).

3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi fyrir notkun á lýsósími (E 1105) sem rotvarnarefni í bjór var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Flest brugghús dauðhreinsa bjórinn með síun eða gerilsneyða hann til að koma í veg fyrir að hann skemmist af völdum baktería við geymslu fyrir neyslu. Að því er varðar suma sérbjóra eins og yfirborðsgerjaða (e. *top-fermenting*) bjóra með seinni gerjun, t.d. bjór sem þroskast í ámu eða flösku, er slík meðhöndlun ekki möguleg þar eð lífvænlegu örverurnar, sem eru til staðar, eru hluti af framleiðsluferli þessara bjóra. Staðfest hefur verið að lýsósím (E 1105) er hentugt sýkladrepandi efni í ölgerð og er áhrifaríkt til að hindra vöxt mjólkursýrugerla sem bætt er í tilbúinn bjór.

6) Lýsósím (E 1105) tilheyrir flokki aukefna sem ásættanleg, dagleg inntaka hefur ekki verið tilgreind fyrir ([3]). Það bendir til þess að efnið skapi ekki hættu fyrir heilbrigði í því magni sem nauðsynlegt er til að ná fram tilætluðum tæknilegum áhrifum. Því er rétt að leyfa notkun á lýsósími (E 1105) til að rotverja bjór sem er hvorki gerilsneyddur né dauðhreinsaður með síun.

7) Samkvæmt tilskipun framkvæmdastjórnarinnar 2008/84/EB frá 27. ágúst 2008 um sérstök hreinleikaskilyrði fyrir önnur aukefni í matvælum en litarefni og sætuefni([4]) er lýsósím fengið úr hvítum úr hænueggjum. Egg og afurðir úr þeim eru skráð í III. viðauka a við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2000/13/EB frá 20. mars 2000 um samræmingu laga aðildarríkjanna um merkingu, kynningu og auglýsingu matvæla ([5]). Í samræmi við kröfur fyrrnefndrar tilskipunar skal tilgreina á merkingunum ef þetta ensím er fyrir hendi í bjór.

8) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á lýsósími (E 1105) sem rotvarnarefni í bjór telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

9) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ([6]) gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun lýsósíms (E 1105) í bjór fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar notkun þessa matvælaaukefnis.

10) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 19. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) Skýrsla frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu, COM(2001) 542, lokagerð.

([4]) Stjtíð. ESB L 253, 20.9.2008, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 109, 6.5.2000, bls. 29.

([6]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

———

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 14.2.1 „bjór og maltdrykkir“ á eftir færslunni fyrir E 962:

	„E 1105	Lýsósím	*eftir þörfum*		Einungis í bjór sem er hvorki gerilsneyddur né dauðhreinsaður með síun	Gildistími: Frá 25. júní 2012“

Reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 472/2012 **2013/EES/16/46**

frá 4. júní 2012

um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 að því er varðar notkun glýserólestera af trjárósíni (E 445) til prentunar á sælgæti með harðri húð (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 frá 16. desember 2008 um aukefni í matvælum ([1]), einkum 3. mgr. 10. gr. og 5. mgr. 30. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 var sett fram skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt hafa verið til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra.

2) Breyta má skránni í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í reglugerð (EB) nr. 1331/2008 frá 16. desember 2008 um sameiginlega málsmeðferð við leyfisveitingu fyrir aukefni í matvælum, ensím í matvælum og bragðefni í matvælum([2]).

3) Samkvæmt 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 má uppfæra skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, annaðhvort að frumkvæði framkvæmdastjórnarinnar eða í kjölfar umsóknar.

4) Umsókn um leyfi til að nota glýserólestera af trjárósíni (E 445) sem ýruefni til prentunar á sælgæti með harðri húð var lögð fram og hefur verið gerð aðgengileg fyrir aðildarríkin.

5) Með matvælalitarefnablöndum, sem eru sem stendur fáanlegar og eru notaðar til prentunar á sælgæti með harðri húð, er ekki unnt að ná fram nægilegum gæðum til að prenta texta, kennimerki og myndir. Rannsóknir og þróun hafa sýnt að notkun glýserólestera af trjárósíni (E 445), sem ýruefnis í matvælalitarefnablöndum að stofni til úr vatni, bætir blöndun og festu innihaldsefnanna sem leiðir til einsleitari efnablöndu sem veitir góða festingar- og þekjueiginleika. Þetta auðveldar prentun á hágæðatexta og myndum með mikilli upplausn á sælgæti með harðri húð til persónulegra nota og/eða kynningar fyrir hátíðleg tækifæri.

6) Í skýrslu frá framkvæmdastjórninni um inntöku matvælaaukefna með fæðu í Evrópusambandinu([3]) er komist að þeirri niðurstöðu að ekki sé þörf á frekari prófum á glýserólesterum af trjárósíni (E 445), þar eð fræðilega inntekið magn, á grundvelli varfærnislegra ályktana um fæðuneyslu og notkun aukefna (aðferðarþrep 1), fór ekki yfir ásættanlega, daglega inntöku. Vísindanefndin um matvæli fastsetti gildi fyrir ásættanlega, daglega inntöku 19. júní 1992 ([4]). Inntekið magn til viðbótar, sem byggist á nýrri notkun til prentunar á sælgæti með harðri húð, hefur ekki veruleg áhrif á heildarinntöku. Því er rétt að leyfa notkun glýserólestera af trjárósíni (E 445) sem ýruefni til prentunar á sælgæti með harðri húð.

7) Samkvæmt 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1331/2008 skal framkvæmdastjórnin leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu áður en hún uppfærir skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni, sem sett er fram í II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1331/2008, nema þegar uppfærslan, sem um er að ræða, getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna. Þar eð leyfi fyrir notkun á glýserólesterum af trjárósíni (E 445) sem ýruefni til prentunar á sælgæti með harðri húð telst uppfærsla á þeirri skrá, sem getur ekki haft áhrif á heilbrigði manna, er ekki nauðsynlegt að leita álits Matvælaöryggisstofnunar Evrópu.

8) Samkvæmt umbreytingarákvæðum reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 1129/2011 frá 11. nóvember 2011 um breytingu á II. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1333/2008 með því að koma á fót skrá Evrópusambandsins yfir aukefni í matvælum ([5]), gildir II. viðauki, þar sem komið er á fót skrá Evrópusambandsins yfir matvælaaukefni sem samþykkt eru til notkunar í matvæli og skilyrði fyrir notkun þeirra, frá 1. júní 2013. Til að unnt sé að leyfa notkun glýserólestera af trjárósíni (E 445) til prentunar á sælgæti með harðri húð fyrir þessa dagsetningu er nauðsynlegt að tilgreina fyrri gildistökudag að því er varðar notkun þessa matvælaaukefnis.

9) Því ber að breyta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 til samræmis við það.

10) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um matvælaferlið og heilbrigði dýra og hvorki Evrópuþingið né ráðið hefur andmælt þeim.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 144, 5.6.2012, bls. 22. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 6/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 16.

([2]) Stjtíð. ESB L 354, 31.12.2008, bls. 1.

([3]) COM(2001) 542, lokagerð.

([4]) http://ec.europa.eu/food/fs/sc/scf/reports/scf_reports_32.pdf

([5]) Stjtíð. ESB L 295, 12.11.2011, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 4. júní 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í E-hluta II. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1333/2008 bætist eftirfarandi færsla við í matvælaflokki 05.2. „annað sælgæti, þ.m.t. smátöflur sem gefa frískandi andardrátt“ á eftir færslunni fyrir E 442:

	„E 445	Glýserólesterar af trjárósíni	320		Einungis til prentunar á sælgæti með harðri húð til persónulegrar nota og/eða kynningar	Gildistími: Frá 25. júní 2012“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 221/2012 **2013/EES/16/47**

frá 14. mars 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið klósantel (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Klósantel er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 sem leyft efni fyrir nautgripi og sauðfé, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Írland lagði beiðni fyrir Lyfjastofnun Evrópu um álit hennar á framreikningi gildandi færslu fyrir klósantel sem gildir fyrir kúa- og sauðamjólk.

5) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klósantel í kúa- og sauðamjólk og fella brott ákvæðið „ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis“.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir klósantel í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir bráðabirgðahámarksgildi leifa sem mælt er með fyrir kúa- og sauðamjólk og fella brott núgildandi ákvæðið „ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis“. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir klósantel, sem er sett fram í þeirri töflu, fellur úr gildi 1. janúar 2014. Dýralyfjanefndin mælti með tveggja ára tímabili til að ljúka þeim vísindalegu rannsóknum sem eru nauðsynlegar til að svara þeim spurningum sem nefndin leggur fyrir Írland.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. maí 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 75, 15.3.2012, bls. 7. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar klósantel í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Klósantel	Klósantel	Nautgripir	1 000 µg/kg	Vöðvi		Sníklalyf/innsníklalyf“
			3 000 µg/kg	Fita		
			1 000 µg/kg	Lifur		
			3 000 µg/kg	Nýru		
		Sauðfé	1 500 µg/kg	Vöðvi		
			2 000 µg/kg	Fita		
			1 500 µg/kg	Lifur		
			5 000 µg/kg	Nýru		
		Nautgripir, sauðfé	45 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðahámarks-gildi leifa fellur úr gildi 1. janúar 2014	

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 222/2012 **2013/EES/16/48**

frá 14. mars 2012

um breytingu á viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu í tengslum við efnið tríklabendasól (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 470/2009 frá 6. maí 2009 um málsmeðferð Bandalagsins við ákvörðun viðmiðunargilda fyrir leifar lyfjafræðilega virkra efna í matvælum úr dýraríkinu, um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 2377/90 og um breytingu á tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins nr. 2001/82/EB og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 726/2004 ([1]), einkum 14. gr. í tengslum við 17. gr.,

með hliðsjón af áliti Lyfjastofnunar Evrópu sem dýralyfjanefndin setur fram,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Hámarksgildi leifa fyrir lyfjafræðilega virk efni, sem ætluð eru til notkunar innan Evrópusambandsins í lyf fyrir dýr sem gefa af sér afurðir til manneldis eða í sæfivörur (e. *biocidal products*, áður sæfiefni) sem eru notaðar í búfjárrækt, skulu ákvörðuð í samræmi við reglugerð (EB) nr. 470/2009.

2) Lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra, að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu, eru sett fram í viðaukanum við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 37/2010 frá 22. desember 2009 um lyfjafræðilega virk efni og flokkun þeirra að því er varðar hámarksgildi leifa í matvælum úr dýraríkinu ([2]).

3) Tríklabendasól er sem stendur tilgreint í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010, sem leyft efni fyrir öll jórturdýr, sem gildir um vöðva, fitu, lifur og nýru, þó ekki fyrir dýr sem gefa af sér mjólk til manneldis.

4) Irland lagði beiðni fyrir Lyfjastofnun Evrópu um álit hennar á framreikningi gildandi færslu fyrir tríklabendasól sem gildir fyrir alla mjólk úr jórturdýrum.

5) Dýralyfjanefndin mælti með því að ákvarða bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir tríklabendasól í allri mjólk úr jórturdýrum og fella brott ákvæðið „ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis“.

6) Því ber að breyta færslunni fyrir tríklabendasól í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 svo hún nái yfir bráðabirgðahámarksgildi leifa sem mælt er með fyrir alla mjólk úr jórturdýrum og fella brott núgildandi ákvæðið „ekki ætlað dýrum sem gefa af sér mjólk til manneldis“. Bráðabirgðahámarksgildi leifa fyrir tríklabendasól, sem er sett fram í þeirri töflu, fellur úr gildi 1. janúar 2014. Dýralyfjanefndin mælti með tveggja ára tímabili til að ljúka þeim vísindalegu rannsóknum sem eru nauðsynlegar til að svara þeim spurningum sem nefndin leggur fyrir Írland.

7) Rétt þykir að veita viðkomandi hagsmunaaðilum hæfilegan frest til að gera ráðstafanir sem kunna að vera nauðsynlegar til að fylgja nýjum ákvæðum um hámarksgildi leifa.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit fastanefndarinnar um dýralyf.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 er breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 14. maí 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 75, 15.3.2012, bls. 10. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 8/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 152, 16.6.2009, bls. 11.

([2]) Stjtíð. ESB L 15, 20.1.2010, bls. 1.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 14. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Í stað færslunnar sem varðar tríklabendasól í töflu 1 í viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 37/2010 komi eftirfarandi:

Lyfjafræðilega virkt efni	Leifamerki	Dýrategund	Hámarksgildi leifa	Markvefir	Önnur ákvæði (skv. 7. mgr. 14. gr. reglugerðar (EB) nr. 470/2009)	Meðferðarfræðileg flokkun
„Tríklabendasól	Summa útdraganlegra leifa sem geta oxast í ketótríklabendasól	Öll jórturdýr	225 µg/kg	Vöðvi		Sníklalyf/innsníklalyf“
			100 µg/kg	Fita		
			250 µg/kg	Lifur		
			150 µg/kg	Nýru		
			10 µg/kg	Mjólk	Bráðabirgðahámarksgildi leifa fellur úr gildi 1. janúar 2014.	

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 618/2012 **2013/EES/16/49**

frá 10. júlí 2012

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna í því skyni að laga reglugerðina að tæknilegum og vísindalegum framförum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1272/2008 frá 16. desember 2008 um flokkun, merkingu og pökkun efna og blandna, um breytingu og niðurfellingu á tilskipunum 67/548/EBE og 1999/45/EB og um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1907/2006([1]), einkum 5. mgr. 37. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 eru tvær skrár yfir samræmda flokkun og merkingu hættulegra efna. Í töflu 3.1 er tilgreind samræmd flokkun og merking hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í 2.–5. hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008. Í töflu 3.2 er tilgreind samræmd flokkun og merking hættulegra efna sem byggist á þeim viðmiðunum sem settar eru fram í VI. viðauka við tilskipun ráðsins 67/548/EBE frá 27. júní 1967 um samræmingu ákvæða í lögum og stjórnsýslufyrirmælum um flokkun, pökkun og merkingu hættulegra efna([2]). Breyta þarf þessum tveimur skrám til að bæta við uppfærðum flokkunum efna, sem falla nú þegar undir þessa samræmdu flokkun, og fella inn í þær nýjar, samræmdar flokkanir.

2) Áhættumatsnefnd Efnastofnunar Evrópu hefur sent frá sér álit varðandi tillögur um samræmda flokkun og merkingu efna sem höfðu verið lagðar fyrir Efnastofnunina skv. 37. gr. reglugerðar (EB) nr. 1272/2008. Á grundvelli þessara álita, auk athugasemda sem borist hafa frá hlutaðeigandi aðilum, þykir rétt að breyta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 í því skyni að samræma flokkun og merkingu tiltekinna efna.

3) Samræmda flokkunin, sem sett er fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, skal ekki öðlast gildi þegar í stað þar eð nauðsynlegt er að veita rekstraraðilum tiltekinn frest til að aðlaga merkingar og pökkun efna og blandna að nýju flokkuninni og selja fyrirliggjandi birgðir. Auk þess er nauðsynlegt að veita rekstraraðilum tiltekinn frest til að uppfylla skráningarskyldur sem leiðir af nýrri, samræmdri flokkun efna, sem eru flokkuð sem krabbameinsvaldandi eða stökkbreytandi eða sem efni sem hafa eiturhrif á æxlun, undirflokkur 1A og 1B (tafla 3.1) og 1. og 2. undirflokkur (tafla 3.2), eða sem efni sem hafa mikil eiturhrif á vatnalífverur en slíkt getur haft langtímaáhrif á vatnsumhverfi, einkum þær skyldur sem settar eru fram í 23. gr. reglugerðar Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu, um breytingu á tilskipun 1999/45/EB og um niðurfellingu á reglugerð ráðsins (EBE) nr. 793/93 og reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1488/94, sem og tilskipun ráðsins 76/769/EBE og tilskipunum framkvæmdastjórnarinnar 91/155/EBE, 93/67/EBE, 93/105/EB og 2000/21/EB([3]).

4) Í samræmi við umbreytingarákvæði reglugerðar (EB) nr. 1272/2008, sem heimila að nýjum ákvæðum sé beitt fyrr og af frjálsum vilja, skal birgjum gefinn kostur á að beita samræmdu flokkuninni, sem sett er fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, og að aðlaga merkingu og pökkun til samræmis við það að eigin frumkvæði fyrir 1. desember 2013.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 133. gr. reglugerðar (EB) nr. 1907/2006.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008 er breytt sem hér segir:

1) Töflu 3.1 er breytt sem hér segir:

   a) Í stað færslnanna, sem samsvara færslunum í I. viðauka, komi færslurnar í þeim viðauka.

   b) Færslurnar í II. viðauka eru felldar inn í samræmi við niðurröðun færslnanna í töflu 3.1.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 179, 11.7.2012, bls. 3. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 9/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 353, 31.12.2008, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 196, 16.8.1967, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 136, 29.5.2007, bls. 3.

2) Töflu 3.2 er breytt sem hér segir:

a) Í stað færslnanna, sem samsvara færslunum í III. viðauka, komi færslurnar í þeim viðauka.

b) Færslurnar í IV. viðauka eru felldar inn í samræmi við niðurröðun færslnanna í töflu 3.2.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Ákvæði 1. gr. gilda frá og með 1. desember 2013.

Heimilt er að beita samræmdu flokkuninni, sem sett er fram í 3. hluta VI. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1272/2008, eins og henni er breytt með þessari reglugerð, fyrir 1. desember 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 10. júlí 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

I. VIÐAUKI

Skrármúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, margföldunarstuðlar	Athuga-semdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótarhættu-setningar		
„009-016-00-2	trínatríumhexaflúrálat [1] trínatríumhexaflúrálat (krýólít) [2]	237-410-6 [1] 239-148-8 [2]	13775-53-6 [1] 15096-52-3 [2]	SEM-EV 1 Bráð eit. 4 Langv. eit. á vatn. 2	H372 H332 H411	HSK07 HSK08 HSK09 Hætta	H372 H332 H411			
603-012-00-X	2-etoxýetanól, etýlenglýkólmónóetýleter	203-804-1	110-80-5	Eldf. vökvi 3 Eit. á æxl. 1B Bráð eit. 3 Bráð eit. 4	H226 H360FD H331 H302	HSK02 HSK08 HSK06 Hætta	H226 H360FD H331 H302			
603-025-00-0	tetrahýdrófúran	203-726-8	109-99-9	Eldf. vökvi 2 Krabb. 2 Augnert. 2 SEM-VES 3	H225 H351 H319 H335	HSK02 HSK07 HSK08 Hætta	H225 H351 H319 H335	ESB-H019	SEM-VES 3, H335: C ≥ 25% Augnert.2, H319: C ≥ 25%	
613-016-00-3	fúberídasól (ISO), 2-(2-fúrýl)-1*H*-bensimídasól	223-404-0	3878-19-1	Krabb. 2 Bráð eit. 4 SEM-EV 2 Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H351 H302 H373 (hjarta) H317 H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Varúð	H351 H302 H373 (hjarta) H317 H410		M = 1	
617-001-00-2	dí-*tert*-bútýlperoxíð	203-733-6	110-05-4	Lífr. perox. E Eldf. vökvi 2 Stökkbr. 2	H242 H225 H341	HSK02 HSK08 Hætta	H242 H225 H341“			

II. VIÐAUKI

Skrárnúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, margföldunarstuðlar	Athuga-semdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
„015-199-00-X	tris[2-klór-1-klórmetýl)etýl]fosfat	237-159-2	13674-87-8	Krabb. 2	H351	HSK08 Varúð	H351			
015-200-00-3	indíumfosfíð	244-959-5	22398-80-7	Krabb. 1B Eit. á æxl. 2 SEM-EV 1	H350 H361f H372 (lungu)	HSK08 Hætta	H350 H361f H372 (lungu)		SEM-EV 1, H372: C ≥ 0,1% Krabb 1B, H350: C ≥ 0,01 % SEM-EV 2, H373: 0,01% ≤ C < 0,1%	
015-201-00-9	trixýlýlfosfat	246-677-8	25155-23-1	Eit. á æxlun 1B	H360F	HSK08 Hætta	H360F			
015-202-00-4	tris(nónýlfenýl)fosfít	247-759-6	26523-78-4	Húðnæm. 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H400 H410	HSK07 HSK09 Varúð	H317 H410			
015-203-00-X	dífenýl(2,4,6-trímetýlbensóýl) fosfínoxíð	278-355-8	75980-60-8	Eit. á æxlun 2	H361f (veldur eistnarýrnun)	HSK08 Varúð	H361f (veldur eistnarýrnun)			
602-109-00-4	Hexabrómsýklódódekan [1] 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekan [2]	247-148-4 [1] 221-695-9[2]	25637-99-4[1] 3194-55-6[2]	Eit. á æxl. 2 Áhrif á/með mjólk.	H361 H362	HSK08 Varúð	H361 H362			
606-143-00-0	abamektín (samsetning avermektíns B1a og avermektíns B1b) (ISO) [1] avermektín B1a (hreinleiki ≥ 80%), [2]	_ [1] 265-610-3 [2]	71751-41-2 [1] 65195-55-3 [2]	Eit. á æxl. 2 Bráð eit. 2 Bráð eit. 1 SEM-EV 1 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H361d H300 H330 H372 (taugakerfi) H400 H410	HSK06 HSK08 HSK09 Hætta	H361d H300 H330 H372 (taugakerfi) H410		SEM-EV 1, H372: C ≥ 5% SEM-EV 2, H373: 0,5% ≤ C<5% M = 10 000	

Skrárnúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun		Merking			Sértæk styrkleikamörk, margföldunarstuðlar	Athuga-semdir
				Kóði eða kóðar fyrir hættuflokka og -undirflokka	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir táknmynd, viðvörunarorð	Kóði eða kóðar fyrir hættusetningar	Kóði eða kóðar fyrir viðbótar-hættu-setningar		
606-144-00-6	asekínósýl (ISO), 3-dódekýl-1,4-díoxó-1,4-díhýdrónaftalín-2-ýlasetat	—	57960-19-7	Húðnæm. 1 SEM-VES 1 SEM-EV 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H372 (lunga) (við innöndun) H373 (blóðkerfi) H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Hætta	H317 H372 (lunga) (við innöndun) H373 (blóðkerfi) H410		M = 1 000	
607-698-00-1	4-*tert*-bútýlbensósýra	202-696-3	98-73-7	Eit. á æxl. 1B SEM-EV 1 Bráð eit. 4	H360F H372 H302	HSK07 HSK08 Hætta	H360F H372 H302			
612-281-00-2	malakítfölgrænn, N,N,N’,N’-tetrametýl-4,4’-bensýlídendíanilín	204-961-9	129-73-7	Krabb. 2 Stökkbr. 2	H351 H341	HSK08 Varúð	H351 H341			
616-205-00-9	Metasaklór (ISO), 2-klór-N-(2,6-dímetýlfenýl)-N-(1H-pýrasól-1-ýlmetýl)asetamíð	266-583-0	67129-08-2	Húðnæm. 1B Krabb. 2 Bráð eit. á vatn. 1 Langv. eit. á vatn. 1	H317 H351 H400 H410	HSK07 HSK08 HSK09 Varúð	H317 H351 H410		M = 100 M = 100“	

III. VIÐAUKI

Skrárnúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun	Merking	Styrkleikamörk	Athuga-semdir
„009-016-00-2	trínatríumhexaflúrálat [1]	237-410-6 [1]	13775-53-6 [1]	Xn, H20 T, H48/23/25 N, H51-53	T, N H: 20-48/23/25-51/53 V: (1/2-)22-37-45-61		
	trínatríumhexaflúrálat (krýólít) [2]	239-148-8 [2]	15096-52-3 [2]				
603-012-00-X	2-etoxýetanól, etýlenglýkólmónóetýleter	203-804-1	110-80-5	H10 Eit. á æxl. 2. undirfl., H60–61 Xn, H20/22	T H: 60-61-10-20/22 V: 53-45		E
603-025-00-0	tetrahýdrófúran	203-726-8	109-99-9	F, H11-19 Krabb. Flokkur 3, H40 Xi, H36/37	F, Xn H: 11-19-40-36/37 V: (2-)(13-)16-29-33-36-37(-46)	Xi, H36/37: C ≥ 25%	
613-016-00-3	fúberídasól (ISO), 2-(2-fúrýl)-1*H*-bensimídasól	223-404-0	3878-19-1	Krabb. Flokkur 3, H40 Xn, H48/22 Xn, H22 Xi, H43 N, H50-53	Xn, N H: 40-48/22-22-43-50/53 V: (2)-22-36/37-60-61	N, H50-53: C ≥ 25% N, H51-53: 2,5% ≤ C < 25% H52-53: 0,25% ≤ C < 2,5%	
617-001-00-2	dí-*tert*-bútýlperoxíð	203-733-6	110-05-4	O, H7 F, H11 Stökkbr. 3. undirfl., H68	O, F, Xn H: 7-11-68 V: (2-)3/7-14-16-23-36/37/39“		

IV. VIÐAUKI

Skrárnúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun	Merking	Styrkleikamörk	Athuga-semdir
„015-199-00-X	tris[2-klór-1-klórmetýl)etýl]fosfat	237-159-2	13674-87-8	Krabb. Flokkur 3, H40	Xn H: 40 V: (2-)36/37		
015-200-00-3	indíumfosfíð	244-959-5	22398-80-7	Krabb. 2. undirfl., H45 Eit. á æxl. Flokkur 3, H62 T, H48/23	T H: 45–48/23–62 V: 45- 53	T, H48/23: C ≥ 0,1% Krabb. 2. undirfl., H45 C ≥ 0,01% Xn, H48/20: 0,01% ≤ C < 0,1%	E
015-201-00-9	trixýlýlfosfat	246-677-8	25155-23-1	Eit. á æxl. 2. undirfl., H60	T H: 60 V: 53-45		
015-202-00-4	tris(nónýlfenýl)fosfít	247-759-6	26523-78-4	Xi, H43 N, H50-53	Xi, N H: 43-50/53 V: 24-37-60-61		
015-203-00-X	difenýl(2,4,6-trímetýlbensóýl)fosfínoxíð	278-355-8	75980-60-8	Eit. á æxl. Flokkur 3, H62	Xn H: 62 V: (2)-22-36/37.		
602-109-00-4	Hexabrómsýklódódekan [1] 1,2,5,6,9,10-hexabrómsýklódódekan [2]	247-148-4 [1] 221-695-9[2]	25637-99-4[1] 3194-55-6[2]	Eit. á æxl. 3. undirfl., H63 H64	Xn H: 63-64 V: 36/37-53		
606-143-00-0	abamektín (samsetning avermektíns B1a og avermektíns B1b) (ISO) [1] avermektín B1a (hreinleiki ≥ 80%), [2]	_ [1] 265-610-3 [2]	71751-41-2 [1] 65195-55-3 [2]	Eit. á æxl. 3. undirfl., H63 T+, H26/28 T, H48/23/25 N, H50-53	T+, N H: 63-26/28-48/23/25-50/53 V: 28-36/37-45-60-61	T, H48/23: C ≥ 5% Xn, H48/20: 0,5% ≤ C < 5% N, H50-53: C ≥ 0,0025% N, H51-53: 0,00025% ≤ C < 0,0025% H52-53: 0,000025% ≤ C < 0,00025%	
606-144-00-6	asekínósýl (ISO), 3-dódekýl-1,4-díoxó-1,4-díhýdrónaftalín-2-ýlasetat	—	57960-19-7	T, H39/23 Xi, H43 N, H50-53	T, N H: 39/23-43-50/53, V: (2-)24-37-38-60-61	N, H50-53: C ≥ 0,025% N, H51-53: 0,0025% ≤ C < 0,025% H52-53: 0,00025% ≤ C < 0,0025%	

Skrárnúmer	Alþjóðleg, efnafræðileg auðkenning	EB-nr.	CAS-nr.	Flokkun	Merking	Styrkleikamörk	Athuga-semdir
607-698-00-1	4-*tert*-bútýlbensósýra	202-696-3	98-73-7	Eit. á æxl. 2. undirfl., H60 T, H48/23/24/25 Xn, H22	T H: 60-22-48/23/24/25 V: 53-45		E
612-281-00-2	malakítfölgrænn N,N,N',N'-tetrametýl-4,4'-bensýlídendíanilín	204-961-9	129-73-7	Krabb. Flokkur 3, H40 Stökkbr. 3. undirfl., H68	Xn H: 40-68 V: (2-)36/37		
616-205-00-9	Metasaklór (ISO), 2-klór-N-(2,6-dímetýlfenýl)-N-(1H-pýrasól-1-ýlmetýl)asetamíð	266-583-0	67129-08-2	H43 Krabb. Flokkur 3, H40 N, H50-53	Xn, N H: 40-43-50/53 V: (2-)36-37-60-61	N, H50-53: C ≥ 0,25% N, H51-53: 0,025% ≤ C < 0,25% H52-53: 0,0025% ≤ C < 0,025%“	

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (ESB) nr. 465/2012 **2013/EES/16/50**

frá 22. maí 2012

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 883/2004 um samræmingu almannatryggingakerfa og á reglugerð (EB) nr. 987/2009 sem kveður á um framkvæmd reglugerðar (EB) nr. 883/2004 (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins, einkum 48. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

eftir að hafa lagt drög að lagagerð fyrir þjóðþingin,

í samræmi við almenna lagasetningarmeðferð ([1]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Til að taka lagabreytingar í tilteknum aðildarríkjum til greina og tryggja hagsmunaaðilum réttarvissu er nauðsynlegt að aðlaga reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 883/2004 ([2]) og reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 987/2009 ([3]).

2) Tekið var við viðeigandi tillögum er varða samræmingu almannatryggingakerfa frá framkvæmdaráðinu um samræmingu almannatryggingakerfa með það í huga að bæta löggjöf Sambandsins og færa hana til nútímahorfs og eru þær hafðar með í þessari reglugerð.

3) Breytingar á félagslegum veruleika geta haft áhrif á samræmingu almannatryggingakerfa. Til þess að bregðast við slíkum breytingum eru breytingar nauðsynlegar með tilliti til ákvörðunar á gildandi löggjöf og ákvörðunar atvinnuleysisbóta.

4) Hugtakið „heimahöfn“ fyrir flugliða og öryggis- og þjónustuliða samkvæmt lögum Sambandsins er skilgreint í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([4]). Til að auðvelda beitingu á II. bálki reglugerðar (EB) nr. 883/2004 gagnvart þessum hópi einstaklinga er réttlætanlegt að semja sérreglu sem gerir hugtakið „heimahöfn“ að viðmiðun við ákvörðun á því hvaða löggjöf skuli gilda um flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Engu að síður skal gildandi löggjöf um flugliða og öryggis- og þjónustuliða haldast og meginreglan um „heimahöfn“ ekki leiða til þess að gildandi löggjöf verði breytt margsinnis vegna vinnumynstra innan atvinnugreinarinnar eða árstíðabundinnar eftirspurnar.

5) Þegar einstaklingur vinnur í tveimur eða fleiri aðildarríkjum skal það vera ljóst að skilyrðið um að „verulegur hluti“ starfa hans sé stundaður í skilningi 1. mgr. 13. gr. reglugerðar (EB) nr. 883/2004 gildi einnig um einstaklinga sem starfa fyrir mismunandi fyrirtæki eða vinnuveitendur.

6) Breyta skal reglugerð (EB) nr. 883/2004 með því að setja inn nýtt ákvæði sem tryggir að sjálfstætt starfandi einstaklingur, sem sækir vinnu yfir landamæri og verður með öllu atvinnulaus, fái bætur ef hann hefur lokið tryggingatímabilum sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða starfstímabilum sjálfstætt starfandi einstaklings, sem eru viðurkennd með tilliti til þess að veita atvinnuleysisbætur í lögbæra aðildarríkinu, og ef ekkert atvinnuleysisbótakerfi fyrirfinnst í búsetuaðildarríkinu fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga. Endurskoða skal það ákvæði í ljósi reynslunnar, að loknu tveggja ára framkvæmdatímabili, og breyta því ef þörf krefur.

7) Því ber að breyta reglugerðum (EB) nr. 883/2004 og (EB) nr. 987/2009 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

1) Í öllum textanum komi orðið „framkvæmdastjórn Evrópusambandsins“ í stað „framkvæmdastjórn Evrópubandalaganna“.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 149, 8.6.2012, bls. 4. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 14/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á VI. viðauka (Félagslegt öryggi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Afstaða Evrópuþingsins frá 18. apríl 2012 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum) og ákvörðun ráðsins frá 10. maí 2012.

([2]) Stjtíð. ESB L 166, 30.4.2004, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 284, 30.10.2009, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

2) Eftirfarandi forsenda bætist við:

„18b) Í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([5]) er hugtakið „heimahöfn“ fyrir flugliða og öryggis- og þjónustuliða skilgreint sem staður sem flugrekandi tilnefnir fyrir flugverja og þar sem flugverji alla jafna hefur og lýkur vakt eða röð vakta en við venjulegar aðstæður sé flugrekanda ekki skylt að sjá viðkomandi flugverja fyrir gistiaðstöðu þar. Til að auðvelda beitingu á II. bálki þessarar reglugerðar gagnvart flugliðum og öryggis- og þjónustuliðum er réttlætanlegt að nota hugtakið „heimahöfn“ sem viðmiðun við ákvörðun á því hvaða löggjöf skuli gilda um flugliða og öryggis- og þjónustuliða. Engu að síður skal gildandi löggjöf um flugliða og öryggis- og þjónustuliða haldast og meginreglan um „heimahöfn“ ekki leiða til þess að gildandi löggjöf verði breytt margsinnis vegna vinnumynstra innan atvinnugreinarinnar eða árstíðabundinnar eftirspurnar.

3) Í stað 9. gr. komi eftirfarandi:

„9. gr.

Yfirlýsingar aðildarríkjanna um gildissvið þessarar reglugerðar

1. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni skriflega um yfirlýsingar sem gefnar eru í samræmi við l-lið 1. gr., löggjöf og kerfin sem um getur í 3. gr., samninga sem gerðir eru eins og um getur í 2. mgr. 8. gr., lágmarksbætur sem um getur í 58. gr og að tryggingakerfi sé ekki fyrir hendi eins og um getur í 1. mgr. 65. gr. a og einnig um mikilvægar breytingar. Í slíkum tilkynningum skal koma fram frá hvaða degi þessi reglugerð muni gilda um þau kerfi sem aðildarríkin tilgreina í tilkynningum sínum.

2. Þessar tilkynningar skulu sendar framkvæmdastjórninni ár hvert og birtar á tilskilinn hátt.“

4) Eftirfarandi málsgrein bætist við 11. gr.:

„5. Starf sem felur í sér að flugliði eða öryggis- og þjónustuliði veiti þjónustu, sem varðar flugfarþega eða farm, skal teljast vera starf sem stundað er í því aðildarríki þar sem heimahöfnin er, eins og hún er skilgreind í III. viðauka við reglugerð (EBE) nr. 3922/91.“

([5]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

5) Í stað 1. mgr. 12. gr. komi eftirfarandi:

„1. Einstaklingur, sem starfar sem launþegi í aðildarríki fyrir hönd vinnuveitanda sem stundar að jafnaði starfsemi sína þar og er sendur til annars aðildarríkis til starfa fyrir vinnuveitandann, skal halda áfram að heyra undir löggjöf fyrra aðildarríkisins, að því tilskildu að áætlaður dvalartími sé ekki lengri en 24 mánuðir og að hann sé ekki sendur þangað til að leysa af annan útsendan einstakling.“

6) Í stað 1. mgr. 13. gr. komi eftirfarandi:

„1. Einstaklingur, sem starfar að jafnaði sem launþegi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, skal heyra undir:

a) löggjöf búsetuaðildarríkis ef verulegur hluti starfa hans fer fram í því aðildarríki eða

b) ef verulegur hluti starfa hans fer ekki fram í búsetuaðildarríkinu:

i. löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða starfsstöð þess fyrirtækis eða vinnuveitanda, sem hann starfar hjá er, ef hann er ráðinn hjá einu fyrirtæki eða einum vinnuveitanda eða

ii. löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða starfsstöð þeirra fyrirtækja eða vinnuveitenda sem hann starfar hjá er, ef hann er ráðinn hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum eða vinnuveitendum sem eru með skráða skrifstofu eða starfsstöð í aðeins einu aðildarríki eða

iii. löggjöf þess aðildarríkis þar sem skráð skrifstofa eða starfsstöð þess fyrirtækis eða vinnuveitanda sem hann starfar hjá er, ef hann er ráðinn hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum eða vinnuveitendum sem eru með skráða skrifstofu eða starfsstöð í tveimur aðildarríkum og annað þeirra er búsetuaðildarríkið eða

iv. löggjöf búsetuaðildarríkisins ef hann er ráðinn hjá tveimur eða fleiri fyrirtækjum eða vinnuveitendum og a.m.k. tvö þeirra eru með skráða skrifstofu eða starfsstöð í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríkinu.“

7) Í stað málsgreinar 2a í 36. gr. komi eftirfarandi:

„2a. Þar til bær stofnun getur ekki neitað að veita einstaklingi, sem hefur orðið fyrir vinnuslysi eða fengið atvinnusjúkdóm og á rétt á aðstoð/bótum sem þeirri stofnun ber að standa straum af, þá heimild sem kveðið er á um í 1. mgr. 20. gr. ef viðeigandi læknismeðferð er ekki fyrir hendi í aðildarríkinu þar sem hann hefur fasta búsetu, innan tímamarka sem má réttlæta læknisfræðilega ef mið er tekið af núverandi heilsufarsástandi hans og líklegri framvindu sjúkdómsins.“

8) Í stað 63. gr. komi eftirfarandi:

„63. gr.

Sérákvæði um að falla frá reglum um búsetu

Að því er þennan kafla varðar skal 7. gr. einungis gilda um þau tilvik sem kveðið er á um í 64., 65. og 65. gr. a og innan þeirra marka sem þar er mælt fyrir um.“

9) Eftirfarandi grein bætist við:

„65. gr. a

Sérákvæði fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga, sem sækja vinnu yfir landamæri en eru með öllu atvinnulausir, ef ekkert atvinnuleysisbótakerfi fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga er fyrir hendi í búsetuaðildarríkinu

1. Þrátt fyrir 65. gr. skal einstaklingur, sem er með öllu atvinnulaus og hefur sem einstaklingur sem sækir vinnu yfir landamæri síðast lokið tryggingatímabilum sem sjálfstætt starfandi einstaklingur eða starfstímabilum sjálfstætt starfandi einstaklings, sem eru viðurkennd með tilliti til atvinnuleysisbóta í öðru aðildarríki en búsetuaðildarríki hans, og ef búsetuaðildarríki hans hefur lagt fram tilkynningu um að enginn möguleiki sé á að neinn flokkur sjálfstætt starfandi einstaklinga geti fallið undir atvinnuleysisbótakerfi í því aðildarríki, skrá sig og koma sér á framfæri hjá vinnumiðlun í aðildarríkinu þar sem hann stundaði síðast sjálfstæða starfsemi og skal, þegar hann sækir um bætur, áfram uppfylla þau skilyrði sem mælt er fyrir um í löggjöf síðarnefnda aðildarríkisins. Einstaklingur sem er með öllu atvinnulaus getur þar að auki skráð sig hjá vinnumiðlun í búsetuaðildarríkinu.

2. Bætur til einstaklings, sem er með öllu atvinnulaus og um getur í 1. mgr., skulu veittar í því aðildarríki þar sem hann heyrði síðast undir löggjöf, í samræmi við þá löggjöf sem er beitt í því aðildarríki.

3. Ef einstaklingur, sem er með öllu atvinnulaus og um getur í 1. mgr., æskir þess ekki að vera eða vera lengur á skrá hjá vinnumiðlun aðildarríkisins þar sem hann starfaði síðast, eftir að hafa skráð sig þar, og vill leita að vinnu í búsetuaðildarríkinu skal 64. gr. gilda að breyttu breytanda, að undanskildum a-lið 1. mgr. 64. gr. Lögbæra stofnunin getur framlengt tímabilið, sem um getur í fyrsta málslið c-liðar 1. mgr. 64. gr., til loka bótaréttindatímabilsins.“

10) Í stað 2. mgr. 71. gr. komi eftirfarandi:

„2. Framkvæmdaráðið skal taka ákvörðun með auknum meirihluta, eins og skilgreint er í sáttmálunum, nema þegar um er að ræða samþykkt eigin reglna, sem eru samdar með gagnkvæmu samkomulagi fulltrúa þess.

Ákvarðanir um túlkunaratriði, sem um getur í a-lið 72. gr., skulu birtar á tilskilinn nauðsynlegan hátt.“

11) Eftirfarandi grein bætist við:

„87. gr. a

Umbreytingarákvæði vegna beitingar reglugerðar (ESB) nr. 465/2012

1. Ef einstaklingur heyrir undir, í kjölfar gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 465/2012, í samræmi við II. bálk þessarar reglugerðar, löggjöf annars aðildarríkis en þess sem hann heyrði undir löggjöf hjá fyrir þá gildistöku skal löggjöf þess aðildarríkis, sem gilti fyrir þann dag, gilda áfram um hann á umbreytingarbili sem varir eins lengi og viðkomandi staða helst óbreytt og, hvað sem öðru líður, eigi lengur en í 10 ár frá gildistöku reglugerðar (ESB) nr. 465/2012. Þessi einstaklingur getur farið fram á að umbreytingartímabilið gildi ekki lengur um hann. Senda skal slíka beiðni til þeirrar stofnunar sem lögbær yfirvöld búsetuaðildarríkisins tilnefna. Beiðnir, sem eru lagðar fram eigi síðar en 29. september 2012, skulu taka gildi 28. júní 2012. Beiðnir, sem eru lagðar fram síðar en 29. september 2012, skulu taka gildi fyrsta dag næsta mánaðar eftir að þær eru lagðar fram.

2. Eigi síðar en 29. júní 2014 skal framkvæmdaráðið meta framkvæmd þeirra ákvæða, sem mælt er fyrir um í 65. gr. a í þessari reglugerð, og leggja fram skýrslu um beitingu þeirra. Á grundvelli þessarar skýrslu getur framkvæmdastjórnin, eftir því sem við á, lagt fram tillögur um breytingu þessara ákvæða.“

12) Ákvæðum X. og XI. viðauka er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð (EB) nr. 987/2009 er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi komi í stað b- og c-liðar 1. mgr. 6. gr.:

„b) löggjöf búsetuaðildarríkis ef hlutaðeigandi einstaklingur vinnur sem launþegi eða starfar sjálfstætt í tveimur eða fleiri aðildarríkjum og stundar hluta af sínu starfi/starfsemi í búsetuaðildarríkinu, eða ef hlutaðeigandi einstaklingur er hvorki launþegi né sjálfstætt starfandi,

c) í öllum öðrum tilvikum, löggjöf þess aðildarríkis sem fyrst var óskað eftir að yrði beitt, svo framarlega sem einstaklingurinn starfar eða stundar starfsemi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.“

2) Ákvæðum 14. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað 5. mgr. komi eftirfarandi:

„5. Að því er varðar beitingu 1. mgr. 13. gr. grunnreglugerðarinnar skal einstaklingur sem „starfar að jafnaði sem launþegi í tveimur aðildarríkjum eða fleiri“ eiga við um einstakling sem stundar samtímis eða á víxl, fyrir sama fyrirtæki eða vinnuveitanda eða fyrir mismunandi fyrirtæki eða vinnuveitendur, eina eða fleiri tegundir aðskilinnar starfsemi í tveimur eða fleiri aðildarríkjum.“

b) Eftirfarandi málsgreinar bætist við:

„5a. Að því er varðar beitingu á II. bálki grunnreglugerðarinnar skal „skráð skrifstofa eða starfstöð“ eiga við um skráða skrifstofu eða starfstöð þar sem mikilvægar ákvarðanir fyrirtækisins eru teknar og þar sem yfirstjórnin vinnur störf sín.

Að því er varðar 1. mgr. 13. gr. grunnreglugerðarinnar skulu flugliðar eða öryggis- og þjónustuliðar, sem veita sem launþegar að jafnaði þjónustu sem varðar flugfarþega eða farm, í tveimur eða fleiri aðildarríkjum, heyra undir löggjöf þess aðildarríkis þar sem heimahöfnin er, eins og hún er skilgreind í III. viðauka við reglugerð ráðsins (EBE) nr. 3922/91 frá 16. desember 1991 um samræmingu á tæknikröfum og stjórnsýslumeðferð á sviði flugmála ([6]).

5b. Líta skal framhjá jaðarstarfsemi við ákvörðun á gildandi löggjöf skv. 13. gr. grunnreglugerðarinnar. Ákvæði 16. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar skulu gilda um öll tilvik samkvæmt þessari grein.“

3) Í stað annars málsliðar 1. mgr. 15. gr. komi eftirfarandi:

„Stofnunin skal gefa út til handa hlutaðeigandi einstaklingi þá staðfestingu, sem um getur í 2. mgr. 19. gr. framkvæmdarreglugerðarinnar, og án tafar gera upplýsingar um þá löggjöf, sem á við um þennan einstakling skv. b-lið 3. mgr. 11. gr. og 12. gr. grunnreglugerðarinnar, aðgengilegar stofnuninni sem tilnefnd er af lögbæru yfirvaldi í aðildarríkinu þar sem starfsemin er stunduð.“

4) Í stað 2. mgr. 54. gr. komi eftirfarandi:

„2. Við beitingu 3. mgr. 62. gr. grunnreglugerðarinnar skal þar til bær stofnun í aðildarríkinu, þar sem hlutaðeigandi einstaklingur heyrði undir löggjöf í síðasta stafi sínu sem launþegi eða sem sjálfstætt starfandi einstaklingur, veita stofnun á búsetustað, að hennar beiðni, tafarlaust allar þær upplýsingar sem hægt er að fá í aðildarríkinu þar sem stofnunin er staðsett og eru nauðsynlegar til að reikna út atvinnuleysisbætur, sérstaklega varðandi laun eða tekjur af sjálfstæðri starfsemi.“

5) Ákvæðum 55. gr. er breytt sem hér segir:

a) Í stað fyrstu undirgreinar 1. mgr. komi eftirfarandi:

„1. Til að mál hins atvinnulausa, sem fer til annars aðildarríkis, falli undir 64. gr. eða 65. gr. a í grunnreglugerðinni skal hann tilkynna þar til bærri stofnun um brottför sína fyrir fram og biðja um skjal sem vottar að hann eigi rétt á bótum samkvæmt skilyrðum sem mælt er fyrir um í b-lið 1. mgr. 64. gr. grunnreglugerðarinnar.“

b) Eftirfarandi málsgrein bætist við:

„7. Ákvæði 2.–6. mgr. skulu gilda að breyttu breytanda að því er varðar stöðuna sem fellur undir 3. mgr. 65. gr. a í grunnreglugerðinni“.

([6]) Stjtíð. EB L 373, 31.12.1991, bls. 4.

6) Í stað 1. og 2. mgr. 56. gr. komi eftirfarandi:

„1. Ef hinn atvinnulausi ákveður í samræmi við 2. mgr. 65. gr. eða 1. mgr. 65. gr. a grunnreglugerðarinnar að koma sér einnig á framfæri hjá vinnumiðlun í því aðildarríki, sem ekki veitir bæturnar, með því að skrá sig þar í atvinnuleit skal hann tilkynna það til stofnunar og vinnumiðlunar í aðildarríkinu sem veitir bæturnar.

Að beiðni vinnumiðlunar í aðildarríkinu, sem ekki veitir bæturnar, skal vinnumiðlunin í aðildarríkinu sem veitir bæturnar senda viðkomandi upplýsingar um skráningu atvinnulausa einstaklingsins og atvinnuleit hans.

2. Ef gert er ráð fyrir því í gildandi löggjöf viðkomandi aðildarríkja að hinn atvinnulausi uppfylli tilteknar skyldur og/eða geri tilteknar ráðstafanir til atvinnuleitar skulu skyldur hans og ráðstafanir til atvinnuleitar í aðildarríkinu, sem veitir bæturnar, hafa forgang.

Uppfylli hinn atvinnulausi ekki allar skyldur og/eða geri ekki allar ráðstafanir til atvinnuleitar í aðildarríkinu, sem ekki veitir bæturnar, skal það ekki hafa áhrif á greiðslu bóta sem eru veittar í hinu aðildarríkinu.“

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. maí 2012.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,	*Fyrir hönd ráðsins,*
forseti.	*forseti.*
M. SCHULZ	N. WAMMEN

VIÐAUKI

Reglugerð (EB) nr. 883/2004 er breytt sem hér segir:

1) Ákvæðum X. viðauka er breytt sem hér segir:

a) Í stað a-liðar í þættinum „HOLLAND“ komi eftirfarandi:

„a) Lög frá 24. apríl 1997 (*Wet Wajong*) um stuðning vegna vinnu og atvinnuráðninga fatlaðra ungmenna.“

b) Í þættinum „BRESKA KONUNGSRÍKIÐ“:

i. c-liður falli brott,

ii. eftirfarandi liður bætist við:

„e) Tekjutengd atvinnuleysis- og stuðningsgreiðsla (velferðarlög (*Welfare Reform Act*) 2007 og velferðarlög (*Welfare Reform Act*) (Norður-Írlandi) 2007).“

2) Eftirfarandi breytingar eru gerðar á XI. viðauka:

a) Í stað 2. liðar í þættinum „ÞÝSKALAND“ komi eftirfarandi:

„2. Þrátt fyrir a-lið 5. gr. þessarar reglugerðar og 7. gr. í VI. bindi laga um almannatryggingar (*Sozialgesetzbuch* VI) er einstaklingi, sem er skyldutryggður í öðru aðildarríki eða fær ellilífeyri samkvæmt löggjöf annars aðildarríkis, heimilt að ganga inn í kerfi frjálsra trygginga í Þýskalandi.“

b) Í þættinum „FRAKKLAND“ falli 1. liður niður.

c) Þættinum „HOLLAND“ er breytt sem hér segir:

i. í 1. mgr. falli g-liður brott,

ii. eftirfarandi liður bætist við 1. lið:

„h) Að því er varðar 1. mgr. 18. gr. þessarar reglugerðar skulu einstaklingar, sem um getur í ii. lið a-liðar í 1. liðar þessa viðauka, sem dvelja tímabundið í Hollandi, eiga rétt á aðstoð í samræmi við þá skilmála sem stofnun á dvalarstað býður tryggðum einstaklingum í Hollandi, með hliðsjón af 1., 2. og 3. mgr. 11. gr. og 1. mgr. 19. gr. sjúkratryggingalaga (Zorgverzekeringswet), sem og rétt á aðstoð sem kveðið er á um í lögum um sérstakan sjúkrakostnað (*Algemene wet bijzondere ziektekosten*).“

iii. Ákvæðum 2. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í inngangsorðum og í a-lið komi „almennra ellitrygginga“ í stað „hollenskra laga um almennar tryggingar vegna elli“.

b) Í fyrstu undirgrein b-liðar komi „framangreindri löggjöf“ í stað „þeirri löggjöf“.

c) Í annarri undirgrein g-liðar komi „lögum um almennar tryggingar eftirlifenda“ í stað „hollenskum lögum um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna“.

iv. Ákvæðum 3. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í inngangsorðunum komi „laga um almennar tryggingar eftirlifenda“ í stað „hollenskra laga um almennar tryggingar eftirlifenda sem voru á framfæri hins látna“.

b) Í fyrstu undirgrein d-liðar komi orðin „framangreindri löggjöf“ í stað „þeirri löggjöf“.

v. Ákvæðum 4. liðar er breytt sem hér segir:

a) Í fyrsta undirlið í i. lið a-liðar komi „lögum um tryggingar vegna fötlunar“ í stað „lögum um tryggingar vegna óvinnufærni“.

b) Í ii. lið a-liðar komi „lögum um örorkutryggingar fyrir sjálfstætt starfandi einstaklinga“ í stað „lögum um óvinnufærni sjálfstætt starfandi einstaklinga“.

FRAMKVÆMDARÁKVÖRÐUN FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR 2013/EES/16/51

frá 11. apríl 2012

um breytingu á ákvörðun 2008/961/EB um notkun útgefenda verðbréfa í þriðju löndum á tilteknum innlendum reikningsskilastöðlum þriðju landa og alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við gerð samstæðureikningsskila sinna (*)

(tilkynnt með númeri C(2012) 2256)

(2012/194/ESB)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum þriðju undirgrein 4. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Samkvæmt 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB er hægt að veita útgefendum í þriðja landi undanþágu frá kröfunni um að gera samstæðureikningsskil samkvæmt alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (e. *IFRS*) sem innleiddir eru í Sambandinu ef góðar reikningsskilavenjur viðkomandi þriðja lands mæla fyrir um kröfur um jafngildi. Til að meta jafngildi góðra reikningsskilavenja þessa þriðja lands við samþykkta alþjóðlega reikningsskilastaðla, kveður reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007([2]) á um skilgreiningu jafngildis og kemur á tilhögun fyrir ákvörðun jafngildis góðra reikningsskilavenja þriðja lands.

2) Mikilvægt er að meta viðleitni þeirra landa sem hafa tekið skref í átt að samræmingu reikningsskilastaðla þeirra við alþjóðlega reikningsskilastaðla eða innleitt þá. Því hefur reglugerð (EB) nr. 1569/2007 verið breytt til að framlengja tímabil tímabundins jafngildis til 31. desember 2014.

3) Ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2008/961/EB([3]) kvað á um að útgefendur í þriðja landi gætu einnig gert samstæðureikningsskil sín frá 1. janúar 2009 í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Samkvæmt þeirri ákvörðun fram að fjárhagsárum sem hefjast 1. janúar 2012 eða síðar skal útgefanda frá þriðja landi heimilað að gera árleg samstæðureikningsskil og hálfsárssamstæðureikningsskil í samræmi við góðar reikningsskilavenjur Alþýðulýðveldisins Kína, Kanada, Lýðveldisins Kóreu eða Lýðveldisins Indlands.

4) Í júní 2010 fór framkvæmdastjórnin fram á það að þáverandi nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila (e. *CESR*) sem var leyst af hólmi með Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði (e. *ESMA*) með reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (ESB) nr. 1095/2010 frá 24. nóvember 2010 um að koma á fót evrópsku eftirlitsyfirvaldi (Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði), um breytingu á ákvörðun nr. 716/2009/EB og um niðurfellingu á ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2009/77/EB([4]), til að kveða á um tæknimat og uppfærslu á þróun í átt að alþjóðlegum reikningsskilastöðlum í Kína, Kanada, Suður-Kóreu og Indlandi. Framkvæmdastjórnin hefur tekið fullt tillit til skýrslunnar sem nefnd evrópskra verðbréfaeftirlitsaðila veitti í nóvember 2010 og uppfærslnanna um Kína og Indland, sem móttekin voru frá Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði í maí 2011 að undangenginni athugun á staðnum sem hún tók að sér í janúar 2011.

5) Í apríl 2010 gaf fjármálaráðuneyti Kína út „áætlun um áframhaldandi samleitni reikningsskilastaðla fyrirtækja (e. *ASBE*) við alþjóðlega reikningsskilastaðla (e. *IFRS*)“ sem ítrekaði skuldbindingu Kína um að halda áfram samleitniferlinu við alþjóðlegu reikningsskilastaðlana. Frá og með október 2010 hafa allir gildandi staðlar og túlkanir útgefin af Alþjóðareikningsskilaráðinu (e. *IASB*) verið tekin upp í áætlunina um áframhaldandi samleitni reikningsskilastaðla fyrirtækja. Samleitnistigið hefur verið tilkynnt af Evrópsku eftirlitsstofnuninni á verðbréfamarkaði sem viðunandi og afstemmingar er ekki krafist fyrir útgefendur í Sambandinu sem gera reikningsskil sín í samræmi við alþjóðlega reikningsskilastaðla. Því er rétt að líta svo á að kínverska áætlunin um áframhaldandi samleitni reikningsskilastaðla fyrirtækja teljist jafngild innleiddum IFRS-stöðlum frá og með 1. janúar 2012.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 16/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

([2]) Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

([3]) Stjtíð. ESB L 340, 19.12.2008, bls. 112.

([4]) Stjtíð. ESB L 331, 15.12.2010, bls. 84.

6) Reikningsskilaráð Kanada skuldbatt sig opinberlega í janúar 2006 til að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir 31. desember 2011. Það hefur samþykkt upptöku alþjóðlegra reikningsskilastaðla í handbók samtaka kanadískra löggiltra endurskoðenda sem kanadískar góðar reikningsskilavenjur fyrir öll opinber reikningsskilaskyld fyrirtæki, sem rekin eru í hagnaðarskyni, frá 2011. Því er rétt að líta svo á að kanadískar góðar reikningsskilavenjur séu jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum frá og með 1. janúar 2012.

7) Fjármálaeftirlitsnefnd Suður-Kóreu og Reikningsskilastofnun Suður-Kóreu skuldbundu sig opinberlega í mars 2007 til að innleiða IFRS-staðla fyrir 31. desember 2011. Suður-Kóreska reikningsskilaráðið hefur innleitt IFRS-staðla sem kóreska IFRS-staðla (e. *K-IFRS*). Kóreskir IFRS-staðlar eru nákvæmlega eins og IFRS-staðlar útgefnir af Alþjóðareikningsskilaráði og er þeirra krafist fyrir öll skráð félög í Suður-Kóreu frá 2011. Óskráðar fjármálastofnanir og ríkisfyrirtæki þurfa einnig að nota kóreska IFRS-staðla. Önnur óskráð félög geta valið að nota þá. Því er rétt að líta svo á að suður-kóreskar góðar reikningsskilavenjur séu jafngildar innleiddum IFRS-stöðlum frá og með 1. janúar 2012.

8) Indversk stjórnvöld og samtök löggiltra endurskoðenda á Indlandi skuldbundu sig opinberlega í júlí 2007 til að innleiða IFRS-staðla eigi síðar en 31. desember 2011 með það að markmiði að indverskar góðar reikningsskilavenjur væru að fullu samrýmdar alþjóðlegum reikningsskilastöðlum við lok áætlunarinnar. Evrópska eftirlitsstofnunin á verðbréfamarkaði tók eftir því, að undangenginni athugun á staðnum í janúar 2011, að indverskir reikningsskilastaðlar virðast frábrugðnir IFRS-stöðlum. Óvissa ríkir um tímaáætlun vegna framkvæmdar tilkynningakerfis sem fer að IFRS-stöðlum.

9) Því er viðeigandi að framlengja umbreytingartímabilið um allt að þrjú ár, til 31. desember 2014, til að heimila útgefendum í þriðja landi að gera árleg reikningsskil sín og hálfsársreikningsskil í samræmi við góðar reikningsskilavenjur Indlands í Sambandinu.

10) Þar sem umbreytingartímabilinu sem ákvörðun 2008/961/EB veitti kínverskum, kanadískum, suður-kóreskum og indverskum góðum reikningsskilavenjum jafngildi, vegna réttarvissu, lauk 31. desember 2011, skal þessi ákvörðun gilda frá 1. janúar 2012.

11) Því ber að breyta ákvörðun 2008/961/EB til samræmis við það.

12) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari ákvörðun, eru í samræmi við álit evrópsku verðbréfanefndarinnar,

SAMÞYKKT ÁKVÖRÐUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæði 1. gr. ákvörðunar 2008/961/EB er breytt sem hér segir:

1. Í stað annarrar málsgreinar komi eftirfarandi:

„Frá 1. janúar 2012 skal, með tilliti til árlegra samstæðureikningsskila og hálfsárssamstæðureikningsskila, telja eftirfarandi staðla jafngilda IFRS-stöðlum sem innleiddir eru samkvæmt reglugerð (EB) nr. 1606/2002:

a) góðar reikningsskilavenjur Alþýðulýðveldisins Kína,

b) góðar reikningsskilavenjur í Kanada,

c) góðar reikningsskilavenjur Lýðveldisins Kóreu.“,

2. eftirfarandi þriðja málsgrein bætist við:

„Útgefendum í þriðja landi skal heimilað að gera árleg samstæðureikningsskil sín og hálfsárssamstæðureikningsskil í samræmi við góðar reikningsskilavenjur Lýðveldisins Indlands fyrir fjárhagsár sem hefjast fyrir 1. janúar 2015.“

2. gr.

Ákvörðun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Ákvörðun þessi gildir frá 1. janúar 2012.

Gjört í Brussel 11. apríl 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

Michel BARNIER

framkvæmdastjóri.

FRAMSELD REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 310/2012 **2013/EES/16/52**

frá 21. desember 2011

um breytingu á reglugerð (EB) nr. 1569/2007 um að koma á fót aðferð til að ákvarða jafngildi reikningsskilastaðla sem útgefendur verðbréfa í þriðja landi beita samkvæmt tilskipunum Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB og 2004/109/EB (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/71/EB frá 4. nóvember 2003 um útboðs- og skráningarlýsingu sem birta skal við almennt útboð verðbréfa eða þegar þau eru tekin til skráningar og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([1]), einkum fyrstu undirgrein 3. mgr. 20. gr.,

með hliðsjón af tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/109/EB frá 15. desember 2004 um samhæfingu krafna um gagnsæi í tengslum við upplýsingar um útgefendur verðbréfa sem eru skráð á skipulegan markað og um breytingu á tilskipun 2001/34/EB ([2]), einkum fjórðu undirgrein 4. mgr. 23. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í ákvæðum 4. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB er þess krafist að framkvæmdastjórnin komi á kerfi til að tryggja jafngildi upplýsinga sem krafist er samkvæmt þessari tilskipun. Þess er krafist að framkvæmdastjórnin samþykki ráðstafanir til að koma á fót almennum jafngildisviðmiðunum varðandi reikningsskilastaðla sem varða útgefendur í fleiri en einu landi. Í ákvæðum 4. mgr. 23. gr. tilskipunar 2004/109/EB er þess einnig krafist að framkvæmdastjórnin taki ákvarðanir í tengslum við jafngildi reikningsskilastaðla, sem útgefendur í þriðja landi nota, og gerir framkvæmdastjórninni kleift að heimila notkun reikningsskilastaðla þriðja lands í hæfilega langan aðlögunartíma. Þegar höfð er í huga náin samtenging upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2004/109/EB og upplýsinganna, sem krafist er samkvæmt tilskipun 2003/71/EB, er rétt að sömu viðmiðanir fyrir ákvörðun jafngildis gildi fyrir báðar þessar tilskipanir.

2) Til samræmis við það var í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 1569/2007 ([3]) mælt fyrir um skilyrði fyrir samþykki reikningsskilastaðla þriðja lands í takmarkaðan tíma til 31. desember 2011.

3) Framkvæmdastjórnin lagði mat á gagnsemi og virkni jafngildisaðferðarinnar og komst að þeirri niðurstöðu að rétt væri að framlengja hana um þrjú ár til 31. desember 2014. Þar sem fresturinn sem framkvæmdastjórnin setti varðandi skilyrðin fyrir ákvörðun á jafngildi góðra reikningsskilavenja (GAAP) í þriðju löndum rann út 31. desember 2011, gildir þessi reglugerð frá 1. janúar 2012. Þetta er nauðsynlegt til að skapa réttarvissu fyrir útgefendur frá viðkomandi þriðju löndum, sem skráðir eru á markað í Sambandinu, og komast hjá þeirri áhættu að þeir gætu þurft að samræma reikningsskil sín alþjóðlegum reikningsskilastöðlum (IFRS). Með því að kveða á um afturvirkni er mögulegri viðbótarbyrði létt af hlutaðeigandi útgefendum.

4) Í því skyni að tryggja að jafngildi reikningsskilastaðla þriðja lands sé ákvarðað í öllum tilvikum sem skipta máli fyrir markaði í Evrópusambandinu skal framkvæmdastjórnin meta jafngildi reikningsskilastaðla þriðja lands, annaðhvort að beiðni lögbærs yfirvalds í aðildarríki eða yfirvalds, sem er ábyrgt fyrir reikningsskilastöðlum, eða markaðseftirliti í þriðja landi, eða að eigin frumkvæði. Framkvæmdastjórnin skal hafa samráð við Evrópsku eftirlitsstofnunina á verðbréfamarkaði (ESMA) að því er varðar tæknilegu atriðin við matið á jafngildi viðkomandi reikningshaldsstaðla. Útgefendur innan Sambandsins skulu einnig hafa heimild til að nota alþjóðlega reikningsskilastaðla sem voru innleiddir samkvæmt reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1606/2002 ([4]) í hlutaðeigandi þriðja landi.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 103, 13.4.2012, bls. 11. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 17/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á IX. viðauka (Fjármálaþjónusta) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 345, 31.12.2003, bls. 64.

([2]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 38.

([3]) Stjtíð. ESB L 340, 22.12.2007, bls. 66.

([4]) Stjtíð. EB L 243, 11.9.2002, bls. 1.

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1569/2007 til samræmis við það.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 1569/2007 komi eftirfarandi:

„4. gr.

Skilyrði fyrir samþykki reikningsskilastaðla þriðja lands í takmarkaðan tíma

1. Heimila má útgefendum í þriðja landi að nota reikningsskil, sem eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands í því skyni að uppfylla skyldur sínar samkvæmt tilskipun 2004/109/EB og, með undanþágu frá 5. mgr. 35. gr. reglugerðar (EB) nr. 809/2004, að leggja fram eldri fjárhagsupplýsingar samkvæmt þeirri reglugerð fyrir tímabil sem hefst einhvern tíma eftir 31. desember 2008 og lýkur eigi síðar en 31. desember 2014, í eftirfarandi tilvikum:

a) yfirvald það í þriðja landi sem er ábyrgt fyrir innlendum reikningsskilastöðlum hefur skuldbundið sig opinberlega til að gera þá staðla samleitna alþjóðlegum reikningsskilastöðlum eigi síðar en 31. desember 2014 og hvort tveggja eftirfarandi skilyrða eru uppfyllt:

i. yfirvald það í þriðja landi sem er ábyrgt fyrir hlutaðeigandi innlendum reikningsskilastöðlum hefur gert heildstæða samleitniáætlun sem unnt er að ljúka fyrir 31. desember 2014,

ii. samleitniáætlunin er framkvæmd tafarlaust og á skilvirkan hátt og nauðsynlegum fjármunum til að ljúka henni er úthlutað til framkvæmdar hennar,

b) yfirvald það í þriðja landi sem er ábyrgt fyrir hlutaðeigandi innlendum reikningsskilastöðlum hefur skuldbundið sig opinberlega til að innleiða alþjóðlega reikningsskilastaðla fyrir 31. desember 2014 og gerðar hafa verið árangursríkar ráðstafanir í þriðja landinu til að tryggja tímanlega og algjöra framkvæmd þeirra eigi síðar en þann dag.

2. Allar ákvarðanir skv. 1. mgr. um að heimila áframhaldandi viðtöku reikningsskila, sem eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands, skulu teknar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB og 2. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/109/EB.

3. Ef framkvæmdastjórnin heimilar áframhaldandi viðtöku reikningsskila, sem eru gerð í samræmi við reikningsskilastaðla þriðja lands í samræmi við 1. mgr., skal hún endurskoða reglulega hvort skilyrðin, sem eru tilgreind í a- eða b-lið (eftir atvikum), séu áfram uppfyllt og til samræmis við það skal hún senda skýrslu til Evrópuþingsins.

4. Ef skilyrðin í a- eða b-lið 1. mgr. eru ekki lengur uppfyllt skal framkvæmdastjórnin taka ákvörðun í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 24. gr. tilskipunar 2003/71/EB og 2. mgr. 27. gr. tilskipunar 2004/109/EB um breytingu á ákvörðun sinni skv. 1. mgr., að því er varðar þessa reikningsskilastaðla.

5. Þegar framkvæmdastjórnin fer að þessari grein skal hún fyrst hafa samráð við Evrópsku eftirlitsstofnunina á verðbréfamarkaði (ESMA) um samleitniáætlunina eða um framvinduna við innleiðingu alþjóðlegu reikningsskilastaðlanna, eftir atvikum.“

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 21. desember 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 859/2011 **2013/EES/16/53**

frá 25. ágúst 2011

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd að því er varðar flugfarm og flugpóst (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2010 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([2]) er ekki að finna reglur um farm og póst sem komið er með til flugvalla í Evrópusambandinu frá þriðju löndum. Nauðsynlegt er að innleiða slíkar reglur til að verja almenningsflug með þannig farm gegn ólöglegu athæfi.

2) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.

3) Við mat á flugvernd í þriðju löndum verður tekið tillit til samvinnu- og samstarfssamninga, sem Evrópusambandið eða einstök aðildarríki annars vegar og þriðju lönd hins vegar hafa gert með sér og sem skapa grunn að því að tryggja að flugverndarkröfum sé framfylgt með viðeigandi hætti.

4) Við gerð samninga um flutninga í lofti við þriðju lönd skulu framkvæmdastjórnin og aðildarríkin leitast við að koma á nánari samvinnu um flugvernd og styðja við framfylgd og beitingu, í þriðju löndum, krafna og meginreglna, sem eru jafngildar kröfum og meginreglum Evrópusambandsins, ef þannig er unnt að bregðast við alþjóðlegri ógnun og áhættu með skilvirkum hætti.

5) Eigi síðar en í júlí 2013 skal framkvæmdastjórnin, ásamt aðildarríkjum og hagsmunaaðilum, kanna hvaða áhrif það hefur í reynd og að hve miklu leyti er gerlegt að taka upp óháða fullgildingu á flugrekendum, sem flytja farm frá flugvöllum í þriðju löndum til Evrópusambandsins, og á viðurkenndum umboðsaðilum og þekktum sendendum, sem þeir taka beint við sendingum frá, og gera þær breytingar á kerfinu sem nauðsyn er á, þ.m.t. breytingar á þessari reglugerð.

6) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu, á grundvelli ábyrgðar samningsríkja Alþjóðaflugmálastofnunarinnar á að uppfylla a.m.k. staðla stofnunarinnar um farmvernd, snúa sér til yfirvalda þriðju landa í því skyni að eiga samstarf við þau og, sé það mögulegt og þess er óskað, veita þeim aðstoð við að efla getuna til að framfylgja verndarkröfum um flugfarm og flugpóst sem komið er með til Evrópusambandsins.

7) Framkvæmdastjórnin mun samræma og taka virkan þátt í aðgerðum Evrópusambandsins til að auðvelda framfylgd flugverndarákvæða, að því er varðar flug til Sambandsins frá flugvöllum í þriðju löndum, og til að veita aðilum utan Sambandsins aðgang að viðeigandi upplýsingum, á grundvelli nauðsynjar og með því skilyrði að fullnægjandi ábyrgðir liggi fyrir.

8) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi sem skipuð var með 1. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008.

SAMÞYKKT ÞESSA REGLUGERÐ:

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Framkvæmdastjórnin skal skoða og meta beitingu þeirra ráðstafana sem kveðið er á um í þessari reglugerð og, ef við á, leggja fram tillögu eigi síðar en 1. júlí 2015.

Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 31. desember 2012, meta hugsanleg áhrif þeirra krafna sem settar eru fram í þessari reglugerð, einkum krafna um óháða fullgildingu. Niðurstöðurnar skal leggja fyrir nefndina um flugvernd í almenningsflugi. Framkvæmdastjórnin skal, eigi síðar en 1. júlí 2013, leggja til breytingar á kröfunum, eftir því sem við á.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 220, 26.8.2011, bls. 9. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Stjtíð. ESB L 55, 5.4.2010, bls. 1.

3. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*. Hún gildir frá og með 1. febrúar 2012.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 25. ágúst 2011.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

A. Í stað liðar 6.1.2 komi eftirfarandi:

„6.1.2. Sé ástæða til að ætla að átt hafi verið við sendingu, sem flugverndareftirlit hefur verið haft með, eða hún hafi ekki verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram skal viðurkenndur umboðsaðili skima hana aftur áður en hún er sett um borð í loftfar. Sendingar, sem ætla má að átt hafi verið við með umtalsverðum hætti eða sem eru grunsamlegar að öðru leyti, skal meðhöndla sem farm eða póst sem mikil áhætta fylgir (e. *high risk cargo or mail*, HRCM), í samræmi við lið 6.7.

B. Eftirfarandi komi í stað d-liðar í lið 6.3.2.6:

„d) staða flugverndar fyrir sendinguna þar sem:

– „SPX“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþegaflugi, vöruflugi og póstflugi eða

– „SCO“ þýðir að sendingin er aðeins örugg fyrir flutning með vöruflugi og póstflugi eða

– „SHR“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþegaflugi, vöruflugi og póstflugi, samkvæmt kröfum um farm sem fylgir mikil áhætta.“

C. Eftirfarandi liðir bætast við í 6. kafla:

„6.7. FARMUR OG PÓSTUR SEM MIKIL ÁHÆTTA FYLGIR

Í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er mælt fyrir um ákvæði um farm og póst sem mikil áhætta fylgir.

6.8. VÖRN FARMS OG PÓSTS SEM KOMIÐ ER MEÐ INN Í EVRÓPUSAMBANDIÐ FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

6.8.1. **Tilnefning flugrekenda**

6.8.1.1. Kröfur sem gilda til og með 30. júní 2014:

a) flugrekandi, sem flytur farm eða póst frá flugvelli í þriðja landi og er ekki skráður í fylgiskjal 6-F vegna flugskipta, gegnumferðar eða affermingar á einhverjum þeim flugvelli sem fellur undir gildissvið reglugerðar (EB) nr. 300/2008, skal tilnefndur sem „flugrekandi sem flytur flugfarm eða flugpóst inn í Evrópusambandið frá flugvelli í þriðja landi“ (ACC3-flugrekandi):

– af viðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis sem skráð er í viðauka við reglugerð framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 394/2011 ([3]) um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 ([4]) um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2003/87/EB([5]),

– af viðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis sem gaf út flugrekandaskírteini flugrekandans, að því er varðar flugrekendur sem ekki eru skráðir í viðauka við reglugerð (EB) nr. 394/2011,

– af viðeigandi yfirvaldi þess aðildarríkis, þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar innan Evrópusambandsins, eða af öðru viðeigandi yfirvaldi í Sambandinu, eftir samkomulagi við það yfirvald, að því er varðar flugrekendur sem ekki eru skráðir í viðauka við reglugerð (EB) nr. 394/2011 og hafa ekki flugrekandaskírteini útgefið af aðildarríki,

b) til að hljóta tilnefningu sem ACC3-flugrekandi skal flugrekandinn:

– tryggja að flugverndaráætlun hans nái yfir alla liði sem skráðir eru í fylgiskjali 6-G, að því er varðar farm og póst sem settur er um borð í loftfar hans á flugvelli í þriðja landi og flytja á inn í Evrópusambandið, og

– leggja fyrir viðeigandi yfirvald „yfirlýsingu um skuldbindingar — ACC3-flugrekanda“ sem sett er fram í fylgiskjali 6-H; yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni flugrekandans eða af þeim einstaklingi sem ber ábyrgð á flugvernd og

([3]) Stjtíð. ESB L 107, 27.4.2011, bls. 1.
([4]) Stjtíð. ESB L 219, 22.8.2009, bls. 1.
([5]) Stjtíð. ESB L 275, 25.10.2003, bls. 32. Tilskipuninni var breytt með tilskipun 2008/101/EB (Stjtíð. ESB L 8, 13.1.2009, bls. 3).

– tilnefna aðila til að bera, fyrir sína hönd, heildarábyrgð á því að framfylgja verndarákvæðum um farm og póst í þriðju löndum og að veita viðeigandi yfirvaldi upplýsingar um þennan aðila,

c) viðeigandi yfirvald skal annaðhvort halda eftir frumriti eða afriti af undirritaðri „yfirlýsingu um skuldbindingar — ACC3-flugrekanda“; ef flugrekandi heldur eftir frumriti skal það vera aðgengilegt til skoðunar, a.m.k. á gildistíma þess,

d) viðeigandi yfirvald skal senda framkvæmdastjórninni nauðsynlegar upplýsingar um flugrekandann og framkvæmdastjórnin skal gera þær aðgengilegar öllum aðildarríkjum,

e) ACC3-flugrekandi, sem framkvæmdastjórnin hefur fengið tilkynningu um í samræmi við d-lið, skal viðurkenndur í öllum aðildarríkjum, að því er varðar allt flug frá tilgreindum flugvelli í þriðja landi til Evrópusambandsins,

6.8.1.2. Kröfur sem ber að uppfylla eigi síðar en 1. júlí 2014:

a) til viðbótar við kröfurnar, sem settar eru fram í b-lið liðar 6.8.1.1., skal flugrekandinn sjá til þess að óháður matsmaður sannprófi á vettvangi farm- og póstflutninga hans á viðkomandi flugvelli í þriðja landi, eigi síðar en 1. júlí 2014,

b) óháði matsmaðurinn skal kanna flugverndaráætlun flugrekandans og tryggja að hún nái yfir alla liðina, sem settir eru fram í viðhengi 6-G, sannprófa að áætluninni sé fylgt á flugvellinum í þriðja landi, með því að nota gátlistann í fylgiskjali 6-C3, og skila skýrslu:

– til viðeigandi yfirvalds þess aðildarríkis sem skráð er í viðauka við reglugerð (EB) nr. 394/2011 um breytingu á reglugerð (EB) nr. 748/2009 um skrána yfir umráðendur loftfara sem stunduðu flugstarfsemi sem tilgreind er í I. viðauka við tilskipun 2003/87/EB,

– til viðeigandi yfirvalds þess aðildarríkis sem gaf út flugrekandaskírteini flugrekandans, að því er varðar flugrekendur sem ekki eru skráðir í viðauka við reglugerð (EB) nr. 394/2011,

– til viðeigandi yfirvalds þess aðildarríkis, þar sem flugrekandinn hefur höfuðstöðvar sínar innan Evrópusambandsins, eða annars viðeigandi yfirvalds í Sambandinu, eftir samkomulagi við það yfirvald, að því er varðar flugrekendur sem ekki eru skráðir í viðauka við reglugerð (EB) nr. 394/2011 og hafa ekki flugrekandaskírteini útgefið af aðildarríki,

c) viðeigandi yfirvald skal tryggja að nauðsynlegar upplýsingar um ACC3-flugrekandann séu færðar inn í gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekkta sendendur, ef það telur skýrslu óháða matsmannsins fullnægjandi,

d) þegar upplýsingarnar eru færðar í gagnagrunninn skal viðeigandi yfirvald úthluta einstöku alstafakennimerki á stöðluðu sniði, sem auðkennir flugrekandann og þann flugvöll í þriðja landi þaðan sem hann flytur farminn til Evrópusambandsins; einstaka alstafakennimerkið skal koma fram í gögnum sem fylgja sendingum, annaðhvort á rafrænu formi eða skriflega,

e) ef viðeigandi yfirvald telur upplýsingarnar, sem flugrekandi veitir, eða skýrslu um óháð mat ekki fullnægjandi skal tilkynna það, þegar í stað, þeim flugrekanda sem sækir um að verða ACC3-flugrekandi,

f) ACC3-flugrekandi, sem er skráður í gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekkta sendendur, í samræmi við lið 6.8.1.2, skal viðurkenndur í öllum aðildarríkjum, að því er varðar allt flug frá viðkomandi flugvelli í þriðja landi til Evrópusambandsins,

g) ACC3-flugrekandi, sem skráður er í gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekkta sendendur, skal, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, endurmetinn á þeim flugvelli í þriðja landi þar sem hann hefur verið tilnefndur og skal leggja fram nýja yfirlýsingu um skuldbindingar við hverja fullgildingu.

6.8.2. **Flugverndareftirlit með farmi og pósti sem kemur frá þriðja landi**

6.8.2.1. ACC3-flugrekandi skal tryggja að allur farmur og póstur, sem fluttur er og fer í flugskipti, gegnumferð eða affermingu á flugvelli í Evrópusambandinu, sé skimaður, nema:

a) viðurkenndur umboðsaðili hafi haft tilskilið flugverndareftirlit með sendingunni og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þetta flugverndareftirlit fór fram og þar til hún var sett um borð eða

b) þekktur sendandi hafi haft tilskilið flugverndareftirlit með sendingunni og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þetta flugverndareftirlit fór fram og þar til hún var sett um borð eða

c) skráður sendandi hafi haft tilskilið flugverndareftirlit með sendingunni og sendingin hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því þetta flugverndareftirlit fór fram og þar til hún var sett um borð og hún sé ekki sett um borð í farþegaloftfar eða

d) sendingin sé undanþegin skimun í samræmi við d-lið liðar 6.1.1 og hafi verið varin gegn óheimilum aðgangi frá því að hún varð auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur og þar til hún var sett um borð.

6.8.2.2. Þar til 30. júní 2014 skulu kröfurnar í lið 6.8.2.1 að lágmarki uppfylla staðla Alþjóðaflugmálastofnunarinnar. Eftir það skal farmur og póstur sem fluttur er inn í Evrópusambandið:

a) skimaður með einu af þeim úrræðum eða aðferðum, sem um getur í lið 6.2.1, og eru fullnægjandi til að tryggja, með nokkurri vissu, að hann innihaldi enga bannaða hluti eða

b) sæta flugverndareftirliti viðurkennds umboðsaðila, þekkts sendanda eða skráðs sendanda, sem tilnefndur er í samræmi við lið 6.8.3 eða

c) undanþeginn skimun, í samræmi við d-lið liðar 6.1.1, og varinn gegn óheimilum aðgangi frá því hann varð auðgreinanlegur flugfarmur eða flugpóstur og þar til hann var settur um borð.

6.8.2.3. Staða flugverndar fyrir sendinguna skal koma fram í meðfylgjandi gögnum, á flugfarmbréfi, í sambærilegum póstskjölum eða í sérstakri yfirlýsingu og annaðhvort á rafrænu formi eða skriflega.

6.8.3. **Tilnefning viðurkenndra umboðsaðila, þekktra sendenda og skráðra sendenda í þriðja landi**

6.8.3.1. Þar til 30. júní 2014 skal ACC3-flugrekandi setja fram upplýsingar í flugverndaráætlun sinni um flugverndareftirlit sem framkvæmt er af hálfu viðurkenndra umboðsaðila, þekktra sendenda eða skráðra sendenda og viðkomandi flugrekandi tekur beint við sendingum frá. Eftir það skal ACC3-flugrekandi að auki:

a) tryggja að viðurkenndir umboðsaðilar og þekktir sendendur í þriðju löndum séu, eigi sjaldnar en á fimm ára fresti, endurmetnir á óháðan hátt, í samræmi við gátlistana í fylgiskjölum 6-C2 og 6-C, eftir því sem við á,

b) sjá til þess að útfylltir gátlistar séu aðgengilegir viðeigandi yfirvaldi eða framkvæmdastjórninni til skoðunar,

c) viðhalda gagnagrunni þar sem eftirfarandi upplýsingar um alla viðurkennda umboðsaðila, þekkta sendendur og skráða sendendur koma fram:

– upplýsingar um fyrirtækið, þ.m.t. áreiðanlegt heimilisfang fyrirtækisins,

– hvers eðlis fyrirtækið er, að undanskildum viðkvæmum viðskiptaupplýsingum,

– samskiptaupplýsingar, þ.m.t. samskiptaupplýsingar einstaklings eða einstaklinga sem bera ábyrgð á flugvernd og

– skráningarnúmer fyrirtækisins, ef við á;

gagnagrunnurinn skal vera aðgengilegur til skoðunar.

6.8.3.2. ACC3-flugrekandi skal tryggja að kröfurnar í liðum 6.5.2 til 6.5.6 séu uppfylltar að því er varðar skráða sendendur í þriðju löndum sem hann tekur beint við sendingum frá. Aðeins má viðurkenna skírteini fyrir viðurkennda rekstraraðila frá þriðju löndum sé um að ræða þriðju lönd sem Evrópusambandið hefur gert samning við um gagnkvæma viðurkenningu á rekstraraðilum.

6.8.4. **Ef ekki er farið að ákvæðum**

6.8.4.1. Ef framkvæmdastjórnin eða viðeigandi yfirvald kemst að raun um alvarlegan ágalla sem varðar starfsemi ACC3-flugrekanda og sem talinn er hafa veruleg áhrif á almenna flugvernd í Evrópusambandinu skal:

a) þegar í stað upplýsa hlutaðeigandi ACC3-flugrekanda um það og fara fram á athugasemdir,

b) þegar í stað upplýsa framkvæmdastjórnina og önnur aðildarríki, eins og við á.

6.8.4.2. Framkvæmdastjórnin getur síðan, í samræmi við reglunefndarmeðferðina sem um getur í 2. mgr. 19. gr. reglugerðar (EB) nr. 300/2008, ákveðið að flugrekandi verði ekki lengur viðurkenndur sem ACC3-flugrekandi, annaðhvort að því er varðar ákveðna flugleið eða allar flugleiðir frá þriðju löndum til Evrópusambandsins. Í slíkum tilvikum skal fjarlægja upplýsingar um ACC3-flugrekandann úr gagnagrunni Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekkta sendendur.

6.8.4.3. Ef viðurkenning á ACC3-flugrekanda hefur verið afturkölluð, í samræmi við lið 6.8.4.2, skal flugrekandi ekki öðlast hana aftur eða vera skráður í gagnagrunn Sambandsins yfir viðurkennda umboðsaðila og þekkta sendendur, fyrr en óháður matsmaður hefur staðfest að bót hafi verið ráðin á alvarlega ágallanum og viðeigandi yfirvald hefur tilkynnt það nefndinni um flugvernd í almenningsflugi.“

D. Í stað fylgiskjals 6-F komi eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 6-F

FARMUR OG PÓSTUR

6-Fi

ÞRIÐJU LÖND SEM TELJAST BEITA FLUGVERNDARKRÖFUM SEM ERU JAFNGILDAR SAMEIGINLEGUM GRUNNKRÖFUM

6-Fii

ÞRIÐJU LÖND ÞAR SEM EKKI ER GERÐ KRAFA UM TILNEFNINGU ACC3-FLUGREKANDA

Þriðju lönd þar sem ekki er gerð krafa um tilnefningu ACC3-flugrekanda eru skráð í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.“

E. Eftirfarandi fylgiskjöl bætast við:

„FYLGISKJAL 6-G

ÁKVÆÐI ER VARÐA FARM OG PÓST FRÁ ÞRIÐJU LÖNDUM

Í flugverndaráætlun ACC3-flugrekanda skal eftirfarandi koma fram, eftir því sem við á og annaðhvort sérstaklega fyrir hvern flugvöll í þriðja landi eða á formi almenns skjals, þar sem tilgreind eru öll frávik á tilgreindum flugvöllum í þriðju löndum:

a) lýsing á ráðstöfunum varðandi flugfarm og flugpóst,

b) verklagsreglur um móttöku,

c) kerfi og viðmiðanir varðandi viðurkennda umboðsaðila,

d) kerfi og viðmiðanir varðandi þekkta sendendur,

e) kerfi og viðmiðanir varðandi skráða sendendur,

f) kröfur varðandi skimun og áþreifanlega skoðun,

g) upplýsingar um hvar skimun og áþreifanleg skoðun fer fram,

h) upplýsingar um skimunarbúnað,

i) upplýsingar um viðkomandi flugrekanda eða þjónustuveitanda,

j) skrá yfir undanþágur frá öryggisleit eða áþreifanlegri skoðun,

k) upplýsingar um meðferð á flugfarmi og flugpósti sem fylgir mikil áhætta.

FYLGISKJAL 6-H

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR — ACC3-FLUGREKANDI

Ég lýsi því yfir að

– samkvæmt minni bestu vitund eru allar upplýsingar í flugverndaráætlun fyrirtækisins, að því er varðar sendingar til Evrópusambandsins frá þriðju löndum, réttar og nákvæmar,

– að aðferðunum og verklagsreglunum, sem settar eru fram í þessari flugverndaráætlun, að því er varðar sendingar sem fluttar eru til Evrópusambandsins frá þriðju löndum, verði hrint í framkvæmd og þeim viðhaldið á öllum þeim athafnasvæðum sem áætlunin tekur til,

– flugverndaráætlunin verði aðlöguð og henni breytt svo í henni sé farið að öllum breytingum á löggjöf Evrópusambandsins í framtíðinni, þar sem tilgreindar eru kröfur um flugfarm eða flugpóst sem fluttur er til Evrópusambandsins frá þriðju löndum, nema [heiti flugrekanda] tilkynni [heiti viðeigandi yfirvalds] að það óski ekki lengur eftir að flytja sendingar til Sambandsins frá þriðja landi,

– [heiti flugrekanda] mun tilkynna [heiti viðeigandi yfirvalds] skriflega um allar breytingar á viðeigandi þáttum flugverndaráætlunar sinnar innan 10 daga,

– fyrirtækið hefur tilnefnt [nafn ábyrgðarmanns] til þess að bera, fyrir sína hönd, heildarábyrgð á flugverndarráðstöfunum að því er varðar starfsemi með flugfarm/flugpóst á [heiti flugvalla í þriðju löndum],

– frá 1. júlí 2014 mun [heiti flugrekanda] viðhalda gagnagrunni yfir viðurkennda umboðsaðila, þekkta sendendur og skráða sendendur í þriðju löndum, og gera hann aðgengilegan til skoðunar,

– [heiti flugrekanda] mun sýna fulla samvinnu í tengslum við skoðanir, eftir því sem þörf krefur, og veita aðgang að öllum gögnum og framangreindum gagnagrunni, að kröfu skoðunarmanna,

– [heiti flugrekanda] mun upplýsa [heiti viðeigandi yfirvalds] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir vernd flugfarms eða flugpósts í þriðja landi, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í sendingum,

– [heiti flugrekanda] mun upplýsa [viðeigandi yfirvald]:

a) ef hann hættir starfsemi eða skiptir um heiti,

b) ef hann starfar ekki lengur í tengslum við flugfarm eða flugpóst eða

c) ef hann getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar Evrópusambandsins um flugfarm eða flugpóst sem fluttur er til Evrópusambandsins frá þriðju löndum.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Dagsetning:

Undirskrift:

FYLGISKJAL 6-I

Í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er mælt fyrir um ákvæði um farm sem mikil áhætta fylgir.

FYLGISKJAL 6-J

Í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar er mælt fyrir um ákvæði um notkun skimunarbúnaðar.“

F. Í 11. kafla bætist eftirfarandi liður við:

„11.0.5. Að því er varðar þessa reglugerð geta eftirtaldir gegnt hlutverki óháðs matsmanns:

– fulltrúi landsyfirvalds í aðildarríki Evrópusambandsins,

– annar einstaklingur eða lögaðili sem aðildarríki eða framkvæmdastjórnin viðurkennir í þessum tilgangi.“

_____

Framkvæmdarreglugerð framkvæmdastjórnarinnar (ESB) nr. 173/2012 **2013/EES/16/54**

frá 29. febrúar 2012

um breytingu á reglugerð (ESB) nr. 185/2010 að því er varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 300/2008 frá 11. mars 2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og um niðurfellingu reglugerðar (EB) nr. 2320/2002 ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Reynslan af framkvæmd reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 185/2010 frá 4. mars 2012 um ítarlegar ráðstafanir til að framfylgja sameiginlegum grunnkröfum um flugvernd ([2]), hefur sýnt að gera þarf smávægilegar breytingar á fyrirkomulagi á framkvæmd tiltekinna sameiginlegra grunnkrafna.

2) Þetta varðar nánari útlistun og einföldun á tilteknum sértækum flugverndarráðstöfunum í því skyni að auka skýrleika laga, staðla sameiginlega túlkun á löggjöfinni og til að tryggja enn frekar bestu framkvæmd sameiginlegra grunnkrafna um flugvernd.

3) Breytingarnar varða framkvæmd takmarkaðs fjölda ráðstafana í tengslum við aðgangsstýringu, eftirlit og eftirlitsferðir, skimun farþega og farangurs, flugverndareftirlit með farmi, pósti, birgðum til notkunar um borð og flugvallarbirgðum, þjálfun einstaklinga og öryggisbúnað.

4) Því ber að breyta reglugerð (ESB) nr. 185/2010 til samræmis við það.

5) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar um flugvernd í almenningsflugi.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA

1. gr.

Viðaukanum við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 29. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 59, 1.3.2012, bls. 1. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 23/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XIII. viðauka (Flutningastarfsemi) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 97, 9.4.2008, bls. 72.

([2]) Stjtíð. ESB L 55, 5.3.2010, bls. 1.

VIÐAUKI

Viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010 er breytt sem hér segir:

1) Í stað liðar 1.1.3.4 komi eftirfarandi:

„1.1.3.4 Þegar einstaklingar eða farþegar og flugverjar, sem hafa ekki verið skimaðir og koma frá þriðju löndum, öðrum en þeim sem skráð eru í fylgiskjali 4-B, kunna að hafa haft aðgang að viðkvæmustu hlutunum skal fara fram flugverndarleit, eins fljótt og unnt er, á þeim svæðum þar sem flugvernd kann að hafa verið stofnað í hættu til þess að tryggja, með nokkurri vissu, að á svæðinu séu ekki neinir bannaðir hlutir.

Ákvæði 1. mgr. telst uppfyllt fyrir loftför þar sem flugverndarleit hefur verið framkvæmd.

Ákvæði 1. mgr. gildir ekki þegar einstaklingar, sem falla undir lið 1.3.2 og 4.1.1.7, hafa haft aðgang að viðkvæmustu hlutunum.

Að því er varðar farþega og flugverja sem koma frá þriðju löndum, öðrum en þeim sem skráð eru í fylgiskjali 4-B, gildir 1. mgr. aðeins um þá viðkvæmustu hluta sem notaðir eru fyrir skimaðan lestarfarangur eða skimaða brottfararfarþega sem fara ekki með sama loftfari og þessir farþegar og flugverjar frá þriðju löndum.“

2) Eftirfarandi liður bætist við lið 1.2.2.2:

„Að öðrum kosti má einnig veita aðgang eftir að örugg kennsl hafa verið borin á einstaklinginn með sannprófun lífkenniupplýsinga.“

3) Eftirfarandi liður bætist við lið 1.2.2.4:

„Ef notast er við lífkenniupplýsingar skal sannprófunin tryggja að einstaklingurinn, sem sækist eftir aðgangi að haftasvæði flugverndar, sé handhafi einnar af þeim heimildum, sem skráðar er í lið 1.2.2.2, að sú heimild sé gild og hafi ekki verið gerð óvirk.“

4) Eftirfarandi liður 1.2.6.9 bætist við:

„1.2.6.9 Ökutæki, sem aðeins eru notað á flugsvæði og hafa ekki leyfi til aksturs á opinberum vegum, má undanþiggja beitingu liða 1.2.6.2– 1.2.6.8, að því tilskildu að þau séu greinilega merkt að utanverðu sem ökutæki sem notuð eru við starfsemina á þeim flugvelli.“

5) Eftirfarandi bætist við í lok c-liðar í lið 1.2.7.1:

„ og

d) þeim leiðum frá flugstöð eða frá aðgönguleið og að loftfarinu sem flugverjarnir komu með eða munu fara með.“

6) Í stað liðar 1.5.2 komi eftirfarandi:

„1.5.2 Tíðni og aðferðirnar, sem notaðar eru við eftirlit og eftirlitsferðir, skulu byggjast á áhættumati og skal viðeigandi yfirvald samþykkja þær. Þær skulu taka tillit:

a) til stærðar flugvallarins, þ.m.t. umfangs og eðlis flugrekstursins,

b) til skipulags flugvallarins, einkum innbyrðis tengsla milli mismunandi svæða á flugvellinum og

c) til möguleika og takmarkana varðandi eftirlit og eftirlitsferðir.

Ef farið er fram á það, skulu þeir hlutar áhættumatsins, sem varða tíðni og aðferðir sem notaðar eru við eftirlit og eftirlitsferðir, vera aðgengilegir með skriflegum hætti til að auðvelda samræmiseftirlit.“

7) Lið 4.1.3.4 er breytt sem hér segir:

a) í stað c-liðar komi eftirfarandi:

„c) er keypt á flugsvæði, sem er fyrir innan þann stað þar sem eftirlit með brottfararspjöldum fer fram, á afgreiðslustöðum, sem starfa samkvæmt samþykktum verklagsreglum um flugvernd sem hluti af flugverndaráætlun viðkomandi flugvallar, að því tilskildu að vökvanum, úðaefninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan síðustu 24 klukkustunda eða“,

b) í stað e- og f-liðar komi eftirfarandi:

„e) er keypt á öðrum flugvelli í Sambandinu, að því tilskildu að vökvanum, úðaefninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt á flugsvæði viðkomandi flugvallar innan síðustu 24 klukkustunda eða

f) er keypt um borð í loftfari flugrekanda í ESB, að því tilskildu að vökvanum, úðaefninu eða gelinu sé pakkað í poka með innsigli, sem sýnir hvort átt hafi verið við þá, sem veitir fullnægjandi sönnun þess efnis að vökvinn, úðaefnið eða gelið hafi verið keypt um borð í viðkomandi loftfari innan síðustu 24 klukkustunda eða“.

8) Í stað liðar 5.3.3.2 komi eftirfarandi:

„5.3.3.2 Lestarfarangur, sem er ekki í fylgd farþega sökum þátta annarra en þeirra sem um getur í lið 5.3.2, skal fjarlægður úr loftfarinu og hann endurskimaður áður en hann er settur um borð í loftfarið aftur.“

9) Í stað liðar 6.0.2 komi eftirfarandi:

„6.0.2 Eftirfarandi hlutir teljast vera bannaðir í farm- og póstsendingum:

— samsett sprengju- og íkveikjutæki sem eru ekki flutt í samræmi við gildandi öryggisreglur.“

10) Liður 6.0.3 falli brott.

11) Í stað liðar 6.3.2.6 komi eftirfarandi:

„6.3.2.6 Viðeigandi yfirvald skal geta skoðað þessi gögn, hvenær sem er, áður en sendingin fer um borð í loftfar og, eftir það, á meðan fluginu stendur eða í 24 klukkustundir, hvort sem varir lengur, og skulu eftirfarandi upplýsingar koma fram:

a) sérauðkenni viðurkennda umboðsaðilans í alstöfum, eins og það kemur frá viðeigandi yfirvaldi,

b) sérauðkenni sendingarinnar, t.d. númer á flugfarmbréfi (aðalflugfarmbréfi (e. *master air waybill*) eða grunnflugfarmbréfi (e. *house air waybill*)),

c) innihald sendingarinnar, nema þeirra sendinga sem skráðar eru í d- og e-lið liðar 6.2.3 í lokagerð ákvörðunar framkvæmdastjórnarinnar C(2010) 774 frá 13. apríl 2010 ([1]),

d) staða flugverndar fyrir sendinguna, þar sem:

— „SPX“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþegaflugi, vöruflugi og póstflugi eða

— „SCO“ þýðir að sendingin er aðeins örugg fyrir flutning með vöruflugi og póstflugi eða

— „SHR“ þýðir að sendingin telst örugg fyrir flutning með farþegaflugi, vöruflugi eða póstflugi samkvæmt kröfum um farm sem fylgir mikil hætta,

e) ástæða þess að staða flugverndar var gefin út, þar sem:

— „KC“ þýðir að sendingin er móttekin frá þekktum sendanda eða

— „AC“ þýðir að sendingin er móttekin frá skráðum sendanda eða

— gefið er upp hvaða úrræði eða aðferð var notuð við skimun eða

— gefin er upp ástæða þess að sendingunni sé veitt undanþága frá skimun,

f) nafn þess sem gaf út stöðu flugverndar, eða sambærileg skilríki, svo og dagsetning og tímasetning útgáfu,

g) sérauðkenni, sem viðeigandi yfirvald úthlutar, allra viðurkenndra umboðsaðila sem hafa samþykkt stöðu flugverndar sem annar viðurkenndur umboðsaðili hefur gefið tiltekinni sendingu.“

([1]) Óbirt.

12) Eftirfarandi komi í stað liðar 6.3.2.7:

„6.3.2.7 Þegar um er að ræða safnsendingar teljast kröfurnar í liðum 6.3.2.5 og 6.3.2.6 uppfylltar:

a) ef viðurkenndi umboðsaðilinn, sem annast safnsendinguna, geymir upplýsingarnar, sem gerð er krafa um samkvæmt liðum a til g í lið 6.3.2.6, um hverja sendingu fyrir sig á meðan flugi stendur eða í 24 klukkustundir, hvort sem varir lengur og

b) ef gögnin, sem fylgja safnsendingunni, hafa að geyma sérauðkenni viðurkennda umboðsaðilans, sem annaðist safnsendinguna, í alstöfum, sérauðkenni safnsendingarinnar og flugverndarstöðu hennar.

Ekki skal gera kröfu um að ákvæði a-liðar séu uppfyllt að því er varðar safnsendingar, sem ávallt skulu skimaðar eða eru undanþegnar skimum í samræmi við d- og e-lið liðar 6.2.3 í ákvörðun C(2010) 774, ef viðurkenndi umboðsaðilinn gefur safnsendingunni sérauðkenni og tilgreinir flugverndarstöðu hennar sem og eina ástæðu þess að sú flugverndarstaða var gefin út.“

13) Í stað a-liðar í lið 6.6.1.1 komi eftirfarandi:

„a) skulu viðurkenndur umboðsaðili, þekktur sendandi eða skráður sendandi sjá um að pakka sendingum eða loka þeim með innsigli þannig að greinilega sjáist ef átt hefur verið við þær; verði þessu ekki við komið skal grípa til annarra verndarráðstafana til að tryggja heilleika sendingarinnar og“

14) Eftirfarandi bætist aftan við lið 6.8.2.3:

„Fram til júlímánaðar 2014 mega ACC3-flugrekendur eða flugrekendur, sem koma frá þriðja landi sem skráð er í fylgiskjali 6Fii, gefa út yfirlýsingu um stöðu flugverndar, í samræmi við d-lið liðar 6.3.2.6, fyrir farm og póst til ESB. Frá og með júlímánuði 2014 mega viðurkenndir umboðsaðilar, sem um getur í lið 6.8.3, einnig gefa út yfirlýsingar um stöðu flugverndar.“

15) Í stað sjöunda undirliðar í fylgiskjali 6-A komi eftirfarandi:

„— að [heiti fyrirtækis] mun sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd innan ramma flugverndaráætlunar fyrirtækisins og“.

16) Annar málsliður undir fyrirsögninni „Bannaðir hlutir“ í fylgiskjali 6-D falli niður.

17) Í stað fylgiskjals 6-E komi eftirfarandi:

FYLGISKJAL 6-E

YFIRLÝSING FLUTNINGAFYRIRTÆKIS

Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og framkvæmdargerðir hennar,

staðfesti ég hér með að eftirfarandi verklagsreglum um flugvernd verði fylgt þegar flugfarmur eða flugpóstur, sem flugverndareftirlit hefur verið haft með, er sóttur, fluttur, geymdur og afhentur [fyrir hönd nafn viðurkennds umboðsaðila/flugrekanda sem hefur flugverndareftirlit með farmi eða pósti/þekkts sendanda/skráðs sendanda]:

— allt starfsfólk, sem flytur þennan flugfarm eða flugpóst, mun hafa fengið almenna þjálfun í flugverndarvitund í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010,

— ráðvendni alls starfsfólks, sem á að ráða og mun hafa aðgang að þessum flugfarmi eða flugpósti, skal sannreynd; með þessari sannprófun skal a.m.k. staðfesta deili á einstaklingnum (ef mögulegt er með kennivottorði með ljósmynd, ökuskírteini eða vegabréfi) og ferilskráin og/eða veitt meðmæli skulu athuguð,

— farmrými í ökutækjum skulu innsigluð eða þau læst; segldúk, sem er í hliðum ökutækja, skal festa tryggilega með TIR-vírum; hleðslurými vörubifreiða með flötum palli skulu vera undir eftirliti á meðan flugfarmur er fluttur,

— rétt fyrir lestun skal leitað í farmrýminu og áreiðanleika leitarinnar viðhaldið þar til lestun er lokið,

— hver ökumaður skal hafa meðferðis kennivottorð, vegabréf, ökuskírteini eða annað skjal, með ljósmynd af einstaklingnum, sem hefur verið gefið út eða viðurkennt af hálfu landsyfirvalda,

— ökumenn stansa ekki utan áætlunar milli þess sem þeir sækja og afhenda; þegar ekki verður hjá því komist skal ökumaður kanna hvort vernd farmsins sé tryggð sem og heilleika lása og/eða innsigla er hann snýr aftur; ef ökumaður verður var við að átt hafi verið við farminn tilkynnir hann yfirmanni sínum það og ekki er heimilt að afhenda flugfarminn eða flugpóstinn án þess að tilkynna við afhendingu að átt hafi verið við farminn,

— flutningar verða ekki boðnir út til þriðja aðila nema þriðji aðilinn hafi einnig flutningssamning við [sama nafn og hér að framan á viðurkenndum umboðsaðila/þekktum sendanda/skráðum sendanda eða á viðeigandi yfirvaldi sem hefur samþykkt eða vottað flutningafyrirtækið] og

— önnur þjónusta (t.d. geymsla) verður ekki boðin út til annars aðila en viðurkennds umboðsaðila eða aðila, sem viðeigandi yfirvald hefur vottað eða samþykkt og skráð á lista sem þjónustuaðila fyrir þessa þjónustu.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Nafn:

Staða innan fyrirtækis:

Nafn og póstfang félags:

Dagsetning:

Undirskrift: “.

18) Eftirfarandi liður 8.0.4 bætist við:

„8.0.4 Skráin yfir bannaða hluti í birgðum til notkunar um borð er sú sama og sett er fram í fylgiskjali 4-C.“

19) Í stað liðar 8.1.4.2 komi eftirfarandi:

„8.1.4.2 Til að vera tilnefndur sem þekktur birgir skal aðilinn senda inn „yfirlýsingu um skuldbindingar – þekktur birgir birgða til notkunar um borð“, sem er að finna í fylgiskjali 8-B, til allra fyrirtækja sem hann afhendir birgðir. Yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni.

Fyrirtækið, sem þekkti birgirinn afhendir birgðir, skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna sem sönnun um fullgildingu.“

20) Í stað liðar 8.1.5 komi eftirfarandi:

„8.1.5 **Flugverndareftirlit sem flugrekandi, viðurkenndur birgir og þekktur birgir eiga að viðhafa**

8.1.5.1 Flugrekandi, viðurkenndur birgir og þekktur birgir birgða til notkunar um borð skulu:

a) tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) sjá til þess að einstaklingar með aðgang að birgðum til notkunar um borð fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) koma í veg fyrir óheimilan aðgang að húsnæði sínu og birgðum til notkunar um borð,

d) tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í birgðum til notkunar um borð og

e) nota innsigli, sem sýnir hvort átt hefur verið við ökutækin og/eða gámana, sem flytja birgðir til notkunar um borð, eða verja ökutækin og/eða gámana.

Ákvæði e-liðar gilda ekki um flutning á flugsvæði.

8.1.5.2 Ef þekktur birgir felur flutning birgða öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir flugrekandans eða viðurkennda birgisins, skal þekkti birgirinn tryggja að farið séð að öllum flugverndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í lið 8.1.5.1.

8.1.5.3 Flugverndareftirlit, sem flugrekandi og viðurkenndur birgir eiga að viðhafa, fellur einnig undir viðbótarákvæðin sem mælt er fyrir um í sérstakri ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar.“

21) Í stað sjöunda undirliðar í fylgiskjali 8-A komi eftirfarandi:

„— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd innan ramma flugverndaráætlunar fyrirtækisins og“.

22) Í stað fylgiskjals 8-B komi eftirfarandi:

„FYLGISKJAL 8-B

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

ÞEKKTUR BIRGIR BIRGÐA TIL NOTKUNAR UM BORÐ

Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að [heiti fyrirtækis]

a) muni tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að birgðum til notkunar um borð fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) muni koma í veg fyrir óheimilan aðgang að húsnæði sínu og birgðum til notkunar um borð,

d) muni tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í birgðum til notkunar um borð og

e) muni nota innsigli, sem sýnir hvort átt hefur verið við ökutækin og/eða gámana, sem flytja birgðir til notkunar um borð, eða verja ökutækin og/eða gámana (þessi liður gildir ekki um flutning á flugsvæði).

Þegar flutningur birgða er falinn öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir flugrekandans eða viðurkennda birgisins, mun [heiti fyrirtækis] tryggja að farið séð að öllum framangreindum flugverndarráðstöfunum.

— að til að tryggja að farið sé að ákvæðum muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við allar skoðanir, eftir því sem þörf krefur, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn biðja um,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [heiti flugrekanda eða viðurkennds birgis, sem það afhendir birgðir] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir birgðir til notkunar um borð, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd og

— að [heiti fyrirtækis] muni tilkynna [flugrekanda eða viðurkenndum birgi, sem það afhendir birgðir til notkunar um borð]:

a) ef það hættir starfsemi eða

b) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar ESB.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Lagalegur fyrirsvarsmaður

Nafn:

Dagsetning:

Undirskrift: “.

23) Eftirfarandi liður 9.0.4 bætist við:

„9.0.4 Skráin yfir bannaða hluti í flugvallarbirgðum er sú sama og sett er fram í fylgiskjali 4-C.“

24) Í stað liðar 9.1.1.1 komi eftirfarandi:

„9.1.1.1 Flugvallarbirgðir skulu skimaðar áður en heimilt er að flytja þær inn á haftasvæði flugverndar:

a) nema viðhaft hafi verið tilskilið flugverndareftirlit með birgðunum af hálfu rekstraraðila flugvallar, sem flytur þær til eigin flugvallar, og birgðirnar hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram og þar til þær voru fluttar inn á haftasvæði flugverndar eða

b) nema viðhaft hafi verið tilskilið flugverndareftirlit með birgðunum af hálfu þekkts birgis og þær hafi verið varðar gegn óheimilum aðgangi frá því þetta eftirlit fór fram þar til þær voru fluttar inn á haftasvæði flugverndar.“

25) Í stað liðar 9.1.3.2 komi eftirfarandi:

„9.1.3.2 Til að vera tilnefndur þekktur birgir skal aðilinn senda inn „yfirlýsingu um skuldbindingar — þekktur birgir flugvallarbirgða“, sem er að finna í fylgiskjali 9-A, til rekstraraðila flugvallarins. Yfirlýsingin skal undirrituð af lagalegum fyrirsvarsmanni.

Rekstraraðili flugvallar skal geyma undirrituðu yfirlýsinguna sem sönnun um fullgildingu.“

26) Í stað liðar 9.1.4 komi eftirfarandi:

„9.1.4 **Flugverndareftirlit sem þekktur birgir eða rekstraraðili flugvallar á að viðhafa**

Þekktur birgir flugvallarbirgða eða rekstraraðili flugvallar sem afhendir flugvallarbirgðir á haftasvæði flugverndar skal:

a) tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) koma í veg fyrir óheimilan aðgang að húsnæði sínu og flugvallarbirgðum,

d) tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í flugvallarbirgðum og

e) nota innsigli, sem sýnir hvort átt hefur verið við ökutækin og/eða gámana sem flytja flugvallarbirgðir, eða verja ökutækin og/eða gámana.

Ákvæði e-liðar gildir ekki um flutning á flugsvæði.

Ef þekktur birgir felur flutning birgða til flugvallarins öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins, skal þekkti birgirinn tryggja að farið séð að öllum flugverndarráðstöfunum sem tilgreindar eru í þessum lið.“

27) Í stað fylgiskjals 9-A komi eftirfarandi:

FYLGISKJAL 9-A

YFIRLÝSING UM SKULDBINDINGAR

ÞEKKTUR BIRGIR FLUGVALLARBIRGÐA

Í samræmi við reglugerð (EB) nr. 300/2008 um sameiginlegar reglur um flugvernd í almenningsflugi og framkvæmdargerðir hennar,

lýsi ég því yfir

— að [heiti fyrirtækis]

a) muni tilnefna einstakling ábyrgan fyrir flugvernd í fyrirtækinu,

b) muni sjá til þess að einstaklingar með aðgang að flugvallarbirgðum fái almenna þjálfun í flugverndarvitund, í samræmi við lið 11.2.7 í viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, áður en þeim er veittur aðgangur að birgðunum,

c) muni koma í veg fyrir óheimilan aðgang að húsnæði sínu og flugvallarbirgðum,

d) muni tryggja, með nokkurri vissu, að engir bannaðir hlutir séu faldir í flugvallarbirgðum og

e) muni nota innsigli, sem sýnir hvort átt hefur verið við ökutækin og/eða gámana, sem flytja flugvallarbirgðir, eða verja ökutækin og/eða gámana (þessi liður gildir ekki um flutning á flugsvæði).

[Heiti fyrirtækis] mun tryggja að farið séð að öllum framangreindum flugverndarráðstöfunum, þegar flutningur birgða er falinn öðru fyrirtæki, sem ekki er þekktur birgir rekstraraðila flugvallarins.

— að til að tryggja að farið sé að ákvæðum muni [heiti fyrirtækis] sýna fulla samvinnu við allar skoðanir, eftir því sem þörf krefur, og veita aðgang að öllum þeim gögnum sem skoðunarmenn biðja um,

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [rekstraraðila flugvallar] um öll alvarleg flugverndarbrot og allar grunsamlegar aðstæður, sem gætu skipt máli fyrir flugvallarbirgðir, einkum allar tilraunir til að fela bannaða hluti í birgðum,

— að [heiti fyrirtækis] muni sjá til þess að viðkomandi starfsfólk fái viðeigandi þjálfun, í samræmi við 11. kafla viðauka við reglugerð (ESB) nr. 185/2010, og geri sér grein fyrir þeirri ábyrgð sem það ber á flugvernd og

— að [heiti fyrirtækis] muni upplýsa [rekstraraðila flugvallar]:

a) ef það hættir starfsemi eða

b) ef það getur ekki lengur farið að kröfum viðeigandi löggjafar ESB.

Ég tek fulla ábyrgð á þessari yfirlýsingu.

Lagalegur fyrirsvarsmaður

Nafn:

Dagsetning:

Undirskrift: “.

28) Eftirfarandi liður 11.2.7 bætist við:

„11.2.7 **Almenn þjálfun einstaklinga sem þurfa að búa yfir flugverndarvitund**

Að lokinni almennri þjálfun í flugverndarvitund skal viðkomandi búa yfir eftirfarandi hæfni:

a) þekkingu á undangengnu ólögmætu athæfi í almenningsflugi, hryðjuverkastarfsemi og núverandi hættum,

b) þekkingu á viðeigandi lagaskilyrðum,

c) þekkingu á markmiðum flugverndar og skipulagningu hennar í vinnuumhverfi sínu, þ.m.t. skyldum og ábyrgð einstaklinga sem framkvæma flugverndareftirlit,

d) þekkingu á verklagsreglum við skýrslugjöf og

e) getu til að bregðast á réttan hátt við atvikum er tengjast flugvernd.

Allir einstaklingar, sem fá almenna þjálfun í flugverndarvitund, þurfa að sýna fram á skilning á öllum þeim sviðum, sem um getur í þessum lið, áður en þeir hefja störf.“

29) Í stað a-liðar í lið 11.4.2 komi eftirfarandi:

„a) að því er varðar hæfni sem fæst við grunnþjálfun, við sértæka þjálfun og þjálfun í flugverndarvitund, á a.m.k. fimm ára fresti eða, í tilvikum þegar hæfni hefur ekki verið nýtt í sex mánuði eða meira, áður en flugverndarstörf hefjast á ný og“.

30) Í stað liðar 12.7.2.2 komi eftirfarandi:

„12.7.2.2 Allur búnaður, sem notaður er við skimun vökva, úðaefna og gels, skal uppfylla staðal 1.

Staðall 1 fellur úr gildi 29. apríl 2016.“

REGLUGERÐ EVRÓPUÞINGSINS OG RÁÐSINS (EB) nr. 1102/2008 **2013/EES/16/55**

frá 22. október 2008

um bann við útflutningi á kvikasilfursmálmi og tilteknum kvikasilfurssamböndum og -blöndum og um örugga geymslu á kvikasilfursmálmi (*)

EVRÓPUÞINGIÐ OG RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HAFA,

með hliðsjón af stofnsáttmála Evrópubandalagsins, einkum 1. mgr. 175. gr., og 133. gr. að því er varðar 1. gr. þessarar reglugerðar,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnarinnar,

með hliðsjón af áliti efnahags- og félagsmálanefndar Evrópubandalaganna ([1]),

að höfðu samráði við svæðanefndina,

í samræmi við málsmeðferðina sem mælt er fyrir um í 251. gr. sáttmálans ([2]),

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Losun kvikasilfurs er viðurkennd sem hnattræn ógnun sem krefst aðgerða á stað- og svæðisbundnum vettvangi og einnig á lands- og heimsvísu.

2) Í samræmi við orðsendingu framkvæmdastjórnarinnar til ráðsins og Evrópuþingsins um áætlun Bandalagsins um kvikasilfur, ályktun ráðsins frá 24. júní 2005 og ályktun Evrópuþingsins frá 14. mars 2006 ([3]) um áðurnefnda áætlun er nauðsynlegt að draga úr áhættunni á því að menn og umhverfið verði fyrir váhrifum af völdum kvikasilfurs.

3) Líta skal á ráðstafanir, sem gerðar eru á vettvangi Bandalagsins, sem hluta af átaki á heimsvísu til að draga úr áhættu á váhrifum af völdum kvikasilfurs, einkum innan ramma kvikasilfursáætlunar Umhverfisstofnunar Sameinuðu þjóðanna.

4) Þegar kvikasilfursnámum í Bandalaginu er lokað hefur það í för með sér umhverfisleg og félagsleg vandamál. Áfram ber að styðja verkefni og annað framtak með þeim fjármögnunaraðferðum sem eru fyrir hendi til að gera hagkvæmar lausnir mögulegar á þeim svæðum sem verða fyrir áhrifum að því er varðar staðbundna starfsemi á sviði umhverfis-, atvinnu- og efnahagsmála.

5) Banna ber útflutning frá Bandalaginu á kvikasilfursmálmi, sinnóbergrýti, kvikasilfurs(I)klóríði, kvikasilfurs(II)oxíði og blöndum kvikasilfursmálms og annarra efna, þ.m.t. kvikasilfursblendi, þar sem styrkur kvikasilfurs er a.m.k. 95% miðað við þyngd, til að draga verulega úr framboði á kvikasilfri á heimsvísu.

6) Útflutningsbannið mun hafa í för með sér umtalsvert umframmagn af kvikasilfri í Bandalaginu sem ber að koma í veg fyrir að komist aftur á markað. Því skal tryggja örugga geymslu þessa kvikasilfurs innan Bandalagsins.

7) Til að gera kleift að geyma kvikasilfursmálm, sem telst vera úrgangur, á öruggan hátt er rétt að tilteknir urðunarstaðir séu undanþegnir a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([4]) og að lýsa því yfir að viðmiðanirnar, sem settar eru fram í þætti 2.4. í viðaukanum við ákvörðun ráðsins 2003/33/EB frá 19. desember 2002 um að ákveða viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs á urðunarstöðum skv. 16. gr. og II. viðauka við tilskipun 1999/31/EB ([5]), gildi ekki um endurheimtanlega og tímabundna geymslu á kvikasilfursmálmi í meira en eitt ár í aðstöðu ofanjarðar sem sérstaklega er ætluð til slíkrar geymslu og útbúin í þeim tilgangi.

8) Önnur ákvæði tilskipunar 1999/31/EB skulu gilda um alla geymsluaðstöðu fyrir kvikasilfursmálm sem telst vera úrgangur. Þar með talin er krafan, sem sett er fram í iv. lið a-liðar 8. gr. þeirrar tilskipunar, um að umsækjandi um leyfi skuli gera ráðstafanir í formi fullnægjandi tryggingar eða á annan jafngildan hátt sem tryggja að staðið verði við þær skyldur (þeirra á meðal skyldur sem varða eftirlit í kjölfar lokunar) sem fylgja leyfinu og að fylgt verði þeirri tilhögun við lokun sem krafist er. Ennfremur gildir tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/35/EB frá 21. apríl 2004 um umhverfisábyrgð í tengslum við varnir gegn umhverfistjóni og úrbætur vegna þess ([6]) um slíka geymsluaðstöðu.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 75. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 26/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB C 168, 20.7.2007, bls. 44.

([2]) Álit Evrópuþingsins frá 20. júní 2007 (Stjtíð. ESB C 146 E, 12.6.2008, bls. 209), sameiginleg afstaða ráðsins frá 20. desember 2007 (Stjtíð. ESB C 52 E, 26.2.2008, bls. 1) og afstaða Evrópuþingsins frá 21. maí 2008 (hefur enn ekki verið birt í Stjórnartíðindunum). Ákvörðun ráðsins frá 25. september 2008.

([3]) Stjtíð. ESB C 291 E, 30.11.2006, bls. 128.

([4]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

([5]) Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls. 27.

([6]) Stjtíð. ESB L 143, 30.4.2004, bls. 56.

9) Tilskipun ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([7]) skal gilda um tímabundna geymslu á kvikasilfursmálmi í meira en eitt ár í aðstöðu ofanjarðar sem sérstaklega er ætluð til slíkrar geymslu og útbúin í þeim tilgangi.

10) Þessi reglugerð gildir með fyrirvara um reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([8]). Engu að síður eru lögbær viðtöku- og sendingaryfirvöld hvött til að forðast að hreyfa andmælum við sendingum á kvikasilfursmálmi, sem telst vera úrgangur skv. a-lið 1. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar, til að gera viðeigandi förgun kvikasilfurs mögulega í Bandalaginu. Þess skal geta að skv. 3. mgr. 11. gr. þeirrar reglugerðar skal a-liður 1. mgr. 11. gr. hennar ekki gilda ef hættulegur úrgangur fellur til árlega í svo litlu magni í sendingaraðildarríki að uppsetning nýrra, sérhæfðra förgunarstöðva í viðkomandi ríki væri óhagkvæm.

11) Til að tryggja geymslu sem er örugg með tilliti til heilbrigðis manna og umhverfisins skal bæta sértækum kröfum við öryggismatið, sem krafist er fyrir geymslu neðanjarðar samkvæmt ákvörðun 2003/33/EB, og skal það einnig gilda um geymslu ofanjarðar. Engin endanleg förgunaraðgerð skal heimiluð fyrr en sérkröfurnar og samþykktarviðmiðanir hafa verið samþykktar. Geymsluskilyrði í saltnámu eða berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar og aðlöguð eru að förgun kvikasilfursmálms skulu einkum uppfylla meginreglur um verndun grunnvatns gegn kvikasilfri, hindrun losunar á kvikasilfursgufum, ógagndræpi gagnvart lofttegundum og vökvum í umhverfinu og — þegar um er að ræða varanlega geymslu — trygga hjúpun úrgangsins eftir formbreytingarferli námunnar. Þessar viðmiðanir skulu koma fram í viðaukunum við tilskipun 1999/31/EB þegar þeim er breytt með tilliti til þessarar reglugerðar.

12) Geymsluskilyrði ofanjarðar skulu einkum uppfylla meginreglurnar um afturkræfa geymslu, verndun kvikasilfurs gegn regnvatni, ógagndræpi gagnvart jarðvegi og hindrun losunar á kvikasilfursgufum. Þessar viðmiðanir skulu koma fram í viðaukunum við tilskipun 1999/31/EB þegar þeim er breytt með tilliti til þessarar reglugerðar. Geymsla kvikasilfursmálms ofanjarðar skal teljast tímabundin lausn.

13) Klóralkalíiðnaðurinn skal senda öll viðeigandi gögn er varða ónýtingu kvikasilfurhlaða í verum þeirra til framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkja til að auðvelda framkvæmd þessarar reglugerðar. Atvinnugreinar þar sem kvikasilfur fæst við hreinsun jarðgass eða sem aukaafurð af námi og bræðslu annarra málma en járns skulu einnig láta framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðildarríkja í té viðeigandi gögn. Framkvæmdastjórnin skal veita almenningi aðgang að þessum upplýsingum.

14) Aðildarríkin skulu leggja fram upplýsingar um leyfi, sem gefin eru fyrir geymsluaðstöðu, og um beitingu þessarar reglugerðar og áhrif hennar á markaðinn svo unnt sé að leggja mat á hana innan hæfilegs tíma. Innflytjendur, útflytjendur og rekstraraðilar skulu leggja fram upplýsingar um flutning og notkun kvikasilfursmálms, sinnóbergrýtis, kvikasilfurs(I)klóríðs, kvikasilfurs(II) oxíðs og blandna kvikasilfursmálms og annarra efna, þ.m.t. kvikasilfursblendi, þar sem styrkur kvikasilfurs er a.m.k. 95% miðað við þyngd.

15) Aðildarríkin skulu ákveða viðurlög sem gilda um brot á ákvæðum þessarar reglugerðar sem beita skal gagnvart einstaklingum og lögaðilum. Þessi viðurlög skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og letjandi.

16) Rétt þykir að skipuleggja upplýsingaskipti við viðkomandi hagsmunaaðila til að leggja mat á mögulega nauðsyn þess að gera viðbótarráðstafanir varðandi útflutning, innflutning og geymslu á kvikasilfri og varðandi kvikasilfurssambönd og vörur sem innihalda kvikasilfur, með fyrirvara um samkeppnisreglur sáttmálans, einkum 81. gr. hans.

17) Framkvæmdastjórnin og aðildarríkin skulu hvetja til þess að þróunarlöndum og löndum með umbreytingarhagkerfi sé veitt tækniaðstoð, einkum aðstoð sem greiðir fyrir því að skipt sé yfir í aðra tækni, sem er án kvikasilfurs, og því að notkun og losun kvikasilfurs og kvikasilfurssambanda verði hætt í áföngum.

18) Rannsóknir fara nú fram á öruggri förgun kvikasilfurs, þ.m.t. mismunandi tækni til stöðgunar kvikasilfurs eða aðrar leiðir til að binda kvikasilfur. Framkvæmdastjórnin skal gera það að forgangsverkefni að fylgja þessum rannsóknum eftir og leggja fram skýrslu eins fljótt og mögulegt er. Þessar upplýsingar eru mikilvægar þar sem þær munu veita traustan grundvöll fyrir endurskoðun þessarar reglugerðar í því skyni að ná fram markmiði hennar.

19) Framkvæmdastjórnin skal taka tillit til þessara upplýsinga þegar hún leggur fram matsskýrslu í þeim tilgangi að greina hvort nauðsynlegt sé að breyta þessari reglugerð.

([7]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.
([8]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

20) Framkvæmdastjórnin skal einnig fylgjast með þróun á alþjóðavettvangi að því er varðar framboð á og eftirspurn eftir kvikasilfri, einkum marghliða samningaviðræðum, og gefa skýrslu þar að lútandi með það að markmiði að meta hvort samkvæmni sé í heildarstefnunni.

21) Þær ráðstafanir sem nauðsynlegar eru til beitingar þessarar reglugerðar að því er varðar tímabundna geymslu kvikasilfursmálms í tiltekinni aðstöðu, sem tilgreind er í reglugerðinni, skulu samþykktar í samræmi við tilskipun 1999/31/EB, með tilliti til beinnar tengingar þessarar reglugerðar við þá tilskipun.

22) Þar eð aðildarríkin geta ekki fyllilega náð markmiði þessarar reglugerðar, þ.e. að draga úr váhrifum af völdum kvikasilfurs með útflutningsbanni og geymsluskyldu, og því verður betur náð á vettvangi Bandalagsins vegna áhrifa á vöruflutninga og starfsemi innri markaðarins og einnig vegna þess að kvikasilfursmengun nær yfir landamæri, er Bandalaginu heimilt að samþykkja ráðstafanir í samræmi við dreifræðisregluna eins og kveðið er á um í 5. gr. sáttmálans. Í samræmi við meðalhófsregluna, eins og hún er sett fram í þeirri grein, er ekki gengið lengra en nauðsyn krefur í þessari reglugerð til að ná þessu markmiði.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Útflutningur frá Bandalaginu á kvikasilfursmálmi (Hg, CAS-númer 7439-97-6), sinnóbergrýti, kvikasilfurs(I)klóríði (Hg_2Cl_2, CAS-númer 10112-91-1), kvikasilfurs(II)oxíði (HgO, CAS-númer 21908-53-2) og blöndum kvikasilfursmálms og annarra efna, þ.m.t. kvikasilfursblendi, þar sem styrkur kvikasilfurs er a.m.k. 95% miðað við þyngd, skal bannaður frá 15. mars 2011.

2. Bannið skal ekki gilda um útflutning á efnasamböndum, sem um getur í 1. mgr., til rannsókna og þróunar eða til lækninga eða greininga.

3. Blöndun kvikasilfursmálms við önnur efni í þeim eina tilgangi að flytja út kvikasilfursmálm skal bönnuð frá 15. mars 2011.

2. gr.

Frá 15. mars 2011 skal eftirfarandi teljast vera úrgangur og skal fargað í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2006/12/EB frá 5. apríl 2006 um úrgang ([9]) með aðferð sem er örugg fyrir heilbrigði manna og umhverfið:

a) kvikasilfursmálmur sem ekki er lengur notaður í klóralkalíiðnaðinum,

b) kvikasilfursmálmur sem fæst við hreinsun jarðgass,

c) kvikasilfursmálmur sem fæst við nám og bræðslu annarra málma en járns og d) kvikasilfursmálmur sem unninn er úr sinnóbergrýti í Bandalaginu frá og með 15. mars 2011.

3. gr.

1. Þrátt fyrir a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB má geyma kvikasilfursmálm, sem telst vera úrgangur, við viðeigandi aðstæður:

a) tímabundið í meira en eitt ár eða varanlega (förgunaraðgerð D 15 eða D 12, eftir því sem við á, eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB) í saltnámum sem aðlagaðar eru til förgunar kvikasilfursmálms eða í berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar þar sem öryggi og innilokun jafngildir því sem finna má í saltnámunum, eða

b) tímabundið (förgunaraðgerð D 15, eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB) í meira en eitt ár í aðstöðu ofanjarðar sem ætluð er til tímabundinnar geymslu á kvikasilfursmálmi og er útbúin í þeim tilgangi. Í því tilviki gilda viðmiðanirnar, sem settar eru fram í þætti 2.4 í viðaukanum við ákvörðun 2003/33/EB, ekki.

Önnur ákvæði tilskipunar 1999/31/EB og ákvörðunar 2003/33/EB skulu gilda um a- og b-lið.

2. Tilskipun 96/82/EB skal gilda um geymslur sem um getur í b-lið 1. mgr. þessarar greinar.

4. gr.

1. Í öryggismatinu, sem gera skal í samræmi við ákvörðun 2003/33/EB í tengslum við förgun kvikasilfursmálms skv. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal tryggja að tillit sé tekið til þeirrar tilteknu áhættu sem stafar af eðli og langtíma eiginleikum kvikasilfursmálms og geymslu hans.

2. Leyfið, sem um getur í 8. og 9. gr. tilskipunar 1999/31/EB, fyrir aðstöðu sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar, skal fela í sér kröfur um að fram fari regluleg, sjónræn skoðun á ílátum og uppsetning viðeigandi gufugreiningarbúnaðar til að finna allan leka.

([9]) Stjtíð. ESB L 114, 27.4.2006, bls. 9.

3. Kröfurnar varðandi aðstöðu sem um getur í a- og b-lið 1. mgr. 3. gr. þessarar reglugerðar og samþykktarviðmiðanir varðandi kvikasilfursmálm sem breyta I., II. og III. viðauka við tilskipun 1999/31/EB skulu samþykktar í samræmi við málsmeðferðina sem um getur í 16. gr. þeirrar tilskipunar. Framkvæmdastjórnin skal leggja fram viðeigandi tillögu eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 1. janúar 2010 með hliðsjón af niðurstöðu upplýsingaskipta skv. 1. mgr. 8. gr. og skýrslunni um rannsóknir á öruggum förgunarkostum skv. 2. mgr. 8. gr.

Hvers kyns endanleg förgunaraðgerð (förgunaraðgerð D 12 eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB) varðandi kvikasilfursmálm skal aðeins heimiluð eftir þann dag sem breytingin á I., II. og III. viðauka við tilskipun 1999/31/EB var samþykkt.

5. gr.

1. Aðildarríki skulu afhenda framkvæmdastjórninni afrit af öllum leyfum, sem veitt eru fyrir aðstöðu sem ætluð er til tímabundinnar eða varanlegrar geymslu á kvikasilfursmálmi (förgunaraðgerð D 15 eða D 12, eftir því sem við á, eins og skilgreint er í II. viðauka A við tilskipun 2006/12/EB), ásamt viðkomandi öryggismati skv. 1. mgr. 4. gr. þessarar reglugerðar.

2. Aðildarríki skulu gera framkvæmdastjórninni grein fyrir beitingu þessarar reglugerðar og áhrifum hennar á markaðinn á yfirráðasvæði þeirra, eigi síðar en 1. júlí 2012. Aðildarríki skulu leggja fram slíkar upplýsingar fyrir þann dag, ef framkvæmdastjórnin fer fram á það.

3. Innflytjendur, útflytjendur og rekstraraðilar sem stunda þá starfsemi sem um getur í 2. gr., eins og við á, skulu senda framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum eftirfarandi upplýsingar, eigi síðar en 1. júlí 2012:

a) umfang, verð, upprunaland og ákvörðunarland og fyrirhugaða notkun kvikasilfursmálms sem fluttur er til Bandalagsins,

b) umfang, upprunaland og ákvörðunarland kvikasilfursmálms sem telst vera úrgangur og sem verslað er með yfir landamæri innan Bandalagsins.

6. gr.

1. Viðkomandi fyrirtæki í klóralkalíiðnaðinum skulu senda eftirfarandi gögn, er varða ónýtingu kvikasilfurs á tilteknu ári, til framkvæmdastjórnarinnar og lögbærra yfirvalda viðkomandi aðildarríkja:

a) besta mat á heildarmagni kvikasilfurs sem enn er í notkun í klóralkalíhlöðum,

b) heildarmagn kvikasilfurs sem geymt er í starfsstöðinni,

c) magn kvikasilfurs, sem er sent sem úrgangur til tímabundinnar eða varanlegrar geymslu í geymsluaðstöðu, staðsetningu og samskiptaupplýsingar slíkrar geymsluaðstöðu.

2. Viðkomandi fyrirtæki í þeim atvinnugreinum þar sem kvikasilfur fæst við hreinsun jarðgass eða sem aukaafurð af námi og bræðslu annarra málma en járns skulu senda framkvæmdastjórninni og lögbærum yfirvöldum viðkomandi aðildarríkja eftirfarandi gögn um kvikasilfur sem fæst á tilteknu ári:

a) magn kvikasilfurs sem fæst,

b) magn kvikasilfurs sem er sent til tímabundinnar eða varanlegrar geymslu í geymsluaðstöðu og staðsetningu og samskiptaupplýsingar slíkrar geymsluaðstöðu.

3. Viðkomandi fyrirtæki skulu senda gögnin sem um getur í 1. og 2. mgr., eftir því sem við á, í fyrsta sinn eigi síðar en 4. desember 2009 og síðan á hverju ári eigi síðar en 31. maí.

4. Framkvæmdastjórnin skal gera upplýsingarnar í 3. mgr. aðgengilegar öllum í samræmi við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1367/2006 frá 6. september 2006 um beitingu ákvæða Árósasamningsins um aðgang að upplýsingum, þátttöku almennings í ákvarðanatöku og aðgang að réttlátri málsmeðferð í umhverfismálum hjá stofnunum og aðilum Bandalagsins ([10]).

7. gr.

Aðildarríkin skulu setja reglur um viðurlög við brotum gegn ákvæðum þessarar reglugerðar og gera allar nauðsynlegar ráðstafanir til að tryggja að þeim sé beitt. Viðurlögin skulu vera skilvirk, í réttu hlutfalli við brotið og hafa letjandi áhrif. Aðildarríkin skulu tilkynna framkvæmdastjórninni um þessi ákvæði, eigi síðar en 4. desember 2009, og skulu tilkynna henni án tafar um síðari breytingar sem hafa áhrif á þau.

8. gr.

1. Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja upplýsingaskipti milli aðildarríkjanna og viðkomandi hagsmunaaðila eigi síðar en 1. janúar 2010. Við þessi upplýsingaskipti skal einkum kanna þörfina á eftirfarandi:

a) rýmkun útflutningsbannsins þannig að það gildi einnig um önnur kvikasilfurssambönd, blöndur með minna kvikasilfursinnihald og vörur sem innihalda kvikasilfur, einkum hitamæla, loftvogir og blóðþrýstingsmæla,

([10]) Stjtíð. ESB L 264, 25.9.2006, bls. 13.

b) banni við innflutningi á kvikasilfursmálmi, kvikasilfurssamböndum og vörum sem innihalda kvikasilfur,

c) rýmkun geymsluskyldunnar þannig að hún gildi einnig um kvikasilfursmálm af öðrum uppruna,

d) tímamörkum varðandi tímabundna geymslu kvikasilfursmálms.

Við þessi upplýsingaskipti skal einnig taka til athugunar rannsóknir á öruggum förgunarkostum.

Framkvæmdastjórnin skal skipuleggja frekari upplýsingaskipti þegar nýjar upplýsingar sem skipta máli liggja fyrir.

2. Framkvæmdastjórnin skal endurskoða reglulega yfirstandandi rannsóknastarfsemi varðandi örugga förgunarkosti, þ.m.t. storknun kvikasilfursmálms. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið eigi síðar en 1. janúar 2010. Framkvæmdastjórnin skal, ef við á, leggja fram tillögu að endurskoðun þessarar reglugerðar eins fljótt og unnt er og eigi síðar en 15. mars 2013, á grundvelli þessarar skýrslu.

3. Framkvæmdastjórnin skal leggja mat á beitingu þessarar reglugerðar og áhrif hennar á markaðinn í Bandalaginu með hliðsjón af upplýsingunum sem um getur í 1. og 2. mgr. og í 5. og 6. gr.

4. Framkvæmdastjórnin skal, eins fljótt og unnt er en eigi síðar en 15. mars 2013, leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, ásamt tillögu um endurskoðun þessarar reglugerðar ef við á, þar sem fjallað er um og mat lagt á niðurstöðu upplýsingaskiptanna sem um getur í 1. mgr. og matsins sem um getur í 3. mgr. og skýrslunnar sem um getur í 2. mgr.

5. Framkvæmdastjórnin skal leggja skýrslu fyrir Evrópuþingið og ráðið, eigi síðar en 1. júlí 2010, um framvindu marghliða starfsemi og samningaviðræðna varðandi kvikasilfur þar sem einkum er lagt mat á það hvort tímasetningar og gildissvið ráðstafananna, sem tilteknar eru í þessari reglugerð, samræmast þróun á alþjóðavettvangi.

9. gr.

Aðildarríki mega viðhalda landsbundnum ráðstöfunum fram til 15. mars 2011, þar sem takmarkaður er útflutningur á kvikasilfursmálmi, sinnóbergrýti, kvikasilfurs(I)klóríði, kvikasilfurs(II)oxíði og blöndum kvikasilfursmálms og annarra efna, þ.m.t. kvikasilfursblendi, þar sem styrkur kvikasilfurs er a.m.k. 95% miðað við þyngd, sem samþykktar voru í samræmi við löggjöf Bandalagsins fyrir 22. október 2008.

10. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Strassborg 22. október 2008.

Fyrir hönd Evrópuþingsins,

H.-G. PÖTTERING

forseti.

Fyrir hönd ráðsins,

J.-P. JOUYET

forseti.

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 135/2012 2013/EES/16/56

frá 16. febrúar 2012

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 um tilflutning úrgangs í því skyni að bæta tilteknum, óflokkuðum úrgangi við í III. viðauka B við hana (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1013/2006 frá 14. júní 2006 um tilflutning úrgangs ([1]), einkum b-lið 1. mgr. 58. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Írland, Lúxemborg, Holland, Austurríki og Finnland hafa lagt fram beiðni til framkvæmdastjórnarinnar um að taka til athugunar að bæta tilteknum, óflokkuðum úrgangi við í III. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

2) Framkvæmdastjórninni hafa borist athugasemdir frá Búlgaríu, Tékklandi, Þýskalandi, Frakklandi, Ungverjalandi, Hollandi, Austurríki, Póllandi, Finnlandi og Svíþjóð varðandi ásættanleika beiðna, sem hafa verið lagðar fram, um að úrgangur verði tilgreindur í grænu skránni og honum bætt við III. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1013/2006.

3) Með tilliti til þessara athugasemda ráðlagði framkvæmdastjórnin Írlandi, Hollandi og Finnlandi að leggja fyrir skrifstofu Basel-samningsins frá 22. mars 1989 um eftirlit með flutningi spilliefna milli landa og förgun þeirra ([2]) („Basel-samningurinn“) umsóknir um nýjar færslur í IX. viðauka við Basel-samninginn, í samræmi við málsmeðferðina sem kveðið er á um í COP8-ákvörðun VIII/15 í Basel-samningnum, að því er varðar endurskoðanir á málsmeðferðinni fyrir endurskoðun eða breytingar á skránum yfir úrgang í VIII. og IX. viðauka við Basel-samninginn.

4) Finnland, Holland og Írland lögðu fram umsóknir um nýjar færslur í IX. viðauka við Basel-samninginn fyrir skrifstofu Basel-samningsins 14. janúar 2011, 25. janúar 2011 og 1. febrúar 2011, í þeirri röð. Til bráðabirgða er hægt er að bæta óflokkuðum færslum við III. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1013/2006, þar til ákvörðun hefur verið tekin um hvort þær skuli hafðar með í viðeigandi viðaukum við Basel-samninginn eða við ákvörðun ráðs Efnahags- og framfarastofnunarinnar C(2001)107/lokagerð um endurskoðun ákvörðunar C(92)39/lokagerð um eftirlit með flutningi úrgangs sem ætlaður er til endurnýtingar (ákvörðun Efnahags- og framfarastofnunarinnar).

5) Því ber að breyta reglugerð (EB) nr. 1013/2006 til samræmis við það.

6) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót skv. 39. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB([3]).

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Í stað III. viðauka B við reglugerð (EB) nr. 1013/2006 komi textinn sem er settur fram í viðaukanum við þessa reglugerð.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 46, 17.2.2012, bls. 30. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 27/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 190, 12.7.2006, bls. 1.

([2]) Stjtíð. EB L 39, 16.2.1993, bls. 3.

([3]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. febrúar 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

forseti.

José Manuel BARROSO

VIÐAUKI

„III. VIÐAUKI B

ÚRGANGUR SEM KEMUR TIL VIÐBÓTAR ÞEIM ÚRGANGI SEM TILGREINDUR ER Í GRÆNU SKRÁNNI OG BÍÐUR ÞESS AÐ VERA FÆRÐUR Á SKRÁ Í VIÐEIGANDI VIÐAUKUM VIÐ BASEL-SAMNINGINN EÐA ÁKVÖRÐUN EFNAHAGS- OG FRAMFARASTOFNUNARINNAR SEM UM GETUR Í b-LIÐ 1. MGR. 58. GR.

1. Hvort sem þessi úrgangur er tilgreindur í þessari skrá eða ekki má hann ekki falla undir almennu kröfurnar um upplýsingar, sem mælt er fyrir um í 18. gr., ef hann er mengaður öðrum efnum í slíkum mæli að þau:

   a) auki áhættu vegna úrgangsins svo mikið að hann falli undir málsmeðferð um skriflega fyrirframtilkynningu og fyrirframsamþykki, með tilliti til hættulegu eiginleikanna sem tilgreindir eru í III. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EBE([4]) eða

   b) komi í veg fyrir vistvæna endurnýtingu úrgangsins.

2. Eftirfarandi úrgangur fellur undir þennan viðauka:

   BEU01 Úrgangur úr sjálflímandi merkimiðum, sem innihalda hráefni sem notuð eru við framleiðslu á efni í merkimiða, sem fellur ekki undir færslu B3020 í Basel-samningnum.

   BEU02 Óaðskiljanlegir plasthlutar úr formeðhöndlun notaðra vökvaumbúða

   BEU03 Óaðskiljanlegir plast- og álhlutar úr formeðhöndlun notaðra vökvaumbúða

   BEU04 Samsettar umbúðir sem samanstanda aðallega af pappír og einhverju plasti en innihalda ekki leifar og falla ekki undir færslu B3020 í Basel-samningnum.

   BEU05 Hreinn, lífbrjótanlegur úrgangur úr landbúnaði, garðyrkju, skógrækt, görðum, almenningsgörðum og kirkjugörðum

3. Þeir tilflutningar úrgangs sem skráðir eru í þessum viðauka eru með fyrirvara um ákvæði tilskipunar ráðsins 2000/29/EB([5]), þ.m.t. ráðstafanir sem samþykktar eru skv. 3. mgr. 16. gr. hennar.

([4]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.
([5]) Stjtíð. EB L 169, 10.7.2000, bls. 1.“

TILSKIPUN RÁÐSINS 2011/97/ESB **2013/EES/16/57**

frá 5. desember 2011

um breytingu á tilskipun 1999/31/EB að því er varðar sértækar viðmiðanir vegna geymslu á kvikasilfursmálmi sem telst vera úrgangur (*)

RÁÐ EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1102/2008 frá 22. október 2008 um bann við útflutningi á kvikasilfursmálmi og tilteknum kvikasilfurssamböndum og -blöndum og um örugga geymslu á kvikasilfursmálmi ([1]), einkum 3. mgr. 4. gr., og tilskipun ráðsins 1999/31/EB frá 26. apríl 1999 um urðun úrgangs ([2]), einkum 16. gr.,

með hliðsjón af tillögu framkvæmdastjórnar Evrópusambandsins,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Í reglugerð (EB) nr. 1102/2008 er mælt fyrir um að þrátt fyrir a-lið 3. mgr. 5. gr. tilskipunar 1999/31/EB megi geyma kvikasilfursmálm, sem telst vera úrgangur, tímabundið í meira en eitt ár ef það er við viðeigandi aðstæður eða geyma hann varanlega á tilteknum tegundum urðunarstaða.

2) Geymsla kvikasilfursmálms, sem telst vera úrgangur, heyrir nú þegar undir löggjöf Sambandsins um úrgangsstjórnun.

3) Geymsla kvikasilfursmálms, sem telst vera úrgangur, í allt að eitt ár er háð kröfum um leyfisveitingu í samræmi við 23. gr. tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/98/EB frá 19. nóvember 2008 um úrgang ([3]).

4) Tilskipun 1999/31/EB og ákvörðun ráðsins 2003/33/EB frá 19. desember 2002 um að ákveða viðmiðanir og aðferðir við móttöku úrgangs á urðunarstöðum skv. 16. gr. og II. viðauka við tilskipun 1999/31/EB ([4]) gilda um hverja þá aðstöðu sem er ætluð til að geyma kvikasilfursmálm í meira en eitt ár skv. 1. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1102/2008.

5) Af þessu leiðir einkum að hver sú aðstaða, sem er ætluð til að geyma kvikasilfursmálm í meira en eitt ár, þarf að fá leyfi skv. 7., 8. og 9. gr. tilskipunar 1999/31/EB og að slík aðstaða er háð þeim kröfum um eftirlit og vöktun, sem mælt er fyrir um í 12. gr. þeirrar tilskipunar, ásamt kröfum um öryggismat samkvæmt viðbæti A við ákvörðun 2003/33/EB ef um er að ræða geymslu neðanjarðar.

6) Að auki er slík aðstaða háð almennum ákvæðum um skráahald eins og mælt er fyrir um í tilskipun 2008/98/EB.

7) Að auki gilda ákvæði tilskipunar ráðsins 96/82/EB frá 9. desember 1996 um varnir gegn hættu á stórslysum af völdum hættulegra efna ([5]) um aðstöðu sem er ætluð til tímabundinnar geymslu ofanjarðar skv. 2. mgr. 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 1102/2008.

8) Kvikasilfursmálmur hefur þó tiltekna eiginleika sem þessi ákvæði ná ekki fyllilega yfir og því er þörf á viðbótarkröfum.

9) Þessar viðbótarkröfur skulu gerðar með hliðsjón af rannsóknastarfsemi varðandi örugga förgunarkosti, þ.m.t. storknun kvikasilfursmálms. Framfarir hafa orðið í þróun umhverfisvænna storknunaraðferða en of snemmt er að taka afstöðu til þess hversu framkvæmanlegar þær eru í stórum stíl.

10) Þörf er á viðbótarmati á því hvernig kvikasilfursmálmur hegðar sér til langs tíma litið við geymslu neðanjarðar svo hægt sé að ákvarða skynsamlegar og þekkingarmiðaðar kröfur að því er varðar varanlega geymslu. Kröfurnar sem mælt er fyrir um í þessari tilskipun skulu því

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 328, 10.12.2011, bls. 49. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 28/2013 frá 1. febrúar 2013 um breytingu á XX. viðauka (Umhverfismál) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins*, bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 304, 14.11.2008, bls. 75.

([2]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999 bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 312, 22.11.2008, bls. 3.

([4]) Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls. 27.

([5]) Stjtíð. EB L 10, 14.1.1997, bls. 13.

einskorðast við tímabundna geymslu og teljast viðeigandi og dæmigerðar fyrir bestu tiltæku aðferðir við örugga geymslu kvikasilfursmálms í allt að fimm ár.

11) Því ber að breyta tilskipun 1999/31/EB til samræmis við það.

12) Nefndin, sem um getur í 16. gr. tilskipunar 1999/31/EB, skilaði ekki inn neinu áliti. Því er rétt af ráðinu að samþykkja þessa tilskipun.

SAMÞYKKT TILSKIPUN ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við tilskipun 1999/31/EB er hér með breytt eins og fram kemur í viðaukanum við þessa tilskipun.

2. gr.

1. Aðildarríkin skulu samþykkja nauðsynleg lög og stjórnsýslufyrirmæli til að fara að tilskipun þessari eigi síðar en 15. mars 2013. Þau skulu þegar í stað senda framkvæmdastjórninni texta þessara ákvæða.

Þegar aðildarríkin samþykkja þessi ákvæði skal vera í þeim tilvísun í þessa tilskipun eða þeim fylgja slík tilvísun þegar þau eru birt opinberlega. Aðildarríkin skulu setja nánari reglur um slíka tilvísun.

2. Aðildarríkin skulu senda framkvæmdastjórninni helstu ákvæði úr landslögum sem þau samþykkja um málefni sem tilskipun þessi nær til.

3. gr.

Tilskipun þessi öðlast gildi á þriðja degi eftir að hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.*

4. gr.

Tilskipun þessari er beint til aðildarríkjanna.

Gjört í Brussel 5. desember 2011.

Fyrir hönd ráðsins,

forseti.

W. PAWLAK

VIÐAUKI

Ákvæðum I., II. og III. viðauka við tilskipun 1999/31/EB er breytt sem hér segir:

1) Eftirfarandi liður bætist við I. viðauka:

„8. Tímabundin geymsla kvikasilfursmálms

Eftirfarandi kröfur skulu gilda að því er varðar tímabundna geymslu kvikasilfursmálms í meira en eitt ár:

– Kvikasilfursmálmur skal geymdur aðskilinn frá öðrum úrgangi.

– Ílát skulu geymd í söfnunarkerjum sem eru húðuð með tilskildum hætti þannig að þau séu laus við sprungur og glufur og ógegndræp fyrir kvikasilfursmálm og nógu stór fyrir það magn kvikasilfurs sem geymt er.

– Geymslusvæðið skal hafa tilbúna eða náttúrulega tálma, sem duga til að vernda umhverfið fyrir losun kvikasilfurs, og vera nógu stórt fyrir það magn kvikasilfurs sem geymt er.

– Gólfin á geymslusvæðinu skulu þakin með kvikasilfursþolnum þéttiefnum. Halli með safnþró skal vera til staðar.

– Á geymslusvæðinu skal vera brunavarnarkerfi.

– Geymslu skal hagað þannig að tryggt sé að auðveldlega megi endurheimta öll ílát.“

2) Eftirfarandi liður bætist við II. viðauka:

„6. Sértækar kröfur varðandi kvikasilfursmálm

Eftirfarandi kröfur skulu gilda að því er varðar tímabundna geymslu kvikasilfursmálms í meira en eitt ár:

A. Samsetning kvikasilfursins

Kvikasilfursmálmur skal vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

– kvikasilfursinnihald skal vera meira en 99,9% miðað við þyngd,

– ekki mega vera í honum nein óhreinindi sem geta tært kolstál eða ryðfrítt stál (t.d. saltpéturssýrulausn, klóríðsaltslausnir).

B. Geymsla

Ílát sem eru notuð til að geyma kvikasilfursmálm skulu vera tæringar- og höggþolin. Þar af leiðandi skal forðast að beita málmsuðu. Ílátin skulu einkum vera í samræmi við eftirfarandi forskriftir:

– Efni íláta: kolstál (að lágmarki ASTM A36) eða ryðfrítt stál (AISI 304, 316L),

– ílát skulu vera gas- og vökvaþétt,

– ytri hlið ílátsins skal vera þolin gagnvart geymsluskilyrðunum,

– hönnunargerð ílátsins skal standast fallprófun og lekaþéttniprófun eins og lýst er í köflum 6.1.5.3. og 6.1.5.4. í tilmælum Sameinuðu þjóðanna um flutning á hættulegum farmi, Handbók um prófanir og viðmiðanir.

Mesta fyllingarhlutfall ílátsins skal vera 80% miðað við rúmmál til að tryggt sé að nægilegt tómarúm sé í því og að þensla vökvans við hátt hitastig leiði hvorki til þess að ílátið fari að leka né aflagist varanlega.

C. Verklagsreglur um móttöku

Einungis ílát sem hafa vottorð um að þau uppfylli þær kröfur sem eru settar fram í þessum þætti skulu hljóta samþykki.

Verklagsreglur um móttöku skulu samrýmast eftirfarandi:

– einungis skal samþykkja kvikasilfursmálm sem uppfyllir þær lágmarkssamþykktarviðmiðanir sem greint er frá hér að framan,

– ílát skulu tekin til sjónrænnar skoðunar áður en þau eru látin í geymslu. Ekki skal samþykkja ílát sem eru sködduð, lek eða tærð.

– á ílátum skal vera varanlegur stimpill (gerður með götun) þar sem fram kemur kenninúmer ílátsins, smíðaefni þess, þyngd þess þegar það er tómt, tilvísun til framleiðandans og smíðadagsetning.

– á hverju íláti skal vera plata, sem er varanlega fest við viðkomandi ílát, þar sem fram kemur kenninúmer vottorðs þess.

D. Vottorð

Eftirfarandi upplýsingar skulu koma fram á vottorðinu sem kveðið er á um í undirþætti C:

– heiti og heimilisfang framleiðanda úrgangsins,

– heiti og heimilisfang þess sem ber ábyrgð á áfyllingunni,

– áfyllingarstaður og -dagur,

– magn kvikasilfursins,

– hreinleiki kvikasilfursins og lýsing á óhreinindunum, ef við á, ásamt skýrslu um greiningu,

– staðfesting á að ílátin hafi eingöngu verið notuð til að flytja/geyma kvikasilfur,

– kenninúmer ílátanna,

– hugsanlegar sérstakar athugasemdir.

Vottorð skulu gefin út af framleiðanda úrgangsins eða, sé það ekki hægt, af þeim sem ber ábyrgð á meðhöndlun hans.“

3) Eftirfarandi liður bætist við III. viðauka:

„6. Sértækar kröfur varðandi kvikasilfursmálm

Eftirfarandi kröfur skulu gilda að því er varðar tímabundna geymslu kvikasilfursmálms í meira en eitt ár:

A. Kröfur um vöktun, eftirlit og neyðaraðgerðir

Setja skal upp kerfi fyrir samfellda vöktun kvikasilfursgufu, sem er nógu næmt til að greina a.m.k. 0,02 mg af kvikasilfri/m^3, á geymslusvæðinu. Nemum skal komið fyrir við jörðu og í höfuðhæð. Kerfið skal gefa frá sér sjónræna og hljóðræna viðvörun. Viðhaldi á kerfinu skal sinnt árlega.

Viðurkenndur aðili skal taka geymslusvæðið og ílátin til sjónrænnar skoðunar a.m.k. einu sinni í mánuði. Ef vart verður við leka skal rekstraraðili tafarlaust grípa til allra nauðsynlegra aðgerða til að koma í veg fyrir alla losun kvikasilfurs út í umhverfið og gera geymslu kvikasilfursins örugga á nýjan leik. Allur leki telst hafa veruleg skaðleg umhverfisáhrif eins og um getur í b-lið 12. gr.

Neyðaráætlanir og fullnægjandi hlífðarbúnaður til að meðhöndla kvikasilfursmálm skulu vera til taks á staðnum.

B. Skráahald

Öll skjöl sem innihalda þær upplýsingar sem um getur í 6. þætti II. viðauka og í A-lið þessa þáttar, þ.m.t. vottorðið sem fylgir ílátinu, auk skráa sem varða birgðaminnkun og afgreiðslu kvikasilfursmálmsins eftir tímabundna geymslu hans, sem og ákvörðunarstað hans og fyrirhugaða meðferð, skulu varðveitt í a.m.k. 3 ár eftir að geymslu er hætt.“

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 756/2010 **2013/EES/16/58**

frá 24. ágúst 2010

um breytingu á IV. og V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([1]), einkum 7. gr. (a-liður 4. mgr.), 7. gr. (5. mgr.) og 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er í löggjöf Sambandsins staðið við skuldbindingarnar sem settar eru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“), sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins ([2]) og í bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni (hér á eftir nefnd „bókunin“) sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa ([3]).

2) Í kjölfar tillagna um efni frá Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess, auk Noregs og Mexíkó, lauk nefnd um endurskoðun þrávirkra, lífrænna mengunarefna, sem var komið á fót með Stokkhólmssamningnum, vinnu sinni vegna þeirra níu efna sem lögð voru til og reyndust uppfylla viðmiðanir Stokkhólmssamningsins. Á fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna 4. til 8. maí 2009 var samþykkt að bæta öllum níu efnunum í viðaukana við Stokkhólmssamninginn.

3) Því skal breyta IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 til að taka tillit til nýju efnanna sem var bætt við á fjórðu ráðstefnunni.

4) Á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá klórdekón, hexabrómbífenýl og hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan, í viðauka A (eyðing) við samninginn. Þessi efni eru tilgreind í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 þar sem þau voru skráð í bókuninni.

5) Á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá pentaklórbensen í viðauka A (eyðing) við samninginn. Því skal pentaklórbensen skráð í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 og þar skal gefa upp samsvarandi hámarksstyrkleikamörk sem sett eru með aðferðinni sem er beitt til að setja viðmiðunarmörk fyrir þrávirk, lífræn mengunarefni í reglugerð ráðsins (EB) nr. 1195/2006 frá 18. júlí 2006 um breytingu á IV. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ([4]) og í reglugerð ráðsins (EB) nr. 172/2007 frá 16. febrúar 2007 um breytingu á V. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni ([5]). Þessi bráðabirgðahámarksstyrkleikamörk skal endurskoða í ljósi niðurstaðna rannsóknar á framkvæmd ákvæða um úrgang í reglugerð (EB) nr. 850/2004 sem verður gerð fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar.

6) Á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar í viðauka B (takmörkun) við samninginn, með nokkrum undanþágum fyrir tiltekna notkun. Sem stendur er heimilt að nota perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar í tilteknum tilgangi. Vegna endingartíma hluta sem innihalda

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 20. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 211/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([2]) Stjtíð. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35.

([4]) Stjtíð. ESB L 217, 8.8.2006, bls. 1.

([5]) Stjtíð. ESB L 55, 23.2.2007, bls. 1.

perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar munu þeir áfram koma fyrir í straumi úrgangs í nokkur ár, þó magnið fari minnkandi. Það kann að vera erfiðleikum bundið að greina tiltekin efni sem innihalda perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar í tilteknu streymi úrgangs. Sem stendur liggja ekki fyrir fullnægjandi gögn um magn og styrk perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar í hlutum og úrgangi. Rýmkun skuldbindingarinnar í reglugerð (EB) nr. 850/2004 um að eyða innihaldi þrávirkra, lífrænna mengunarefna eða umbreyta þeim á óafturkræfan hátt þannig að hún gildi einnig um úrgang, þar sem innihald perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar er meira en styrkleikamörkin í IV. viðauka segja fyrir um, gæti haft áhrif á núverandi endurvinnsluáætlanir og þar með skaðað önnur forgangsverkefni í umhverfismálum sem snúast um að tryggja sjálfbæra nýtingu auðlinda. Því er perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar skráðar í IV. og V. viðauka án þess að styrkleikamörk séu tilgreind.

7) Á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá tetrabrómdífenýleter, pentabrómdífenýleter, hexabrómdífenýleter og heptabrómdífenýleter, hér á eftir nefndir „fjölbrómaðir dífenýleterar“ í viðauka A (eyðing) við samninginn. Setning pentabrómdífenýleters og oktabrómdífenýleters á markað og notkun þeirra hefur verið takmörkuð í Sambandinu með XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 frá 18. desember 2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir, að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)), um stofnun Efnastofnunar Evrópu ([1]), þar sem hámarksstyrkleikamörk eru takmörkuð við 0,1% miðað við þyngd. Pentabrómdífenýleter, hexabrómdífenýleter, heptabrómdífenýleter og tetrabrómdífenýleter eru sem stendur ekki settir á markað í Sambandinu þar sem um þá gilda takmarkanir reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EB) nr. 552/2009 frá 22. júní 2009 um breytingu á XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ([2]) og tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB frá 27. janúar 2003 um takmarkanir á notkun tiltekinna, hættulegra efna í rafbúnaði og rafeindabúnaði ([3]). Vegna endingartíma vara, sem innihalda þessa fjölbrómuðu dífenýletera, munu úr sér gengnar vörur sem innihalda þessi efni áfram koma fyrir í straumi úrgangs í nokkur ár. Vegna vandkvæða við framkvæmd greiningar á efnum sem innihalda fjölbrómaða dífenýletera í blönduðum hluta úrgangs og núverandi skorts á ítarlegum vísindagögnum um magn og styrk fjölbrómaðra dífenýletera í hlutum og úrgangi gæti rýmkun skuldbindingarinnar um að eyða innihaldi þrávirkra, lífrænna mengunarefna eða umbreyta þeim á óafturkræfan hátt þannig að hún gildi einnig um úrgang, þar sem innihald þessara nýju efna er meira en styrkleikamörkin í IV. viðauka segja til um, stofnað núverandi endurvinnsluáætlunum í hættu og þar með hindrað sjálfbæra nýtingu auðlinda. Þessi vandi var viðurkenndur á fjórðu ráðstefnunni og sérstakar undanþágur voru samþykktar um áframhaldandi endurvinnslu úrgangs sem inniheldur skráða, fjölbrómaða dífen ýletera, jafnvel þótt það gæti leitt til endurvinnslu þrávirkra, lífrænna mengunarefna. Því skulu þessar undanþágur koma fram í reglugerð (EB) nr. 850/2004.

8) Í Evrópusambandinu er þörf á samræmdum hámarksstyrkleikamörkum til að forðast röskun á innri markaðnum. Bráðabirgðahámarksstyrkleikamörk hafa verið sett fyrir pentaklórbensen í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 á grundvelli þeirra gagna sem liggja fyrir og með því að beita varúðarreglunni.

9) Þar sem skortur er á ítarlegum vísindalegum upplýsingum um magn og styrk í hlutum og úrgangi og engin sviðsmynd af váhrifum liggur fyrir er sem stendur ekki hægt að setja hámarksstyrkleikamörk fyrir perflúoroktansúlfónsýru, afleiður hennar og fjölbrómaða dífenýletera í IV. og V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Með fyrirvara um frekari upplýsingar og endurskoðun framkvæmdastjórnarinnar verða lögð til hámarksstyrkleikamörk fyrir þrávirku, lífrænu mengunarefnin níu, með hliðsjón af markmiðum reglugerðarinnar um þrávirk, lífræn mengunarefni.

10) Í samræmi við 22. gr. samningsins skulu breytingarnar á viðauka A, B og C við hann öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem vörsluaðili tilkynnir um breytingu, þ.e. 26. ágúst 2010. Til að gæta samræmis skal þessi reglugerð því gilda frá sama degi.

11) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun ráðsins 75/442/EBE ([4]). Þessi reglugerð skal öðlast gildi sem fyrst.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

1. Í stað IV. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 komi I. viðauki við þessa reglugerð.

2. Ákvæðum V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við II. viðauka við þessa reglugerð.

([1]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.
([2]) Stjtíð. ESB L 164, 26.6.2009, bls. 7.
([3]) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.
([4]) Stjtíð. EB L 194, 25.7.1975, bls. 39.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi daginn sem hún birtist í *Stjórnartíðindum Evrópusambandsins*.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. ágúst 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I VIÐAUKI

„IV. VIÐAUKI

Skrá yfir efni sem falla undir ákvæði 7. gr. um meðhöndlun úrgangs

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk sem um getur í a-lið 4. mgr. 7. gr.
Tetrabrómdífenýleter C12H6Br4O			
Pentabrómdífenýleter C12H5Br5O			
Hexabrómdífenýleter C12H4Br6O			
Heptabrómdífenýleter C12H3Br7O			
Perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar C8F17SO2X (X = OH, málmsalt (O–M+), halíð, amíð og aðrar afleiður, þ.m.t. fjölliður)			
Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD- og PCDF-efni)		15 µg/kg (1)	
DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan)	50-29-3	200-024-3	50 mg/kg
Klórdan	57-74-9	200-349-0	50 mg/kg
Hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan	58-89-9	210-168-9	50 mg/kg
319-84-6	200-401-2		
319-85-7	206-270-8		
608-73-1	206-271-3		
Díeldrín	60-57-1	200-484-5	50 mg/kg
Endrín	72-20-8	200-775-7	50 mg/kg
Heptaklór	76-44-8	200-962-3	50 mg/kg
Hexaklórbensen	118-74-1	200-273-9	50 mg/kg
Klórdekón	143-50-0	205-601-3	50 mg/kg
Aldrín	309-00-2	206-215-8	50 mg/kg
Pentaklórbensen	608-93-5	210-172-5	50 mg/kg
Fjölklóruð bífenýl (PCB)	1336-36-3 og önnur	215-648-1	50 mg/kg (2)
Mírex	2385-85-5	219-196-6	50 mg/kg
Toxafen	8001-35-2	232-283-3	50 mg/kg

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Styrkleikamörk sem um getur í a-lið 4. mgr. 7. gr.
Hexabrómbífenýl	36355-01-8	252-994-2	50 mg/kg

([1]) Mörkin eru reiknuð sem PCDD- og PCDF-efni samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

PCDD	TEF
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0003
PCDF	TEF
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
PCDD	TEF
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0003

([2]) Beita skal reikniaðferðinni sem mælt er fyrir um í Evrópustöðlunum EN 12766-1 og EN 12766-2 þar sem það á við.„

II. VIÐAUKI

Í 2. hluta V. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 komi eftirfarandi í stað töflunnar:

„Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Starfsemi
10	ÚRGANGUR FRÁ VARMAFERLUM	Aldrín: 5 000 mg/kg, Klórdan: 5 000 mg/kg, Klórdekón: 5 000 mg/kg, DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan): 5 000 mg/kg, Díeldrín: 5 000 mg/kg, Endrín: 5 000 mg/kg, Heptabrómdífenýleter ($C_{12}H_3Br_7O$), Heptaklór: 5 000 mg/kg, Hexabrómbífenýl: 5 000 mg/kg, Hexabrómdífenýleter ($C_{12}H_4Br_6O$), Hexaklórbensen: 5 000 mg/kg, Hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan: 5 000 mg/kg, Mírex: 5 000 mg/kg, Pentabrómdífenýleter ($C_{12}H_5Br_5O$), Pentaklórbensen: 5 000 mg/kg, Perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar ($C_8F_{17}SO_2X$) (X = OH, málmsalt (O–M+), halíð, amíð og aðrar afleiður, þ.m.t. fjölliður), Fjölklóruð bífenýl (PCB) ([5]): 50 mg/kg, Fjölklóruð díbensó-p-díoxín og díbensófúrön (PCDD-og PCDF-efni) ([6]): 5 mg/kg, Tetrabrómdífenýleter ($C_{12}H_6Br_4O$), Toxafen: 5 000 mg/kg,	Varanleg geymsla skal aðeins heimil þegar öll eftirfarandi skilyrði eru uppfyllt: 1. Geymslan á sér stað á einum af eftirfarandi stöðum: í öruggum berglögum sem liggja djúpt neðanjarðar, í saltnámu, á urðunarstað fyrir hættulegan úrgang, að því tilskildu að úrganginum hafi verið breytt í fast efni eða hann stöðgaður að hluta til, ef það er tæknilega gerlegt, eins og krafist er fyrir flokkun úrgangsins í undirkafla 1903 í ákvörðun 2000/532/EB. 2. Ákvæði tilskipunar ráðsins 1999/31/EB ([3]) og ákvörðunar ráðsins 2003/33/EB ([4]) voru virt. 3. Sýnt hefur verið fram á að valin aðgerð sé sú ákjósanlegasta með tilliti til umhverfisins.
10 01	Úrgangur frá orkuverum og öðrum brennsluverum (nema 19)		
10 01 14 * ([2])	Botnaska, gjall og ketilryk sem myndast við sambrennslu og í eru hættuleg efni		
10 01 16 *	Svifaska frá sambrennslu sem í eru hættuleg efni		
10 02	Úrgangur frá járn- og stáliðnaði		
10 02 07 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 03	Úrgangur frá álbræðslu		
10 03 04 *	Gjall sem fellur til við fyrstu bræðslu		
10 03 08 *	Saltgjall úr annarri bræðslu		
10 03 09 *	Svart gjall úr annarri bræðslu		
10 03 19 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 03 21 *	Aðrar agnir og ryk (einnig ryk frá kúlukvörn) sem í eru hættuleg efni		
10 03 29 *	Úrgangur, frá meðferð saltgjalls og svarts gjalls, sem í eru hættuleg efni		
10 04	Úrgangur frá blýbræðslu		
10 04 01 *	Gjall úr fyrstu og annarri bræðslu		

„Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Starfsemi
10 04 02 *	Gjall og skúm úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 04 04 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 04 05 *	Aðrar agnir og ryk		
10 04 06 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 05	Úrgangur frá sinkbræðslu		
10 05 03 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 05 05 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 06	Úrgangur frá koparbræðslu		
10 06 03 *	Ryk frá hreinsun reyks		
10 06 06 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
10 08	Úrgangur frá málm-bræðslu, annarri en járnbræðslu		
10 08 08 *	Saltgjall úr fyrstu og annarri bræðslu		
10 08 15 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
10 09	Úrgangur frá járnsteypu		
10 09 09 *	Ryk frá hreinsun reyks sem í eru hættuleg efni		
16	ÚRGANGUR SEM ER EKKI TILGREINDUR ANNARS STAÐAR Í SKRÁNNI		
16 11	Notaðar fóðringar og notuð eldföst efni		
16 11 01 *	Fóðringar og eldföst efni, að stofni til úr kolefnum, sem falla til við málmvinnslu og innihalda hættuleg efni		
16 11 03 *	Aðrar fóðringar og eldföst efni sem falla til við málmvinnslu og í eru hættuleg efni		

„Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Starfsemi
17	ÚRGANGUR FRÁ BYGGINGAR- OG NIÐURRIFSSTARFSEMI (EINNIG UPPGRÖFTUR FRÁ MENGUÐUM SVÆÐUM)		
17 01	Steinsteypa, múrsteinar, flísar og keramík		
17 01 06 *	Blandaður eða flokkaður úrgangur úr steinsteypu, múrsteinum, flísum og keramík sem í eru hættuleg efni		
17 05	Jarðvegur (einnig uppgröftur frá menguðum svæðum), grjót og dýpkunarefni		
17 05 03 *	Ólífrænn hluti jarðvegs og grjóts sem í eru hættuleg efni		
17 09	Annar úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi		
17 09 02 *	Úrgangur frá byggingar- og niðurrifsstarfsemi sem í eru PCB-efni, að undanskildum búnaði sem í eru PCB-efni		
17 09 03 *	Annar úrgangur, frá byggingar- og niðurrifsefni, sem í eru hættuleg efni		
19	ÚRGANGUR FRÁ SORPMEÐHÖNDLUNARSTÖÐVUM, SKÓLPHREINSISTÖÐVUM UTAN FRAMLEIÐSLUSVÆÐIS OG VINNSLU NEYSLUVATNS OG VATNS TIL IÐNAÐARNOTA		
19 01	Úrgangur frá brennslu eða hitasundrun úrgangs		
19 01 07 *	Fastur úrgangur frá hreinsun reyks		
19 01 11 *	Botnaska og gjall sem í eru hættuleg efni		
19 01 13 *	Svifaska sem í eru hættuleg efni		
19 01 15 *	Ketilryk sem í eru hættuleg efni		

„Úrgangur samkvæmt flokkuninni í ákvörðun framkvæmdastjórnarinnar 2000/532/EB		Hámarksstyrkleikamörk fyrir efni sem eru skráð í IV. viðauka ([1])	Starfsemi
19 04	Úrgangur ummyndaður í gler og úrgangur frá glermyndun		
19 04 02 *	Svifaska og annar úrgangur frá hreinsun reyks		
19 04 03 *	Fastur fasi, annar en ummyndaður í gler		

([1]) Þessi mörk gilda eingöngu um urðunarstað fyrir hættulegan úrgang og gilda ekki um varanlegar neðanjarðargeymslur fyrir hættulegan úrgang, þ.m.t. saltnámur.

([2]) Allur úrgangur, sem er auðkenndur með stjörnu *, er talinn vera hættulegur úrgangur samkvæmt tilskipun 91/689/EBE og fellur undir ákvæði þeirrar tilskipunar.

([3]) Stjtíð. EB L 182, 16.7.1999, bls. 1.

([4]) Stjtíð. EB L 11, 16.1.2003, bls. 27.

([5]) Beita skal reikniaðferðinni sem mælt er fyrir um í Evrópustöðlunum EN 12766-1 og EN 12766-2.

([6]) Mörkin eru reiknuð sem PCDD- og PCDF-efni samkvæmt eftirfarandi eiturjafngildisstuðlum (TEF):

PCDD	TEF
2,3,7,8-TeCDD	1
1,2,3,7,8-PeCDD	1
1,2,3,4,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDD	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDD	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDD	0,01
OCDD	0,0003
PCDF	TEF
2,3,7,8-TeCDF	0,1
1,2,3,7,8-PeCDF	0,03
2,3,4,7,8-PeCDF	0,3
1,2,3,4,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,7,8,9-HxCDF	0,1
PCDD	TEF
2,3,4,6,7,8-HxCDF	0,1
1,2,3,4,6,7,8-HpCDF	0,01
1,2,3,4,7,8,9-HpCDF	0,01
OCDF	0,0003’

REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) nr. 757/2010 **2013/EES/16/59**

frá 24. ágúst 2010

um breytingu á reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni að því er varðar I. og III. viðauka (*)

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUSAMBANDSINS HEFUR,

með hliðsjón af sáttmálanum um starfshætti Evrópusambandsins,

með hliðsjón af reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 850/2004 frá 29. apríl 2004 um þrávirk, lífræn mengunarefni og um breytingu á tilskipun 79/117/EBE ([1]), einkum 1. mgr. 14. gr.,

og að teknu tilliti til eftirfarandi:

1) Með reglugerð (EB) nr. 850/2004 er í löggjöf Sambandsins staðið við skuldbindingarnar sem settar eru fram í Stokkhólmssamningnum um þrávirk lífræn efni (hér á eftir nefndur „Stokkhólmssamningurinn“), sem var samþykktur með ákvörðun ráðsins 2006/507/EB frá 14. október 2004 um gerð Stokkhólmssamningsins um þrávirk lífræn efni, fyrir hönd Evrópubandalagsins ([2]) og í bókuninni við samninginn um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa frá 1979 um þrávirk lífræn mengunarefni (hér á eftir nefnd „bókunin“) sem var samþykkt með ákvörðun ráðsins 2004/259/EB frá 19. febrúar 2004 um gerð bókunarinnar um þrávirk lífræn mengunarefni, fyrir hönd Evrópubandalagsins, við samninginn frá 1979 um loftmengun sem berst langar leiðir milli landa ([3]).

2) Í kjölfar tillagna um efni frá Evrópusambandinu og aðildarríkjum þess, auk Noregs og Mexíkó, lauk nefnd um endurskoðun þrávirkra, lífrænna mengunarefna, sem var komið á fót með Stokkhólmssamningnum, vinnu sinni vegna þeirra níu efna sem lögð voru til og reyndust uppfylla viðmiðanir Stokkhólmssamningsins. Á fjórðu ráðstefnu samningsaðilanna 4. til 8. maí 2009 var samþykkt að bæta öllum níu efnunum í viðaukana við samninginn.

3) Í ljósi þeirra ákvarðana sem voru teknar á fjórðu ráðstefnunni er nauðsynlegt að uppfæra I. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Breyta skal I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 til að taka tillit til þess að efni geta verið skráð eingöngu í samningnum.

4) Á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá átta efnanna í viðauka A (eyðing) við samninginn. Níunda efnið, perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar, er enn víða notað á heimsvísu og á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá það í viðauka B (takmörkun) með tilteknum undanþágum. Reglugerð (EB) nr. 850/2004 er svipuð að gerð með I. viðauka (bönnuð efni) og II. viðauka (takmarkanir). Samkvæmt Stokkhólmssamningnum er skylt að banna eða takmarka framleiðslu, notkun, inn- og útflutning á efnunum sem skráð eru í viðauka A og B við hann. Með því að skrá efnið, sem fellur undir ákvarðanir fjórðu ráðstefnunnar, í reglugerð (EB) nr. 850/2004 er gildissvið takmörkunarinnar fært til samræmis við ákvörðun ráðstefnunnar þar sem reglugerð (EB) nr. 850/2004 felur í sér skilyrði varðandi framleiðslu, notkun og meðhöndlun úrgangs auk takmarkana varðandi setningu á markað.

5) Setning á markað og notkun perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar hefur verið takmörkuð í Sambandinu skv. XVII. viðauka við reglugerð Evrópuþingsins og ráðsins (EB) nr. 1907/2006 um skráningu, mat, leyfisveitingu og takmarkanir að því er varðar efni (efnareglurnar (REACH)) ([4]). Núverandi takmörkun á perflúoroktansúlfónsýru og afleiðum hennar í Sambandinu felur aðeins í sér fáeinar undanþágur miðað við þær sem er að finna í ákvörðun fjórðu ráðstefnunnar. Perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar voru einnig skráðar í I. viðauka við endurskoðuðu bókunina sem var samþykkt 18. desember 2009. Því skal skrá perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar ásamt hinum átta efnunum í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004. Undanþágur sem voru í gildi varðandi perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar þegar hún var skráð í XVII. viðauka flytjast yfir og eru skráðar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 með afar fáum breytingum. Undanþágurnar skulu háðar því skilyrði að besta, fáanlega tækni sé nýtt þar sem þess er kostur. Frestur gildir um tilteknu undanþáguna fyrir notkun perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar sem rakagjafa til notkunar í stýrðum rafhúðunarkerfum, í samræmi við ákvörðun fjórðu ráðstefnunnar. Ef tæknilegur rökstuðningur liggur fyrir því má framlengja frestinn, háð samþykki ráðstefnu samningsaðilanna. Aðildarríkin skulu fjórða hvert ár gefa skýrslu um beitingu heimiluðu undanþáganna. Evrópusambandið er aðili að samningnum og skal því gefa skýrslu á grundvelli skýrslna aðildarríkjanna. Framkvæmdastjórnin skal áfram endurskoða þær undanþágur sem eftir sitja sem og fylgjast með því hvort kostur sé á öruggari efnum eða tækni.

6) Ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 að því er varðar efni sem koma fyrir sem óviljandi snefilaðskotaefni skulu skilgreind fyrir perflúoroktansúlfónsýru til að tryggja samræmda framkvæmd og eftirlit með þeirri reglugerð og um leið tryggja samræmi við samninginn. Samkvæmt XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 var heimilt

(*) Þessi EB-gerð birtist í Stjtíð. ESB L 223, 25.8.2010, bls. 29. Hennar var getið í ákvörðun sameiginlegu EES-nefndarinnar nr. 212/2012 frá 7. desember 2012 um breytingu á II. viðauka (Tæknilegar reglugerðir, staðlar, prófanir og vottun) við EES-samninginn, sjá *EES-viðbæti við Stjórnartíðindi Evrópusambandsins,* bíður birtingar.

([1]) Stjtíð. ESB L 158, 30.4.2004, bls. 7.

([2]) Stjtíð. ESB L 209, 31.7.2006, bls. 1.

([3]) Stjtíð. ESB L 81, 19.3.2004, bls. 35.

([4]) Stjtíð. ESB L 396, 30.12.2006, bls. 1.

að nota perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar í magni undir tilteknum viðmiðunarmörkum. Þar til frekari upplýsingar liggja fyrir skulu viðmiðunarmörkin í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar perflúoroktansúlfónsýru í hlutum samsvara magni perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar sem ekki er marktækt að nota minna af meðan mögulegt er að tryggja eftirlit og framkvæmd með núverandi aðferðum. Með þessum viðmiðunarmörkum skal því takmarka notkun perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar við magn sem samsvarar óviljandi snefilaðskotaefnum. Að því er varðar perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar sem efni eða í efnablöndum skal með þessari reglugerð koma á viðmiðunarmörkum sem samsvara svipuðu magni. Til að koma í veg fyrir notkun af ásetningi skal þetta magn vera minna en í reglugerð (EB) nr. 1907/2006.

7) Setning pentabrómdífenýleters og oktabrómdífenýleters á markað og notkun þeirra hefur verið takmörkuð í Sambandinu með XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 þar sem hámarksstyrkleikamörk eru takmörkuð við 0,1% miðað við þyngd, en undir því telst efnið ekki takmarkað. Á fjórðu ráðstefnunni var ákveðið að skrá efnamyndir sem eru til staðar í pentabrómdífenýleterum og oktabrómdífenýleterum sem eru á söluhæfu formi og með einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna. Til að gæta samræmis skal skráning í reglugerð (EB) nr. 850/2006 fylgja nálgun XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 að því er varðar þær afleiður sem bera einkenni þrávirkra, lífrænna mengunarefna samkvæmt fjórðu ráðstefnunni og því skulu hexabrómdífenýleter-, heptabrómdífenýleter-, tetrabrómdífenýleter- og pentabrómdífenýleterafleiður skráðar í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004.

8) Ákvæði b-liðar 1. mgr. 4. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 að því er varðar efni sem koma fyrir sem óviljandi snefilaðskotaefni skulu skilgreind fyrir fjölbrómaða dífenýletera (PBDE) til að tryggja samræmda framkvæmd og eftirlit með þeirri reglugerð og um leið tryggja samræmi við samninginn. Með þessari reglugerð skal setja viðmiðunarmörk varðandi óviljandi snefilaðskotaefni af fjölbrómuðum dífenýleterum í efnum, efnablöndum og hlutum. Þar til frekari upplýsingar liggja fyrir og framkvæmdastjórnin hefur framkvæmt endurskoðun í samræmi við markmið þessarar reglugerðar skulu viðmiðunarmörkin í XVII. viðauka við reglugerð (EB) nr. 1907/2006 fyrir fjölbrómaða dífenýletera í hlutum framleiddum úr endurunnum efnum takmarka notkun fjölbrómaðra dífenýletera við óviljandi snefilaðskotaefni þannig að þau samsvari magni sem ekki er marktækt að nota minna af meðan mögulegt er að tryggja eftirlit og framkvæmd með núverandi aðferðum. Að því er varðar fjölbrómaða dífenýletera sem efni, í efnablöndum eða hlutum skal með þessari reglugerð koma á viðmiðunarmörkum sem samsvara svipuðu magni.

9) Nauðsynlegt er að skýra að bannið í 3. gr. reglugerðar (EB) nr. 850/2004 gildir ekki um hluti sem innihalda fjölbrómaða dífenýletera og perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar og eru þegar í notkun á þeim degi sem þessi reglugerð öðlast gildi.

10) Díklórdífenýltríklóretan (DDT) og hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan, skal skrá án undanþága. Í A-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er aðildarríkjum heimilað að halda áfram núverandi framleiðslu og notkun á díklórdífenýltríklóretani til framleiðslu á díkófóli. Eins og sakir standa nýtir ekkert aðildarríki þessa undanþágu. Þar að auki var því hafnað að skrá díkófól í I. viðauka við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 98/8/EB frá 16. febrúar 1998 um markaðssetningu sæfiefna ([1]) og tilskipun ráðsins 91/414/EBE frá 15. júlí 1991 um markaðssetningu plöntuvarnarefna ([2]). Því skal fella þá undanþágu niður. Hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan, eru skráð í B-hluta I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 með tveimur tilteknum undanþágum fyrir tiltekna notkun. Undanþágurnar féllu úr gildi 1. september 2006 og 31. desember 2007 og því skal fella þær brott.

11) Í samræmi við ákvarðanir fjórðu ráðstefnunnar skal bæta pentaklórbenseni við I. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 þannig að það falli undir almennt bann og einnig ákvæði þeirrar reglugerðar um að draga úr losun. Klórdekón og hexabrómbífenýl skal flytja í A-hluta I. viðauka þar sem bæði efnin eru nú skráð í báða alþjóðlega gerninga.

12) Í samræmi við 22. gr. samningsins skulu breytingarnar á viðauka A, B og C við hann öðlast gildi einu ári eftir þann dag sem vörsluaðili tilkynnir um breytingu, þ.e. 26. ágúst 2010. Til að gæta samræmis skal þessi reglugerð því gilda frá sama degi. Þessi reglugerð skal því öðlast gildi sem fyrst.

13) Ráðstafanirnar, sem kveðið er á um í þessari reglugerð, eru í samræmi við álit nefndarinnar sem komið var á fót með tilskipun 67/548/EBE.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

1. gr.

Ákvæðum I. og III. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 er breytt í samræmi við viðaukann við þessa reglugerð.

([1]) Stjtíð. EB L 123, 24.4.1998, bls. 1.
([2]) Stjtíð. EB L 230, 19.8.1991, bls. 1.

2. gr.

Reglugerð þessi öðlast gildi á þeim degi sem hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

Hún kemur til framkvæmda frá og með 26. ágúst 2010.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 24. ágúst 2010.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

VIÐAUKI

1) Í stað I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 850/2004 komi eftirfarandi:

I. VIÐAUKI

A-hluti — Efni sem eru skráð í samningnum og bókuninni, auk efna sem eru eingöngu skráð í samningnum

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
Tetrabrómdífenýleter C12H6Br4O			1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk tetrabrómdífenýleters sem nemur 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) eða minna þegar hann kemur fyrir í efnum, efnablöndum og hlutum eða sem efnisþættir logavarinna hluta þeirra. 2. Með undanþágu skal heimilt að framleiða, setja á markað og nota eftirfarandi: a) með fyrirvara um b-lið: hluti og efnablöndur sem innihalda tetrabrómdífenýleter í styrk undir 0,1% miðað við þyngd og sem eru framleidd að hluta til eða í heild úr endurunnum efnum eða efnum úr úrgangi sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, b) raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2002/95/EB (*). 3. Heimila skal að nota hluti sem innihalda tetrabrómdífenýleter ef hlutirnir sem um er að ræða voru þegar í notkun í Sambandinu fyrir 25. ágúst 2010. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti.
Pentabrómdífenýleter C12H5Br5O			1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk pentabrómdífenýleters sem nemur 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) eða minna þegar hann kemur fyrir í efnum, efnablöndum og hlutum eða sem efnisþættir logavarinna hluta þeirra. 2. Með undanþágu skal heimilt að framleiða, setja á markað og nota eftirfarandi: a) með fyrirvara um b-lið: hluti og efnablöndur sem innihalda pentabrómdífenýleter í styrk undir 0,1% miðað við þyngd og sem eru framleidd að hluta til eða í heild úr endurunnum efnum eða efnum úr úrgangi sem er undirbúinn fyrir endurnotkun,

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
			b) raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB. 3. Heimila skal að nota hluti sem innihalda pentabrómdífenýleter ef hlutirnir sem um er að ræða voru þegar í notkun í Sambandinu fyrir 25. ágúst 2010. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti.
Hexabrómdífenýleter C12H4Br6O			1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk hexabrómdífenýleters sem nemur 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) eða minna þegar hann kemur fyrir í efnum, efnablöndum og hlutum eða sem efnisþættir logavarinna hluta þeirra. 2. Með undanþágu skal heimilt að framleiða, setja á markað og nota eftirfarandi: a) með fyrirvara um b-lið: hluti og efnablöndur sem innihalda hexabrómdífenýleter í styrk undir 0,1% miðað við þyngd og sem eru framleidd að hluta til eða í heild úr endurunnum efnum eða efnum úr úrgangi sem er undirbúinn fyrir endurnotkun, b) raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB. 3. Heimila skal að nota hluti sem innihalda hexabrómdífenýleter ef hlutirnir sem um er að ræða voru þegar í notkun í Sambandinu fyrir 25. ágúst 2010. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti.
Heptabrómdífenýleter C12H3Br7O			1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk heptabrómdífenýleters sem nemur 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) eða minna þegar hann kemur fyrir í efnum, efnablöndum og hlutum eða sem efnisþættir logavarinna hluta þeirra. 2. Með undanþágu skal heimilt að framleiða, setja á markað og nota eftirfarandi: a) með fyrirvara um b-lið: hluti og efnablöndur sem innihalda heptabrómdífenýleter í styrk undir 0,1% miðað við þyngd og sem eru framleidd að hluta til eða í heild úr endurunnum efnum eða efnum úr úrgangi sem er undirbúinn fyrir endurnotkun,

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
			b) raf- og rafeindabúnað innan gildissviðs tilskipunar 2002/95/EB. 3. Heimila skal að nota hluti sem innihalda heptabrómdífenýleter ef hlutirnir sem um er að ræða voru þegar í notkun í Sambandinu fyrir 25. ágúst 2010. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti.
Perflúoroktansúlfónsýra og afleiður hennar C8F17SO2X (X = OH, málmsalt (O–M+), halíð, amíð og aðrar afleiður, þ.m.t. fjölliður)			1. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar sem nemur 10 mg/kg (0,001% miðað við þyngd) eða minna þegar hún kemur fyrir í efnum eða efnablöndum. 2. Að því er varðar þessa færslu skal b-liður 1. mgr. 4. gr. gilda um styrk perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar í hálfunnum vörum eða hlutum eða hlutum þeirra ef styrkur perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar er undir 0,1% miðað við þyngd, reiknaður út frá massa byggingarfræðilega aðgreinanlegra eða örgreinanlegra hluta þeirra sem innihalda perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar, eða, í textílefnum eða öðrum húðuðum efnum, ef magn perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar er minna en 1 µg/m2 af húðaða efninu. 3. Heimila skal að nota hluti sem innihalda perflúoroktansúlfónsýru og afleiður hennar ef hlutirnir sem um er að ræða voru þegar í notkun í Sambandinu fyrir 25. ágúst 2010. Þriðja og fjórða undirgrein 2. mgr. 4. gr. skulu gilda um slíka hluti. 4. Heimilt er að nota slökkvifroður, sem voru settar á markað fyrir 27. desember 2006, fram til 27. júní 2011. 5. Ef dregið er sem mest úr því magni sem losnar út í umhverfið er framleiðsla og setning á markað heimil að því er varðar eftirfarandi tilteknu notkun, að því tilskildu að aðildarríkin gefi framkvæmdastjórninni skýrslu fjórða hvert ár um framvinduna við að eyða perflúoroktansúlfónsýru og afleiðum hennar: a) til 26. ágúst 2015: rakagjafar til notkunar í stýrðum rafhúðunarkerfum, b) ljósnámslög eða glampavarnarhúðun fyrir rásaprentun (e. photolithography), c) ljósmyndahúðun á filmum, pappír eða prentplötum,

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
			d) móðuvörn fyrir harða króm(VI)húðun, sem ekki er til skrauts, í lokuðum stýrikerfum, e) vökvakerfisvökva fyrir flug. Þegar undanþágurnar í a- til e-lið hér að framan varða framleiðslu eða notkun í stöð, sem fellur undir gildissvið tilskipunar Evrópuþingsins og ráðsins 2008/1/EB (**), skal beita bestu, fáanlegu tækni til að fyrirbyggja og lágmarka losun perflúoroktansúlfónsýru og afleiða hennar, eins og er lýst í upplýsingunum sem framkvæmdastjórnin hefur birt samkvæmt annarri undirgrein 2. mgr. 17. gr. tilskipunar 2008/1/EB. Um leið og nýjar upplýsingar liggja fyrir um einstök atriði varðandi notkun og öruggari staðgönguefni eða -tækni fyrir þá notkun, sem lýst er í b- til e-lið, skal framkvæmdastjórnin endurskoða undanþágurnar í annarri undirgrein þannig að: i. notkun á perflúoroktansúlfónsýru og afleiðum hennar verði hætt smám saman um leið og öruggari valkostir verða tæknilega og fjárhagslega hagkvæmir, ii. undanþága megi einungis gilda áfram vegna óhjákvæmilegrar notkunar ef öruggari valkostir eru ekki til og skýrslur hafa verið lagðar fram um það sem gert hefur verið til að finna öruggari valkosti, iii. dregið hefur verið úr losun á perflúoroktansúlfónsýru og afleiðum hennar út í umhverfið eins og unnt er með notkun á bestu, fáanlegu tækni. 6. Þegar Staðlasamtök Evrópu hafa samþykkt staðla skulu þeir notaðir sem prófunaraðferðir til að staðfesta að efnin, efnablöndurnar og hlutirnir uppfylli kröfurnar í 1. og 2. mgr.
DDT(1,1,1-tríklór-2,2-bis(4-klórfenýl)etan)	50-29-3	200-024-3	—
Klórdan	57-74-9	200-349-0	—
Hexaklórsýklóhexön, þ.m.t. lindan	58-89-9 319-84-6 319-85-7 608-73-1	200-401-2 206-270-8 206-271-3 210-168-9	—

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
Díeldrín	60-57-1	200-484-5	—
Endrín	72-20-8	200-775-7	—
Heptaklór	76-44-8	200-962-3	—
Hexaklórbensen	118-74-1	200-273-9	—
Klórdekón	143-50-0	205-601-3	—
Aldrín	309-00-2	206-215-8	—
Pentaklórbensen	608-93-5	210-172-5	—
Fjölklóruð bífenýl (PCB)	1336-36-3 og önnur	215-648-1 og önnur	Með fyrirvara um tilskipun 96/59/EB er heimilt að nota hluti sem eru þegar í notkun þegar þessi reglugerð öðlast gildi.
Mírex	2385-85-5	219-196-6	—
Toxafen	8001-35-2	232-283-3	—
Hexabrómbífenýl	36355-01-8	252-994-2	—

(*) Stjtíð. ESB L 37, 13.2.2003, bls. 19.
(**) Stjtíð. ESB L 24, 29.1.2008, bls. 8.

B-hluti — Efni sem eru einungis skráð í bókunina

Efni	CAS-nr.	EB-nr.	Sérstök undanþága varðandi notkun efnis sem milliefnis eða aðrar athugasemdir
—“			

2) Eftirfarandi efni bætist við í III. viðauka:

„Pentaklórbensen (CAS-nr. 608-93-5)“

FRAMKVÆMDARREGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (ESB) 2013/EES/16/60

nr. 842/2011

frá 19. ágúst 2011

Framkvæmdastjórnin skal endurskoða þessa reglugerð í ljósi tækniframfara og kynna niðurstöður endurskoðunarinnar á samráðsvettvanginum um visthönnun eigi síðar en fimm árum eftir gildistöku þessarar reglugerðar. Við endurskoðunina skal einkum meta kröfur varðandi orkunýtni og hámarkshljóðaflsstig, aðferð við að stýra notkun kælimiðla með lítinn hnatthlýnunarmátt (GWP) og gildissvið reglugerðar um loftræstisamstæður og mögulegar breytingar á markaðshlutdeild tiltekinna gerða búnaðar, þ.m.t. loftræstisamstæður með yfir 12 kW málaflsafköst. Við endurskoðunina skal einnig meta hvort kröfurnar varðandi reiðuham og þegar slökkt er á búnaðinum,

árstíðabundnir útreikningar og mæliaðferð, þ.m.t. atriði sem varða þróun hugsanlegrar aðferðar við árstíðabundinn útreikning og mælingar varðandi allar loftræstisamstæður fyrir kæli- og/eða hitunartímabil hafi verið viðeigandi.

8. gr.

Gildistaka og beiting

1. Reglugerð þessi öðlast gildi á tuttugasta degi eftir að hún birtist í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins.

2. Hún kemur til framkvæmda frá og með 1. janúar 2013.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 6. mars 2012.

Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,

José Manuel BARROSO

forseti.

I. VIÐAUKI

Kröfur varðandi visthönnun

1. SKILGREININGAR SEM GILDA AÐ ÞVÍ ER VARÐAR VIÐAUKANA

1) „Tvívirk loftræstisamstæða“: loftræstisamstæða sem getur bæði kælt og hitað,

2) „Stöðluð málgildisskilyrði“: samsetning hitastigs innandyra (Tin) og utandyra (Tj) sem lýsir notkunarskilyrðum jafnframt því að ákvarða hljóðaflsstig, málafköst, málloftstreymi, málorkunýtnihlutfall (EERrated) og/eða málnýtnistuðul (COPrated), eins og segir í töflu 2 í II. viðauka.

3) „Hitastig innandyra“ (Tin): þurr lofthiti innandyra (°C) (þar sem rakastig er tilgreint með samsvarandi vothita),

4) „Hitastig utandyra“ (Tj): þurr lofthiti utandyra (°C) (þar sem rakastig er tilgreint með samsvarandi vothita),

5) „Málorkunýtnihlutfall“ (EERrated): kæliafköst sem gefin eru upp (kW) deilt með málinnafli til kælingar (kW) á einingu þegar kælt er við stöðluð málgildisskilyrði,

6) „Málnýtnistuðull“ (COPrated): hitunarafköst sem gefin eru upp (kW) deilt með málinnafli til hitunar (kW) á einingu þegar hitað er við stöðluð málgildisskilyrði,

7) „Hnatthlýnunarmáttur“ (GWP): áætluð áhrif af 1 kg af kælimiðli í gufuþjöppunarhringrás á hnattræna hlýnun, gefið upp sem kíló jafngildiseininga koltvísýrings á 100 ára tímabili,

Gildi hnatthlýnunarmáttar skulu vera þau sem sett eru fram í I. viðauka við reglugerð (EB) nr. 842/2006,

gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir flúoraða kælimiðla eru birt í þriðju matsskýrslu (TAR), sem samþykkt var af milliríkjanefnd um loftslagsbreytingar ([1]) (2001, milliríkjanefnd um loftlagsbreytingar, gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir 100 ára tímabil),

gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir lofttegundir sem ekki eru flúoraðar eru birt í fyrstu matsskýrslu milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar ([2]) yfir 100 ára tímabil,

gildi hnatthlýnunarmáttar fyrir blöndur kælimiðla skulu byggð á formúlu sem sett er fram í I. viðauka reglugerðar (EB) nr. 842/2006,

fyrir kælimiðla sem tilvísanirnar að ofan ná ekki yfir, skal vísa í skýrslu milliríkjasamninganefndar Sameinuðu þjóðanna frá árinu 2010 um kæli-, loftræsti- og varmadælubúnað, sem dagsett er í febrúar 2011, eða nýrri útgáfu,

8) „Slökkt á búnaði“: ástand þar sem loftræstisamstæða eða vifta er tengd rafkerfinu en engin aðgerð er virk. Ástand sem gefur einungis til kynna að slökkt sé á búnaði sem og ástand þar sem einungis er fyrir hendi virkni sem ætlað er að tryggja rafsegulsviðssamhæfi í samræmi við tilskipun Evrópuþingsins og ráðsins 2004/108/EB ([3]), fellur einnig undir að slökkt sé á búnaði,

9) „Reiðuhamur“: ástand þar sem búnaður (loftræstisamstæða eða vifta) er tengdur rafkerfinu, er háður raforku frá rafkerfinu til þess að geta starfað eins og til er ætlast og gerir eingöngu kleift að framkvæma eftirfarandi aðgerðir, sem geta varað ótímabundið: endurvirkjunaraðgerð eða endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk og/eða birting upplýsinga eða stöðu,

10) „Endurvirkjunaraðgerð“: aðgerð sem gerir kleift að virkja aðra hami, þ.m.t. virkan ham, með fjarstýrðum rofa, þ.m.t. fjarstýringu, innbyggðum nema eða tímamæli, í því skyni að gera viðbótaraðgerðir mögulegar, þ.m.t. meginaðgerð,

11) „Birting upplýsinga eða stöðu“: sívirk aðgerð sem gefur upplýsingar um eða sýnir stöðu búnaðar á skjá, þ.m.t. klukkur,

12) „Hljóðaflsstig“: A-vegið hljóðaflsstig (dB(A)) innan- og/eða utandyra sem mælt er við stöðluð málgildisskilyrði fyrir kælingu (eða hitun, ef varan hefur enga kælivirkni),

([1]) Þriðja matsskýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar frá 2001. Skýrsla milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar: http://www.ipcc.ch/publications_and_data/publications_and_data_reports.shtml

([2]) Loftslagsbreytingar, vísindalegt mat milliríkjanefndar um loftslagsbreytingar, (Climate Change, The IPCC Scientific Assessment J.T. Houghton, G.J. Jenkins, J.J.) Ephraums (ed.) Cambridge University Press, Cambridge (UK) 1990.

([3]) Stjtíð. ESB L 390, 31.12.2004, bls. 24.

13) „Viðmiðunarhönnunarskilyrði“: sambland krafna um viðmiðunarhönnunarhitastig, hæsta tvígilda hitastigið og hæsta notkunarhitastig, eins og segir í töflu 3 í II. viðauka,

14) „Viðmiðunarhönnunarhitastig“: hitastig utandyra (°C), vegna annað hvort kælingar (Tdesignc) eða hitunar (Tdesignh) eins og lýst er í töflu 3 í II. viðauka, þegar hlutfall hlutaálags er 1, og sem er breytilegt í samræmi við tiltekið kæli- eða hitunartímabil,

15) „Hlutfall hlutaálags“ (pl(Tj): hitastig utandyra að frádregnum 16 °C, deilt með viðmiðunarhönnunarhitastigi að frádregnum 16 °C fyrir annað hvort kælingu eða hitun,

16) „Tímabil“: eitt af fjórum tilteknum notkunarskilyrðum (tiltækt fyrir fjögur tímabil: eitt kælitímabil, þrjú hitunartímabil: miðlungs/kaldara/hlýrra) sem lýsa, fyrir hvert bil, samsetningu hitastigs utandyra og fjölda klukkustunda sem þetta hitastig varir á því tímabili, sem tilgreint er að eining sé nothæf á,

17) „Bil“ (ásamt stuðlinum „j“): samsetning hitastigs utandyra (Tj) og bilstunda (hj), eins og segir í 1. töflu í II. viðauka,

18) „Bilstundir“: fjöldi klukkustunda á tímabili (hj) með hitastig utandyra fyrir hvert bil, eins og segir í 1. töflu í II. viðauka,

19) „Árstíðabundið orkunýtnihlutfall“ (SEER): heildarhlutfall orkunýtni einingarinnar fyrir allt kælitímabilið, reiknað út frá árlegri viðmiðunareftirspurn eftir kælingu sem deilt er með árlegri raforkunotkun til kælingar,

20) „Árleg viðmiðunareftirspurn eftir kælingu“ (QC): viðmiðunareftirspurn eftir kælingu (kWh/a) sem notast til grundvallar útreikninga á árstíðabundnu orkunýtnihlutfalli og er reiknað út sem hönnunarálag vegna kælingar (Pdesignc) og jafngildisklukkustundir kælingar í virkum ham (HCE),

21) „Jafngildisklukkustundir kælingar í virkum ham“ (HCE): áætlaður fjöldi klukkustunda á ári (h/a) fyrir hönnunarálag einingarinnar vegna kælingar (Pdesignc) til að uppfylla árlega viðmiðunareftirspurn eftir kælingu, eins og segir í töflu 4 í II. viðauka,

22) „Árleg raforkunotkun til kælingar“ (QCE): raforkunotkun (kWh/a) sem nauðsynleg er til að uppfylla árlega viðmiðunareftirspurn eftir kælingu, og sem er reiknað sem viðmiðunareftirspurn eftir kælingu deilt með árstíðabundnu orkunýtnihlutfalli fyrir virkan ham (SEERon), og orkunotkun einingarinnar á kælitímabili þegar slökkt er á hitastilli, einingin er í reiðuham, slökkt er á henni eða þegar kveikt er á sveifarhússhitara,

23) „Árstíðabundið orkunýtnihlutfall fyrir virkan ham“ (SEERon): meðalorkunýtnihlutfall einingarinnar í virkum ham fyrir kælivirkni sem er samsett úr hlutaálagi og orkunýtnihlutfalli sem á sérstaklega við um ákveðið bil (EERbin(Tj)) og vegið með þeim bilstundum sem ástand bilsins er til staðar,

24) „Hlutaálag“: kæliálag (Pc(Tj)) eða hitunarálag (Ph(Tj)) (kW) við tiltekið hitastig utandyra Tj, sem reiknað er út frá hönnunarálagi sem margfaldað er með hlutfalli hlutaálags,

25) „Orkunýtnihlutfall sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ (EERbin(Tj)): hlutfall orkunýtni sem á sérstaklega við um hvert j-bil með hitastig utandyra á tímabili, sem ákvarðast af hlutaálagi, afköstum sem gefin eru upp og orkunýtnihlutfalli sem gefið er upp (EERd(Tj) fyrir tilgreind j-bil og er reiknað út fyrir önnur bil með inn- eða framreikningi og leiðrétt, þegar þörf er á, með lækkunarstuðlinum,

26) „Árstíðabundinn nýtnistuðull“ (SCOP): heildarnýtnistuðull einingarinnar fyrir allt tiltekna hitunartímabilið (gildi árstíðarbundins nýtnistuðuls varðar tiltekið hitunartímabil) reiknað út frá árlegri viðmiðunareftirspurn eftir hitun deilt með árlegri raforkunotkun til hitunar,

27) „Árleg viðmiðunareftirspurn eftir hitun“ (QH): viðmiðunareftirspurn eftir hitun (kWh/a) sem varðar tiltekið hitunartímabil og notast til grundvallar útreikninga á árstíðabundnum nýtnistuðli og er reiknað út sem hönnunarálag vegna hitunar (Pdesignh) og árstíðabundnar jafngildisklukkustundir hitunar í virkum ham (HHE),

28) „Jafngildisklukkustundir hitunar í virkum ham“ (HHE): áætlaður fjöldi klukkustunda á ári (h/a) fyrir hönnunarálag einingarinnar vegna hitunar (Pdesignh) til að uppfylla árlega viðmiðunareftirspurn eftir hitun, eins og segir í töflu 4 í VII. viðauka,

29) „Árleg raforkunotkun til hitunar“ (QHE): raforkunotkun (kWh/a) sem nauðsynleg er til að uppfylla tilgreinda árlega viðmiðunareftirspurn eftir hitun, sem varðar tiltekið hitunartímabil og er reiknað út frá árlegri viðmiðunareftirspurn eftir hitun deilt með árstíðabundnum nýtnistuðli fyrir virkan ham (SCOPon) og orkunotkun einingarinnar á hitunartímabili þegar slökkt er á hitastilli, einingin er í reiðuham, slökkt er á henni eða þegar kveikt er á sveifarhússhitara,

30) „Árstíðabundinn nýtnistuðull fyrir virkan ham“ (SCOPon): meðalnýtnistuðull einingarinnar í virkum ham fyrir tiltekið hitunartímabil, samsett úr hlutaálagi, afköstum rafdrifins varahitara (þar sem þess er þörf) og nýtnistuðli sem á sérstaklega við um ákveðið bil (COPbin(Tj)) og vegið með þeim bilstundum sem ástand bilsins er til staðar,

31) „Afköst rafdrifins varahitara“ (elbu(Tj)): hitunarafköst (kW) raunverulegs eða áætlaðs rafdrifins varahitara með nýtnistuðulinn 1 til viðbótar við hitunarafköst sem gefin eru upp (Pdh(Tj)) til að uppfylla hlutaálag vegna hitunar (Ph(Tj)) ef hitunarafköstin sem gefin eru upp (Pdh(Tj)) eru minni en hlutaálag vegna hitunar (Ph(Tj)) fyrir hitastig utandyra (Tj),

32) „Nýtnistuðull sem á sérstaklega við um tiltekið bil“ (COPbin(Tj)): nýtnistuðull sem á sérstaklega við um hvert j-bil, með hitastig utandyra Tj á tímabili, sem ákvarðast af hlutaálagi, afköstum sem gefin eru upp og nýtnistuðli sem gefinn er upp (COPd(Tj)) fyrir tilgreind j-bil og er reiknað fyrir önnur bil með inn- eða framreikningi og leiðrétt, þegar þörf er á, með lækkunarstuðlinum,

33) „Afköst sem gefin eru upp“: (kW) afköst gufuþjöppunarhringrásar einingarinnar til kælingar (Pdc(Tj)) eða hitunar (Pdh(Tj)), sem eiga við hitastig utandyra TJ og innandyra (Tin), sem framleiðandi gefur upp,

34) „gildi fyrir notkun“: ((m3/mín.)/W) hvað varðar viftur hlutfall hámarksloftstreymi viftu (m3/mín.) og innafls viftu (W),

35) „Afkastastjórnun“: geta til að breyta afköstum einingarinnar með því að breyta rúmmálsstreyminu. Tilgreina skal að einingar séu „fastar“ ef einingin getur ekki breytt rúmmálsstreymi sínu, „þrepaskiptar“ ef rúmmálsstreymi er breytt eða breytt í röðum sem hafa ekki fleiri en tvö þrep, eða „breytilegar“ ef rúmmálsstreymi er breytt eða breytt í röðum sem hafa þrjú þrep eða fleiri,

36) „Virkni“: tilgreining á því hvort einingin getur kælt loft innandyra, hitað það eða gert hvoru tveggja,

37) „Hönnunarálag“: kæliálag (Pdesignc) sem gefið er upp og/eða hitunarálag (Pdesignh) (kW) sem gefið er upp við viðmiðunarhönnunarhitastig, þar sem

fyrir kæliham, Pdesignc er jafnt uppgefnum afköstum fyrir kælingu við Tj sem er jafnt Tdesignc,

fyrir hitunarham, Pdesignh jafnt hlutaálagi við Tj sem er jafnt Tdesignh,

38) „Orkunýtnihlutfall sem gefið er upp“ (EERd(Tj)): orkunýtnihlutfall við takmarkaðan fjölda tilgreindra j-bila og hitastig utandyra (Tj) sem framleiðandi gefur upp,

39) „Nýtnistuðull sem gefinn er upp (COPd(Tj))“: nýtnistuðull við takmarkaðan fjölda tilgreindra j-bila og hitastig utandyra sem framleiðandi gefur upp,

40) „Tvígilt hitastig“ (Tbiv): hitastig utandyra (Tj) (°C) sem framleiðandi gefur upp fyrir hitun og við það sem afköst, sem gefin eru upp, eru jöfn hlutaálagi og ef hitastig er undir því þarf að bæta það upp með rafdrifnum varahitara við afköst sem gefin eru upp til að ná fram hlutaálagi fyrir hitun,

41) „Notkunarhitastigsmörk“: (Tol): hitastig utandyra (°C) sem framleiðandi gefur upp að því er varðar hitun, en við lægra hitastig getur loftræstisamstæða ekki skilað neinum hitunarafköstum. Við lægra hitastig eru afköst sem gefin eru upp núll.

42) „Afköst á hringrásartímabili“ (kW): (tímavegið) meðaltal afkasta sem gefin eru upp á prófunartímabili hringrásar vegna kælingar (Pcycc) eða hitunar (Pcych),

43) „Orkunýtni vegna kælingar á hringrásartímabili“: (EERcyc): meðalorkunýtnihlutfall á prófunartímabili hringrásar (þjappa slekkur og kveikir á sér), reiknað sem samþætt kæliafköst á tímabilinu (kWh) deilt með samþætta rafinnaflinu á sama tímabili (kWh),

44) „Orkunýtni vegna hitunar á hringrásartímabili“ (COPcyc): meðalnýtnistuðull á prófunartímabili hringrásar (þjappa slekkur og kveikir á sér), reiknað sem samþætt hitunarafköst á tímabilinu (kWh) deilt með samþætta rafinnaflinu á sama tímabili (kWh),

45) „Lækkunarstuðull“: mælikvarði á tap á orkunýtni vegna hringrásar (þjappa slekkur og kveikir á sér í virkum ham) sem ákvarðaður er vegna kælingar (Cdc), hitunar (Cdh) eða valinn sem sjálfgefinn stuðull,

46) „Virkur hamur“: sá hamur sem samsvarar klukkustundum kæli- eða hitunarálags byggingar og sem virkjar kæli- eða hitunaraðgerð einingarinnar. Þetta ástand getur falið í sér að kveikt og slökkt er á einingunni til að ná og viðhalda því hitastigi innandyra sem krafist er.

47) „Slökkt á hitastilli“: sá hamur sem samsvarar klukkustundum þegar ekkert kæli- eða hitunarálag er og kveikt er á kæli- eða hitunaraðgerð einingarinnar en einingin starfar ekki þar sem ekkert kæli- eða hitunarálag er. Þetta ástand á því við um hitastig utandyra en ekki álag innandyra. Það telst ekki vera slökkt á hitastilli þegar kveikt / slökkt er á hringrás í virkum ham,

48) „Notkunarhamur sveifarhússhitara“: ástand þar sem einingin hefur virkjað hitunarbúnað til að koma í veg fyrir að kælimiðillinn færist yfir í þjöppuna til að takmarka styrk kælimiðilsins í olíu þegar þjappa er ræst,

49) „Aflþörf hitastillis þegar slökkt er á búnaði“ (°PTO): aflþörf einingarinnar (kW) þegar slökkt er á hitastilli,

50) „Aflþörf þegar búnaðurinn er í reiðuham“ (PSB): aflþörf einingarinnar (kW) þegar hún er í reiðuham,

51) Aflþörf þegar slökkt er á búnaði“ (POFF): aflþörf einingarinnar (kW) þegar slökkt er á búnaði,

52) „Aflþörf þegar kveikt er á sveifarhússhitara“ (PCK): aflþörf einingarinnar (kW) þegar kveikt er á sveifarhússhitara,

53) „Notkunarstundir þegar slökkt er á hitastilli“ (H°TO°): fjöldi klukkustunda á ári (h/a) þegar telst slökkt á hitastilli einingarinnar en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,

54) „Notkunarstundir í reiðuham“ (H°SB°): fjöldi klukkustunda á ári (h/a) sem einingin telst vera í reiðuham, en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,

55) „Notkunarstundir þegar slökkt er á hitastilli“ (HOFF°): fjöldi klukkustunda á ári (h/a) sem telst vera slökkt á einingunni, en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,

56) „Notkunarstundir sveifarhússhitara“ (HCK): fjöldi klukkustunda á ári (h/a) sem einingin telst vera í notkunarham sveifarhússhitara en gildi þess er háð tilteknu tímabili og virkni,

57) „Nafnloftstreymi“: loftstreymi (m3/h) mælt við loftúttak inni- og/eða útieininga (ef við á) loftræstisamstæðna við stöðluð málgildisskilyrði vegna kælingar (eða hitunar, ef varan er án kælivirkni),

58) „Málinnafl til kælingar“ (PEER): rafinnafl til kælingar (kW) á einingu þegar kælt er við stöðluð málgildisskilyrði,

59) „Málinnafl til hitunar“ (PCOP): rafinnafl (kW) á einingu þegar hitað er við stöðluð málgildisskilyrði,

60) „Raforkunotkun ein- og tvístokka eininga“ (QSD eftir því sem við á QDD): raforkunotkun ein- eða tvístokka loftræstisamstæða fyrir kæli- og/eða hitunarham (hvort sem við á) (einstokka í kWh/h, tvístokka í kWh/a),

61) „Afkastahlutfall“: hlutfall yfirlýstra heildarkæli- eða heildarhitunarafkasta allra innieininga sem eru í notkun miðað við kæli- eða hitunarafköst útieiningar við stöðluð málgildisskilyrði,

62) „Hámarksstreymi viftu“ (F): loftstreymi viftu þegar hún er í hæstu stillingu (m3/mín.) mælt við úttak viftunnar þegar slökkt er á sveiflubúnaði (ef við á),

63) „Sveiflubúnaður“: geta viftu til að breyta stefnu loftstreymisins á sjálfvirkan hátt á meðan viftan er í gangi.

64) „Hljóðaflsstig viftu“: A-vegið hljóðaflsstig viftu við hámarksstreymi, mælt við úttakshlið,

65) „Klukkustundir viftu í virkum ham (HCE): fjöldi klukkustunda (h/a) sem reiknað er með hámarksstreymi viftu, eins og lýst er í töflu 4 í II. viðauka.

2. KRÖFUR UM LÁGMARKSORKUNÝTNI, HÁMARKSAFLÞÖRF ÞEGAR SLÖKKT ER Á BÚNAÐINUM OG ÞEGAR HANN ER Í REIÐUHAM OG UM HÁMARKSHLJÓÐAFLSSTIG

a) Frá 1. janúar 2013 skulu ein- og tvístokka loftræstisamstæður samsvara kröfum sem tilgreindar eru í töflum 1, 2 og 3 hér á eftir, reiknað í samræmi við II. viðauka. Ein- og tvístokka loftræstisamstæður og viftur skulu uppfylla kröfurnar varðandi reiðuham og þegar slökkt er á búnaði eins og tilgreint er í töflu 2 hér á eftir. Kröfur um lágmarksorkunýtni og hámarkshljóðaflsstig skulu miðast við stöðluðu málgildisskilyrðin sem tilgreind eru í töflu 2 í II. viðauka.

Tafla 1

Kröfur um lágmarksorkunýtni

	Tvístokka loftræstisamstæður		Einstokka loftræstisamstæður	
	EER_{rated}	COP_{rated}	EER_{rated}	COP_{rated}
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er > 150	2,40	2,36	2,40	1,80
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er ≤ 150	2,16	2,12	2,16	1,62

Tafla 2

Kröfur um hámarksaflþörf ein- og tvístokka loftræstisamstæðna og viftna þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham

Í ham þegar slökkt er á búnaði	Aflþörf þegar slökkt er á búnaði skal ekki fara yfir 1,00 W.
Reiðuhamur	Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk skal ekki fara yfir 1,00 W.
	Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu skal ekki fara yfir 2,00 W.
Innbyggðu möguleikarnir reiðuhamur og/eða slökkt á búnaði	Búnaðurinn skal, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, hafa möguleikana slökkt á búnaði og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum, þegar hann er tengdur rafkerfinu.

Tafla 3

Kröfur um hámarkshljóðaflsstig

Hljóðaflsstig innandyra í dB(A)
65

b) Frá 1. janúar 2013 skulu loftræstisamstæður, að undanþegnum ein- og tvístokka loftræstisamstæðum, uppfylla kröfur um lágmarksorkunýtni og hámarkshljóðaflsstig, sem tilgreindar eru í töflum 4 og 5 hér á eftir, reiknað í samræmi við II. viðauka. Í kröfum um orkunýtni skal tekið tillit til viðmiðunarhönnunarskilyrða sem tilgreind eru í töflu 3 í II. viðauka, um að nota „miðlungs“ hitunartímabil, eftir því sem við á. Kröfur um hljóðaflsstig skulu miðast við stöðluðu málgildisskilyrðin sem tilgreind eru í töflu 2 í II. viðauka.

Tafla 4

Kröfur um lágmarksorkunýtni

	SEER	SCOP (Miðlungshitunartímabil)
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er > 150	3,60	3,40
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er ≤ 150	3,24	3,06

Tafla 5

Kröfur um hámarkshljóðaflsstig

Málafköst ≤ 6 kW:		6 < Málafköst ≤ 12 kW:	
Hljóðaflsstig innandyra í dB(A)	Hljóðaflsstig utandyra í dB(A)	Hljóðaflsstig innandyra í dB(A)	Hljóðaflsstig utandyra í dB(A)
60	65	65	70

c) frá 1. janúar 2014 skulu loftræstisamstæður samsvara kröfum sem tilgreindar eru í töflunni hér á eftir, reiknað í samræmi við II. viðauka. Kröfur um orkunýtni loftræstisamstæðna, að undanskildum einstokka og tvístokka loftræstisamstæðum, skulu falla undir viðmiðunarhönnunarskilyrði sem tilgreind eru í töflu 3 í II. viðauka, um að nota „miðlungs“ hitunartímabil þar sem það á við. Kröfur um orkunýtni ein- og tvístokka loftræstisamstæðna skulu miðast við stöðluðu málgildisskilyrðin sem tilgreind eru í töflu 2 í II. viðauka.

Tafla 6

Kröfur um lágmarksorkunýtni

	Loftræstisamstæður, nema tví- og einstokka loftræstisamstæður		Tvístokka loftræstisamstæður		Einstokka loftræstisamstæður	
	SEER	SCOP (Hitunar-tímabil: Miðlungs)	EER_{rated}	COP_{rated}	EER_{rated}	COP_{rated}
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er > 150 við < 6 kW	4,60	3,80	2,60	2,60	2,60	2,04
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er ≤ 150 við < 6 kW	4,14	3,42	2,34	2,34	2,34	1,84
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er > 150 við < 6-12 kW	4,30	3,80	2,60	2,60	2,60	2,04
Ef hnatthlýnunarmáttur kælimiðils er ≤°150 við < 6-12 kW	3,87	3,42	2,34	2,34	2,34	1,84

d) frá 1. janúar 2014 skulu ein- og tvístokka loftræstisamstæður og viftur samsvara kröfum sem tilgreindar eru í töflu 7 hér á eftir, reiknað í samræmi við II. viðauka.

Tafla 7

Kröfur um hámarksaflþörf þegar slökkt er á búnaði og þegar hann er í reiðuham

Í ham þegar slökkt er á búnaði:	Aflþörf þegar slökkt er á búnaði skal ekki fara yfir 0,50 W.
Reiðuhamur	Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð, eða býður aðeins upp á endurvirkjunaraðgerð auk merkis sem eingöngu gefur til kynna að endurvirkjunaraðgerð sé virk skal ekki fara yfir 0,50 W.
	Aflþörf búnaðar í sérhverju ástandi sem býður aðeins upp á birtingu upplýsinga eða stöðu, eða býður aðeins upp á samsetningu endurvirkjunaraðgerðar og birtingu upplýsinga eða stöðu skal ekki fara yfir 1,00 W.
Innbyggðu möguleikarnir reiðuhamur og/eða slökkt á búnaði	Búnaðurinn skal, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, hafa möguleikana slökkt á búnaði og/eða reiðuham innbyggða og/eða annað ástand þar sem aflþörf fer ekki yfir gildandi kröfur um slíka þörf í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaðinum, þegar hann er tengdur rafkerfinu.

Orkusparnaður	Þegar meginaðgerð búnaðarins er ekki virk eða þegar aðrar vörur sem nota orku eru ekki háðar aðgerðum hans, skal hann, nema það hæfi ekki fyrirhugaðri notkun, bjóða upp á orkusparnaðaraðgerðir, eða sambærilega aðgerð, sem skiptir búnaðinum sjálfkrafa eins fljótt og mögulegt er, með tilliti til fyrirhugaðrar notkunar, yfir í: – reiðuham eða – ham þegar slökkt er á búnaðinum eða – annað ástand án þess að farið sé yfir gildandi kröfur um aflþörf þegar slökkt er á búnaðinum og/eða hann er í reiðuham og þegar búnaðurinn er tengdur rafkerfinu. Orkusparnaðaraðgerð skal gerð virk áður en varan er afhent.

3. KRÖFUR VARÐANDI VÖRUUPPLÝSINGAR

a) frá 1. janúar 2013 skulu upplýsingarnar, sem varða loftræstisamstæður og viftur og settar eru fram í liðunum hér á eftir reiknaðar í samræmi við II. viðauka og veittar:

i. í tæknigögnum um vöruna,

ii. á vefsetrum með opnum aðgangi sem framleiðendur loftræstisamstæðna og viftna halda úti,

b) framleiðandi loftræstisamstæðna og viftna skal, ef óskað er, veita rannsóknastofum sem sjá um markaðseftirlit nauðsynlegar upplýsingar um stillingar sem notaðar eru við ákvörðun afkasta sem gefin eru upp fyrir einingu, SEER/EER-, SCOP/COP-gildi og gildi fyrir notkun og veita upplýsingar um hvar slíkar upplýsingar fást.

c) kröfur um upplýsingar fyrir loftræstisamstæður, nema tvístokka og einstokka loftræstisamstæður.

Tafla 1

Kröfur um upplýsingar (1)

(fjöldi tugastafa í reitnum gefur til kynna nákvæmni upplýsinganna)

Upplýsingar til að auðkenna tegund/tegundir sem upplýsingarnar eiga við:

Virkni (tilgreina skal hvort hún er til staðar)				Ef virkni felur í sér hitun: Tilgreina skal hitunartímabil sem upplýsingarnar varða Tilgreind gildi skulu eiga við um eitt hitunartímabil í einu. Hitunartímabilið "miðlungs“ skal a.m.k. tilgreint			
Kæling	Já/Nei			Miðlungs (skyldubundið)	Já/Nei		
Hitun	Já/Nei			Hlýrra (ef tilgreint)	Já/Nei		
				Kaldara (ef tilgreint)	Já/Nei		
Atriði	Tákn	Gildi	Eining	Atriði	Tákn	Gildi	Eining
Hönnunarálag				Árstíðabundin orkunýtni			
Kæling	Pdesignc	x,x	kW	Kæling	SEER	x,x	—
Hitun/Miðlungs	Pdesignh	x,x	kW	Hitun/Miðlungs	SCOP/A	x,x	—
Hitun/Hlýrra	Pdesignh	x,x	kW	Hitun/Hlýrra	SCOP/W	x,x	—
Hitun/Kaldara	Pdesignh	x,x	kW	Hitun/Kaldara	SCOP/C	x,x	—
Afköst sem gefin eru upp (*)vegna kælingar við hitastig innandyra 27(19) °C og hitastig utandyra Tj				Orkunýtnihlutfall sem gefið er upp (*), við hitastig innandyra 27(19) °C og hitastig utandyra Tj			

(1) Þegar um er að ræða margskipt tæki skal leggja fram gögn með afkastahlutfallinu 1.

Virkni (tilgreina skal hvort hún er til staðar)				Ef virkni felur í sér hitun: Tilgreina skal hitunartímabil sem upplýsingarnar varða Tilgreind gildi skulu eiga við um eitt hitunartímabil í einu. Hitunartímabilið "miðlungs“ skal a.m.k. tilgreint			
Kæling	Já/Nei			Miðlungs (skyldubundið)	Já/Nei		
Hitun	Já/Nei			Hlýrra (ef tilgreint)	Já/Nei		
				Kaldara (ef tilgreint)	Já/Nei		
Atriði	Tákn	Gildi	Eining	Atriði	Tákn	Gildi	Eining
Tj = 35 °C	Pdc	x,x	kW	Tj = 35 °C	EERd	x,x	—
Tj = 30 °C	Pdc	x,x	kW	Tj = 30 °C	EERd	x,x	—
Tj = 25 °C	Pdc	x,x	kW	Tj = 25 °C	EERd	x,x	—
Tj = 20 °C	Pdc	x,x	kW	Tj = 20 °C	EERd	x,x	—
Afköst sem gefin eru upp(*) vegna hitunar/miðlungstímabils, við hitastig innandyra 20 °C og hitastig utandyra Tj				Nýtnistuðull sem gefinn er upp (*)/miðlungstímabil, við hitastig innandyra 20 °C og hitastig utandyra Tj			
Tj = – 7 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = – 7 °C	COPd	x,x	—
Tj = 2 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 2 °C	COPd	x,x	—
Tj = 7 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 7 °C	COPd	x,x	—
Tj = 12 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 12 °C	COPd	x,x	—
Tj = tvígilt hitastig	Pdh	x,x	kW	Tj = tvígilt hitastig	COPd	x,x	—
Tj = notkunarmörk	Pdh	x,x	kW	Tj = notkunarmörk	COPd	x,x	—
Afköst sem gefin eru upp (*) vegna hitunar/hlýrra tímabils, miðað við hitastig innandyra 20 °C og hitastig utandyra Tj				Nýtnistuðull sem gefinn er upp (*)/Hlýrra tímabil, við hitastig innandyra 20 °C og hitastig utandyra Tj			
Tj = 2 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 2 °C	COPd	x,x	—
Tj = 7 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 7 °C	COPd	x,x	—
Tj = 12 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 12 °C	COPd	x,x	—
Tj = tvígilt hitastig	Pdh	x,x	kW	Tj = tvígilt hitastig	COPd	x,x	—
Tj = notkunarmörk	Pdh	x,x	kW	Tj = notkunarmörk	COPd	x,x	—
Uppgefin afköst (*) vegna hitunar/kaldara tímabils, miðað við hitastig 20°C innandyra og utandyra Tj				Nýtnistuðull sem gefinn er upp (*)/kaldara tímabil, við hitastig innandyra 20°C og hitastig utandyra Tj			
Tj = – 7 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = – 7 °C	COPd	x,x	—
Tj = 2 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 2 °C	COPd	x,x	—

Virkni (tilgreina skal hvort hún er til staðar)				Ef virkni felur í sér hitun: Tilgreina skal hitunartímabil sem upplýsingarnar varða Tilgreind gildi skulu eiga við um eitt hitunartímabil í einu. Hitunartímabilið "miðlungs“ skal a.m.k. tilgreint			
Kæling	Já/Nei			Miðlungs (skyldubundið)	Já/Nei		
Hitun	Já/Nei			Hlýrra (ef tilgreint)	Já/Nei		
				Kaldara (ef tilgreint)	Já/Nei		
Atriði	Tákn	Gildi	Eining	Atriði	Tákn	Gildi	Eining
Tj = 7 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 7 °C	COPd	x,x	—
Tj = 12 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = 12 °C	COPd	x,x	—
Tj = tvígilt hitastig	Pdh	x,x	kW	Tj = tvígilt hitastig	COPd	x,x	—
Tj = notkunarmörk	Pdh	x,x	kW	Tj = notkunarmörk	COPd	x,x	—
Tj = – 15 °C	Pdh	x,x	kW	Tj = – 15 °C	COPd	x,x	—
Tvígilt hitastig				Notkunarhitastigsmörk			
Hitun/Miðlungs	Tbiv	x	°C	Hitun/Miðlungs	Tol	x	°C
Hitun/Hlýrra	Tbiv	x	°C	Hitun/Hlýrra	Tol	x	°C
Hitun/Kaldara	Tbiv	x	°C	Hitun/Kaldara	Tol	x	°C
Afköst á hringrásartímabili				Nýtni á hringrásartímabili			
Til kælingar	Pcycc	x,x	kW	Til kælingar	EERcyc	x,x	—
Til hitunar	Pcych	x,x	kW	Til hitunar	COPcyc	x,x	—
Lækkunarstuðull vegna kælingar (**)	Cdc	x,x	—	Lækkunarstuðull vega hitunar (**)	Cdh	x,x	—
Rafinnafl í öðrum ham en „virkum ham“				Árleg raforkunotkun			
Í ham þegar slökkt er á búnaði	P_{OFF}	x,x	kW	Kæling	Q_{CE}	x	kWh/a
Reiðuhamur	P_{SB}	x,x	kW	Hitun/Miðlungs	Q_{HE}	x	kWh/a
Slökkt á hitastilli	P_{TO}	x,x	kW	Hitun/Hlýrra	Q_{HE}	x	kWh/a
Kveikt á sveifarhússhitara	P_{ck}	x,x	kW	Hitun/Kaldara	Q_{HE}	x	kWh/a
Afkastastjórnun (tilgreina skal einn af þremur valkostum)				Annað			

Virkni (tilgreina skal hvort hún er til staðar)				Ef virkni felur í sér hitun: Tilgreina skal hitunartímabil sem upplýsingarnar varða Tilgreind gildi skulu eiga við um eitt hitunartímabil í einu. Hitunartímabilið "miðlungs“ skal a.m.k. tilgreint			
Kæling	Já/Nei			Miðlungs (skyldubundið)	Já/Nei		
Hitun	Já/Nei			Hlýrra (ef tilgreint)	Já/Nei		
				Kaldara (ef tilgreint)	Já/Nei		
Atriði	Tákn	Gildi	Eining	Atriði	Tákn	Gildi	Eining
Föst	Já/Nei			Hljóðaflsstig (innandyra/utandyra)	L_{WA}	x,x/x,x	dB(A)
Þrepaskipt	Já/Nei			Hnatthlýnunarmáttur	GWP	x	$kgCO_2$ jafngildi.
Breytileg	Já/Nei			Málloftstreymi (innandyra/utandyra)	—	x/x	m^3/h
Samskiptaupplýsingar til að nálgast frekari upplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans,						

(*) Þegar um er að ræða einingar með þrepaskipt afköst, skulu tvö gildi sem skipt er með skástriki („/“) tilgreind í hverjum reit undir liðnum „afköst einingar sem gefin eru upp“ og „orkunýtnihlutfall (EER)/ nýtnistuðull (COP) einingar, sem gefinn er upp“.

(**) Ef Cd = 0,25 er valið sem staðalgildi er ekki krafist (niðurstaðna) hringrásarprófana. Að öðrum kosti er krafist gildis úr hringrásarprófun hitunar eða kælingar.

Framleiðandi skal veita upplýsingarnar sem krafist er í töflu 1 hér að framan í tæknigögnum um vöruna, eftir því sem við á, með tilliti til virkni hennar Þegar um er að ræða einingar þar sem afkastastjórnun er merkt „þrepaskipt“, skulu tvö gildi, fyrir hæsta og lægsta, rituð „hi/lo“, skipt með skástriki („/“) tilgreind í hverjum reit undir „afköst sem gefin eru upp“.

d) Kröfur um upplýsingar fyrir ein- og tvístokka loftræstisamstæður:

Einstokka loftræstisamstæður skulu nefndar „staðbundnar loftræstisamstæður“ á umbúðum, í vöruupplýsingum og öllu auglýsingaefni, hvort sem það er á rafrænu formi eða á pappír.

Framleiðandi skal veita upplýsingar eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir:

Tafla 2

Kröfur um upplýsingar

Upplýsingar til að auðkenna tegund/tegundir sem upplýsingarnar eiga við: *(fyllist út með viðeigandi upplýsingum)*			
Lýsing	Tákn	Gildi	Eining
Málafköst vegna kælingar	P_{rated} vegna kælingar	(x,x)	kW
Málafköst vegna hitunar	P_{rated} vegna hitunar	(x,x)	kW
Málinnafl til kælingar	P_{EER}	(x,x)	kW
Málinnafl til hitunar	P_{COP}	(x,x)	kW
Málorkunýtnihlutfall	EERd	(x,x)	—
Málnýtnistuðull	COPd	(x,x)	—

Upplýsingar til að auðkenna tegund/tegundir sem upplýsingarnar eiga við: *(fyllist út með viðeigandi upplýsingum)*			
Lýsing	Tákn	Gildi	Eining
Aflþörf þegar slökkt er á hitastilli	P_{TO}	(x,x)	W
Aflþörf í reiðuham:	P_{SB}	(x,x)	W
Raforkunotkun eins/tveggja stokka tækja			
(tilgreina skal sérstaklega fyrir kælingu og hitun)	DD: Q_{DD} SD: Q_{SD}	DD: (x) SD: (x,x)	DD: kWh/a SD: kWh/h
Hljóðaflsstig	L_{WA}	(x)	dB(A)
Hnatthlýnunarmáttur	Hnatthlýnunarmáttur (GWP)	(x)	$kgCO_2$ jafngildi.
Samskiptaupplýsingar til að nálgast frekari upplýsingar		Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.	

e) Kröfur um upplýsingar um viftur

Framleiðandi skal veita upplýsingar eins og tilgreint er í töflunni hér á eftir:

Tafla 3

Kröfur um upplýsingar

Upplýsingar til að auðkenna tegund/tegundir sem upplýsingarnar eiga við: (fyllist út með viðeigandi upplýsingum)			
Lýsing	Tákn	Gildi	Eining
Hámarksstreymi viftu	F	(x,x)	m^3/mín.
Innafl viftu	P	(x,x)	W
Gildi fyrir notkun	SV	(x,x)	(m^3/mín.)/W
Aflþörf í reiðuham	P_{SB}	(x,x)	W
Hljóðaflsstig viftu	L_{WA}	(x)	dB(A)
Hámarkslofthraði	c	(x,x)	m/sek.
Mælisstaðall að því er varðar gildi fyrir notkun	(tilgreinið hér tilvísun í mælistaðalinn sem notaður er)		
Samskiptaupplýsingar til að nálgast frekari upplýsingar	Nafn og heimilisfang framleiðanda eða viðurkennds fulltrúa hans.		

II. VIÐAUKI

Mælingar og útreikningar

1. Vegna uppfyllingar, og sannprófunar á uppfyllingu, á kröfum þessarar reglugerðar skal, við mælingar og útreikninga, nota samhæfða staðla sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar aðferðir sem taka tillit til almennt viðurkenndra aðferða sem byggja á nýjustu og fullkomnustu tækni og gefa niðurstöður með lítilli óvissu. Uppfylla skal alla eftirfarandi, tæknilega mæliþætti.

2. Við ákvörðun á árstíðabundinni orkunotkun, árstíðabundnu orkunýtnihlutfalli (SEER) og árstíðabundnum nýtnistuðli (SCOP) skal taka tillit til:

   a) evrópskra kæli- og hitunartímabila, eins og skilgreint er í töflu 1 hér að neðan,

   b) viðmiðunarhönnunarskilyrða, eins og þau eru skilgreind í töflu 3 hér að neðan,

   c) raforkunotkunar fyrir alla viðeigandi notkunarhami miðað við tímabil sem skilgreind eru í töflu 4 hér að neðan,

   d) áhrifa lækkunar orkunýtni vegna þess að kveikt/slökkt er á hringrás (ef við á) eftir því með hvaða hætti kæli- og/eða hitunarafköstum er stjórnað,

   e) leiðréttinga á árstíðabundnum nýtnistuðli við skilyrði þar sem hitunarafköst uppfylla ekki hitunarálag,

   f) framlags varahitara (ef við á) við útreikninga á árstíðabundinni orkunýtni einingar í hitunarham.

3. Þegar upplýsinga hefur verið aflað um tiltekna tegund, sem er samstæða inni- og útieininga(r), með útreikningi á grundvelli hönnunar og/eða framreikningi á öðrum samstæðum skulu gögnin fela í sér upplýsingar um slíka útreikninga og/eða framreikninga og um prófanir sem hafa verið gerðar til að staðfesta nákvæmni útreikninganna, sem gerðir hafa verið (þ.m.t. upplýsingar um reiknilíkanið fyrir útreikning á afköstum slíkra kerfa og um mælingar sem eru gerðar til að sannprófa þessa tegund).

4. Ákvarða skal málorkunýtnihlutfall (EERrated) og þar sem við á, málnýtnistuðul (COPrated) fyrir ein- og tvístokka loftræstisamstæður við stöðluð málgildisskilyrði, eins og þau eru skilgreind í töflu 2 hér á eftir.

5. Við útreikning á árstíðabundinni raforkunotkun til kælingar (og/eða hitunar) skal taka tillit til raforkunotkunar í öllum viðeigandi notkunarhömum eins og skilgreint er í töflu 3 hér á eftir, miðað við notkunarstundir, sem skilgreindar eru í töflu 4 hér á eftir.

6. Nýtni viftunnar skal ákvörðuð á grundvelli nafnloftstreymis einingarinnar deilt með nafnrafinnafli einingarinnar.

Tafla 1

Bil fyrir kælingar- og hitunartímabil (j = bilstuðull, Tj = hitastig utandyra, hj = klst. á ári á bil) þar sem 'db' = þurrhiti

KÆLITÍMABIL		
j #	Tj °C db	hj klst./á ári
1	17	205
2	18	227
3	19	225
4	20	225
5	21	216
6	22	215
7	23	218
8	24	197
9	25	178
10	26	158
11	27	137
12	28	109
13	29	88
14	30	63
15	31	39
16	32	31
17	33	24
18	34	17
19	35	13
20	36	9
21	37	4
22	38	3
23	39	1
24	40	0
Heildarfjöldi klukkustunda		2602

HITUNARTÍMABIL				
j #	Tj °C db	hj klst./á ári		
		Miðlungs	Hlýrra	Kaldara
1 til 8	– 30 til – 23	0	0	0
9	-22	0	0	1
10	-21	0	0	6
11	-20	0	0	13
12	-19	0	0	17
13	-18	0	0	19
14	-17	0	0	26
15	-16	0	0	39
16	-15	0	0	41
17	-14	0	0	35
18	-13	0	0	52
19	-12	0	0	37
20	-11	0	0	41
21	-10	1	0	43
22	-9	25	0	54
23	-8	23	0	90
24	-7	24	0	125
25	-6	27	0	169
26	-5	68	0	195
27	-4	91	0	278
28	-3	89	0	306
29	-2	165	0	454
30	-1	173	0	385
31	0	240	0	490
32	1	280	0	533
33	2	320	3	380
34	3	357	22	228
35	4	356	63	261
36	5	303	63	279
37	6	330	175	229
38	7	326	162	269
39	8	348	259	233
40	9	335	360	230
41	10	315	428	243
42	11	215	430	191
43	12	169	503	146
44	13	151	444	150
45	14	105	384	97
46	15	74	294	61
Heildarfjöldi klukkustunda		4910	3590	6446

Tafla 2

Stöðluð málgildisskilyrði, hitastig gefið upp sem þurr lofthiti

(„vothiti“ gefinn til kynna innan sviga)

Tæki	Virkni	Lofthiti innandyra (°C)	Lofthiti utandyra (°C)
Loftræstisamstæður, aðrar en einstokka loftræstisamstæður	Kæling	27 (19)	35 (24)
	Hitun	20 (hám. 15)	7(6)
Einstokka loftræstisamstæða	Kæling	35 (24)	35 (24) (*)
	Hitun	20 (12)	20 (12) (*)

(*) Hvað varðar einstokka loftræstisamstæður fær þéttirinn (eimirinn) ekki útiloft við kælingu (hitun), heldur inniloft.

Tafla 3

Viðmiðunarhönnunaraðstæður, hitastig gefið upp sem þurr lofthiti

(„vothiti“ gefinn til kynna innan sviga)

Virkni/tímabil	Lofthiti innandyra (°C)	Lofthiti utandyra (°C)	Tvígilt hitastig (°C)	Notkunarhitastigsmörk (°C)
	Tin	Tdesignc/Tdesignh	Tbiv	Tol
Kæling	27 (19)	Tdesignc = 35 (24)	Á ekki við	Á ekki við
Hitun/Miðlungs	20 (15)	Tdesignh = – 10 (– 11)	hám. 2	hám. – 7
Hitun/Hlýrra		Tdesignh = 2 (1)	hám. 7	hám. 2
Hitun/Kaldara		Tdesignh = – 22 (– 23)	hám. – 7	hám. – 15

Tafla 4

Notkunarstundir á gerðareintak búnaðar miðað við notkunarham, til notkunar við útreikning á raforkunotkun

Gerð tækis/virkni (ef við á)		Eining	Hitunar-tímabil	Kveikt á búnaði	Slökkt á hitastilli	Reiðu-hamur	Í ham þegar slökkt er á búnaði:	Kveikt á sveifarhúss hitara
				Kæling: H_{CE} Hitun: H_{HE}	H_{TO}	H_{SB}	H_{OFF}	H_{CK}
Loftræstisamstæður, nema ein- og tvístokka loftræstisamstæður								
Kælingarhamur, ef tækið býður eingöngu upp á kælingu		klst./á ári		350	221	2142	5088	7760
Kælingar- og hitunarhamur, ef tækið býður upp á hvort tveggja	Kælingar hamur	klst./á ári		350	221	2142	0	2672
	Hitunarha mur	klst./á ári	Miðlungs	1400	179	0	0	179
			Hlýrra	1400	755	0	0	755
			Kaldara	2100	131	0	0	131

Gerð tækis/virkni (ef við á)		Eining	Hitunar-tímabil	Kveikt á búnaði	Slökkt á hitastilli	Reiðu-hamur	Í ham þegar slökkt er á búnaði:	Kveikt á sveifarhúss hitara
				Kæling: H_{CE} Hitun: H_{HE}	H_{TO}	H_{SB}	H_{OFF}	H_{CK}
Hitunarhamur, ef tækið býður eingöngu upp á hitun		klst./á ári	Miðlungs	1400	179	0	3672	3851
			Hlýrra	1400	755	0	4345	4476
			Kaldara	2100	131	0	2189	2944
Tvístokka loftræstisamstæða								
Kælingarhamur, ef tækið býður eingöngu upp á kælingu		klst./ á 60 mín.		1	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Kælingar- og hitunarhamur, ef tækið býður upp á hvort tveggja	Kælingar hamur	klst./ á 60 mín.		1	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
	Hitunarha mur	klst./ á 60 mín.		1	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Hitunarhamur, ef tækið býður eingöngu upp á hitun		klst./ á 60 mín.		1	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Einstokka loftræstisamstæða								
Kælingarhamur	klst./ á 60 mín.			1	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við
Hitunarhamur	klst./ á 60 mín.			1	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við	Á ekki við

III. VIÐAUKI

Sannprófunaraðferð vegna markaðseftirlits

Við markaðseftirlit það sem um getur í 2. mgr. 3. gr. tilskipunar 2009/125/EB skulu yfirvöld í aðildarríkjunum beita eftirfarandi sannprófunaraðferð að því er varðar kröfurnar í I. viðauka.

1. Yfirvöld í aðildarríkinu skulu prófa staka einingu.

2. Tegund lofræstisamstæðu „nema ef um er að ræða ein- eða tvístokka loftræstisamstæður, skal teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, ef orkunýtnihlutfall (SEER) eða árstíðabundinn nýtnistuðull (SCOP), ef við á, er ekki lægri en gildið, sem gefið er upp að frádregnum 8% við afköst einingarinnar sem gefin eru upp. Gildi fyrir árstíðabundið orkunýtnihlutfall og árstíðabundinn nýtnistuðul skulu ákvörðuð í samræmi við II. viðauka.

   Tegund ein- eða tvístokka loftræstisamstæðu skal teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, eins og við á, ef niðurstöður í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaði eru ekki meira en 10% yfir viðmiðunarmörkum og ef orkunýtnihlutfall (EERrated) eða nýtnistuðull (COPrated), ef við á. er ekki lægri en gildið sem gefið er upp, að frádregnum 10%. Gildi fyrir orkunýtnihlutfall og nýtnistuðul skulu ákvörðuð í samræmi við II. viðauka.

   Tegund loftræstisamstæðu skal teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, eftir því sem við á, ef hámarkshljóðaflsstig er ekki meira en 2 dB(A) yfir uppgefnum gildum.

3. Ef niðurstöðurnar sem um getur í 2. lið nást ekki skulu markaðseftirlitsyfirvöld velja, af handahófi, þrjár viðbótareiningar af sömu tegund til prófunar.

4. Tegund lofræstisamstæðu, nema ef um er að ræða ein- eða tvístokka, skal teljast uppfylla ákvæðin sem sett eru fram í 1. viðauka við þessa reglugerð, eftir því sem við á, ef meðaltal orkunýtnihlutfalls (SEER) eða árstíðabundinn nýtnistuðull (SCOP) þriggja eininga, ef við á, er ekki lægra en uppgefin gildi að frádregnum 8% við stöðluð málgildisskilyrði einingarinnar. Gildin fyrir árstíðabundið orkunýtnihlutfall og árstíðabundinn nýtnistuðul skulu ákvörðuð í samræmi við II. viðauka.

   Tegund ein- eða tvístokka loftræstisamstæðu skal teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í I. viðauka við þessa reglugerð, eins og við á, ef meðaltal niðurstaðna eininganna þriggja í reiðuham eða þegar slökkt er á búnaði eru ekki meira en 10% yfir viðmiðunarmörkum og ef meðaltal orkunýtnihlutfalls (EERrated) eða nýtnistuðuls (COPrated), ef við á, er ekki lægra en uppgefið gildi, að frádregnum 10%. Gildi fyrir orkunýtnihlutfall og nýtnistuðul skulu ákvörðuð í samræmi við II. viðauka.

   Tegund loftræstisamstæðu skal teljast uppfylla kröfurnar sem settar eru fram í þessari reglugerð, eftir því sem við á, ef meðaltal hámarkshljóðaflsstigs er ekki meira en 2 dB(A) yfir uppgefnum gildum.

5. Ef niðurstöðurnar sem um getur í lið 4 fást ekki telst tegundin ekki uppfylla ákvæði þessarar reglugerðar.

Í þeim tilgangi að ganga úr skugga um samræmi við kröfur þessarar reglugerðar, skulu aðildarríkin beita málsmeðferðarreglum sem um getur í II. viðauka, og samræmdum stöðlum sem tilvísunarnúmer hafa verið birt fyrir í Stjórnartíðindum Evrópusambandsins, eða aðrar áreiðanlegar, nákvæmar og samanburðarnákvæmar mæli- og útreikningaaðferðir sem taka tillit til nýjustu og fullkomnustu tækni.

IV. VIÐAUKI

Viðmiðanir

Við gildistöku þessarar reglugerðar var besta, fáanlega tækni á markaðinum hvað varðar orkunýtingu loftræstisamstæðna skilgreind sem hér segir:

Viðmiðanir um lofræstisamstæður

Loftræstisamstæður, nema tví- og einstokka loftræstisamstæður		Tvístokka loftræstisamstæða		Einstokka loftræstisamstæða	
SEER	SCOP	EER	COP	EER	COP
8,50	5,10	3,00 (*)	3,15	3,15 (*)	2,60

Viðmiðun um hnatthlýnunarmátt kælimiðils sem notaður er í loftræstisamstæðunni er GWP ≤ 20.

(*) Byggt á nýtni gufukældra einstokka loftræstisamstæðna.